birta
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
*Á slóð morðingja*
• tíska • matur • tíðarandi
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIRKUS
HALLA VILHJÁLMS X-FACTOR KYNNIR
*Tekur ekki þátt í tilfinningaklámi*
SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. nóvember 2006 — 308. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR



**Svipmikið verk**
Ritdómur um Skáldalíf Halldórs Guðmundssonar eftir Pál Baldvin Baldvinsson.
BLS 40



**Óvenjulegur jólamatseðill**
Gunnar Garðarsson býður gestum sínum upp á krókódíla og antilópur.
FÓLK 62



**Vinsæl í Þýskalandi**
Þjóðverjar vilja vita meira um Björgvin og kónginn hans verið boðaður í viðtal.
FÓLK 62



**Fimm milljón króna framherji**
Helgi Sigurðsson gekk í gær í raðir Vals frá Fram.
ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÆGIR LOKSINS** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt, en þó leifar af strekkingi við suðaustur- og austurströndina. Stöku él norðan og austan til en yfirleitt nokkuð bjart á landinu sunnan- og suðvestanverðu. Frost 8-18 stig, kaldast til landsins.
VEÐUR 4

# Samið um tolla við Evrópusambandið

**Unnið er að nýjum samningi við Evrópusambandið um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Íslensk stjórnvöld vilja fá eitthvað í staðinn fyrir tollalækkanir landbúnaðarvara frá ESB sem taka gildi 1. mars.**

**STJÓRNMÁL** Íslensk stjórnvöld vilja ná nýjum samningi við Evrópusambandið um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Markmiðið er að tollar á íslenskar landbúnaðarafurðir verði lækkaðir samhliða tollalækkun á landbúnaðarvörur frá ESB hér á landi 1. mars samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra greindi frá upphafi viðræðnanna á Alþingi í gær. Hún kveðst vongóð um að jákvæð niðurstaða fáist.

„Þetta er stórt mál en við erum bjartsýn á að góður árangur geti náðst. Íslenskar landbúnaðarvörur eiga fullt erindi á Evrópumarkað enda gæði þeirra mikil," segir Valgerður.

Nokkuð er síðan samkomulag var gert við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur og átti það að taka gildi um áramót. Í kjölfar aðgerða ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaverðs og tollalækkana því samfara vildu stjórnvöld fresta gildistökunni og hefja nýjar viðræður.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til lækkunar matarverðs var kveðið á um að tollar myndu lækka um allt að fjörutíu prósent.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður málið rætt á vinnufundi í Brussel undir lok mánaðarins. Vonast er til að hægt verði að undirrita nýtt samkomulag í Reykjavík fyrir árslok.

Embættismenn utanríkis- og landbúnaðarráðuneytisins, auk íslenskra embættismanna í Brussel, skipa íslensku samninganefndina.

Samkomulagið, sem taka átti gildi um áramót, náði til viðskipta með landbúnaðarvörur, aðrar en unnar afurðir, og var gert á grundvelli EES-samningsins.

Ekki liggur fyrir hvort í viðræðunum nú verði lögð áhersla á að auka enn þær ívilnanir sem kveðið er á um í eldra samkomulagi eða hvort nýir vöruflokkar bætist við. Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að vilji stjórnvalda standi til að fá tollfrjálsan ostkvóta en skyr flokkast til osta. Með því gæfist færi á að flytja skyrdrykki tollfrjálst til Evrópusambandsríkjanna. - bþs



**GULLBORGIN Í DANÍELSSLIPPI** Hópur manna vinnur að því að bjarga þessu fengsæla skipi, Binna í Gröf, frá niðurrifi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dagar hins sögufræga skips aflakóngsins úr Eyjum eru sennilega taldir:

# Gullborg Binna í Gröf rifin

**SJÁVARÚTVEGUR** Hið sögufræga skip Gullborgin verður að öllu óbreyttu rifið á næstu dögum, segir Gunnar Richter, eigandi Daníelsslipps í Reykjavíkurhöfn. Gullborgin hefur staðið afskipt í slippnum frá því í byrjun ágúst í fyrra.

Gunnar á í viðræðum við yfirmenn Faxaflóahafna um hvenær Gullborgin verður rifin. Hann segir að ef af því verði muni beltagrafa mola hana niður.

Gullborgin er þekkt fyrir að hafa verið mesta happaskip hins þekkta skipstjóra Binna í Gröf úr Vestmannaeyjum, sem varð aflakóngur í Eyjum sex vertíðir í röð eftir að hann tók við formennsku á skipinu árið 1954.

Árni Johnsen, Eyjamaður og fyrrverandi þingmaður, vinnur nú að því ásamt hópi manna, undir forustu Gunnars Marels Eggertssonar skipstjóra, að bjarga Gullborginni frá því að lenda á haugunum. Árni segir að það væri synd ef skipið yrði rifið því það sé sögufrægt og eitt fengsælasta skip Íslandssögunnar. Að sögn Árna hefur hópurinn sett sig í samband við yfirmenn hjá Faxaflóahöfnum sem einnig vilja bjarga Gullborginni. Árni segir að ef þeim tekst að bjarga skipinu verði það flutt til Reykjanesbæjar þar sem það verður gert upp.

Það skýrist endanlega í næstu viku hvort skipið verður rifið eða ekki, segir Árni. - ifv



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** Tryggði sér í gær þátttökurétt á Evrópumótaröðinni á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Blað brotið í golfsögunni:

## Birgir á Evrópumótaröðina

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, tryggði sér í gær þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi þegar hann komst í gegnum niðurskurðinn á lokastigi úrtökumóts. Birgir Leifur hafnaði í 24.-29. sæti á mótinu en 30 efstu kylfingarnir komust áfram.

Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur karl kemst á Evrópumótaröðina og því óhætt að segja að Birgir Leifur hafi brotið blað í golfsögu Íslands. - dsd /sjá síðu 54

Heita vatnið rennur út:

## Tvöföld notkun vegna kulda

**ORKUNOTKUN** Mikið hefur verið notað af heitu vatni undanfarna daga vegna kuldatíðar. Þannig dældi Orkuveita Reykjavíkur um 13.300 tonnum af heitu vatni á klukkustund til notenda á höfuðborgarsvæðinu síðastliðinn miðvikudag sem er tvöföld meðalnotkun.

Til samanburðar má geta þess að mest var notkunin á aðfangadag árið 2004 þegar álagið fór í 14.400 tonn. Núverandi afkastageta Orkuveitu Reykjavíkur er um 16.000 tonn á klukkustund, en hún verður aukin árið 2009 þegar farið verður að framleiða heitt vatn í Hellisheiðarvirkjun. - hs






SPURNING DAGSINS



*Langar þig að komast í blöðin, Kristinn?*

„Það er ekki verra fyrir stjórnmálamann. Ein leið er að flytja frumvarp um mannanefnanefnd.“

Björn Ingi Hrafnsson varaþingmaður sagði fyrirspurn samflokksmanns síns Kristins H. Gunnarssonar um hleranir setta fram á Alþingi til að koma Kristni í fréttirnar. Fyrir nokkrum dögum mælti Björn Ingi fyrir frumvarpi um afnám mannanafnanefndar.

Brotabrot krafna fékkst í bú Árna Þórs Vigfússonar og Kristjáns Ra. Kristjánssonar:

# Gjaldþrot yfir hálfum milljarði

**VIÐSKIPTI** Innan við eitt prósent greiddist upp í samanlagðar kröfur í þrotabú Kristjáns Ra. Kristjánssonar og Árna Þórs Vigfússonar samkvæmt auglýstum skiptalokum í Lögbirtingablaðinu 15. þessa mánaðar. Báðir voru Árni Þór og Kristján Ragnar dæmdir í einu umfangsmesta og umtalaðasta fjársvikamáli landsins, Landssímamálinu svokallaða.

Heldur meira var til í búi Kristjáns Ragnars, tæpar 2,7 milljónir króna upp í tæplega 97,2 milljóna króna kröfu, eða 2,74 prósent. Í búi Árna Þórs voru til rétt rúmar 1,4 milljónir króna upp í kröfur sem námu tæpum 443 milljónum króna, eða 0,32 prósent.

Samtals námu kröfur í bú Árna Þórs og Kristjáns Ragnar rétt tæpum 540 milljónum króna. Báðir urðu þeir fyrir kostnaði vegna dóma fyrir hylmingu í fjársvikamáli Símans og skattsvikamálum í fyrirtækjum sem þeir tengdust. Þannig var Árni Þór í síðasta mánuði dæmdur í Hæstarétti til að greiða 2,8 milljónir króna í sekt vegna skattabrota, en Kristján Ragnar var dæmdur til greiðslu 18,5 milljóna króna. Há krafa í þrotabú þeirra skýrist því, að sögn Ingimars Ingimarssonar skiptastjóra bús Árna Þórs, af bótakröfu Símans vegna brota þeirra gegn fyrirtækinu. Bótakröfum Símans hafði verið vísað frá dómi. - óká



**Í DÓMSSAL** Kristján Ra. Kristjánsson og Árni Þór Vigfússon voru dæmdir fyrir hylmingu í Landssímamálinu og hlutu svo einnig dóma fyrir skattalagabrot í framhaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maður dæmdur í ársfangelsi:

## Nauðgaði sofandi stúlku

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm yfir rúmlega tvítugum manni vegna nauðgunar.**

**Hann hafði áður verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Maðurinn hafði í mars síðastliðnum samræði eða annars konar kynferðismök við konu en hún gat ekki spornað við verknaðinum vegna ölvunar og svefndrunga. Atburðurinn átti sér stað á heimili mannsins.**

**Auk fangelsisvistarinnar var manninum gert að greiða fórnarlambi sínu 600.000 krónur auk dráttarvaxta í skaðabætur.** - þsj



**MILTON FRIEDMAN** Hagfræðingurinn heimskunni lést í gær.

94 ára Nóbelsverðlaunahafi:

## Milton Friedman lést í gær

**SAN FRANCISCO, AP Hagfræðingurinn Milton Friedman lést í San Francisco í Bandaríkjunum gær. Hann var 94 ára að aldri. Dánarorsökin er óþekkt.**

**Friedman var boðberi einstaklingsfrelsis í hagfræði og stjórnmálum og var einn áhrifamesti hagfræðingur tuttugustu aldarinnar. Hann er einn helsti hugmyndafræðingur frjálshyggjumanna á Vesturlöndum. Forsetar Bandaríkjanna, Richard Nixon, Gerald Ford og Ronald Reagan, studdust allir að hluta til við hugmyndir Friedmans þegar þeir voru við völd.**

**Friedman fékk Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 1976.** - ifv

Atvinnumál:

## Starfsmannaleigum fjölgar

**ATVINNUMÁL** Starfsmannaleigum hefur fjölgað um tíu frá því lögum um frjálst flæði launafólks frá ríkum EES var aflétt 1. maí síðastliðinn. Þetta er meðal þeirra upplýsinga sem Verkalýðsfélag Akraness fékk frá Vinnumálastofnun.

Fyrir 1. maí voru 344 starfsmenn ráðnir til fyrirtækja í gegnum starfsmannaleigur en eftir 1. maí urðu þeir 1.068 sem er fjölgun upp á 722 starfsmenn. Vinnumálastofnun telur að tíu til ellefu prósent þeirra erlendu starfsmanna sem hingað hafa komið til starfa séu í gegnum starfsmannaleigur. - hs

# Útilokar þingsetu fyrir rasistaflokk

**Margréti Sverrisdóttur hugnast ekki málflutningur Jóns Magnússonar og segir hann ekki samræmast stefnu Frjálslynda flokksins. Hún myndi íhuga að segja sig úr flokknum, færi svo að áherslur Jóns yrðu ríkjandi í stefnu flokksins.**

**STJÓRNMÁL** Ef stefna Frjálslynda flokksins mun taka mið af skoðunum Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, eins og hún snýr að innflytjendamálum, útilokar Margrét Sverrisdóttir að hætta í flokknum.

„Mér hefur þótt Jón leggja of ríka áherslu á þjóðernishyggju, eins og þetta snúist um að standa sérstakan vörð um íslenska þjóðmenningu, en ekki að taka vel á móti því fólki sem hingað kemur.“

Spurð um pistilinn „Ísland fyrir Íslendinga?“, sem Jón birti í Blaðinu fyrr í mánuðinum, þar sem Jón varar við „sonum Allah“, hlær Margrét við og segist allt eins geta haft áhyggjur af Krossinum í Reykjavík. „Ofsatrúarfólk, hverrar trúar sem það er, getur ávallt valdið erfiðleikum. Það stendur skýrt í stefnuskrá flokksins að við mismunum ekki fólki eftir trúarbrögðum.“



**JÓN MAGNÚSSON** Þykir líklegur til að bjóða sig fram til áhrifa á næsta landsþingi flokksins.

Nýlega mældi Fréttablaðið mikla fylgisaukningu Frjálslynda flokksins. Margrét er sannfærð um að meirihluti þess fólks sem hefur laðast að flokknum í kjölfar umræðunnar um innflytjendamál, hafi ekki gert það á forsendum þjóðernis- né kynþáttahyggju. „Af því fólki sem hefur gengið í flokkinn hafa 99 prósent ítrekað að þeim hafi einfaldlega þótt rík þörf vera fyrir þessa umræðu. Núna eru innflytjendamálin komin úr böndunum og við þurfum að bregðast við því. Þetta er viðkvæm umræða en ég vil forðast allan rasisma.“

Um möguleg framtíðarítök og áhrif Jóns Magnússonar innan flokksins, segir Margrét að Jón sé ekki talsmaður Frjálslynda flokksins. „Hann er nýgenginn til liðs við Frjálslynda flokkinn og Nýtt afl er fámennur hópur manna. En ef hann yrði kjörinn til trúnaðarstarfa myndi ég íhuga alvarlega að segja mig úr flokknum. Ég get lofað því að ég myndi ekki fara gegn hugsjónum mínum bara til að hanga inni. Ég vildi frekar sjá á eftir mögulegu þingsæti en að taka þátt í einhverjum rasistaflokki.“

Jón Magnússon segist ekkert hafa hugleitt framboð til embættis innan flokksins, hann styðji formann og varaformann heilshugar og hafi meiri áhuga á áhrifum en völdum. Spurður um afstöðu Margrétar sagði Jón: „Þá hugnast henni ekki málflutningur þingflokksins. Ég er ekki með neinar sérskoðanir, þetta er málflutningur sem formaður, varaformaður og Sigurjón Þórðarson hafa haft uppi í málinu.“

klemens@frettabladid.is



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRJÁLSLYNDRA** „Ég get lofað því að ég myndi ekki fara gegn hugsjónum mínum bara til að hanga inni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ég vildi frekar sjá á eftir mögulegu þingsæti en að taka þátt í einhverjum rasistaflokki.
>
> **MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

Pólverjar í farbanni:

## Drógu félagann úr bílflakinu

**LÖGREGLA** Enn er unnið að rannsókn máls Pólverjanna tveggja sem voru í bíl með félaga sínum sem lést eftir árekstur við vegartálma á Reykjanesbraut.

Ekki hefur verið upplýst hver mannanna þriggja ók bílnum.

Þeir tveir sem eftir lifðu höfðu dregið þann sem lést út úr bílnum þegar lögreglan kom á vettvang.

Lögreglan í Hafnarfirði bíður nú eftir niðurstöðum úr ýmsum rannsóknum, meðal annars á blóðprufum úr mönnunum sem grunaðir eru um ölvun við akstur.

Hugsanlegt er talið að ákært verði í málinu fyrir manndráp af gáleysi.

Mennirnir tveir eru enn í farbanni. Þeir eru hálfþrítugir, eins og sá sem lést. - gar

Reykvísk skólabörn:

## Þriðjungur einn heima

**GRUNNSKÓLAR Eitt af hverjum þremur grunnskólabörnum í Reykjavík er eitt heima eftir að skóla lýkur samkvæmt skrifstofustjóra tómstundamála borgarinnar.**

**Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í íþrótta- og tómstundaráði (ÍTR) segja að leysa þurfi úr málum þeirra barna sem eru á biðlista eftir að komast á frístundaheimili.**

**Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks bendir á að 2.294 börn eru með vistun á frístundaheimilum ÍTR en 102 börn eru á biðlista, nærri öll í Grafarvogi, Grafarholti og Árbæ.**

**Meirihlutinn bendir jafnframt á að þetta sé umtalsvert betri staða en á undanförnum árum en að ekki verði við unað fyrr en öll börnin hafi komist að.** - gar




Formaður Lögmannafélags Íslands telur íslenska dómstóla vel ráða við stór mál:

# Segir að efla þurfi ákæruvald

**DÓMSMÁL** Helgi Jóhannesson, formaður Lögmannafélags Íslands, segir augljóslega þurfa að efla starf ákæruvaldsins með mannafli og peningum en hafnar alfarið að íslenskir dómstólar geti ekki tekið á stórum málum. „Ég átta mig ekki alveg á því af hverju það viðhorf hefur komið fram í umræðuna, að dómstólarnir geti ekki tekið á stórum málum, því það eru engin merki um að svo sé. En miðað við aukningu á stórum og flóknum málum í kerfinu er augljóst að ekki eru nægir peningar, né mannafl, sem veldur því að rannsókn á þessum málum tekur alltof langan tíma. Það er algjörlega óviðunandi staða að menn þurfi að liggja undir grun árum saman, eins og dæmi eru um.“

Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra, hélt því fram í Fréttablaðinu í gær að „dómstólar, líkt og kerfið á öllum stigum“, væru ekki „búnir til þess að taka á stórum málum eins og Baugsmálinu“.

Hann sagði það jafnframt óþolandi að menn gætu fengið misjafna málsmeðferð eftir efnahag. Vitnaði hann til Baugsmálsins í því samhengi.

Arnar kallaði eftir „viðbrögðum yfirvalda þessa lands“ vegna þeirrar þróunar.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir íslenska dómstóla vel ráða við stór og flókin efnahagsbrotamál. „Ég tel það fráleitt að íslenska dómskerfið ráði ekki við efnahagsbrotamál. Þvert á móti finnst mér reynslan frá hinu svokallaða Baugsmáli sýna að dómstólar ráði vel við stór og flókin mál.“ - mh



**HELGI JÓHANNESSON** Vill að ákæruvaldið verði eflt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GESTUR JÓNSSON** Dómstólar geta tekið á stórum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÞREKVIRKI




**KOMIN Í VERSLANIR**

Í þessari nýju og endurskoðuðu útgáfu af Merg málsins er fjallað um liðlega 9000 föst orðasambönd. Fyrsta útgáfa bókarinnar hefur verið endurskoðuð frá grunni, jafnt dæmasafnið sem skýringarbálkurinn. Nýjum skýringum er teflt fram eða leitast við að auka og skerpa eldri skýringar. Nýtt efni nemur um þriðjungi bókarinnar.

*Mergur málsins* er sannkallað þrekvirki á sínu sviði. Vandfundið er annað eins safn dæma um fjölbreytni tungumálsins og umhverfið sem það er sprottið úr.

Jón Friðjónsson er prófessor í íslensku við Háskóla Íslands. Fyrri útgáfa Mergs málsins hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin þegar hún kom út árið 1993.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## GENGIÐ 16.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,73 | 70,07 |
| Sterlingspund | 131,7 | 132,34 |
| Evra | 89,28 | 89,78 |
| Dönsk króna | 11,969 | 12,039 |
| Norsk króna | 10,866 | 10,930 |
| Sænsk króna | 9,851 | 9,909 |
| Japanskt jen | 0,5904 | 0,5938 |
| SDR | 103,39 | 104,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,1316

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ófært var víða á Norður- og Austurlandi í gær en hvassviðri verður minna í dag:

# Veður fer batnandi á landinu

**VEÐUR** Hvassviðrið sem gekk yfir landið í gær er í rénun; vindhraði verður ekki eins mikill í dag, segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Í gær var vindhraði mestur við Lómagnúp sunnan Vatnajökuls, en hann var almennt á bilinu 30 til 40 m/s, en þó fór hann upp í 50 m/s í gærmorgun. Varað var við óveðri á þessu svæði.

Vindhraði var annars víða 15 til 20 m/s á Suðurlandi og á Austurlandi.

Færð var góð á Suður- og Suðvesturlandi í gær en á Vesturlandi og Vestfjörðum var víða hálka eða hálkublettir á vegum.



**HVASSVIÐRIÐ AÐ GANGA YFIR** Vindhraði fór upp í 30 m/s á Austurlandi í gær en var víða um 15 til 20 m/s á sunnan- og austanverðu landinu. Myndin er tekin við Vestmannaeyjar.

Veðrið var verst á Norðurlandi og Austurlandi því þar var víða hríðarveður og stórhríð. Ófært var yfir Vopnafjarðarheiði, Fagradal, Sandvíkurheiði, Fjarðarheiði, Oddsskarð, Þverárfjall, Breiðdalsheiði og Öxi.

Frostið á landinu var víða á milli fimm og átta stig í gær og segir Þorsteinn að reikna megi með álíka miklu frosti í dag.

Nokkur snjókoma og éljagangur var víða á landinu í gær, sérstaklega á Vestfjörðum, en Þorsteinn segir að reikna megi með minni ofankomu í dag.

Í dag verður hæg norðanátt víða á landinu og vindhraði um 5 til 8 m/s. Þó verður áfram hvassviðri á Austurlandi að sögn Þorsteins. **- ifv**

Evrópsk skýrsla um vinnutíma:

# Konur vinna 63 stundir á viku

**ATVINNUMÁL Vinnuvika evrópskra kvenna er töluvert lengri en karla þegar tekið er tillit til ólaunaðrar vinnu. Konur vinna um 63 stundir á viku í launaðri og ólaunaðri vinnu en karlar 51 klukkustund.**

**Þetta er meðal þess sem fram kemur í evrópskri skýrslu um vinnutíma innan ESB.**

**Þriðjungur kvenna í ESB-löndum vinnur hlutastarf á móti einum af hverjum tíu körlum. Kynin gefa mismunandi skýringar á því af hverju þau vilja hlutastörf, konurnar nefna frekar skuldbindingar vegna fjölskyldu en karlarnir símenntun eða þjálfun.** **- hs**

# Runólfur Ágústsson segir upp sem rektor á Bifröst

**Rektor Háskólans á Bifröst sagði í gær upp störfum í kjölfar alvarlegra ásakana á hendur honum. Er maður að meiri fyrir vikið, segir formaður háskólastjórnar, en bætir við að ekki sé hægt að láta skólann líða fyrir innanhússátök. Runólfur rektor segist hafa gefið skólanum allt en geti ekki gefið einkalíf sitt.**

**STARFSMANNAMÁL** Runólfur Ágústsson, rektor Háskólans á Bifröst, sagði í gær starfi sínu lausu frá og með 1. desember næstkomandi. Guðjón Auðunsson, formaður háskólastjórnar, segir uppsögnina alfarið vera að frumkvæði Runólfs.

Heimildir Fréttablaðsins herma þó að mikill þrýstingur hafi skapast frá starfsmönnum og stjórn skólans gagnvart Runólfi að segja upp eftir að fundurinn umdeildi var haldinn á miðvikudag.

Guðjón segir ákvörðunina fyrst og fremst hafa verið tekna með hagsmuni Bifrastar að leiðarljósi. „Það er ekki hægt að láta skólann og starfsemi þar líða fyrir átök innan veggja skólans um rektor. Mér finnst Runólfur maður að meiri að hafa tekið þessa ákvörðun.“

Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektor tekur við starfinu tímabundið hinn 1. desember á meðan ákvörðun um varanlegan eftirmann verður tekin.

Guðjón segir að eðlilega séu skiptar skoðanir um þann fund sem Runólfur hélt með háskólasamfélaginu á miðvikudagskvöld. „Ég ætla bara að halda minni skoðun á því fyrir mig. En vonandi skapar þetta ró. Menn væru að fórna miklu til einskis ef svo yrði ekki.“

Uppsögnin kemur í kjölfar mikilla deilna innan háskólasamfélagsins á Bifröst eftir að hópur fyrrverandi og núverandi nemenda kærðu Runólf til siðanefndar skólans vegna embættisafglapa, ósiðlegrar hegðunar og óeðlilegs samneytis við nemendur.



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Eftir fundinn umdeilda á miðvikudag. Hann sagðist þá hafa fengið umboð háskólasamfélagsins til að sitja áfram. Hann sagði hins vegar starfi sínu lausu innan við sólarhring síðar. MYND/NFS

Runólfur boðaði fund með starfsmönnum og nemendum með skömmum fyrirvara á miðvikudag þar sem hann svaraði þeim alvarlegu ásökunum sem bornar höfðu verið á hann. Undir lok fundarins lét hann fundarmenn kjósa um hvort hann væri hæfur til að sinna sínu starfi áfram. Í yfirlýsingu sem hann gaf út eftir fundinn sagði hann niðurstöðu fundarins hafa verið þá að hann hefði umboð til að sitja áfram. Því kom nokkuð á óvart þegar hann ákvað að segja starfi sínu lausu innan við sólarhring síðar.

Runólfur Ágústsson vildi ekki tjá sig um málið þegar leitast var eftir því í gær. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær kom fram að sá ófriður sem ríkt hefði í skólahaldi Bifrastar hefði truflað jafnt nemendur sem starfsfólk og auk þess valdið skólanum sjálfum skaða. Í yfirlýsingunni segist Runólfur hafa „undanfarin sjö ár gefið þessum skóla allt mitt líf, allan minn tíma og alla mína orku. Einkalíf mitt get ég hins vegar ekki gefið.“ **thordur@frettabladid.is**

Siðanefnd Háskólans á Bifröst afar óánægð með birtingu trúnaðargagna:

# Kæran var ekki nafnlaus

**STARFSMANNAMÁL** Skólafélag Bifrastar sendi frá sér tilkynningu til nemenda í gær þar sem kemur fram að ekki sé rétt að kæran sem send var siðanefnd skólans hafi verið nafnlaus. Siðanefnd hafi frá upphafi haft vitneskju um að þegar málið yrði tekið fyrir myndi hún fá nafnalista þeirra sem að kærunni stóðu. Ítrekar félagið einnig að hvorki það né stjórn þess eigi beina aðild að kærunni.

Líkt og kom fram í Fréttablaðinu í gær sendi Runólfur kærurnar á hendur sér og skýrslu sem fylgdi með sem viðhengi við fundarboð sitt þrátt fyrir að þau væru skilgreind sem trúnaðargögn. Siðanefnd Bifrastar sendi starfsfólki tölvupóst eftir fundinn þar sem hún segist telja birtingu þeirra gagna ekki samrýmast siðareglum háskólans.

Þar segir að „trúnaður er algjörlega nauðsynlegur eigi siðareglur að geta gegnt hlutverki sínu, og skólinn tryggt nemendum sínum og starfsmönnum leiðir til að koma skoðunum, ábendingum, gagnrýni, kvörtunum og kærum á framfæri án þess að þurfa að gjalda fyrir það á nokkurn hátt.“ Jón Ólafsson, formaður nefndarinnar, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði til hans í gær. **- þsj**



**ÚTISKÓLASTOFAN** Nemendur og kennarar í Norðlingaskóla, ásamt foreldrum barnanna, í útiskólastofunni sem opnuð var við skólann í gær.

Söguleg tíðindi urðu í gær:

# Útiskólastofa opnuð í frosti

**MENNTAMÁL** Hátt á þriðja hundrað manns komu saman í frosti í Bjarnarlundi við Norðlingaskóla í Reykjavík í gær þegar opnuð var útiskólastofa sem notuð verður við kennslu í skólanum. Af þessu tilefni bökuðu nemendur skólans brauð yfir opnum eldi og hituðu kakó sem gestir opnunarinnar gæddu sér á.

Að sögn Sifjar Vígþórsdóttur, skólastjóra í Norðlingaskóla, er ætlunin að nemendum skólans verði kennt í útiskólastofunni að minnsta kosti einu sinni á tveggja vikna fresti. Sif segir að tilgangurinn með útiskólastofunni sé meðal annars að sýna fram á að nám þurfi ekki nauðsynlega að fara fram við borð inni í skólastofu. **- ifv**

Stjórnmál á N-Írlandi:

# Boðað til nýrra kosninga í vor

**NORÐUR-ÍRLAND, AP Þing Norður-Írlands verður leyst formlega upp í lok janúar og boðað til kosninga 7. mars. Þetta tilkynnti breska ríkisstjórnin í gær, en tilkynningin er liður í varfærnislegum tilraunum til að koma aftur á samstjórn sambands- og lýðveldissinna.**

**Í nýbirtu lagafrumvarpi, þar sem þetta kemur fram, lýsir Bretlandsstjórn því í fyrsta sinn yfir að hún hyggist svipta hið sitjandi 108 manna þing Norður-Írlands umboði sínu og láta kjósa til þess á ný.** **- aa**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGIR EN ÁFRAM KALT Í VEÐRI**

Jæja þá er hann loksins að lægja. Sem betur fer. Ég held að ég hafi sjaldan hitt eins marga á eins stuttum tíma sem kvörtuðu yfir veðrinu. Enda í raun full ástæða til. Kuldar sem þessir eru beinlínis óhollir fyrir húð og öndunarfæri auk þess sem kuldinn fer illa í gigtveika. Það verður þó áfram kalt og sýnu kaldast á laugardag en síðan dregur úr frosti.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**

Hæg norðlæg átt. Yfirleitt bjart veður í dag. Frost 6-10 stig.




Hæg breytileg átt. Þykknar upp vestan til síðdegis.

Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skúrir | London | 16°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 5°C skúrir | París | 19°C hálfskýjað | Barcelona | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C rigning | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | Algarve | 21°C rigning |
| Stokkhólmur | 9°C rigning | Friedrichshafen | 17°C hálfskýjað | Krít | 20°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C skúrir | Berlín | 16° C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# LAMBAHRYGGUR

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. lambahryggur
Pottagaldrar lamb islandia
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir. Kryddið vel með lamb islandia kryddinu og maldon salti. Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín. Lækkið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.

Kjöt & fisktorgið



**Lambahryggur**
úr kjötborði

**TILBOÐ**
**1.198** kr/kg
Verð áður 1.575,-




Frosnar
**nautalundir**

**TILBOÐ**
**2.799** kr/kg
Merkt verð 3.998,-

Kjöt & fisktorgið



**Lambakótilettur**
úr kjötborði

**TILBOÐ**
**1.349** kr/kg
Verð áður 1.749,-

Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður
og raðið á
bökunarpappír.
Bakist í u.þ.b.
10 mín.




**Ben & Jerry´s ís 473 ml**
- ekta amerísk ísblanda




**General Mills morgunkorn**
- alla morgna!




**Latabæjar afmælisvara**
- í miklu úrvali

Gildir til 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Á að taka hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri fyrir Þjóðleikhúsið?*

| | |
|---|---|
| Já | 57% |
| Nei | 43% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að flýja vetrarkuldann til heitari landa?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Íslenska ríkið dæmt skaðabótaskylt vegna skipunar í embætti sendiráðsprests:

# Þjóðkirkjan braut jafnréttislög

**DÓMSMÁL** Þjóðkirkja Íslands braut jafnréttislög með skipun Sigurðar Arnarsonar í embætti sendiráðsprests í Lundúnum haustið 2003. Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis og viðurkenndi skaðabótaskyldu íslensku þjóðkirkjunnar gagnvart Sigríði Guðmarsdóttur, en hún var meðal umsækjenda um stöðuna.

Sigríður höfðaði mál á grundvelli þess að jafnréttislög hefðu verið brotin þar sem hún taldi að starfsreynsla hennar og menntun gerði hana jafnhæfa eða hæfari til starfsins en sá sem var ráðinn. Þegar ráðið var í embættið var skipuð sérstök hæfnisnefnd og mælti hún með Sigurði í embættið.



**BISKUP ÍSLANDS** Vék sæti þegar skipað var í embætti sendiráðsprests í Lundúnum þar sem tengdasonur hans var meðal umsækjenda.

Biskup vék sæti í málinu þar sem Sigurður er tengdasonur hans og skipaði vígslubiskupinn í Skálholti í embættið.

Í dómi Hæstaréttar segir að engin kona hefði gegnt prestsembætti erlendis á vegum íslensku þjóðkirkjunnar og kirkjan hafi ekki sýnt fram á aðrar ástæður en að kynferði hefði legið til grundvallar þeirri ákvörðun að skipa Sigurð í embættið.

Skaðabótaskyldan var viðurkennd þar sem leiddar hefðu verið nægilega miklar líkur að því að Sigríður hefði orðið fyrir fjárhagstjóni sem þjóðkirkjan bæri ábyrgð á. - þsj

Ungur fíkniefnasali dæmdur:

# Efnin ætluð til söludreifingar

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag vegna fíkniefna- og vopnalagabrota.

Maðurinn var handtekinn tvívegis í desember síðastliðnum. Við leit á honum og dvalarstað hans fundust 254,89 grömm af hassi og lítilræði af tóbaksblönduðu kannabisefni sem sannað þykir að ákærði hafi ætlað til sölu. Auk þess fannst svokallaður „butterfly“-hnífur í fórum hans.

Ákærði játaði skýlaust brot sín. Hann hefur margoft komið við sögu lögreglu áður. - þsj

Vesturbær Kópavogs:

# Aldraðir fá þjónustuíbúðir

**VELFERÐARMÁL Byggja á 160 íbúðir fyrir eldri borgara á Kársnesi í Kópavogi. Rífa á öll hús, að mestu atvinnuhúsnæði, á fjórum lóðum við Vesturvör og Hafnarbraut. Íbúðirnar verða á bilinu 70 til 140 fermetrar að stærð samkvæmt tillögu sem unnin er fyrir lóðarhafann Hafbraut ehf.**

**Byggingin verður á bilinu þrjár til fimm hæðir. Í eitt þúsund fermetra þjónustuálmu á að vera fjölnota matsalur með eldhúsi, heilsugæsla, heimahjúkrun, tómstundaaðstaða, sjúkraþjálfun, þvottahús og kapella, að því er segir í fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs.** - gar

## STJÓRNMÁL

### Endurgreiðslur falli niður

Stjórnmálaflokkum verður óheimilt að taka við einstökum framlögum hærri en 300.000 krónur samkvæmt tillögum nefndar um lagaumhverfi stjórnmálaflokka. Á móti er lagt til að ríkið hækki framlög til flokka. Framlög eru frádráttarbær frá skatti.

## ÍBÚÐAVERÐ

### Vísitala lækkar

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 2,2 prósent frá fyrra mánuði en hefur hækkað um 7,2 prósent síðustu 12 mánuði. Þetta kemur fram á vef Fasteignamats ríkisins.



**VONGÓÐ** Segolene Royal veifar fólki við hornsteinslagningu í Poitiers í Vestur-Frakklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franski Sósíalistaflokkurinn:

# Royal sigurstranglegust

**FRAKKLAND, AP** Segolene Royal, sem lengi hefur þótt sigurstranglegust þeirra þriggja sem kepptu um útnefningu franska Sósíalistaflokksins til forsetaframboðs á vori komanda, var vongóð á sigur er hinir 219.000 flokksfélagar hennar gengu að kjörborðinu á skrifstofum flokksins um allt Frakkland í gær. Úrslita er að vænta í dag.

Nær öruggt þykir að Royal hljóti útnefninguna. Fái hún ekki yfir helming atkvæða verður haldin úrslitaumferð. - aa

# Norsk Hydro vill reisa álver á Íslandi

**Norska ál- og orkufyrirtækið Norsk Hydro stefnir á byggingu álvers á Íslandi. Álver við Húsavík er einn þeirra möguleika sem fyrirtækið hefur áhuga á. Fyrirtækið hefur opnað skrifstofu hér á landi til að leita uppi viðskiptatækifæri.**

**IÐNAÐARMÁL** Norska stórfyrirtækið Norsk Hydro stefnir á byggingu álvers á Íslandi gefist tækifæri til þess. Fyrirtækið dró sig út úr Reyðarálsverkefninu á Austurlandi árið 2002 vegna verkefna í Þýskalandi. Það voru ekki mistök að mati yfirmanna Hydro en þeir viðurkenna að þeir hefðu viljað halda áfram með það verkefni, sérstaklega í því ljósi hversu vel hefur tekist eystra. Fyrirtækið hefur opnað skrifstofu hér á landi með það að markmiði að þróa ný viðskiptatækifæri á sviði álframleiðslu og til að styðja við þá starfsemi sem fyrirtækið er þegar með á Íslandi.



**TORSTEIN DALE SJØTVEIT**



**BJARNE REINHOLDT**

Torstein Dale Sjøtveit, varaforstjóri Hydro og forstjóri Hydro Aluminium Metal, segir fyrirtækið ekki hafa augastað á neinni einni sérstakri staðsetningu fyrir álver. „Við erum mjög áhugasamir um að reisa álver á Íslandi byggt á endurnýjanlegri orku. Þetta viljum við gera í sátt við íslenskt samfélag.“ Spurður um hugsanlegan áhuga fyrirtækisins á byggingu álvers við Húsavík svaraði Torstein: „Ef álver við Húsavík hefur ekki verið lofað öðrum munum við skoða þann möguleika af áhuga.“



**FRÁ GRUNDARTANGA** Norsk Hydro hyggur á landvinninga hér á landi og vill reisa álver. Fyrirtækið hefur opnað skrifstofu hér á landi til að leita tækifæra í íslensku

> „Ef álver við Húsavík hefur ekki verið lofað öðrum munum við skoða þann möguleika af áhuga.
>
> **TORSTEIN DALE SJØTVEIT,** VARAFORSTJÓRI HYDRO

Skrifstofan hér á landi mun ekki einungis sinna verkefnum hér á landi heldur einnig í Grænlandi og Kanada. Bjarne Reinholdt mun veita Norður-Atlantshafsskrifstofunni forstöðu. „Fyrstu verkefni mín eru að kynna mér hvaða möguleikar eru fyrir hendi og kynna hugmyndir fyrirtækisins fyrir stjórnvöldum og ýmsum fyrirtækjum. Við viljum taka þátt í ýmsum verkefnum sem eru í gangi hérlendis í dag og leggja okkar af mörkum til að árangur náist.“

Bjarne segir aðstöðu Hydro til að reisa álverksmiðju hérlendis takmarkast af því forskoti sem önnur stór álfyrirtæki hafa hérlendis nú þegar. Því horfi fyrirtækið ekki síður til annarra verkefna og nefnir þar djúpborunarverkefnið svokallaða sem Orkustofnun, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja standa saman að.

Yfirmenn Hydro funduðu með Jóni Sigurðssyni, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í gær og kynntu honum áform sín. Þeir áttu einnig fundi með forsvarsmönnum Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri fyrirtækja.

svavar@frettabladid.is






Sjóræningjar kefluðu íslensk hjón á skútu þeirra í Karíbahafinu:

# Hef aldrei orðið jafn hrædd

**LÖGREGLUMÁL** „Ég var viss um að þeir mundu annað hvort skjóta okkur eða alla vega rota okkur svo við myndum ekki byrja að öskra um leið og þeir færu – geturðu ímyndað þér að vera bundinn af byssubófa og fá síðan hulu yfir höfuðið, eins og gert er við aftökur?“

Svona lýsir Áslaug Ösp Aðalsteinsdóttir því í vefdagbók þeirra hjóna þegar hún og eiginmaður hennar, Kári Jón Halldórsson, urðu fyrir árás sjóræningja úti fyrir ströndum Venesúela um síðustu helgi.

Áslaug og Kári lágu um nótt við akkeri nærri eyjunni Isla Margarita þegar Kári fór á stjá til að laga akkerisfestarnar. Áslaug var sofandi. „Þrír menn birtust út úr myrkrinu. Þeir komu róandi hljóðlaust upp að Lady Ann og fyrr en varði horfði ég ofan í þrjú byssuhlaup. Tveir mannanna stukku um borð í einni andrá og settu byssuhlaupin undir hökuna á mér,“ lýsir Kári.



**ÁSLAUG AÐALSTEINSDÓTTIR OG KÁRI HALLDÓRSSON** Áslaug og Kári á ferðum sínum í Suðurlöndum. MYND/SIMNET.IS/AOA

Áslaug vaknaði upp af vondum draumi: „Mér brá alveg rosalega þegar ég fann hvergi bóndann í bælinu og hentist fram allsnakin (því hér er alltof heitt til að sofa í náttfötum). Ég var komin fram í eldhús þegar ég sá út og að þar voru í rauninni menn (með nef og munn falin) sem héldu byssum að Kára,“ skrifar Áslaug í dagbókina.

Skipti nú engum togum að ræningjarnir þrír bundu hjónin. Voru þau bundin í þrjár klukkustundir á meðan verðmætum var stolið. - gar

KR.

ÚRVALS BÍLAR!

GÆÐA-BÍLAR

OPIÐ:
Laugardaga: 12-16
Virka daga: 9-18

# BÍLÆÐI!

SPRENG-HLÆGILEGT!

**Núna stendur yfir Bílæði hjá Betri notuðum bílum**
**þar sem þú getur fengið draumabílinn á draumaverði.**

Og þetta eru engir venjulegir bílar. Allir bílar hjá Betri notuðum bílum eru Úrvalsbílar og Gæðabílar sem hafa gengist undir nákvæma skoðun til að tryggja að þið séuð ánægð og örugg.

RISA SALA!




**VW Toureg** sjsk.
Á götuna: 04.04 Ekinn: 32.000 km
Verð: ~~4.190.000~~ kr. Skr.nr. PS691




**Suzuki Ignis** 5 gíra
Á götuna: 12.03 Ekinn: 65.000 km
Verð: ~~920.000~~ kr. Skr.nr. DI319




**Suzuki Grand Vitara XL-7** 5 gíra
Á götuna: 01.03 Ekinn: 79.000 km
Verð: ~~1.900.000~~ kr. Skr.nr. NE992




**Subaru Legacy** W/G Outback 4wd 5 gíra
Á götuna: 04.98 Ekinn: 160.000 km
Verð: ~~790.000~~ kr. Skr.nr. OL366




**Subaru Legacy S/D GT 3.0 L** sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: ~~3.290.000~~ kr. Skr.nr. AA512




**Skoda Octavia** 5 gíra
Á götuna: 04.05 Ekinn: 35.000 km
Verð: ~~1.670.000~~ kr. Skr.nr. KO050




**Renault Kangoo** 5 gíra
Á götuna: 07.99 Ekinn: 100.000 km
Verð: ~~690.000~~ kr. Skr.nr. JL327




**Peugot 406 S/S** sjsk.
Á götuna: 11.02 Ekinn: 61.000 km
Verð: ~~1.060.000~~ kr. Skr.nr. OJ199




**Nissan Terrano II** 5 gíra
Á götuna: 08.99 Ekinn: 159.000 km
Verð: ~~1.070.000~~ kr. Skr.nr. SG686




**Hyundai Trajet 7 manna** sjsk.
Á götuna: 05.02 Ekinn: 72.000 km
Verð: ~~1.320.000~~ kr. Skr.nr. OE657




**Hyundai Coupe** 5 gíra
Á götuna: 09.03 Ekinn: 20.000 km
Verð: ~~1.300.000~~ kr. Skr.nr. KM831




**Honda Legend** sjsk.
Á götuna: 05.00 Ekinn: 80.000 km
Verð: ~~1.970.000~~ kr. Skr.nr. TV853




**Nissan Micra H/B Visia** sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 47.000 km
Verð: ~~1.290.000~~ kr. Skr.nr. ID977




**BMW H/B 120i** sjsk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 15.000 km
Verð: ~~2.750.000~~ kr. Skr.nr. JK298

Líttu inn hjá umboðsmönnum Toyota um allt land eða komdu á malarplanið við hliðina á Toyota á Nýbýlavegi.




BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Rektor hvaða háskóla sagði upp störfum í gær?*

2 *Hver er hristur, hrærður og í banastuði?*

3 *Hversu margir leikmenn handknattleiksliðs Þróttar úr Vogum skrópuðu í lyfjaprófi eftir bikarleik á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Strokufanginn sem flúði frá fangaflutningamönnum á þriðjudag skilaði sér sjálfur á Litla-Hraun í gær:

# Þriðja strok fanga frá því í sumar

**FANGELSISMÁL** Ívar Smári Guðmundsson, sem strauk frá fangavörðum í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag, skilaði sér sjálfur á Litla-Hraun í gærmorgun eftir að hafa hringt og gert boð á undan sér.

Ívar hefur afplánað um þrjá mánuði af tuttugu mánaða fangelsisdómi fyrir fíkniefnabrot og á jafnvel von á frekari dómum vegna annarra brota sem nú eru í dómskerfinu. Ekki var ljóst í gær hvað Ívar aðhafðist þá tæpu tvo sólarhringa sem hann lék lausum hala.

Strokið mun að líkindum reynast Ívari dýrkeypt. Viðurlög eru tímabundin einangrunarvist auk þess sem dagsleyfi í framtíðinni eru í hættu. Sama gildir um möguleikann á að komast á áfangaheimili og á því að fá reynslulausn. Þess utan vekja svona uppátæki gremju meðal samfanga.



**ÍVAR SMÁRI GUÐMUNDSSON** Strokufanginn mætti aftur í fangelsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Að sögn Erlendar Baldurssonar hjá Fangelsismálastofnun hafa slík strok aðeins verið fimm á síðustu sex árum. Það sé ekki mikið miðað við að iðulega þurfi að fylgja tuttugu föngum á dag út fyrir fangelsið í ýmsum erindagjörðum. Áhyggjur veki hins vegar að strokið nú sé það þriðja frá því í sumar. Þá hafi einn fangi stungið sér út um glugga hjá lækni og annar sleit sig lausan á leið til tannlæknis. Þeir skiluðu sér báðir sjálfir skjótt aftur.

„Það er eðlilegt að þetta verði skoðað. Sá sem gerir svona hlut er að mínu viti alltaf varasamur," segir Erlendur. - gar



**LITLA-HRAUN** Fangaverðir þurfa að meðaltali að fylgja allt að tuttugu föngum út fyrir fangelsið á dag.

Forsætisráðherra:

## Kostnaðarmat skýtur stoðum

**FJÁRMÁL** **Geir H. Haarde forsætisráðherra telur koma til greina að fela stærstu sveitarfélögum í hverjum landshluta að þjónusta minni sveitarfélögin, eins og gerist sums staðar erlendis. Þjónustan miðist þá við fyrirfram skilgreindan íbúafjölda og landfræðilegar og samgöngulegar aðstæður. Þannig geti lítil sveitarfélög, sem standi illa fjárhagslega, komist hjá því að skera niður þjónustu við íbúana.**

**Geir greindi frá því á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga nýlega að öll stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem hafi bein áhrif á sveitarfélögin verði kostnaðarmetin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga. „Undirbyggð ákvarðanataka með þessum hætti skýtur styrkari stoðum undir hagstjórn," sagði hann.** - ghs



**KRAKKAR AF DVERGASTEINI** Tóku lagið í tilefni þess að bækurnar voru afhentar.

Fjögurra ára börn í Reykjavík:

## Fá stafrófskver

**BÓKAGJÖF** Borgarbókasafn Reykjavíkur ætlar í samstarfi við MS að gefa öllum reykvískum börnum bók árið sem þau verða fjögurra ára.

Fyrstu bækurnar voru afhentar börnum af leikskólanum Dvergasteini í gær og af því tilefni sungu þau nokkur lög á bókasafninu við Tryggvagötu.

Bókin sem um ræðir er Stafrófskver eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn og er verkefnið hugsað sem tilraunaverkefni til tveggja ára. - hs

# Kynna hefði átt yfirlýsingu í borgarráði

**Borgarstjóri segir að það hafi þótt nauðsynlegt að tengja byggingu menningarmiðstöðvar og uppbyggingu fyrir aldraða þegar viljayfirlýsing var gerð við Eir. Forsendur viðræðna við Eir hefði átt að kynna í borgarráði, segir hann.**

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að það hafi þótt nauðsynlegt að tengja saman uppbyggingu á þjónustu fyrir aldraða og byggingu menningarmiðstöðvar í Spönginni í Grafarvogi þegar viljayfirlýsing var gerð við hjúkrunarheimilið Eir. Samkvæmt samþykkt í borgarráði átti upphaflega að fela Eiri uppbyggingu 1.100 fermetra þjónustumiðstöðvar og þjónustuíbúða, en 4.000 fermetra menningarmiðstöð var bætt við í texta viljayfirlýsingarinnar í undirbúningi, án umfjöllunar í borgarráði. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, sagði í viðtali við Fréttablaðið 8. nóvember að mistök hefðu verið gerð í orðalagi þegar viljayfirlýsingin var undirbúin. Borgarstjóri skilur orð hans svo að kynna hefði átt viljayfirlýsinguna í borgarráði áður en hún var undirrituð.



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Vilhjálmur segir ljóst að framkvæmdin öll fari í útboð og lægsta tilboði verði tekið. „Ég skil ekki þessa umræðu og minnihlutinn ætti frekar að fagna því að loksins eftir tólf ár er verið að byggja öryggis- og þjónustuíbúðir fyrir aldraða, því að á tólf ára valdatíma byggðu þeir ekki eina einustu. Það er gífurleg þörf og margir á biðlista og ég fullvissa alla um að það verður farið eftir öllum gildandi lögum og reglum."

Um skýringar Björns Inga segir Vilhjálmur að það sé sinn skilningur á orðum hans að gerð hafi verið mistök að kynna ekki innihald viljayfirlýsingarinnar í borgarráði hvað menningarmiðstöðina varðar, áður en hún var undirrituð. „Það kunna að hafa verið mistök að hafa ekki kynnt borgarráði að farið yrði í viðræður við Eir á þessum forsendum. En borgarráð hefur síðasta orðið í málinu og borgin er ekki búin að binda sig á neinn hátt og Eir ekki heldur."

Borgarstjóri minnir einnig á að það sé álit allra sem komið hafa að málinu að mun hagkvæmara sé að einn aðili komi að verkinu og það sé öllum til hagsbóta.

Björn Ingi Hrafnsson segir það óheppilegt að texti viljayfirlýsingarinnar var annar en í bókun borgarráðs. „Ég ítreka það sem ég hef sagt, að þetta eru ekki alvarlegri mistök en svo, að viðræður eru í gangi og engin ákvörðun hefur verið tekin. Allt hefur verið kannað í tilliti til laga og reglna og borgarráð mun eiga síðasta orðið. Borgin er aðili að Eiri og kýs í fulltrúaráð og stjórn svo þetta er allt gert fyrir opnum tjöldum." svavar@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Viljayfirlýsing borgarinnar og Eirar er umdeild innan borgarráðs. Borgarstjóri segir umræðuna á villigötum því málið snúist um uppbyggingu á þjónustu fyrir eldri borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ellert B. Schram tekur sæti á Alþingi á nýjan leik eftir nítján ára fjarveru:

# Eins og að koma heim aftur

**STJÓRNMÁL** Ellert B. Schram, Samfylkingunni, settist á þing í gær í stað Helga Hjörvar sem er í tveggja vikna fæðingarorlofi.

Ellert var þingmaður Sjálfstæðisflokksins frá 1971 til 1979 og aftur frá 1983 til 1987. Nítján ár eru því síðan hann sat síðast á þingi. „Ég held að það hafi varla verið búið að finna upp rafmagnsritvélina, hvað þá tölvuna og farsímann," sagði Ellert þegar hann bar saman tímana nú og þegar hann var fyrst kjörinn á þing. „En þetta er eins og að koma heim aftur. Og hafi ég átt erindi hingað 30 ára gamall og blautur á bak við eyrun þá á ég enn þá meira erindi núna með alla mína lífsreynslu og öll mín mistök."



**AFTUR Á ÞING** Ellert B. Schram á skrafi við Þórunni Sveinbjarnardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ellert stóð ekki klár á öllum reglunum sem gilda um fundahöld Alþingis, enda langt síðan hann þurfti að lúta þeim. Sagðist hann þurfa að læra þær upp á nýtt.

Spurður hvort hann ætli sér að flytja mál á þinginu nú segir Ellert fyrstu dagana fara í að skoða sig um. „Mér líður eins og litlu barni að koma í fyrsta sinn í skólann og er svolítið feiminn. Ég sé svo til eftir helgina."

Fjórir sitjandi þingmenn voru á þingi þegar Ellert sat þar síðast; Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Kristjánsson og Steingrímur J. Sigfússon. Rifjaði Ellert upp að síðasta þingveturinn var hann sessunautur Steingríms en þeir sitja aftur hlið við hlið nú. - bþs



# Jóladagur Egils

Sunnudaginn 19. nóvember frá kl. 14 - 18

ÓTAKMARKAÐAR VEITINGAR!

FRÍ MYNDATAKA FYRIR FJÖLSKYLDUNA!

GLÆSILEGIR TÓNLEIKAR

## Mæðrastyrksnefnd og Ölgerðin Egill Skallagrímsson taka höndum saman

**Sunnudaginn 19. nóvember nk. frá kl.14 -18** mun Ölgerðin standa fyrir **fjölskyldudegi** með hátíðlegum blæ í höfuðstöðvum sínum við Grjótháls. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og gefst fólki tækifæri á að upplifa jólastemmningu og um leið leggja Mæðrastyrksnefnd lið. Andvirði sölu Hvítöls á **Jóladegi Egils** mun renna til **Mæðrastyrksnefndar.**

Öldrykkja hefur fylgt jólahaldi frá örófi alda og það jólaöl sem Íslendingar þekkja í dag kom fram á sjónarsviðið árið 1917. Þá hóf Ölgerðin Egill Skallagrímsson framleiðslu á Hvítöli. Langar biðraðir mynduðust fyrir utan brugghús Ölgerðarinnar í desember, þar sem fólk beið fullt eftirvæntingar með fötur og brúsa undir Hvítölið. **Þá eins og nú eru engin jól án Hvítöls.**

### Komdu í heimsókn og leggðu þitt af mörkum fyrir jólin!




SJÁÐU HVERNIG HVÍTÖLIÐ VERÐUR TIL!




## Dagskrá Jóladagsins:

**Hjálparstarf Mæðrastyrksnefndar**
Mæðrastyrksnefnd selur Hvítöl og andvirðið rennur til hjálparstarfs nefndarinnar fyrir jólin.

**Ótakmarkaðar veitingar**
Allir fá að smakka á Hvítöli og fræðast um sögu, séreinkenni og framleiðsluferli. SS býður upp á birkireykt hangikjöt.

**Glæsilegir hátíðartónleikar**
Haldnir verða glæsilegir tónleikar á sérstöku hátíðarsviði þar sem fjölmargir tónlistarmenn leggja málefninu lið.

**Spennandi barnasvæði**
Á barnasvæðinu geta krakkarnir litað, tekið þátt í lauflettri jólagetraun þar sem veglegir vinningar verða í boði, leikið sér í hoppukastala, gætt sér á birkireyktu hangikjöti, Malti, Appelsíni og Mackintosh´s.

**Frí myndataka**
Hans Petersen býður fjölskyldum upp á fría myndatöku þar sem hægt verður að eiga góðar minningar frá deginum.

SPENNANDI BARNASVÆÐI

DREKKTU EINS MIKIÐ HVÍTÖL OG ÞÚ VILT!

Hægt verður að leggja á bílastæðum hjá fyrirtækjum í nágrenninu




Samstarfsfyrirtæki sem styrkja Mæðrastyrksnefnd:

SS · Quality Street · Hans Petersen · sena

Egils Hvítöl

Nánari upplýsingar á **egils.is**

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Sólveig Jónsdóttir sálfræðingur um börn í sjálfsvígshættu:

# Telja sig oft vera einskis virði

**HEILBRIGÐISMÁL** Börn og unglingar sem eru í sjálfsvígshugleiðingum telja oft að þau séu einskis virði, segir Sólveig Jónsdóttir, sérfræðingur í klínískri barnasálfræði og taugasálfræði.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að leitað hefði verið með börn niður í níu ára aldur til Barna- og unglingageðdeildar vegna mats á sjálfsvígshættu.

Sólveig segir börn sem svo sé ástatt um vera haldin alvarlegu þunglyndi og hafi oft ýmsa fylgikvilla, svo sem kvíðavandamál og hegðunarvandamál. Þau upplifi vonleysi, eigi oft erfitt með að sofa og einbeitingarhæfni sé skert. Hún bætir við að mikilvægt sé að taka á þunglyndi hjá börnum, svo og öllum geðrænum einkennum sem allra fyrst.

„Það er mjög þýðingarmikið að foreldrar séu vakandi fyrir óvenjulegri hegðun barna sinna,“ segir hún. „Þá þarf að fylgjast vel með þessu í skólum og byggja upp félagsleg prógrömm sem draga úr hugsanlegri félagslegri einangrun barna sem eiga við vanda að stríða, svo sem einelti og afleiðingar þess. Það fer mjög illa með börn.

Það er mikilvægt að leitast við að styrkja sjálfsmat barna og í öðru lagi að meðhöndla undirliggjandi geðræn vandamál sem fyrst.“ - jss


**SKÓLI OG HEIMILI** Mikilvægt er að skóli og heimili séu meðvituð um óvenjulega hegðun barna.

Ný reglugerð um vinnuvernd:

# Vinnuveitendur geri áætlun

**VINNUVERND** Samkvæmt nýrri reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem á að marka stefnu varðandi aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustaðnum.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að fyrir hendi sé kerfisbundið vinnuverndarstarf innan vinnustaðar.

Í reglugerðinni er jafnframt að finna ákvæði um tilnefningu, hlutverk og starfshætti öryggisvarða, öryggistrúnaðarmanna og öryggisnefnda í fyrirtækjum. - hs

# Frá vinnu eftir grófa árás unglingspilta

**Karlmaður sem býr í Kópavogi ásamt fjölskyldu sinni hefur verið frá vinnu í nær hálfan mánuð eftir að hópur unglingspilta réðst á hann á laugardagskvöldi. Hann er frá Portúgal en hefur verið búsettur hér í nær fjögur ár.**

**LÖGREGLUMÁL** Maður, búsettur í Kópavogi, hefur nú verið frá vinnu í tæpan hálfan mánuð eftir að hópur unglingspilta réðst á hann laugardagskvöldið 4. nóvember. Maðurinn hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Hann hefur kært atburðinn til lögreglunnar í Kópavogi sem líkamsárás á grundvelli kynþáttafordóma. Fréttablaðið hefur áður fjallað um málið, en maðurinn er frá Portúgal.

„Við vorum að horfa á myndband heima hjá okkur þetta laugardagskvöld,“ segir maðurinn sem vill ekki koma fram undir nafni, enda langt í frá búinn að jafna sig líkamlega og andlega eftir árásina. Fréttablaðið heimsótti hann og fjölskyldu hans, konu og þrjú börn á aldrinum eins, tveggja og níu ára, á heimili þeirra í gær.

„Okkur langaði í kók svo ég ákvað að skreppa út í búð,“ heldur maðurinn áfram. Þegar hann kom inn í verslunina voru tveir piltar um 17 ára þar inni. Annar gekk þegar upp að hlið hans en hinn stillti sér upp fyrir framan hann. Svo hófst atburðarásin, að sögn hans, þegar piltarnir vildu varna honum að sinna erindum sínum.

„Ég skildi ekki allt sem þeir sögðu en heyrði þó að þar á meðal var: „Hypjaðu þig burt úr landinu, svertingi.“

Maðurinn kveðst hafa stjakað við piltinum sem stóð fyrir framan hann til að komast leiðar sinnar og ná í kókflösku. Þegar hann kom að kassanum veittust piltarnir, sem nú voru orðnir fleiri, að honum með hrópum og einn sparkaði til hans. Þetta sést glögglega í öryggismyndavél verslunarinnar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

„Ég flýði út, en þeir eltu mig, náðu í jakkann minn en mér tókst að smeygja mér úr honum. Á ganginum fyrir framan verslunina náðu þeir mér aftur við útidyr sem voru lengi að opnast. Þeir rifu í hárið á mér og spörkuðu í mig. Enn tókst mér að losa mig og hljóp út á planið fyrir framan verslunina. Þar var einhver fyrir sem sparkaði í mig þannig að ég datt. Þá komu þeir allir, fjórir eða fimm, og fóru að sparka í mig þar sem ég lá. Þeir reyndu að hitta höfuðið, en ég reyndi eftir megni að skýla því. Þeir spörkuðu í hálsinn á mér, bakið og axlirnar. Það var ekki fyrr en fólk frá nálægum veitingastað kom að sem þeir hættu. Ég hljóp heim, en man ekkert eftir því, því ég fékk slæmt áfall.“

Maðurinn fékk áverka á höfuð og blóðnasir, auk þess sem hann tognaði illa í hálsi, út í axlir og í baki. Hann er undir læknishöndum og fær reglulega áfallahjálp.

jss@frettabladid.is



**Á VETTVANGI ÁRÁSARINNAR** Svæðið þar sem piltarnir réðust á manninn. Hann hefur búið hér í tæp fjögur ár. Hann ætlar að ganga að eiga sambýliskonu sína á laugardaginn eftir rúma viku, en undirbúningur brúðkaupsins er vissulega í skugga árásar piltanna á hann.


**ÍSLENSKT LAMBAKJÖT** Fjallalamb má nú flytja framleiðslu sína til Evrópusambandslanda.

Áfangi hjá Fjallalambi:

# Mega selja kjöt til Evrópu

**MATVÆLAIÐNAÐUR Landbúnaðarstofnun hefur veitt fyrirtækinu Fjallalambi á Kópaskeri leyfi til útflutnings á kjöti í heilum skrokkum til Evrópusambandslanda. Þetta kemur fram á vefnum dettifoss.is.**

**Unnið hefur verið að bættri verkun og auknu hreinlæti í framleiðslu. „Útflutningsleyfi á Evrópumarkað þýðir aukna möguleika fyrir Fjallalamb til sölu á því lambakjöti sem bændur eru skuldbundnir til að selja á erlendum mörkuðum. Fram til þessa hefur Fjallalamb aðallega flutt út á Japansmarkað,“ segir á dettifoss.is.** - gar

**FRÍSTUNDAHEIMILI**

## 82 börn bíða

Enn bíða 82 börn eftir plássi á frístundaheimilum í Reykjavík og 28 starfsmenn vantar til starfa. Alls hafa 2.321 barn fengið pláss á frístundaheimilum það sem af er vetri.

**FORSÆTISRÁÐHERRA**

## Heimsækir Finnland

Geir H. Haarde forsætisráðherra verður í Finnlandi 23.-24. nóvember. Geir fer út í boði Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, og mun hann meðal annars sitja norrænan Evrópuráðsfund í Helsinki.

V O X
RESTAURANT/BISTRO

Jól & villigæs
Jólamatseðill með íslenskri villigæs í aðalrétt frá 1. des.
Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is




CAJ P'S HELGARSTEIK














# 20-50% AFSLÁTTUR

## af öllum húsgögnum



**29.900 kr.**
Verð áður 45.990



**79.900 kr.**
Verð áður 119.900

Hornsófi nylon/ull - svartur
4200454/455/456

**29.900 kr.**
Verð áður 45.990

Sjónvarpsskápur, eik
4200506

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI



**BLÓÐI DRIFIN MÓTMÆLI** Dýravinir mótmæltu sölu á loðfeldum í gær fyrir utan Burberry-verslun á Regent Street í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flutningur Landhelgisgæslunnar er ekki í bígerð að sögn dómsmálaráðherra:

# Gæslan ekki á leið á Völlinn

**STJÓRNMÁL** Ekki er fyrirhugað að flytja Landhelgisgæsluna frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar, að sögn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, tók málið upp utan dagskrár á Alþingi í fyrradag og sagði tilvalið að nýta gömul mannvirki varnarliðsins undir starfsemi Landhelgisgæslunnar. Spurði hann ráðherra hvort til greina kæmi að færa starfsemi hennar að hluta til eða að öllu leyti á Suðurnes og hvort hann teldi að húsakynni á varnarsvæðinu uppfylltu kröfur Landhelgisgæslunnar.

Ráðherra sagðist ekki efast um að tiltekin bygging í Skógarhlíð, þar sem þær ættu vel heima með öðrum gæti hentað ágætlega undir starfsemina en að flutningur væri ekki í bígerð enda ekki forgangsmál að flytja starfsemina frá Reykjavíkurflugvelli eða brjóta hana upp. Það væri seinni tíma mál. Vildi hann þó ekki útiloka flutning flugdeildarinnar til Keflavíkur en sagði að slíkt kallaði á fjölgun starfsmanna.

Björn sagði að stækka þyrfti skrifstofuhúsnæði Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli vegna stærri flugflota og að fram færu viðræður við Flugmálastjórn um það. Kvað hann höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar nýlega fluttar sem vinna að viðbragðs- og neyðarþjónustu. - bþs



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Stækka þarf skrifstofuhúsnæði Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dæmdur fyrir fíkniefnasmygl:

# Með 220 grömm af hassi innvortis

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í 30 daga óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir fíkniefnasmygl.

Maðurinn var handtekinn á Keflavíkurflugvelli í ágúst vegna grunsemda um að hann hefði fíkniefni í fórum sínum. Hann var fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem kom í ljós að hann hafði tæp 220 grömm af hassi falin innvortis. Maðurinn játaði brot sín skýlaust og því þótti 30 daga fangelsi hæfileg refsing. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota. - þsj

Kennaranám:

# Fáir sérhæfa sig í íslensku

**SKÓLAMÁL Íslendingar hafa staðið sig illa í móðurmálskennslu í grunnskólum í samanburði við önnur norræn lönd.**

**Þetta er meðal þess sem Sigurður Konráðsson, prófessor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands, fjallar um á fundi Sögufélagsins sem haldinn verður í Fischersundi 3 klukkan átta í kvöld. Í erindi sínu bendir Sigurður á að íslenska hafi ekki verið ofarlega á lista í íslensku skólastarfi.**

**Í nýlegri skýrslu menntamálaráðuneytisins kemur fram að aðeins um 52 prósent kennara í 8.-10. bekk hafi sérhæft sig í kennslugreininni.** - hs

Bæjarstjórn Kópavogs:

# Höfnuðu öldungaráði

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs hafnaði tillögu um að koma á fót sérstöku öldungaráði í bænum. Það var Samfylkingin sem vildi að ráðið yrði stofnað og tæki til umfjöllunar mál á borði bæjarstjórnar sem varða aðbúnað og kjör aldraðra í Kópavogi. Ætti ráðið að vera skipað þremur eldri borgurum og tveimur fulltrúum bæjarins.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

„Hópur eldri borgara, sem skipar slíkt ráð, ætti að vera vel til þess fallinn að leggja til góðar hugmyndir í bæjarstjórn eða leggja raunhæft mat á verkefni og tillögur bæjarstjórnar," sagði í tillögunni sem var felld á síðasta bæjarstjórnarfundi. - gar



**VILJA AUKNAR TEKJUR** Sveitarstjórnarmenn krefjast hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum þannig að misskipting í tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga verði leiðrétt. „Það er ekki nema eðlilegt að sveitarfélögin krefjist nú hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum," segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Myndin er frá ráðstefnunni sem stendur nú yfir á Hótel Nordica. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vilja fá hlut í fjármagnstekjuskatti

**Sveitarfélögin krefjast hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum þar sem stöðugt fleiri einstaklingar njóta þjónustu sveitarfélaganna án þess að greiða útsvar. Þrjátíu og sjö sveitarfélög fengu á þremur árum bréf frá eftirlitsnefnd.**

**SVEITARFÉLÖG** Sveitarfélögin hafa verið rekin með halla í fjölda ára. Mörg sveitarfélög eiga nú í miklum og alvarlegum fjárhagserfiðleikum, þar á meðal eru mörg hinna sameinuðu landmiklu sveitarfélaga, þó að nokkur umskipti hafi orðið í rekstri sveitarfélaga í heildina á síðasta ári vegna þenslu í efnahagslífinu og aukinna tekna af þeim sökum.

Ör þróun í skattaumhverfinu hefur leitt til þess að sveitarfélögin hafa orðið af útsvarstekjum en tekjur ríkisins hafa aukist. Fjöldi einkahlutafélaga hefur snaraukist á stuttum tíma. Á árinu 2004 fór fjöldi einkahlutafélaga í fyrsta skipti yfir tuttugu þúsund og á miðju þessu ári eru einkahlutafélög orðin 25.600 talsins.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, greindi frá þessu á fjármálaráðstefnu sambandsins í gær. Hann sagði að fjöldi einyrkja, sem áður hefðu greitt skatta eins og almennir launþegar, hefðu fært starfsemi sína yfir í einkahlutafélög. Þar með væri skattaumhverfið allt annað.

„Þróunin í greiðslu fjármagnstekjuskattsins hefur orðið mun hraðari en fjölgun einkahlutafélaganna og áhrifin til lækkunar tekna sveitarfélaganna og hækkunar tekna ríkisins er mun augljósari. Á árinu 2004 námu tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti níu milljörðum króna en í fyrra voru tekjurnar orðnar 21,7 milljarðar króna," segir hann.

Í fyrra höfðu 6.600 fjölskyldur hærri fjármagnstekjur en launatekjur og 2.200 framteljendur höfðu engar aðrar tekjur en fjármagnstekjur og greiddu því ekki útsvar. Þeir nutu samt þjónustu sveitarfélaganna. „Þessar breytingar hafa rýrt tekjur sveitarfélaganna og valdið óeðlilegri mismunun, tekjur ríkisins hafa aukist en tekjur sveitarfélaganna dregist saman," segir Halldór. „Það er fyrst og fremst misskiptingin í tekjuöflun stjórnsýslustiganna sem við viljum fá leiðrétta. Það er ekki nema eðlilegt að sveitarfélögin krefjist nú hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum."

Á árunum 2003-2006 fengu þrjátíu og sjö sveitarfélög bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna. Sum þeirra eiga varla annan kost en að draga saman í þjónustu við íbúa.

ghs@frettabladid.is

Frjálshyggjufélagið:

# Mótmæla frekari niðurgreiðslum

**STJÓRNMÁL** Frjálshyggjufélagið mótmælir harðlega hugmyndum um enn frekari niðurgreiðslu ríkisins á rekstri stjórnmálaflokkanna.

Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að með því að auka framlög ríkisins til stjórnmálaflokka séu skattgreiðendur neyddir til að styðja skoðanir sem þeir eru ósammála.

Frjálshyggjufélagið er þeirrar skoðunar að hækkun á framlagi ríkisins til flokka veiki lýðræðið því það gefi sitjandi flokkum enn meira forskot á þá hópa fólks sem kynnu að vilja bjóða sig fram til þings. - hs



**NÝSKÖPUNARVERÐLAUNIN AFHENT** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í gær.

Nýsköpunarverðlaun afhent:

# Landnámssetrið verðlaunað

**VIÐURKENNING Landnámssetur Íslands hlaut Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar í gær fyrir vel útfærðar og vandaðar sýningar sem efla ímynd Íslands og eru til þess fallnar að efla ferðaþjónustu allan ársins hring. Í tengslum við safnið er unnið með sögu landsins með leiksýningum, sögumönnum, námskeiðum og hlöðnum vörðum á helstu sögustöðum Egils sögu og víðar. Tæknin er vel nýtt á sýningunum meðal annars með leiðsögn með lófatölvum.**

**Nýsköpunarverðlaunin voru afhent við athöfn á Hótel Holti.** - hs


# FORVAL FRAMUNDAN

## KOMDU OG HITTU FRAMBJÓÐENDUR VG

**30 frambjóðendur í forvali vinstri – grænna í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi verða til viðtals laugardaginn 18. nóvember í sal Kvenfélags Kópavogs, Hamraborg 10, kl. 13:00 - 15:00**

Forvalið fer fram 2. desember næstkomandi kl. 10:00 - 22:00. Kosið verður í Suðurgötu 3 í Reykjavík, Strandgötu 11 í Hafnarfirði og Hlégarði í Mosfellsbæ. Allir félagar VG í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi hafa kosningarétt samkvæmt félagatali 25. nóvember 2006 en þá verður kjörskrá lokað. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram í Suðurgötu 3 í Reykjavík, dagana 28. og 30. nóvember kl. 16:00 – 21:00.

**Sjá nánar á www.vg.is**

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð




Filton/SÍA

# Dapurleg eftirmæli

Meðalstarfsævi á Íslandi er u.þ.b. 45 ár. Samkvæmt launakönnun VR 2006 eru heildarævitekjur karla 197 milljónir króna að meðaltali en kvenna 159 milljónir. Munurinn er 38 milljónir eða 24%, körlunum í vil.

**Þessi munur á ekki að vera meitlaður í stein um ókomna framtíð. Sendum komandi kynslóðum rétt skilaboð. Eyðum launamun kynjanna.**

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS




KRÓNAN KRÓNAN




KRÓNAN

KRÓNAN



**Á LEIÐ Á MARKAÐINN** Þessi indverski bóndi gengur sem leið liggur á markaðinn í Agartala, höfuðborg Tripura-fylkis í norðaustanverðu Indlandi. Hann ætlar að bjóða stráknippi til sölu, en fyrir þau fær hann um 30 rúpíur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Arabíska sjónvarpsstöðin al-Jazeera orðin tíu ára:

# Hefja útsendingar á ensku

**KATAR, AP** Á hádegi á miðvikudag hóf arabíska sjónvarpsstöðin al-Jazeera í fyrsta sinn útsendingar á ensku. Útsendingarnar eiga að nást á 80 milljónum heimila víða um heim, einkum í Evrópu, Mið-Austurlöndum og nokkrum Asíuríkjum, en fáir munu þó ná útsendingum hennar í Bandaríkjunum.

Á vefsíðu sjónvarpsstöðvarinnar verður þó hægt að fylgjast með útsendingunum jafnóðum.

Fjölmennt starfslið mun starfa við ensku útgáfu sjónvarpsstöðvarinnar. Alls hafa um 500 manns verið ráðnir til starfa, þar á meðal sumir af þekktustu sjónvarpsmönnum heims, svo sem David Frost frá BBC, Riz Khan frá CNN og Dave Marash frá ABC.

Upphaflega stóð til að hefja útsendingar í byrjun þessa árs og þá til 40 milljón heimila, en útbreiðslan verður helmingi meiri.

„Þetta á sér engin fordæmi í sögu sjónvarpsútsendinga," segir Wadah Khanfar, framkvæmdastjóri al-Jazeera, á heimasíðu stöðvarinnar. „Engin önnur alþjóðleg fréttastöð sendir út til jafn margra heimila í heiminum."




**FRÉTTASTOFAN** Starfsfólk al-Jazeera undirbýr ensku útsendingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þegar al-Jazeera hóf sjónvarpsútsendingar fyrir tíu árum þótti leiðtogum bæði í Bandaríkjunum og víða í Arabaríkjum harkalega að sér vegið. Sérstaklega hafa útsendingar stöðvarinnar á skilaboðum frá Osama bin Laden og öðrum hryðjuverkamönnum verið umdeildar. - gb



**O.J. SIMPSON** Leysir frá skjóðunni, en aðeins í viðtengingarhætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

O. J. Simpson um morðin:

# Segir frá í sjónvarpi og á bók

**LOS ANGELES, AP** **Fyrrverandi ruðningsstjarnan O.J. Simpson kemur fram í sjónvarpsviðtölum síðar í nóvember og sendir jafnframt frá sér bók þar sem hann lýsir í smáatriðum hvernig hann „hefði framið morðin" á fyrrverandi eiginkonu sinni og kærasta hennar, „ef ég hefði gert það" - eins og hann orðar það.**

**„O. J. Simpson, með eigin orðum, segir í fyrsta sinn frá því hvernig hann hefði framið morðin ef hann væri sá sem bæri ábyrgð á glæpunum," segir í tilkynningu frá sjónvarpsstöðinni Fox, sem ætlar að senda út viðtal við hann í tveimur hlutum dagana 27. og 29. nóvember.** - gb

Flottur sportjeppi
á frábæru verði
2.495.000 kr.

Outlander 4X4
Öflug tveggja lítra 136 hestafla vél

MITSUBISHI MOTORS

Staðalbúnaður:
- Sítengt aldrif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Þakbogar
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn
- Mikil veghæð, 19,5 cm

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




26.116 kr. á mánuði
Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.

HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Nýtt forvarnarverkefni:

## Flott án fíknar fær styrk

**FORVARNIR** Forvarnarverkefninu Flott án fíknar var ýtt úr vör í dag. Það er ungmennafélag Íslands sem stendur að verkefninu og hefur félagið fengið styrk úr forvarnarsjóði til þess.

Kynningin á verkefninu fer fram í Vetrargarðinum í Smáralind klukkan fimm. Þar mun forseti Íslands meðal annars flytja ávarp.

Hugmyndafræði verkefnisins Flott án fíknar snýst um að koma í veg fyrir að unglingar byrji að fikta við tóbak og áfengi.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð sem styrkir það fjárhagslega. **- hs**

Sjö mánaða fangelsi fyrir síendurtekið ofbeldi og önnur brot:

# Dæmdur fyrir að berja barnsmóður sína

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var dæmdur í sjö mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. Maðurinn var dæmdur fyrir endurtekið ofbeldi gegn barnsmóður sinni, og fyrrverandi sambýliskonu, og fyrir húsbrot, fíkniefnalagabrot og brot gegn nálgunarbanni. Manninum var auk þess gert að greiða 425 þúsund krónur í sakarkostnað.

Maðurinn var hins vegar sýknaður af ákæru um vopnalagabrot því ekki þótti sannað að óeðlilegt væri að hann hefði borið á sér sjálfskeiðung sem lögreglan fann við leit á honum eftir handtöku. Dómurinn taldi hnífinn ekki ólöglegan sem slíkan og maðurinn hefði sagt fyrir dómi að hann notaði hnífinn við vinnu sína.

Maðurinn játaði fíkniefnalagabrot en neitaði að hafa beitt barnsmóður sína ofbeldi. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að brot mannsins væru alvarleg og að hann hefði valdið konunni líkamlegu sem og andlegu tjóni. Dómnum þótti rétt að skilorðsbinda fimm mánuði af fangelsisvistinni því maðurinn hefði ekki áður gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum, hann búi á áfangaheimili, sé að taka á áfengisvanda sínum og sé í vinnu við múr og málun. **- ifv**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn sem dæmdur var neitaði að hafa beitt barnsmóður sína ofbeldi. Dómurinn féllst ekki á það.



**GRÆNFÁNINN AFHENTUR** Öskjuhlíðarskóli fékk Grænfánann afhentan í vor.

Fleiri skólar fá Grænfánann:

## 77 skólar í umhverfistarfi

**UMHVERFISMÁL** Nú eru 77 skólar á landinu þátttakendur í verkefninu um Grænfánann.

Frá því í haust hafa sex grunnskólar og tveir leikskólar ákveðið að taka þátt í verkefninu Skólar á grænni grein.

Þetta eru Gerðaskóli, Grunnskóli Snæfellsbæjar á Hellissandi og í Ólafsvík, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Hvolsskóli, Reykjahlíðarskóli og leikskólarnir Náttúruleikskólinn Hvarfi og Skógarsel á Hallormsstað.

Þá tók Foldaskóli við Grænfánanum fyrr nú í vikunni.

Landvernd lýsir ánægju með þetta starf skólanna. **- hs**

Bílvelta undir Eyjafjöllum:

## Farþegarnir lítið slasaðir

**LÖGREGLUMÁL Bílvelta varð undir Eyjafjöllum síðdegis í gærdag. Slysið varð með þeim hætti að bifreið sem kom að austan rakst á brúarendann á brúnni yfir Holtsá, valt og hafnaði í árfarveginum. Tveir erlendir ferðamenn voru í bifreiðinni sem var bílaleigubíll.**

**Hálka var og er hún talin ástæða þess að bíllinn rann til á veginum. Mennirnir sem voru í bílnum sluppu við meiriháttar meiðsl en voru þó fluttir með sjúkrabíl til Reykjavíkur. - hs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstrar á Akureyri

Þrír árekstrar urðu á Akureyri í fyrradag. Engan sakaði í árekstrunum. Á Akureyri er nú töluverður snjór og mikil hálka á vegum.

### Útafakstur við Blönduós

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann ók út af veginum við Blönduós í fyrradag. Engin slys urðu á fólki. Leiðindaveður var á þessum slóðum þegar óhappið varð og gekk umferð hægt fyrir sig.




# Bush í Asíu

**Bandaríkjaforseti hóf vikulangt ferðalag sitt um Asíu í Singapore í gær. Þaðan heldur hann í tímamótaheimsókn til Víetnams.**

George W. Bush Bandaríkjaforseti hóf í gær ferðalag um Asíu með heimsókn til Singapúr, en þaðan heldur hann í dag áfram til Hanoi í Víetnam, þar sem hann mætir á leiðtogafund efnahagssamvinnuráðs Asíu- og Kyrrahafsríkja, APEC. Asíuferðinni lýkur hann í Indónesíu, fjölmennasta múslimaríki heims.

Bush valdi að halda aðalræðu sína í Asíuferðinni í Þjóðarháskólanum í Singapúr. Í henni beindi hann spjótum að meintri einangrunarhyggju demókrata sem hrósuðu sigri í þingkosningunum í Bandaríkjunum í liðinni viku. „Við heyrum raddir sem kalla eftir því að við drögum okkur í hlé frá heiminum og lokum dyrum á tækifærin sem hann býður upp á,“ sagði forsetinn. „Þetta eru hinar fornu freistingar einangrunarhyggjunnar og verndarstefnunnar, og Bandaríkin verða að hafna þeim.“

Bush hvatti ríki Asíu til að leggja sitt af mörkum til að samkomulag náist í hinum margströnduðu viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um frekara afnám hafta á alþjóðaviðskipti og hvatti jafnframt til þess að ríkin 21 sem aðild eiga að APEC ynnu að því að koma á fríverslun sín á milli.

Forsetinn mælti ennfremur fyrir því að ríkin í álfunni héldu uppi þrýstingi á Norður-Kóreustjórn vegna kjarnorkuvopnatilrauna hennar og að þau legðust á eitt í baráttu bæði gegn hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu tækni til smíði gereyðingarvopna.

Heimsókn Bush til Víetnams þykir marka nokkur tímamót í samskiptum landanna, en með gestgjafahlutverkinu fyrir leiðtogafund APEC vilja þarlend stjórnvöld sýna umheiminum að landið sé óðum að ná sér af sárum hins blóðuga stríðs, sem lauk fyrir þremur áratugum.



**MÓTMÆLI Í INDÓNESÍU** Mótmælandi, málaður í bandarísku fánalitunum, þambar bandarískt ropvatn í mótmælaaðgerðum í höfuðborginni Djakarta gegn heimsókn Bush Bandaríkjaforseta þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BUSH Í SINGAPÚR** Bush heilsar námsmönnum í Þjóðarháskóla Singapúr eftir að hafa flutt þar ræðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

- skráðu þig í Nám samhliða starfi

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Mannauðsstjórnun
hefst 31. jan.

Rekstrar- og viðskiptanám
hefst 22. jan.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

sími 525 4444

Nánari upplýsingar og skráning: endurmenntun.is





**LENÍN LIFIR** Vegfarandi í Hanoi, höfuðborg Víetnams, hjólar hjá risastyttu af Vladimír Lenín, „föður“ sovésku byltingarinnar. Við fótstall hans er skammstöfunarheiti efnahagssamvinnuráðs Asíu- og Kyrrahafsríkja, en leiðtogafundur þeirra fer þar fram þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


"ÉG TEYGI MIG LENGRA SVO ÞÚ BORGIR MINNA"
Opnum kl. 9:00 í fyrramálið
ÉG ER AÐ OPNA OG VERÐ MEÐ FRÁBÆRT VÖRUVERÐ



Góð helgi
125 ml
29 KR.
Soja hristingur
Soya Shake
Banana- súkkulaði- og jarðarberjahristingur
1 lítri
159 KR.
HVERSDAGSÍS
2 lítrar
89 KR.
7up FREE
600g
398 KR.
MYLLU JÓLATERTA
Myllu jólatertur
3 tegundir
APPELSÍNUSAFI
129 KR.
TRÓPÍ 1 LÍTRI
Sjáðu verðið!
40% afsláttur
PORK ROAST
Kílóverð nú:
899 KR.
MERKT VERÐ 1499 KR.
Pork Roast
helgarsteik frá ALI
FERSKT BLANDAÐ HAKK
KÍLÓVERÐ NÚ:
489 KR.
Merkt verð 698 KR.
6 ES pítubrauð PAKKAVERÐ NÚ:
59 KR.
Merkt verð 98 KR.
Sex pítubrauð
Ferskt blandað hakk
LAMBASVIÐ
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.
KS lambasvið
Kílóbrauð
98 KR.
1 KÍLÓ
26 sneiðar
...fyrir góðan dag!
Súpukjöt
I. flokkur
EKKERT BRUÐL
LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499 KR.
Ýsunaggar í raspi
Frosnir ýsunaggar í raspi
KÍLÓVERÐ NÚ:
595 KR.
Merkt verð 699 KR.
-kornflöguhjúpaðir og forsteiktir


byrjar í Bónus!
Einiberja lambalæri
30% afsláttur við kassann
KF einiberja KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855KR.
BÚHNYKKS RÆKJA KÍLÓVERÐ:
598 KR.
Rækja 1 kíló
Nýreyktur hamborgarhryggur framleiddur af Síld og fisk
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
50% afsláttur við kassann
50% afsláttur af jólagjafapappír!
Sjáðu verðið!
30 sm hár 1299 KR.
45 sm hár 1599 KR.
60 sm hár 1899 KR.
Ljósapýramídar fyrir helgina!
Bónus býður betur!
SOÐIN SKINKA kílóverð nú:
1259 KR
Merkt 1798KR.
30% afsláttur við kassann
40% afsláttur við kassann
Eldaðir MÓA kjúklingavængir KÍLÓVERÐ NÚ:
395 KR.
Merkt verð 659KR.
Fulleldaðir kjúklingavængir Klárir á grillið
2 lítrar
98 KR.
PEPSI MAX
ROÐ- OG BEINLAUS ÝSA KÍLÓVERÐ NÚ:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Frosnir Bónus ýsubitar roðlausir og beinlausir
Frosin ýsuflök með roði og beini
FROSIN ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI: KÍLÓVERÐ
399 KR.
Sjáðu verðið!
HELGARMYNDBANDIÐ:
1798 KR.
2 diskar - sérútgáfa
www.bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Svarar ekki

**„Ég svara ekki spurningum varðandi þetta.“**

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA ÞEGAR LEITAÐ VAR VIÐBRAGÐA HJÁ HONUM UM BRÉF ARNARS JENSSONAR Í MORGUNBLAÐINU.

**Fréttablaðið 16. nóvember.**

### Ræðir þetta ekki

**„Ég ætla ekki að ræða þetta. Þess í stað ætla ég að horfa fram á veginn.“**

ÁRNI JOHNSEN AÐSPURÐUR UM HVAÐ HANN ÁTTI VIÐ MEÐ „TÆKNILEG MISTÖK“.

**Fréttablaðið 16. nóvember.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GAGA SKORRDAL PRJÓNAKONA

# *Grýla fær prjónakjól*



„Það er allt gott að frétta,“ segir Guðrún Gerður Guðrúnardóttir sem segist vilja láta kalla sig listamannsnafninu Gaga Skorrdal. „Í augnablikinu er ég að búa til jólaútstillinguna í búðinni minni, Gaga, Laugavegi 12 A, þar sem Meyjarskemman var til fjölda ára. Hún verður mjög furðuleg, en flott. Ég verð með Grýlu og jólaköttinn. Grýla verður ansi skuggaleg en hún fer samt í fínan prjónakjól fyrir jólin. Það hefur náttúrlega enginn séð þau Grýlu og jólaköttinn svo maður hefur ansi frítt spil með útlitið á þeim. Gaga hefur gengið mjög vel síðan ég opnaði búðina í sumar, ég hef fengið ótrúlega góðar móttökur. Ég ætti samt eiginlega að fá bjartsýnisverðlaunin fyrir að hafa byrjað á þessu með nánast tvær hendur tómar. Ég prjóna allt í búðinni og allt er einstakt. Ætli ég sé ekki þekktust fyrir húfurnar. Framundan er nú bara að prjóna og prjóna, meira í dag en í gær. En ef ég fer eitthvað þá er það upp á hálendið. Það er minn staður. Ég fer kannski eitthvað á sleða þegar andinn og veðrið bjóða upp á það.“

## NÝYRÐI:
### TÍSKUVITI FER Á GLUGG

Námsgagnastofnun auglýsir nú eftir tillögum að tíu nýyrðum. Tillögur má senda inn til 27. nóvember. Nokkur orð eru þegar komin. Til dæmis: Ég bauð Önnu á *glugg* (date). Ég var nú bara *hversdagslega* (casual) klæddur sem voru mistök því Anna er *tískuviti* (trendsetter). Við fórum á *bræðings* (fushion) veitingahús en svo heimtaði Anna að fara í *afgangsbúð* (outlet). Þetta gekk lítið svo ég fór einn heim að *vafra* (surf). Hlóð niður *þverunarlagi* (crossover) með *villvera* (wannabe) rokkara og sendi svo Önnu *gælið* (nick) mitt ef ske kynni að hún vildi hitta mig seinna á MSN-inu.



## SJÓNARHÓLL
NÝ ÁHORFSKÖNNUN GALLUP

### *Afhjúpar molbúahátt*



**BRAGI VALDIMAR SKÚLASON** Baggalútur

„Fjölmiðlakönnun Gallup er auðvitað martröð allra þeirra sem vilja halda í þá veiku von að Íslendingar séu í raun og veru hipp og kúl í samfélagi þjóðanna,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, einn af meðlimum Baggalúts, um niðurstöður nýjustu könnunar Gallup-Capacent á sjónvarpsáhorfi. „Ekkert er eins afhjúpandi fyrir alltumlykjandi plebbisma og molbúskap landsmanna. Hér sést svart á hvítu að hálf þjóðin laumast, hvað sem tautar og raular, að raðgreiddum pönnukökuskjánum til að horfa á Spaugstofuna sína og þriðjungur hennar er of vankaður af sykurneyslu og gosþambi til að nenna að skipta um stöð eftir það – hvað þá slökkva á útvötnuðum ófögnuði á borð við Taggart og einhverju heilaslakandi hollívísku sorpi öðru. Það grátlegasta er þó sennilega, sé rýnt betur í tölurnar, að fæstir yfir sextugu virðast vita að það er núna hægt að horfa á Hemma Gunn rabba við sjálfskipaða seljabryta í eigin persónu – en ekki bara Gísla Martein eða Jón Ólafs að leika hann.“






# Var allt betra þá?

**Nútíminn er trunta með tóman grautarhaus, söng Egill Ólafsson og þótti hitta í mark. Eftir því sem árin líða og vandamál heimsbyggðarinnar verða – að því er virðist samkvæmt fréttum – meira og meira yfirþyrmandi, vex þrá nútímamannsins eftir fortíðinni: meintum einfaldleika og áhyggjuleysi sem ríkti einu sinni.**



**VALLI HORFIR TIL HIMINS MEÐ FRÆBBBLUNUM** Honum finnst síst verra að vera til í ár.

Fyrir fimmtíu árum hefði engum dottið í hug að finnast lífið árin 1900-1930 eftirsóknarvert. Á eftirstríðsárunum ríkti bjartsýni, menn sáu fyrir sér að tæknin myndi bjarga öllu. Árið 2000 var langt í burtu í óráðinni framtíð, fullt af dularfullum tækninýjungum sem yrðu til góðs fyrir mannkynið.



**LÍSA PÁLSDÓTTIR**

En nú er öldin svo sannarlega önnur. Lagið „I wish I was a punkrocker with flowers in my hair“ með Sandi Thom hefur heyrst mikið á þessu ári. Þar er kaldranalegur nútíminn borinn saman við fortíðina, sem samkvæmt textanum er mun eftirsóknarverðari en núið. Lagið er eitt af þeim allra vinsælustu á þessu ári og hefur því greinilega snert við Vesturlandabúum og orðað hugsanir sem margir ganga með í kollunum. En var allt betra á hippa- og pönkárunum?

„Þú getur rétt ímyndað þér!,“ segir Lísa Pálsdóttir, útvarpskona og hippi. „En það er alltaf gaman að vera ungur svo sem. Nú er ekkert nema boð og bönn og það í frjálshyggjunni allri. Það er lítil þolinmæði gagnvart náunganum og refsigleðin er mikil. Fólk er tilbúið að rjúka upp og æpa: hendum honum úr landi eða stingum honum inn! Það er líka svo mikið eftirlit núna og maður er hvergi óhultur, það vita allir allt um mann. Maður gat einhvern veginn auðveldar horfið á hippaárunum. Svo ég bendi nú á eitthvað jákvætt við nútímann þá get ég sagt að fólk er orðið miklu víðförlara og margir hafa öðlast víðsýni við það. Það er mun auðveldara að komast úr landi núna en þá. Mér fannst þetta lag nú bara krúttlegt þegar ég heyrði það fyrst, en ég er fyrir löngu orðin mjög leið á því.“

Fulltrúi pönkara er Valgarður Guðjónsson, „Valli í Fræbbblunum“, og þvert á ímyndina er hann jákvæðnin uppmáluð: „Nei, það var ekkert endilega betra í gamla daga, bara öðruvísi. Mér finnst alltaf gaman að vera til og það er engin nostalgía í mér. Það er miklu meira að gerast í dag, til dæmis í tónlistinni. Hún er miklu fjölbreyttari og skemmtilegri núna, þótt þarna í pönkinu hafi náttúrlega verið toppar sem hafa ekki verið jafnaðir ennþá. Þarna í kringum 1980 voru kannski 2-3 hljómsveitir sem maður gat spilað með en í dag eru hátt um 300 bönd sem sækja um að fá að spila á Iceland Airwaves og flestar þeirra eru að gera góða hluti. Í dag getur maður líka farið á krá og fengið sér bjór. Það eina neikvæða við nútímann sem ég get tínt til er að ég er orðinn eldri!“

Valgarður hefur heyrt fortíðarlagið hennar Sandi. „Það er einhver ferskleiki yfir því en það er líka sláandi líkt „Rokk og ról ég gefið hefi öll mín bestu ár“ með Brimkló og það truflar mig alltaf.“

**gunnarh@frettabladid.is**

## Ég vildi að ég væri pönkari með blóm í hárinu

Ó, ég vildi ég væri pönkari með blóm í hárinu
´77 og ´69 – þá var bylting í loftinu
ég fæddist of seint inn í heim sem stendur á sama
Ó ég vildi ég væri pönkari með blóm í hárinu (viðlag)

Þegar æðstu menn spiluðu ekki á gítar
og ekki allir voru á bíl
þegar tónlist skipti máli og útvarpið var kóngurinn
þegar endurskoðendur höfðu engin völd
og fjölmiðlar gátu ekki keypt sál þína
og tölvur voru ennþá ógnvekjandi og við vissum ekki allt

(viðlag)

Þegar poppstjörnur voru goðsagnir
og fáfræði gat ennþá verið alsæla
og þegar guð blessaði drottninguna varð hún náföl
mamma og pabbi voru unglingar
og stjórnleysi var ennþá draumur
og eina leiðin til að vera í sambandi var með sendibréfi

(viðlag)

Þegar plötubúðir voru ennþá aðalmálið
og vinýlplötur voru það eina sem þær seldu
og upplýsingahraðbrautin var bara eitthvað í geimnum
krakkar voru í smekkbuxum
og að spila leiki þýddi að vera úti með bolta
og fótboltamenn voru skítugir og með sítt hár



**SANDI THOM** Er 25 ára skosk söngkona sem hefur gert eina stóra plötu, „Smile... It Confuses People,“ og vakið heimsathygli fyrir fortíðarþráarlagið.

## Værir þú til í að vera uppi á einhverjum öðrum tíma?




„Ég væri til í að vera uppi um aldamótin 1900. Það var örugglega mun skemmtilegra þá, kúl föt og bylting bóhemanna í loftinu.“

**UNA 15 ÁRA**




„Það væri örugglega fínt að vera uppi fyrir sirka 50 árum, áður en allt þetta rugl byrjaði.“

**JÓN VIÐAR 22 ÁRA**




„Já, því ég er fæddur á vitlausum tíma. Ég er áhyggjulaus á meðan allir aðrir hafa áhyggjur. Ég hefði átt að vera uppi á hippatímanum. Það voru frjálslegri tímar og tónlistin að blómstra.“

**REYNIR 25 ÁRA**




„Nei, alls ekki. Þetta er fínt núna.“

**TABI 21 ÁRS**




„Já, eftir svona fimmtíu ár til að sjá öll háhýsin í Vatnsmýrinni og sjá hversu margar virkjanir hafa bæst við. Og ekki má gleyma þjónustuvélmenninu.“

**JAKOB FILIPPUS 21 ÁRS**




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur og þokuljós.

## Svona erum við

> Fjöldi gjaldþrota félaga á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB

## *Í átt að sameiginlegum markaði*

Umdeild þjónustutilskipun Evrópusambandsins gæti verið leidd í lög fyrir áramót. Andstæðingar hennar hafa fundið henni fjölmargt til foráttu, allt frá því að segja að með henni lækki laun almennings, til þess að grafa undan umhverfisvernd. Meðmælendur telja hana lykilatriði í þróun sameiginlegs markaðar ESB.



**Um hvað snýst málið?**
Með þjónustutilskipuninni á að búa til einn óheftan markað fyrir þjónustufyrirtæki, en um 70 prósent evrópsks vinnuafls starfar innan þjónustugeirans. Á þessum markaði yrði þjónustufyrirtækjum gert kleift að starfa í öðrum löndum, við svipað laga- og skattaumhverfi og þau byggju við í heimalandi sínu. Þannig á að hvetja til samkeppni fyrirtækja, burtséð frá þjóðerni. Verði tilskipunin samþykkt, spáir ESB 1,8 prósenta aukningu þjóðarframleiðslu og sköpun 2,5 milljóna nýrra starfa.

**Hvers vegna er tilskipunin svo umdeild?**
Margir þegnar ríku landanna í Evrópu óttast að ódýr og erlend samkeppni muni ganga milli bols og höfuðs á innlendum fyrirtækjum. Samkvæmt upphaflegri upprunareglu tilskipunarinnar hefðu pólsk fyrirtæki til dæmis getað starfað hér á landi og greitt sömu laun og tíðkast í Póllandi. Evrópuþingið hefur nú endurskoðað þessa reglu og segir að vinnulöggjöf verði undanskilin henni.

**Til hvernig þjónustu tekur tilskipunin?**
Til dæmis eru veitingastaðir, hótel, bílaleigur, byggingaverktakar, auglýsingastofur og fasteignasölur hluti af skilgreindri þjónustu. Hins vegar er undanskilin t.d. heilbrigðisþjónusta, löggæsla, póstdreifing og fjárhættuspil.

## SPURT & SVARAÐ
SMS-ÍSKA



**ÁGÚSTA ÞORBERGSDÓTTIR**
Starfsmaður hjá Íslenskri málstöð.

### *Ammli og mar*

Dagur íslenskar tungu var haldinn hátíðlegur í gær á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar skálds. Í tilefni dagsins voru haldnir fyrirlestrar um íslenska tungu auk þess sem nýbreytni í íslensku var kynnt og verkefni verðlaunuð. Í tengslum við daginn spratt einnig upp umræða um svokallaða sms-ísku sem orðin er nokkuð algeng í tali unglinga. Ágústa Þorbergsdóttir starfar hjá Íslenskri málstöð.

**Hvað er sms-íska?**
Málsnið sem sumir unglingar nota mikið og einkennist af knöppum og stuttum setningum, skammstöfunum, styttingum og táknum. Greinarmerkjasetning er oft mjög frjálsleg. Dæmi um sms-ísku er til dæmis að segja ammli og mar.

**Stendur íslenskunni ógn af sms-ískunni?**
Líta má á sms-ísku sem ákveðinn stíl. Íslensku máli á ekki að standa ógn af henni frekar en af gamla símskeytastílnum, þó gæti hirðuleysið haft áhrif á stafsetningu.

**Er eitthvað jákvætt við sms-ískuna?**
Hún auðgar að minnsta kosti ekki tungumálið.

# Ísland beiti sér fyrir bættum mannréttindum í heiminum

**Mótun heildstæðrar stefnu Íslands í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi er í undirbúningi á vegum utanríkisráðherra. Ráðherra greindi frá því í ræðu sinni um utanríkismál á Alþingi í gær.**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA** flutti skýrslu sína um utanríkismál á Alþingi í gær. Í máli hennar kom meðal annars fram að taka verði af hörku á veiðum sjóræningjaskipa í fiskveiðilögsögunni og til greina komi að beita togvíraklippum á ræningjana líkt og í fyrri þorskastríðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgerður Sverrisdóttir kom víða við í ræðunni og fjallaði um umhverfismál, varnar- og öryggismál, friðargæslu, þróunarsamvinnu, sjóræningjaveiðar og viðskipti, auk mannréttinda.

Valgerður sagði að brot á grundvallarmannréttindum væru oft undirrót átaka og ófriðar og því stuðlaði verndun mannréttinda að auknu öryggi og friði. Mannréttindi væru einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og í bígerð væri að móta heildstæða stefnu í mannréttindamálum á alþjóðavettvangi. „Meginmarkmið slíkrar stefnumótunar er að greina hvernig Ísland getur lagt sitt af mörkum til þess að varðveita og auka virðingu fyrir mannréttindum í heiminum,“ sagði Valgerður.

Utanríkisráðherra sagði sjóræningjaveiðar ógnun við hagsmuni sjávarútvegsríkja og við þeim þyrfti að bregðast af fullri einurð. Samstarf við fjármálastofnanir og önnur fyrirtæki sem veita útgerðum sjóræningjaskipa þjónustu gæti gert útgerðunum erfiðara um vik. „Hugsanlegt er að við stöndum frammi fyrir því að heyja nýtt þorskastríð til varnar fiskimiðunum umhverfis landið gegn taumlausri rányrkju. Þá hlýtur að koma til álita að beita öllum tiltækum ráðum, og verða togvíraklippurnar sem nýttust vel í fyrri þorskastríðum ekki undanskildar í þeim efnum,“ sagði Valgerður.

Um öryggis- og varnarmál sagði ráðherra að ný staða í þeim efnum kallaði á aukið frumkvæði af hálfu Íslendinga sjálfra við að tryggja öryggi landsins. Samráð og samstarf við önnur ríki sem deila hagsmunum með Íslendingum við norðanvert Atlantshaf væru nauðsynleg. Skiptu Bandaríkin mestu í því sambandi en einnig Kanada, Bretland og Norðurlöndin.

Valgerður sagði öryggis- og varnarstefnuna í stöðugri endurskoðun sem kallaði á yfirvegaða og vandaða umræðu. Væri málið mikilvægara en svo að það mætti afgreiða með flimtri eða innantómu pólitísku karpi. Þyrftu allir stjórnmálaflokkar að taka þátt í stefnumótun með aðkomu fræðasamfélagsins. Nefndi hún sem möguleika að koma á fót utanríkis- og öryggismálasetri sem farveg umræðunnar svo hún gæti nýst stjórnvöldum sem best.

Málefni kvenna voru Valgerði hugleikin og sagði hún Ísland leggja áherslu á þau í fjölþjóðlegu samstarfi. Fagnaði hún sérstaklega nýkynntum breyttum áherslum Sameinuðu þjóðanna til kynja- og jafnréttismála.

Þá greindi Valgerður frá tífaldri hækkun á framlögum Íslands til UNIFEM, væntanlegri aðstoð Íslensku friðargæslunnar við konur í stríðshrjáðum löndum og áherslur í málefnum kvenna í þróunarsamvinnu.

Valgerður fjallaði um milliríkjaviðskipti og upplýsti að hafnar væru viðræður við Evrópusambandið um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Kvaðst hún vongóð um að þær myndu bæði skila ávinningi til neytenda og bænda.

Valgerður ræddi einnig um ógnir og tækifæri sem fylgja nýjum siglingaleiðum nærri Íslandi sem verða til vegna hlýnunar, greindi frá opnun aðalræðisskrifstofu Íslands í Færeyjum á næsta ári og gerð fríverslunarsamninga við fjarlæg ríki.

Um Evrópumál sagði Valgerður það skyldu utanríkisráðuneytisins að fylgjast grannt með þróun mála innan Evrópusambandsins „þannig að þegar á reynir séum við í stakk búin til að taka ákvarðanir um hvernig hagsmunum okkar sé best borgið í samskiptum okkar við Evrópusambandið“.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Steingímur J. Sigfússon:

### Ekkert um Írak



Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði ýmislegt gott í ræðu ráðherra og fagnaði sérstaklega áherslum í málefnum kvenna. Hann dvaldi þó helst við það sem Valgerður talaði ekki um, til dæmis málefni Íraks og Afganistan og deilur Ísraelsmanna og Palestínumanna.

Steingrímur krafðist afsökunarbeiðni af hálfu íslenskra stjórnvalda á viðurkenningu sinni á innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak og ítrekaði þá skoðun sína að rétt væri að endurskoða stjórnmálasamband Íslands við Ísrael.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

### Ímyndin bætt



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði ræðuna viðleitni til að reyna að bæta ímynd ríkisstjórnarinnar.

Kvað hún margt ágætt í málflutningi ráðherrans en efaðist þó um full heilindi, til dæmis í umhverfis- og mannréttindamálum. Til rökstuðnings sagði Ingibjörg Sólrún að Íslendingar væru ekki til fyrirmyndar í umhverfismálum og eins væri framferði ríkisstjórnarinnar gagnvart Mannréttindaskrifstofu Íslands gagnrýnivert. Þá gagnrýndi hún stuðning Íslands við Íraksinnrásina á sínum tíma.

Sigurjón Þórðarson:

### Gegn framboði til öryggisráðsins



Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, lýsti andstöðu flokks síns við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Þá gagnrýndi Sigurjón ráðningu Halldórs Ásgrímssonar í stöðu framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Kvaðst hann ekki skilja hvers vegna honum, sem hefði gert afdrifaríkustu mistök í utanríkissögu þjóðarinnar með stuðningi við innrásina í Írak, hefði verið lyft upp til embættisins.

Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!


tab
ÍTALÍA
HEILIR
STURTU
KLEFAR
SÉR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MEÐ ÖLLU
80x80 eða 90x90
ÖRYGGISGLER
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FR Á 77.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# alltaf fjö

## allt ti



þú sparar 875 kr/kg

50% afsláttur

875 kr/kg.
Verð áður 1.749 kr/kg

**BK HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI**



þú sparar 300 kr/kg

30% afsláttur

699 kr/kg.
Verð áður 998 kr/kg

NORÐLENSKA

**BAYONNESKINKA**




50% afsláttur

90 kr/pk.
Verð áður 179 kr/pk

**NÁTTÚRU ELDHÚSRÚLLUR 2 STK.**




50% afsláttur

250 kr/pk.
Verð áður 499 kr/pk

**NÁTTÚRU SALERNISPAPPÍR 9 STK.**




frábært verð

99 kr/stk

**PEPSI MAX 2 LTR.**

H:N markaðssamskipti / SIA

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 17. nóvember til 19. nóvember eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# ...ór í nettó

## ...il alls






















nettó

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.383 **+1,25%** **Fjöldi viðskipta:** 304 **Velta:** 5.689 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **HB Grandi** | +3,83% | **Marel** | -0,17% |
| **Kaupþing** | +2,29% | **Flaga** | -0,72% |
| **Landsbankinn** | +1,5% | **Atlantic Petroleum** | -0,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,60 +0,15% ... Alfesca 5,07 +1,00% ... Atlantic Petroleum 585,00 -0,17% ... Atorka 6,35 +0,00% ... Avion 32,20 +0,00% ... Bakkavör 60,50 +1,17% ... Dagsbrún 4,58 +0,00% ... FL Group 23,10 +1,32% ... Glitnir 22,40 +0,45% ... Kaupþing banki 850,00 +2,29% ... Landsbankinn 27,10 +1,50% ... Marel 79,00 -1,25% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,60% ... Straumur-Burðarás 17,40 +0,00% ... Össur 115,00 +1,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Bankastjóri þiggur landbúnaðarstyrki**
Björn Wahlroos, þriðji ríkasti maður Finnlands og forstjóri fjármálasamsteypunnar Sampo Group, er einn stærsti þiggjandi landbúnaðarstyrkja frá finnskum stjórnvöldum samkvæmt upplýsingum sem Halikko, sveitarfélagið hans, lét finnska útvarpinu í té. Wahlroos, sem er eigandi að miklum lendum, hefur þegið um 156 þúsund evrur, eða um fjórtán milljónir króna, í ýmiss konar styrki frá hinu opinbera. Um 70 þúsund bændur þiggja landbúnaðarstyrki í Finnlandi en ýmis hagsmunasamtök, þar á meðal Bændasamtökin, hafa barist með kjafti og klóm gegn því að upplýsingar um styrkþega verði birtar opinberlega.



**Kaupþing svarar í Köben**
Kaupþing banki hefur boðað til blaðamannafundar í höfuðstöðvum bankans í Kaupmannahöfn laust eftir hádegi í dag þar sem Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, kemur til með að sitja fyrir svörum. Hann segir aðaltilefni fundarins vera að greina frá fyrirætlunum bankans og hlutafjáraukningu sem ráðist hafi verið í. Þá sé ætlunin að greina frá góðum árangri bankans í Danmörku. Eins segist Sigurður tilbúinn að svara spurningum sem vakna kunni vegna „algjörlega tilhæfulausra skrifa" Ekstrablaðsins. „Í skrifum þessa blaðs er ekki stafur sem er réttur. Þetta er vitleysa frá fyrsta til síðasta stafs," segir hann.



## MARKAÐSPUNKTAR ...

Sjóðfélagar í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins geta nú valið sér ávöxtunarleið í netbanka Glitnis eða breytt núverandi ávöxtunarleið. Enn fremur geta sjóðfélagar með úttektarheimild í séreignarsjóði sótt aukagreiðslur í netbanka.

Heildarafli íslenskra skipa var 87,2 þúsund tonn í október. Það er einungis 400 tonnum meiri afli en í fyrra. Það sem af er ári nemur heildarafli íslenskra skipa 1.142 þúsund tonnum en hann var 1.498 þúsund tonn í fyrra.

Heildarvelta kreditkorta í október var ríflega 20 milljarðar króna og minnkaði milli mánaða um 12 prósent. Velta vegna notkunar debetkorta í innlendum verslunum nam tæpum 17 milljörðum króna í síðasta mánuði og jókst um 4,7 prósent milli mánaða.




# Dagsbrún gerir 1,5 milljarða króna varúðarfærslu

**Dagsbrún bókfærir tap af Wyndeham í varúðarfærslu og ætlar að selja félagið. Þetta kemur fram í afkomuviðvörun sem send var Kauphöll eftir lokun markaða í gær. Í dag á að ganga frá skiptingu félagsins og skipulagsbreytingum á fundi hluthafa.**



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Þórdís, sem er stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir að sala á hlut Dagsbrúnar í Wyndeham í Bretlandi létti mikið á skuldum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórn Dagsbrúnar hefur ákveðið að ganga til viðræðna við mögulega kaupendur um sölu á meirihluta hlutafjár í Daybreak Acquisitions Ltd., móðurfélagi Wyndeham press Group PLC, þriðja stærsta prent- og samskiptafyrirtæki Bretlands.

Í afkomuviðvörun félagsins til Kauphallar Íslands eftir lokun markaða í gær kemur fram að rekstraráætlanir Dagsbrúnar sem gerðar voru við kaupin á Wyndeham í sumar fyrir þetta ár komi ekki til með að standast. Er það sagt skýrast af breytingum í starfsumhverfi á breskum prentmarkaði sem til séu komnar af aukinni samkeppni og mikilli samþjöppun fyrirtækja á því sviði.

„Telur stjórn fyrirtækisins rétt að gera ráð fyrir 1,5 milljarða króna varúðarfærslu vegna eignarhlutar félagsins í Daybreak," segir í tilkynningu félagsins. Um leið er bent á að í skiptingaráætlun Dagsbrúnar í september hafi viðskiptavild upp á einn milljarð króna verið afskrifuð í kjölfar virðisrýrnunarprófs á eign félagsins í Kögun hf. „Þá hefur fallið til einskiptiskostnaður vegna skiptingar og endurskipulagningar félagsins. Loks er rekstur 365 miðla ehf. undir áætlunum fyrstu níu mánuði ársins."

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir að útlitið fyrir rekstur fjarskipta- og fjölmiðlahluta félagsins í framtíðinni sé þó gott. Sala á hlut félagsins í Wyndeham myndi létta mikið á skuldsetningu samstæðunnar og skerpa áherslur í rekstrinum. Þá sé stefnt að því að selja allan hlut félagsins í Wyndeham á næstu 24 mánuðum. Dagsbrún hefur ráðið fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans til aðstoðar við söluna.

**olikr@frettabladid.is**

# Kaupa meira í HB Granda

Kaupþing jók hlut sinn í HB Granda í 30,9 prósent í gær eftir að SJ1, dótturfélag Sjóvár, seldi bankanum rúmlega fimm prósenta hlut.

Bankinn er enn þá annar stærsti hluthafinn í Granda á eftir Vogun sem fer með tæp 35 prósent. Vogun og tengdir aðilar ráða sennilega um helmingi hlutafjár í Granda en fyrir hlutnum fara þeir Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, og Kristján Loftsson í Hvali.

Miklar vangaveltur hafa verið um hvað Kaupþing ætli sér með fjárfestingu sinni í stærstu útgerð landsins, en forsvarsmenn bankans hafa ekkert tjáð sig um þetta mál. Bankinn hefur safnað bréfum í útgerðarfélaginu nær linnulaust frá vordögum árið 2005. Sumir telja að bankinn vilji selja eignir út úr Granda, til dæmis kvóta og fasteignir. Það verði varla gert nema í sátt við ráðandi hluthafa.

Þá gæti söfnun bréfanna verið í þeim tilgangi að selja hlutinn til áhugasamra fjárfesta. Önnur stór útgerðarfyrirtæki komi því vart til greina þar sem aflahlutdeild Granda stendur nærri kvótaþakinu.

Kristján Loftsson kvaðst hvorki hafa heyrt í Kaupþingsmönnum né vita hvaða áform þeir hefðu í huga. „Eru þeir ekki bara að kaupa hlutabréf í góðu félagi?"

Í skýrslu sem greiningardeild Kaupþings birti haustið 2003 sagði meðal annars um varanlega fastafjármuni Granda: „Fasteignir félagsins voru bókfærðar á um 664 m.kr. í lok annars ársfjórðungs. Þar munar mest um Fiskiðjuverið á Norðurgarði sem og fiskimjölsverksmiðjuna í Reykjavík. Greiningardeild áætlar að töluverður munur sé á bókfærðu verði eignanna og markaðsvirði þeirra. Staðsetning vinnslunnar í Norðurgarði er að margra mati afar eftirsóknarverð ef horft er nokkur ár fram í tímann."

Í reikningum Granda fyrir árið 2005 nam bókfært virði allra fasteigna félagsins um 2,3 milljörðum króna í árslok, hálfum milljarði minna en fasteignamat þeirra og 2,2 milljörðum undir brunabótamati þeirra.

**- eþa**

# Alfesca ofar vonum

Afkoma Alfesca á fyrsta fjórðungi reikningsárs síns var neikvæð um 1,8 milljónir evra, sem svarar til 161,6 milljóna íslenskra króna. Er það nokkuð betri afkoma en meðaltalsspá greiningardeilda bankanna sem hljóðaði upp á um 215 milljóna króna tap.

Í tilkynningu frá Alfesca kemur fram að sala á öllum meginmarkaðssvæðum, í Frakklandi, í Bretlandi og á Spáni, sem og í öllum afurðaflokkum, hafi verið góð á fjórðungnum. Nam hún um 112 milljónum evra, sem nemur rúmum 10 milljörðum króna. Söluaukningin nemur því 6,7 prósentum. Á kynningarfundi uppgjörsins í gær benti Xavier Govare, forstjóri Alfesca, á að sé litið til þriggja af fjórum megin afurðaflokkum Alfesca nemur aukningin 17 prósentum milli ára.

Rekstur Alfesca hefur litast mjög af háu afurðaverði á laxi, sem náði sögulegu hámarki á fjórðungnum. Það hefur lækkað og virðist vera að ná jafnvægi og er það fyrirtækinu, sem nú er að ganga inn í mikilvægasta fjórðung ársins, afar mikilvægt.

**- hhs**

# Ná ekki væntingum

Uppgjör Icelandic Group fyrir þriðja ársfjórðung var undir væntingum stjórnenda félagsins, þótt ýmsar aðgerðir sem gripið hefur verið til séu að byrja að bera árangur. Hagnaður nam 84 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi en hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) 1.202 milljónum króna. Fimmtán prósenta aukning varð á sölu miðað við þriðja ársfjórðung í fyrra og nam hún 32,6 milljörðum króna. Heildareignir félagsins í lok september námu 83 milljörðum króna. Eigið fé nam 17,3 milljörðum króna og er eiginfjárhlutfallið 20,9 prósent samanborið við 16,9 prósent í ársbyrjun. Stafar aukning eigin fjár af því að fyrirtækjakaup ársins hafa verið fjármögnuð með nýju eigin fé.

**- hhs**




Borðstofuborð í eik : 140x140sm + 2x45 sm. stækkun Verð: **99.800,-** Glerskápur í eik: B:165 H:95 D:50sm. Verð: **268.800,-**
Leðurstóll VB-1: Litur: Hvítt, svart og brúnt. Verð: **15.800,-** Skenkur í eik: B:205 H:95 D:50sm. Verð: **158.800,-**



mod: 3032
3+1+1: **269.800,-** / Leður, hvítt og svart.



mod: 3053
3+1+1: **179.900,-** / Leður, hvítt og svart.



mod: 601
3+1+1: **249.800,-** / Leður, hvítt og svart.



mod: 625
Hornsófi: **229.900,-** / Leður, hvítt og svart.

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is / Opið virka daga 10-18, laugardaga 11.16.

Grafíska smiðjan ehf. 11-06

# Mesta úrval af







TILBOÐ **1.499 kr**
Verð áður 1.999,-

**Spariskór**
hvítir, svartir
st. 19-24




TILBOÐ **1.699 kr**
Verð áður 1.999,-

**Spariskór**
svartir, brons, hvítir
st. 29-36




TILBOÐ **1.699 kr**
Verð áður 1.999,-

**Spariskór**
svartir
st. 22-34




TILBOÐ **1.699 kr**
Verð áður 1.999,-

**Skór**
svartir
st. 24-36

Gildir til 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.

# barnajólafatnaði







TILBOÐ
**1.699 kr**
Verð áður 1.999,-

**Spariskór**
svartir
st. 24-34




TILBOÐ
**1.999 kr**
Verð áður 2.499,-

**Spariskór**
svartir
st. 30-39




TILBOÐ
**1.999 kr**
Verð áður 2.499,-

**Spariskór**
svartir
st. 31-39




TILBOÐ
**2.499 kr**
Verð áður 2.999,-

**Sportskór** leður
svartir, brúnir
st. 28-35

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Ræða utanríkisráðherra: Raunsæi

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þegar rætt er um stöðu Íslands á meðal þjóðanna í nafni lýðveldisins gerist það endrum og sinnum að upphafningin er svo mikil að hún getur allt eins vakið brosviprur sem virðingu. Stefnuræða utanríkisráðherra á Alþingi í gær var hins vegar laus við þetta.

Ræðan hafði ekki að geyma nein afgerandi nýmæli. En hún fól í sér mjög svo raunhæfa lýsingu á stöðu Íslands og markmiðum í alþjóðasamfélaginu. Að því leyti var hún svolítið í þeim anda sem Bjarni Benediktsson lýsti í síðustu ritgerð sinni. Þar sagði hann að áhrif smáþjóða stæðu í öfugu hlutfalli við mælgi þeirra hjá Sameinuðu þjóðunum.

Utanríkisráðherra lýsti þeirri skoðun að utanríkisstefnan yrði á næstu árum að taka mið af þeim breytingum sem eru að gerast á norðurslóðum. Opnun nýrra siglingaleiða getur auðveldlega haft áhrif á öryggisstöðu Íslands. Stefnuna í utanríkis- og öryggismálum þarf því að móta með hliðsjón af slíkri þróun.

Dómsmálaráðherra hafði fyrir skömmu frumkvæði að ráðstefnu sérfræðinga um margvíslegt öryggissamstarf þjóða við Norður-Atlantshafið. Það framtak og sú lína sem utanríkisráðherra hefur nú lagt varðandi þetta viðfangsefni eru til marks um að skynsamlegt og raunsætt mat á framtíðarþróun mála í næsta umhverfi okkar ráði nýjum viðfangsefnum og áherslum.

Þá vék utanríkisráðherra að mikilvægi þess að skoða hvernig styrkja megi samstarf okkar við Evrópusambandið í utanríkis- og öryggismálum. Þetta er skynsamleg afstaða. Spurning er hins vegar hvernig hún rímar við þá yfirlýsingu formanns Framsóknarflokksins að skjóta eigi öllum umræðum um nánara samstarf við Evrópusambandið fram yfir árið 2010.

Þótt varnarsamningurinn við Bandaríkin hafi verið framlengdur er eðlilegt að við brotthvarf varnarliðsins verði hugað að nánara samstarfi við Evrópuþjóðir, ekki síst Noreg og Danmörku, um ýmis verkefni á sviði öryggismála. Í þeim efnum gerist ekkert eins og hendi sé veifað. En ræða ráðherra bendir til að ríkisstjórnin hafi metið þær aðstæður réttilega.

Hitt er annað að í ræðu ráðherra vantaði nokkuð sem ekki verður dregið öllu lengur að segja upphátt: Allt samstarf af því tagi mun kosta peninga. Það mun kalla á val milli aðgerða á þessu sviði og annarra viðfangsefna ríkisvaldsins. Stundum tala menn eins og slíkt samstarf geti verið okkur að kostnaðarlausu. Það er óhollt að láta umræðuna þróast á slíkum misskilningi.

Vægi bæði Norðurlandaráðs og Atlantshafsbandalagsins er ekki það sama og áður. Virða verður að utanríkisráðherra á ekki hægt um vik eins og sakir standa að leggja mat á breytta pólitíska stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu í því ljósi. En vissulega hefði það bætt ræðuna ef slíkt mat hefði komið fram.

Að sama skapi er athyglisvert að í umræðunum um skýrslu utanríkisráðherra hélt formaður Samfylkingarinnar sérstöðu flokksins varðandi Evrópusambandið mjög til hlés. Það bendir til að sú spurning verði ekki átakamál í komandi kosningum.

Varðandi utanríkisviðskiptamálin greindi utanríkisráðherra frá því að viðræður væru hafnar við Evrópusambandið um frekari gagnkvæmni vegna áforma um að lækka tolla á búvörur. Mikilvægt er að hagnýta slík áform til að knýja á um réttindi fyrir Ísland að sama skapi. Þessari stefnuyfirlýsingu utanríkisráðherra er þar af leiðandi vel tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á kostnað annarra

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, kvartar undan því í grein í Morgunblaðinu í gær að „margvísleg starfsemi hefur verið færð undan handarjaðri fulltrúa almennings og í hendur fjármálamanna". Svarar hann Björgólfi Guðmundssyni sem hefur beitt sér fyrir því að fyrirtæki styrki menningu og íþróttir. Ögmundur segir að „fjárveitingavaldið [hafi verið] fært frá fulltrúum almennings til handhafa fjármagnsins". Þá má spyrja Ögmund hvort ekki sé vænlegra að menn styrki gott málefni fyrir eigin reikning? Ögmundi finnst sjálfum líklega auðveldast að gera góðverk á kostnað annarra.



### Notalegur handarjaðar

Handarjaðar fjármagnseigenda hefur lengi verið nytsamlegur. „Annars hafa kapítalistarnir reynst mér betur en mínir elskulegu flokksbræður. Einn skenkti mér 50 krónur þegar ég fór af landi burt. Annar gaf mér 100 krónur. Sá þriðji sendi mér 130 króna virði eftir að ég kom til Stokkhólms. Ég skammast mín auðvitað fyrir að segja frá þessu og þú skalt ekki hafa hátt um það því að frá sósíalísku sjónarmiði er sagan reglulega ljót," skrifaði Þórbergur Þórðarson í bréfi til Erlends í Unuhúsi sumarið 1923.

Tvískinnungur í viðhorfum til auðmanna er ekkert minni í dag en á þriðja áratug aldarinnar.



### Trúarkapítalistar

Kapítalistarnir hafa ekki bara verið duglegir að rétta rithöfundum og listamönnum aur. Nú þræða prestar þjóðkirkjunnar grunnskóla Garðabæjar og sinna sálgæslu í boði Sunds ehf. sem er öflugt fjárfestingarfélag. Andans menn fá líka sinn skerf af kapítalinu þótt framferði þjóðkirkjunnar sé vissulega umdeilt. En líka er biðlað til skattgreiðenda og liggur umsókn um tveggja milljóna króna styrk til starfsins fyrir bæjarstjórn Garðabæjar. En Ögmundur vill líklega, eins og aðrir í VG, að trúboðinu sé stjórnað af „fulltrúum almennings".

bjorgvin@frettabladid.is

# Kalda stríðið sögunnar



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Uppgjör tímans

Í nýrri bók um kalda stríðið segir bandaríski sagnfræðingurinn John Lewis Gaddis, að hann eigi í erfiðleikum með að skýra fyrir nemendum sínum í Yale-háskóla, að í heiminum hafi geisað kalt stríð í röska hálfa öld, þar sem risaveldin hafi hótað hvort öðru gereyðingu með kjarnorkusprengjum. Nemendur horfa forviða á hann. Ég kannast við þetta skilningsleysi af eigin raun, ekki aðeins frá nemendum mínum, sem flestir voru á barnsaldri, þegar Berlínarmúrinn féll 1989, heldur líka úr almennum umræðum, eins og fjölmiðlafárið í tilefni nýlegrar ritgerðar dr. Þórs Whiteheads prófessors í Þjóðmálum sýnir.

Þór rifjaði upp, að hér var lengi hópur einlægra byltingarsinna, sem stofnaði 1930 kommúnistaflokk í nánu samráði við valdhafa í Moskvu og hafði tögl og hagldir í Sósíalistaflokknum, sem starfaði í þrjátíu ár, frá 1938. Þessi hópur beitti oft ofbeldi, til dæmis í Gúttóslagnum 9. nóvember 1932, þegar meiri hluti lögreglunnar í Reykjavík lá óvígur eftir, og hlutu sumir lögregluþjónar örkuml af, en bæjarstjórnin var neydd til að hverfa frá sparnaðaraðgerðum sínum. Bardaginn við Alþingishúsið 30. mars 1949, þegar þessi hópur hugðist koma í veg fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, er annað dæmi.

Þór lýsti viðbrögðum hins veikburða íslenska ríkis. Hermann Jónasson dómsmálaráðherra stofnaði eins konar öryggisþjónustu 1939, og eftir stríð réði Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra tvo menn til lögreglunnar í því skyni að fylgjast með hættulegu fólki, ekki síður flugumönnum úr sendiráði Ráðstjórnarríkjanna en félögum í Sósíalistaflokknum, en sannast hefur, að flokkurinn þáði ekki aðeins ráð, heldur líka fé frá valdhöfum í Moskvu. Lögreglan fékk nokkrum sinnum í kalda stríðinu heimild dómara til að hlera síma þeirra, sem líklegir þóttu til að vilja stofna til óspekta, enda var lögreglan fáliðuð og taldi sig vart ráða undirbúningslaust við óeirðir. Jafnframt fylgdist lögreglan með æstustu sósíalistunum og skiptist á upplýsingum (meðal annars um þessa menn) við leyniþjónustur vinaríkja okkar, aðallega Bandaríkjanna, sem ráku hér herstöð, en þar þurfti vitaskuld að gæta fyllsta öryggis.

Vegna oftúlkunar Stöðvar 2 á ummælum Guðna Jóhannessonar sagnfræðings komst á kreik, að hér hefði starfað „leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins". Hinir ólíklegustu menn spruttu síðan upp og fullyrtu, að símar sínir hefðu verið hleraðir. En hver þurfti að hlera síma Jóns Baldvins Hannibalssonar? Hann sagði jafnan öllum allt í samtölum, en einkum fréttafólki. Lofsvert er, að Guðni Jóhannesson skuli hafa leiðrétt opinberlega oftúlkunina á ummælum sínum. Hann kveðst nú hafa heimildir um, að dómsmálaráðherrar úr Sjálfstæðisflokknum hefðu ekki einir vitað af öryggisþjónustu lögreglunnar, heldur til dæmis framsóknarmaðurinn Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra 1971-1978. Lítið hefur farið fyrir þessari leiðréttingu í umræðum.

Guðni vildi hafa það, sem sannara reyndist. Hið sama verður ekki sagt um Jón Ólafsson heimspeking, sem gerði lítið úr hættunni af íslenskum kommúnistum í blaðagrein. Þór Whitehead svaraði Jóni nýlega rækilega og eftirminnilega, rakti í sundur rökleysur hans og leiddi hann síðan sjálfan til vitnis, því að í bók Jóns frá 1999, Kæru félagar, sem er um tengsl íslenskra sósíalista við valdhafa í Moskvu, eru næg gögn lagðar fram um það, að íslenskir kommúnistar hugsuðu og hegðuðu sér svipað og skoðanabræður þeirra erlendis. Hvers vegna hefðu þeir átt að vera þeim skárri? Hvers vegna skyldi ekki taka þá alvarlega um byltingarhug þeirra?

Össur Skarphéðinsson fór í þessu máli sömu sneypuför og Jón. Þór sagði frá því í Þjóðmálaritgerð sinni, að grennslast hefði verið fyrir um það í kyrrþey 1990, hvort Svavar Gestsson hefði haft óeðileg tengsl við austurþýsk yfirvöld. Össur spurði þá fullur vandlætingar, hver hefði gert þessa einstæðu árás á íslenskan ráðherra. Hélt hann, að „skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins" eins og hann orðaði það, væri ábyrg. Þór svaraði að bragði, að þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson, sem sátu þá með Svavari í ríkisstjórn, hefðu falið íslenskum embættismanni að annast þessa eftirgrennslan, sem hefði ekki leitt neitt misjafnt í ljós um Svavar.

Hitasóttarkenndur ákafinn í þessum umræðum sýnir það, sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur bent á, að kalda stríðinu er ekki lokið á vettvangi sögunnar. Með því að hagræða sannleikanum vilja róttækir vinstri menn bæta sér upp, að þeir töpuðu stríðinu.

# Dagskrá tileinkuð Sigurbirni biskupi

UMRÆÐAN

Dagur orðsins



BJARNI ÞÓR BJARNASON

Á sunnudaginn, 19. nóvember nk. kl. 10-14, verður dagskrá á Degi orðsins í Grafarvogskirkju, sem tileinkuð er Sigurbirni biskupi Einarssyni.

Dagur orðsins er nú haldinn í fyrsta sinn í Grafarvogskirkju. Í framtíðinni á hann að verða árviss viðburður í kirkjunni. Hann er hátíð Guðs orðs og útleggingar þess.

Á þessum fyrsta Degi orðsins heiðrum við sérstaklega Sigurbjörn biskup Einarsson. Hann fagnaði 95 ára afmæli sínu 30. júní síðastliðinn. Hann hefur gefið út tvær bækur á þessu ári: Meðan þín náð, ræðusafn og Játningar Ágústínusar. Hann hefur verið einstakur boðberi kirkju og kristni í meira en sjö áratugi. Hann er sterkur prédikari, frábært sálmaskáld og mikilhæfur kennimaður. Honum verður hiklaust skipað í flokk með þeim andans jöfrum öðrum sem við Íslendingar eigum, eins og sr. Hallgrími Péturssyni, meistara Vídalín og sr. Matthíasi Jochumssyni.

Kl. 10-11 á sunnudagsmorgun verða flutt fjögur stutt erindi um Sigurbjörn biskup. Dr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, fjallar um kennimanninn, dr. Svanur Kristjánsson prófessor fjallar um Sigurbjörn og pólitíkina, dr. Margrét Eggertsdóttir, rannsóknaprófessor á Árnastofnun, fjallar um sálmaskáldið og Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrv. forseti Alþingis, mun segja frá því hvernig Sigurbjörn biskup hefur birst henni á opinberum vettvangi.

Kl. 11 verður messa í Grafarvogskirkju, þar sem Sigurbjörn biskup prédikar. Allir sálmar messunnar verða eftir Sigurbjörn biskup. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, þjónar fyrir altari ásamt prestum safnaðarins.

Í hádeginu verður boðið upp á léttar veitingar.

Kl. 13-14 verður lesið úr verkum Sigurbjarnar biskups. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona, Gunnar Stefánsson, dagskrárfulltrúi RÚV, Bryndís Pétursdóttir leikkona, Hjörtur Pálsson, cand. mag., Halla Kjartansdóttir menntaskólakennari og Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri og skáld, lesa. Tónlist verður flutt á milli lestra.

Barnagæsla verður allan daginn í Grafarvogskirkju.

Prestar og sóknarnefnd safnaðarins vonast til þess að sem flestir sjái sér fært að koma í Grafarvogskirkju á sunnudaginn kemur og heiðra Sigurbjörn biskup með nærveru sinni.

*Höfundur er prestur í Grafarvogssókn.*

allt



**BAKARÍ, BÍSTRÓ OG KAFFIHÚS**
Í Þórsbakarí-Bístró og café við Ármúla er bæði veitingastaður með léttum veitingum og góðu kaffi og fullbúið bakarí
MATUR 2



**HOLLUSTA OG FERSKLEIKI Í FYRIRRÚMI**
Nýr matseðill hefur verið tekinn í notkun á B5 í Bankastræti 5. Áherslan er á léttari og hollari mat en áður
MATUR 4



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Folaldahakk** úr kjötborði er á fimmtíu prósenta afslætti í Nóatúni.

**Efnalaugin** Björg býður upp á tuttugu prósenta afslátt af gluggatjaldahreinsun í nóvember.

**Myllu** skúffukaka er á tuttugu og fimm prósenta afslætti í Nettó.



**Verðsprengja** á jólaljósum er í Húsasmiðjunni fram á sunnudag.

**Revitalift** -húðvörur frá L´Oréal eru með tuttugu prósenta afslætti í Hagkaupum í nóvember.

**Tékk** kristall er þrjátíu og sex ára og af því tilefni stendur yfir afmælisbomba í versluninni með tuttugu prósenta afslætti af öllum vörum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 17. nóvember, 321. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.02 | 13.13 | 16.23 |
| Akureyri | 10.02 | 12.57 | 15.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Kristófer kann með fiskinn að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lostæti úr djúpinu á einfaldan hátt

***Gallerý Fiskur í Nethyl er bæði fiskbúð og veitingastaður. Þar sér Kristófer Ásmundsson um eldamennskuna.***

Kristófer velur tvær fisktegundir úr borðinu og bregður þeim á pönnu fyrir Fréttablaðið um leið og hann útbýr meðlætið og útskýrir það sem hann er að gera. Fyrst lýsir hann fiskinum sem hann eldar fyrir okkur. „Annars vegar er ég með rauðsprettu sem er fiskur af lúðuætt og heitir skarkoli öðru nafni. Þekkist á ryðblettunum á roðinu. Rauðsprettan er afar ljúffengur fiskur ef maður passar eldunartímann.

Hins vegar er um að ræða keilu. Hún er af ætt þorskfiska, dálítið þéttholda og svolítið lík steinbít í áferð þegar búið er að elda hana en ekki eins feit. Ef við setjum upp töflu getum við hugsað okkur ýsuna með tvö prósent af fitu, keiluna fjögur prósent, steinbít sex prósent og lúðu tólf prósent. Keilan er þægilegur fiskur í matreiðslu því maður þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af ofeldun.“

Þegar rýnt er í matseðilinn á Gallerý fiski sést að þar er fiskur í aðalhlutverki í sex forréttum og fimmtán aðalréttum og kemur ekki á óvart. Einnig er þar grænmetissúpa, salat og einn réttur án fisks fyrir utan eftirréttina. Kristófer segir fólk koma til hans alls staðar að. „Þótt sumir haldi að það sé miklu styttra að fara ofan af Höfða og niður í bæ en öfugt þá hafa margir áttað sig á því að Nethylur er nokkurn veginn miðsvæðis,“ segir hann brosandi. Uppskriftir Kristófers má finna á síðu 2.

*gun@frettabladid.is*

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Vorönn 2007

Getum bætt við nokkrum nemendum á vorönn 2007 og bendum sérstaklega á að enn eru laus pláss í verklegri snyrtifræði.

Umsóknum um skólavist þarf að skila á skrifstofu skólans sem allra fyrst. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 9 – 15.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, **www.fb.is.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík
Sími 570 5600, fax 567 0389, **vefpóstur fb@fb.is**



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
*Óteljandi möguleikar*
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Hvítlauk** á alltaf að setja síðastan á pönnuna þegar tilgreint er í uppskrift að bæta eigi við olíu, hvítlauk og lauk. Með því að setja hvítlaukinn síðast brennur hann ekki við og verður betri á bragðið.



VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Alhliða veisluþjónusta
Veitinga og veisluþjónusta í hjarta Mosfellsbæjar
S. 566 6195 og 566 8215
veislugardur@veislugardur.is www.veislugardur.is

Hrein lífræn jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS


RÚGBRAUÐSGERÐIN
Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 517-6545
www.rugbraudsgerdin.is
Veilsusalir fyrir öll tækifæri
Borgartúni • s. 517 6545 • www.rugbraudsgerdin.is

Jólavörurnar komnar

Villeroy & Boch
Kringlunni

allt matur
Alla föstudaga

# Bakarí, bístró og kaffihús

*Þórsbakarí-Bistró og café við Ármúla mætir kröfum neytenda í nágrenninu*

Þeir sem leggja leið sína um Ármúlann í leit að góðu kaffi, meðlæti og mat hafa hingað til ekki haft erindi sem erfiði. En nú hefur orðið breyting á. Þórsbakarí stendur við Ármúla 21 og þó að það hafi ekki verið opið nema í þrjár vikur og eigendurnir auglýsi lítið sem ekkert hefur verið húsfyllir síðan. Þeir Gústaf Bergmann bakari og Ragnar Kristinsson kokkur sem reka saman Þórsbakarí eru að vonum hæstánægðir. „Það bráðvantaði bakarí og léttan veitingastað á þessu svæði," segir Ragnar. „Hér eru þrjú hundruð og fimmtíu fyrirtæki og starfsmenn þeirra ná örugglega á annað þúsund." Staðurinn er sniðinn að þörfum umhverfisins í orðsins fyllstu merkingu. „Við fórum rúntinn og spurðum fólkið á vinnustöðunum hér í kring hvað því fyndist vanta," segir Gústaf. „Og niðurstaðan varð þessi staður."

Þórsbakarí er bakarí, bistró og kaffihús og hægt að fá léttan heimilismat allan daginn, gott kaffi og kökur og taka með sér ef ekki vinnst tími til að borða á staðnum. Þarna blandast saman veitingastaður með léttum veitingum og góðu kaffi og fullbúið bakarí þar sem hægt er að kaupa brauð og kökur og ýmsar vörur til heimilisins eins og mjólk og ost.

Hefð er fyrir veitingarekstri í húsinu að Ármúla 21 en þetta er fyrsta kaffihúsið þar. Staðurinn er skemmtilega innréttaður og notalegt að sitja þar að snæðingi eða bara með kaffið. Brauðin eru öll bökuð úr súrdeigi og spelti og einnig er hægt að fá einstaklega góðar beyglur en Gústaf lærði beyglugerð í Bandaríkjunum og bakaði m.a. beyglurnar fyrir Reykjavík Bagel Company.

Þeir félagar stefna að því að gera Þórsbakarí að samkomustað fyrir þá sem vinna í kring. „Við höfum sótt um vínveitingaleyfi og stefnum að því að geta leigt staðinn út en við höfum fengið fyrirspurnir frá fyrirtækjunum í kring hvort hægt sé að halda hér starfmannapartí." Það er greinilegt að Þórsbakarí bætir úr brýnni þörf á Ármúlasvæðinu og eflaust eiga margir eftir að leggja leið sína þangað til að ná sér í holl brauð og gott kaffi í leiðinni.

*brynhildur@frettabladid.is*



Gústaf Bergmann og Ragnar Kristinsson eru afar ánægðir með móttökurnar sem Þórsbakarí hefur fengið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Kaffihúsið stendur við Ármúla en í þessu húsnæði er hefð fyrir veitingarekstri.



Viðskiptavinirnir eru hæstánægðir með Þórsbakarí.

## Einfalt úr djúpunum

FISKRÉTTIR KRISTÓFERS ÁSMUNDSSONAR Í GALLERÝ FISKI.



### Rauðspretta með balsamiktómötum og fetaosti, bakaðri kartöflu og fersku salati.

**FYRIR FJÓRA**

**1 kíló rauðspretta, beinlaus með roði**
**olía til steikingar**
**1 rauðlaukur**
**smá balsamikedik**
**4 ferskir tómatar**
**2 matskeiðar fetaostur**
**salt og pipar**
**nokkur sykurkorn**

Kartaflan er bökuð í ofni.

Rauðsprettan er brúnuð í olíu á pönnu og sett í 10 mínútur í ofn á 150 gráðum. Þá er hún „tiptop" elduð.

Rauðlaukurinn er grófsaxaður, steiktur aðeins í olíu, balsamikedik, saxaðir tómatar, fetaostur, salt og pipar sett á pönnuna, það er sósan. Smá sykri stráð yfir til að taka mestu sýruna. Smakkað til.

Borið fram með bakaðri kartöflu og fersku salati.



### Keila á ofnsteiktu rótargrænmeti með basilrjómasósu.

**FYRIR FJÓRA**

**800 g af keilu**
**1 gulrófa meðalstór**
**1 sæt kartafla meðalstór**
**1/2 sellerírót**
**hvítlauksolía**

smá þurrkaðar kryddjurtir af einhverju tagi

Grænmetið er skrælt og skorið í teninga. Hrært saman við kryddjurtirnar til að fá örlítinn keim af þeim. Sett í eldfast form og hvítlauksolíu skvett yfir. Bakað í hálftíma.

**SÓSAN**
**fisksoð (vatn fiskkraftur/kjúklingakraftur/grænmetiskraftur)**
**salt og pipar**
**1 peli rjómi**
**örlítið hvítvín, ef við eigum það til, annars 1/2 matskeið hvítvínsedik**
**maisenamjöl til að þykkja sósuna örlítið**
**fersk basilika**

Keilan er skorin í hæfilega bita og velt upp úr hveiti. Steikt í olíu á pönnu. Síðan sett í 10 mínútur inn í 150 gráðu heitan ofn.

Borin fram á grænmeti og með basilrjómasósunni.

# Gómsætar verðlaunakökur

*Ragnar Atlason bakaranemi hlaut gullverðlaun í nemakeppni Evrópusamtaka Hótel- og ferðamálaskóla sem haldin var á Írlandi.*

Ragnar keppti fyrir hönd Menntaskólans í Kópavogi þar sem hann er búinn með tvo þriðju hluta bakaranámsins og tekur lokaprettinn eftir áramótin. Hann er núna á samningi í Sigurjónsbakaríi í Reykjanesbæ og mætir þar klukkan fimm á morgnana eins og lög gera ráð fyrir.
Á Írlandi keppti hann með Íranum James Dunn og ber honum vel söguna. „Við hjálpuðumst að við að baka fjórar kökusortir til að bera fram með dæmigerðu síðdegistei breskra hefðarkvenna," segir hann glaðlega og gefur okkur svo uppskrift að þeim tveimur tegundum sem sem hann lagði til.

**Hvít súkkulaðikaka með hindberjum**
130 g hvítt súkkulaði
16 g smjör
Brætt saman í hitaþolinni skál yfir vatnsbaði.

80 g eggjahvítur
30 g sykur
Þeytt saman þar til það er orðið stíft eins og marengs.
Þessu tvennu er svo blandað saman varlega með sleif. Að því loknu er eftirtöldu bætt í hræruna í þessarri röð:

50 g hveiti (sigtað)
2 eggjarauður
30 g frosin hindber (söxuð)
Hrærunni er skipt í 6 form sem eru 6x3x6. Bakast við 185° í vatnsbaði með yfirplötum í 40 mínútur. Gæti þurft lengri tíma ef ekki er blástur á ofninum.


Marensrúlluterta með mangó/passion-fyllingu.


Súkkulaðikaka með hindberjum

**ganage-hjúpur**
250 g mjólkursúkkulaði (smátt saxað).
100 g glúkósi
150 g rjómi
Rjómi og glúkósi hitað saman í potti að suðu. Hellt yfir súkkulaðið, hrært í af og til. Þegar hjúpurinn er orðinn volgur er honum sprautað yfir kökurnar á kælirekka.

**Möndlurúlluterta með mangó/passion-fyllingu**
20 g möndlur
25 g heslihnetur
25 g sykur
Malað saman í matvinnsluvél.

50 g sykur
75 g eggjahvítur
Þeytt stíft saman.
Mjölinu er blandað varlega saman við marengsinn. Þessu er síðan


Gott og girnilegt.


Ragnar ásamt James Dunn sem saman náðu glæsilegum árangri í bakaranemakeppninni.

sprautað á plötu í rendur. Bakað við 200° í 5-10 mínútur.

**Mangófylling**
125 g rjómi
30 g mangópuré
10 g passionpuré
1 stk matarlímsblað
Rjóminn er stífþeyttur. Matarlímið látið liggja í köldu vatni í 20 mínútur. Mangó- og passionmaukið hitað upp í 65° og matarlíminu bætt við. Þetta er síðan kælt og sett saman við rjómann. Þessu er smurt inn í marengsinn og rúllað upp.

**Mangósósa**
65 gr mangópuré
15 gr passionpuré
35 gr sykur
Soðið vel saman og svo kælt. Sósunni er sprautað yfir marengsrúlluna. Rúllutertan að lokum skorin í 6 sneiðar.


Hótel Geysir hefur búið til matseðil og dagskrá fyrir jólahlaðborðið sitt í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

# Hlaðborð á Hótel Geysi

*Hótel Geysir er komið í rétta jólaskapið. Jólahlaðborðið hefst í lok nóvember með tilheyrandi skemmtanahöldum.*

Frá lokum nóvember og fram að jólum stendur Hótel Geysir fyrir jólahlaðborði og jólaskemmtunum. Ýmsar hljómsveitir og skemmtikraftar koma fram á jólahlaðborðinu, þar á meðal Stebbi og Eyfi, hljómsveitin Karma og sérstakar skemmtanir verða fyrir börnin.

Matseðillinn er ekki af verri endanum en meðal þess sem boðið verður upp á er hreindýrapaté með pistasíum, höfrungur jakitory, gin- og einiberjaleginn lax, krónhjörtur vafinn villisveppum, rauðvínsleginn héri, laufabrauð, flatkökur, hverabrauð, ásamt viðeigandi sósum og meðlæti svo fátt eitt sé nefnt.
Hvað varðar jólahlaðborðin gildir sú hin gullna regla, að fyrstur kemur fyrstur fær.

*- jóa*

# Fagmenn í fóðurleit
**ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL**

## *Kaffi Vín*
LAUGAVEGI 73

Á ári hundsins 4704 útskrifuðust Sigurður Eggertsson og Þorbjörn Sigurbjörnsson úr Háskóla Íslands og hlutu réttindi til þess að bera titilinn fagmaður. Fagmennirnir réðust strax í sitt fyrsta verkefni; að gera úttekt á fóðri því sem boðið er upp á í hádeginu á Laugaveginum.
Allir staðir skulu metnir, allir réttir skulu etnir. Við mætum á sérhvern stað með opinn huga, þandar nasir og smurt vélinda. Við gætum þess að mæta ónærðir til leiks svo að ytri aðstæður mengi ekki dómgreind okkar.

**Borðað:** Gúllassúpa (með slatta af gúllasi, kartöflum og grænmeti) og brauð + ábót á bæði.

**Gæði fæðis:** Mikil gæði, gott bragð og gnægð matar í súpunni. Brauðið lungamjúkt og heitt. Ábótin var á hinn bóginn ekki sömu kostum gædd. Súpan var volg og brauðið vanbakað. Það er greinilega ekki gert ráð fyrir ábót á rétt þennan. Fagmenn mæla ekki með ábót því hún spillir fyrir annars ljómandi upplifun.

**Verð:** Súpa og nýbakað á 690. Ábótin gerir verðið hlægilegt.

**Þjónusta:** Alveg meiriháttar. Allar óskir uppfylltar. Heiðarleg þjónusta og laus við tilgerð.

**Stemning:** „High school hang out." Fullt af ungu fólki sem heldur að það hafi skoðanir. Þægilega dáleiðandi gítartónlist í græjunum, ójafnir veggir og eitursúrar myndir halda manni í leiðslunautn á meðan snætt er.

**Dollan:** Rauðleitur blær gefur exótíska afskilunarstemningu. Súra þvagstækjuna nær lítil vifta á vegg ekki að lífga upp á. Ekki laust við að manni líði þar eins og í bíómynd.

*Fagmenn þakka fóðrið.*




**KENNARAEINKUNN:**
UPP Á MARGA FISKA. 29 FISKAR AF 37 MÖGULEGUM





# Hollusta og ferskleiki í fyrirrúmi á bistro-staðnum B5

***Nýr matseðill hefur verið tekinn í notkun á B5 í Bankastræti 5, með áherslu á nokkuð léttari og hollari mat en áður.***

„Við vildum gera ákveðnar áherslubreytingar á matseðlinum, með það fyrir augum að færa hann nær þeim bistro-stað sem við gefum okkur út fyrir að vera,“ segir Tómas Bolli Hafþórsson, rekstraraðili B5.

„Bistro-matur er talsvert léttari heldur en hefðbundinn veitingahúsamatur og okkur fannst síðan við hæfi að hafa hann í hollari kantinum,“ heldur Tómas áfram og bætir við að engu að síður standi viðskiptavinum hamborgarinn af gamla matseðlinum enn til boða ásamt nokkrum af vinsælustu réttunum.

Að sögn Tómasar verður mikið lagt upp úr ferskleika í matseldinni á B5 og reglulega skipt um rétti til að halda matseðlinum fljótandi.

„Allt er þetta gert til að fanga betur það rólega og vinalega andrúmsloft sem við viljum að mæti gestum okkar,“ útskýrir Tómas. „Enda þarf að huga vel að öllum atriðum til að halda úti góðum bistro-stað.“

Í tilefni af áðurnefndri breytingu var kokkur B5, Ólafur Sólimann Lárusson, svo vingjarnlegur að elda þrjá rétti fyrir lesendur, til að gefa dálítið sýnishorn af þeim kræsingum sem þar eru á boðstólum.

*roald@frettabladid.is*

## *Súkkulaðimús*

**INNIHALD:**
100 g hrásykur
200 ml vatn
50 g kasro-hunang
150 g dökkt súkkulaði 70%
400 ml rjómi
1 msk. grand marnier

**AÐFERÐ:**
- Hrásykri, hunangi og vatni blandað saman í potti og soðið í síróp. Kælt aðeins.
- Súkkulaði bætt út í og blandað vel saman.
- Blöndunni er bætt saman við rjómann ásamt grand marnier.
- Sett í rjómasprautu og kælt.
- Sprautað í skálar.

**MEÐLÆTI:**
- Jarðarber





MYND/VILHELM

Kokkurinn Ólafur Sólimann Lárusson.








## *Opið grænmetis-lasagna*

**INNIHALD:**
3 stk. lítil chili
3 stk. skalottlaukur
3 rif hvítlaukur
1 stk. lime
800 g spínat ferskt
300 g ricotta-ostur
6 stk. fersk lasagna-blöð
4 msk. ferskt basil
4 msk. smjör
100 g parmesan
salt og pipar
ólífuolía
ferskur parmesan-ostur

**AÐFERÐ:**
- Chili, skalottlaukur og hvítlaukur smátt saxað og steikt í smjöri.
- Spínati bætt út í og blandað saman.
- Kryddað með salti og svörtum pipar úr kvörn.
- Lime kreist og eingöngu safi notaður
- Ricotta, basil, parmesan og lime-safa bætt út í.
- Lasagna blöðin skorin í þrennt og soðin í söltu vatni með ólífuolíu út í í 1-2 mínútur
- Blöðin þerruð.
- Lasagna-blað sett á disk og 100 g af spínatmauki sett á og svo koll af kolli.
- Parmesan ostur yfir, því meira þeim mun betra.
- Sósa borin fram í skál með réttinum.

**SÓSAN:**
2 msk. skalottlaukur
300 ml mjólk
200 ml rjómi
50 g smjör
50 g hveiti
4 msk. basil
150 g mascarpone
ferskt múskat
salt og grófmalaður pipar

**ELDUNARAÐFERÐ:**
- Bræðið smjörið í potti. Saxið lauk smátt og steikið í pottinum.
- Takið pottinn af, bætið hveiti út í og blandið vel saman.
- Setjið mjólkina ásamt rjómanum í pott og látið suðuna koma upp. Takið af hitanum og látið kólna í 2 mínútur.
- Smjörbollunni bætt út í og leysið hana vel upp í vökvanum.
- Suðan látin koma upp mjög hægt. Hrærið vel á meðan beðið er eftir suðunni.
- Soðið í tæpar 10 mínútur við mjög vægan hita.
- Mascarpone þeytt saman við.
- Basil sett út í að síðustu.



Fisksúpan á B5 er einstaklega bragðgóð enda mikil vinna lögð í að búa hana til.

## Fiskisúpa

**INNIHALD:**
1 kg lúðubein
500 g laxabein
50 g skalottlaukur
100 g fennel
100 g sellerírót
50 g gulrætur
10 g chili
4 rif hvítlaukur
500 ml hvítvín
1/2 tsk. turmerik
250 ml rjómi
100 g smjör
5 msk. saxað basil
2 msk. saxað dill
2 msk. saxað kóríander
hnífsoddur saffran
4 msk. ólífuolía
kjúklingakraftur
salt og svartur pipar úr kvörn

**SMJÖRBOLLA:**
100 g smjör
100 g hveiti

**MEÐLÆTI:**
Lax
Skötuselur
Lúða
Hörpuskel
Rækjur
Gulrætur, baby-maís, smjörbaunir (skorið frekar fínt)
Góðar steinlausar ólífur (grófskornar)
Sólþurrkaðir tómatar(fínskornir)

**ÁHÖLD:**
Pottur
Sigti
Trésleif
Hnífur
Þískari

**UNDIRBÚNINGUR:**
Skolið fiskbeinin vel og skafið blóðrönd við hrygg ásamt því að skera í burtu tálknin. Skolið mjög vel. Skrælið allt grænmetið og skerið í hæfilega stóra bita. Takið stilka af kryddjurtunum og notið einungis blöðin. Skerið chili í tvennt og hreinsið fræ burt.

**ELDUNARAÐFERÐ:**
- Hitið olíuna í potti.
- Léttsteikið fiskbeinin ásamt grænmetinu og kryddið með salti og svörtum grófmöluðum pipar.
- Kryddjurtum bætt út í ásamt hvítvíni.
- Lokið sett á pottinn og látið krauma í um 3-5 mín.
- Köldu vatni hellt út í svo rétt fljóti yfir. Suðan látin koma upp.
- Sjóðið við vægan hita í 40 mín. og látið svo standa í þrjá klukkutíma.
- Sigtið og pressið beinin svo að megnið af safanum leki úr.
- Soðið sett í pott og smjörbollunni hrært út í áður en suðan kemur upp. Látið sjóða í 10 mín við mjög vægan hita. Athugið að hræra þarf mjög reglulega í súpunni þar til smjörbollan hefur samlagast soðinu.
- Rjóma, saffran, turmeriki bætt út í ásamt kjúklingakrafti ef þess þarf. Sjóðið í 3-5 mínútur.
- Hrærið síðan mjúku smjöri út í. Einnig má nota töfrasprota eða matvinnsluvél.
- Grænmeti, ólífumauki, sólþurrkuðum tómötum og fiski bætt út í súpuna. Látið sjóða í tæpa eina mínútu.





## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Fiskur með rótum

Í tilraunaeldhúsi verða stundum óvæntar uppgötvanir. Þörun hráefna gerist eins og af sjálfu sér eða fyrir galdur. Þessi réttur er þannig tilkominn. Fyrirvaralaust ákváðu vandlega bakaðar rauðrófur, spínat og sætar kartöflur að stíga dans við glaðlegan sítrusfisk í flauelsmjúkum kartöflufeldi. Úr var litrík og snilldargóð hollustumáltíð.

1 meðalstór rauðrófa
1 meðalstór sæt kartafla
150 g ferskt spínat
400 g hvítur fiskur (ýsa, þorskur eða lúða)
1 dl hreint jógúrt eða ab mjólk
Safi og rifinn börkur af 1/2 sítrónu
ólífuolía
2-3 msk kartöfluflustöppuduft
Salt og pipar

1. Afhýðið rauðrófuna og sætu kartöfluna, skerið í sneiðar og sneiðarnar síðan í tvennt.
Setjið spínatið og annað grænmeti í ofnfast fat. Hellið 2-3 msk af ólífuolíu yfir grænmetið, saltið og piprið og blandið öllu vel saman í fatinu. Bakið grænmetið í 200 gráðu heitum ofni í um 15 mínútur.

2. Roðflettið og beinhreinsið fiskinn og skerið hann í bita. Setjið bitana í skál og kreistið sítrónusafann yfir. Saltið og piprið og rífið sítrónubörkinn yfir fiskinn. Látið fiskinn liggja í sítrónuleginum í 10 mínútur.



Fiskur á grænmetisbeði.

3. Hrærið kartöflustöppuduftinu saman við jógúrtina þannig að úr verði þykkt mauk. Smyrjið kartöflumaukinu ofan á fiskbitana og raðið þeim því næst ofan á grænmetið og bakið allt áfram í ofninum í 20 mínútur, eða þangað til fiskurinn er eldaður í gegn og grænmetið líka.



**55%** **Þín verslun er með topptilboðið þessa viku.**
Þrjár litlar Trópífernur sem til þessa hafa kostað samtals 239 eru nú á 109.


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Allir á skauta
Skautaholl.is
Opið frá kl. 13 00 allar helgar

STÚLKUR & STRÁKAR (STÆLGÆJAR) BARNAFATAVERSLUN
Jólafötin komin!
Falleg föt á flotta krakka
1 mán til 9 ára
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
4th floor hotel
Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí

1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi
4th floor hotel
Laugavegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

20% afsláttur af gluggatjaldahreinsun í nóvember
Góð hreinsun - góð þjónusta
EFNALAUGIN BJÖRG
Álfabakka 12 Mjódd. s. 5572400
Háaleitisbraut 58-60. s. 5531380
www.bjorg.is





Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BK grísabógur reyktur og úrbeinaður | 819 | 1.029 | 819 | 20 |
| BK ostapylsur | 879 | 1.099 | 879 | 20 |
| BK hamborgarar 4 stk. m/brauði | 469 | 588 | 117 | 20 |
| Daloon kínarúllur 720 g | 399 | 539 | 554 | 26 |
| Daloon Shoo Van rúllur 720 g | 399 | 539 | 554 | 26 |
| Daloon vorrúllur 720 g | 399 | 539 | 554 | 25 |
| Fitty samlokubrauð 500 g | 199 | 310 | 399 | 35 |
| Hjónabandsæla 420 g | 349 | 569 | 831 | 40 |
| Aunt Mables muffins 100 g | 79 | 110 | 790 | 30 |
| Trópí 3 pk. appelsínu, epla og tríó | 109 | 239 | 145 | 55 |
| Oetker desertsósa 230 g | 239 | 322 | 1.039 | 25 |

**Tilboðin gilda til 22. nóv.**

KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingalæri magnpk. | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Móa kjúklingavængir magnpk. | 179 | 299 | 179 | 40 |
| Goða grísabógur | 428 | 679 | 428 | 35 |
| Goða grísahnakki léttreyktur | 998 | 1.588 | 998 | 40 |
| Gourmet ungnautasnitsel | 1.494 | 2.298 | 1.494 | 35 |
| Gourmet ungnautagúllas | 1.409 | 2.168 | 1.409 | 35 |
| Goða BBQ grísarif | 779 | 1.298 | 779 | 40 |
| Goða baconbúðingur | 398 | 668 | 398 | 40 |
| Goða svið frosin í poka | 433 | 619 | 433 | 30 |
| Sprite Zero/Sprite 2 l | 99 | 192 | 50 | 50 |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambasúpukjöt 1. fl. | 398 | 499 | 398 | 20 |
| Lambasvið 1 fl. | 298 | 398 | 298 | 25 |
| Lambabógur heill | 595 | 698 | 595 | 15 |
| Ferskt blandað hakk | 489 | 639 | 489 | 25 |
| Bónus ýsubitar roð- og beinlausir | 595 | 698 | 595 | 15 |
| Bónus ýsunaggar 800 g | 595 | 698 | 744 | 15 |
| Myllu jólakökur 600 g | 398 | 498 | 663 | 20 |
| Kelloggs kornfleks 1 kg | 298 | 398 | 298 | 25 |
| ES pítubrauð 6 stk. | 59 | 98 | 10 | 40 |
| Soya shake 125 ml | 29 | Nýtt | 232 | |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

FJARÐARKAUP ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínabógur úr kjötborði | 498 | 638 | 498 | 20 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Svínahnakki úr kjötborði | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Folaldainnralæri úr kjötborði | 1.298 | 1.648 | 1.298 | 20 |
| Matfugl kjúklingur læri/leggur | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Berjablanda frosin 2,5 kg | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Euromix grænmeti frosið 2,5 kg | 698 | 954 | 698 | 25 |
| Kjörís frostpinnar heimilispakkning | 275 | 338 | 275 | 20 |
| Frón piparkökudeig 300 g | 195 | Nýtt | | |
| Frón súkkulaðibitadeig 300 g | 195 | Nýtt | | |

**Tilboðin gilda til 18. nóv.**

NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba Rib-eye grand mariner | 2.698 | 3.398 | 2.698 | 20 |
| Lamb Nasi goreng | 1.298 | 1.998 | 1.298 | 35 |
| Folalda innralæri | 1.698 | 2.198 | 1.698 | 25 |
| Folaldafilet | 1.798 | 2.398 | 1.798 | 25 |
| Folaldalundir | 1.998 | 2.698 | 1.998 | 25 |
| Folalda piparsteik | 1.898 | 2.498 | 1.898 | 25 |
| Lambalærissneiðar | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Móa kjúklingaleggir magnpk. | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Eðalf. reyktur lax, heil flök | 1.499 | 2.499 | 1.499 | 40 |
| Eðalf. graflax, heil flök | 1.514 | 2.524 | 1.514 | 40 |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

nettó

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bayonskinka | 699 | 998 | 699 | 30 |
| Hamborgarhryggur m/beini | 875 | 1.749 | 875 | 50 |
| Heill ferskur kjúklingur | 375 | 749 | 375 | 50 |
| Nettó samlokubrauð gróf | 88 | 155 | 88 | 45 |
| Myllu skúffukaka | 179 | 239 | | 25 |
| Náttúra eldhúspappír 2 rl | 90 | 179 | 45 | 50 |
| Náttúra WC-pappír 9 rl | 249 | 499 | 28 | 50 |
| Náttúra matarolía 1 l | 98 | 199 | | 50 |
| Náttúra appelsínusafi 1 l | 95 | 119 | 95 | 20 |
| Náttúra eplasafi 1 l | 95 | 119 | 95 | 20 |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

KASKÓ

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bayonskinka í neti | 699 | 998 | 699 | 30 |
| Svínahamborgarhryggur | 875 | 1.749 | 875 | 50 |
| Ísfugl kjúlli Tex Mex vængir | 199 | 384 | 199 | 50 |
| Matfugl kjúklingabringur | 1.586 | 2.679 | 1.586 | 40 |
| Myllu okkar brauð 770 g | 89 | 159 | 115 | 45 |
| Myllu naanbrauð mini 6 stk. | 174 | 249 | 29 | 30 |
| Myllu naanbrauð mini m/hvítlauk&kóríand. 6 stk. 174 | 249 | 30 | | |
| Náttúra vöfflumix 450 g | 99 | 199 | 220 | 50 |
| Náttúra jurtarjómi 250 ml | 89 | 149 | 356 | 40 |
| Caprí súkkulaðibitar 200 g | 98 | 169 | 490 | 40 |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur úr kjötborði | 1.198 | 1.575 | 1.198 | 25 |
| Lambakótilettur úr kjötborði | 1.349 | 1.749 | 1.349 | 25 |
| Ben and Jerrys ís 473 ml | 420 | 699 | 420 | 40 |
| Hagkaups kartöflur gullauga 2 kg | 149 | 299 | 75 | 50 |
| Hagkaups kartöflur rauðar 2 kg | 149 | 299 | 75 | 50 |
| Hagkaups kartöflur Premiere 2 kg | 149 | 299 | 75 | 50 |
| Ítölsk Margarita pizza 2 í pk | 259 | 399 | 259 | 35 |
| Delfí ostur 200 g | 215 | 269 | 215 | 20 |
| Hrókur 200 g | 283 | 356 | 283 | 20 |

**Tilboðin gilda til 19. nóv.**

# Fín föt á fínu verði

***Herrafataverslun Birgis auglýsir lagersölu þar sem hægt er að fá nýjar vörur með allt að 70 prósent afslætti.***

Á lagersölunni ætti að vera hægt að fá nokkurn veginn allt sem þarf til að klæða herramann. Þar með taldar buxur, bæði galla- og sparibuxur, skyrtur, bindi, peysur, boli, staka jakka, frakka og aðrar yfirfhafnir, og svo auðvitað jakkaföt.

Herrafataverslun Birgis er í Fákafeni 11 við hliðina á Hróa hetti. Síminn er 553 1170 en verslunin er opin frá 12.00 til 18.00.



Meira að segja James Bond gæti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá Birgi.



Jólin koma snemma í Raftækjaverzlun Íslands.

# Hraustleg jólatilboð

***Raftækjaverzlun Íslands er með „hraustleg jólatilboð“ í gangi þessa dagana.***

Raftækjaverzlun Íslands býður upp á fjölda raf- og heimilistækja. Meðal þess sem nú er á tilboði er LG fartölva sem fullyrt er að sé hljóðlátasta fartölvan á markaðnum. Hún kostar 79.900 krónur en sé tekið tölvukaupalán hjá TM kostar hún 3.048 krónur á mánuði í 36 mánuði.

Mikið af smátækjum eins og kaffivélum, brauðvélum, grillofnum, vöfflujárnum, handþeyturum og fleiru fást með 20 til 40 prósent afslætti vegna þess að starfsfólk raftækjaverslunarinnar er komið í jólaskap.

Fjörutíu prósenta afsláttur er af ýmsum pottum og pönnum, IAR frystikistur eru á tilboði og kosta frá 29.900 og LG þvottavél og þurrkari kosta saman 176.500 krónur. Einnig er hægt að fá 140x60x63 cm kæliskáp með frysti á 39.990. *-tg*

## 20% afsláttur af öllum jólavörum

Í dag föstudag er hægt að gera góð kaup á jólaskrauti í Blómavali Skútuvogi 16. Boðið er upp á 20 prósenta afslátt af öllum jólavörum í búðinni. Þeir sem eru að halda sín fyrstu jól og vantar kannski meira jólaglingur ættu að nota tækifærið til að bæta við safnið.









Jólavörurnar komnar



Villeroy & Boch
Kringlunni

Rýmingarsala
Allar vörur á 20 til 40% afslætti



CALYPSO
CANDINO
CASIO
CERTINA
CHRISTIAN BERNARD
D&G
DKNY
FESTINA
FESTINA ORO
ORIENT
SEIKO
STORM
TISSOT

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

FESTINA



Smári hefur lítinn tíma fyrir tilboð núna því bráðum byrja prófin og fram að þeim leikur hann í uppfærslu Stúdentaleikhússins á „Þú ert enginn Johnny Depp!“ í Austurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sorgleg viðskiptasaga bókmenntanemans

***Smári Gunnarsson, bókmenntanemi og meðlimur Stúdentaleikhússins, segist eiga að baki hálf sorglega viðskiptasögu. Slæmu kaupin séu mun fleiri en þau góðu.***

„Ég setti eitt sinn átján þúsund krónur í pýramídafyrirtæki og ætli það verði ekki að flokkast sem mín allra versta fjárfesting,“ segir Smári og kennir reynsluleysi og skorti á árafjölda um. „Ég sá þann pening aldrei aftur og vonin um skjóta ávöxtun hvarf út í veður og vind.“

Þetta var ekki í eina skiptið sem Smári lét gabbast af alþjóðlegum gróðamaskínum. Þegar hann var að taka sín fyrstu skref á netinu poppaði upp gluggi sem tilkynnti honum að hann væri viðskiptavinur númer 100.000 og hann hefði unnið verðlaun. „Ég var himinlifandi með það og hringdi til Bandaríkjanna til að nálgast verðlaunin mín. Símtalið kostaði engan átján þúsund kall en var samt hin mesta tíma- og peningaeyðsla því auðvitað var þetta tómt rugl,“ segir Smári og hlær.

Smári á í mestu vandræðum með að telja upp góðu kaupin en staldrar loks við körfuboltahringinn í herberginu hans. „Ég fékk hann á eBay og hann er algjörlega að standa fyrir sínu. Hversu margir geta sagt að þeir séu með körfuboltavöll inni í herberginu hjá sér?“ segir Smári og ekki er laust við að örli fyrir kaldhæðni í röddinni. „Svo er náttúrulega gosbrunnurinn sem ég keypti í útskriftarferð minni með Menntaskólanum við Sund í Portúgal. Það voru frábær kaup.“

Brunnurinn er hannaður þannig að hægt er að nota hann innanhúss, og er þá helst notaður í stofunni. „Hann var gjöf handa mömmu og ég var ægilega ánægður með hann, alveg þangað til ég komst að því að ég þyrfti að halda á honum í fluginu heim,“ segir Smári. „Gosbrunnurinn er fimm kíló þannig að hann breyttist í frekar slæm kaup á flugvellinum.“

Brunnurinn komst þó alla leið heim og er mikil prýði af honum í stofunni heima þar sem vatnið gjálfrar í honum allan sólarhringinn.

*tryggvi@frettabladid.is*

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65%
AFSLÁTTUR







55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

LÍFSKÚNSTNERINN FRÍMANN GUNNARSSON • Elskar Sally Field [2]

SIRKUS
17. NÓVEMBER 2006

HUGRÚN HARÐAR BYRJUÐ MEÐ BALLA FÖNK [2]



# Halla Vilhjálms

X-FACTOR-KYNNIRINN TEKUR EKKI ÞÁTT Í TILFINNINGAKLÁMI





BJÖRK MEÐ MOLUNUM

## Prumpar eins og við hin



RÍKASTI MAÐUR ÍSLANDS

## Björgi býr í einkaþotunni



BOOTCAMP-BRÆÐUR

## Blóðeitrun í Bandaríkjunum

Ferskar Ítalskar kaffibaunir fyrir vandláta mölum á staðnum
Kaffivélar frá Quickmill
Úrval af gjafavöru, bollasett, textil og fl.
BONOMI
KAFFIBÚÐIN
Hamraborg 1-3, sími-fax 5546054

# Tæknileg mistök hjá breiðbaki



Getur Árni Johnsen ekki bara sagst sjá eftir þessu og allir eru sáttir. Þetta viðtal við hann í fréttunum á RÚV í vikunni var gjörsamlega út í hött. Tæknileg mistök og breitt bak. Hvernig getur fjárdráttur, umboðssvik og mútur talist vera tæknileg mistök?

Langflestir kjósendur Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi líta svo á að menn eigi skilið annað tækifæri. Og auðvitað eiga menn skilið annað tækifæri. En það sem fer í taugarnar á mér og mörgum öðrum er að hann hefur ekki sýnt iðrun. Segist þó sjá eftir þessu en virðist um leið vera með lygaramerki. Ekki sannfærandi.

Æi þetta er alltaf sama tuggan. En tökum annað dæmi. Ef lögreglumaður yrði tekinn í tollinum með nokkur kíló af kókaíni. Yrði dæmdur og sæti inni fyrir. Myndu stuðningsmenn Árna Johnsen vilja þann mann aftur í lögregluna? Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn eigi eftir að tapa á þessari þrjósku Árna.

Prófkjörssigurinn kom kannski mörgum á óvart. En Árni er bara þingmaður af gamla skólanum. Þú hringir bara í þingmanninn og það er búið að malbika hjá þér innkeyrsluna daginn eftir. Annars deildi Árni titlinum maður vikunnar með öðrum. Runólfi Ágústssyni, rektor á Bifröst.

Oft hafa menn lent í leiðinlegum málum. En Runólfur neyddist til að halda hálfgerðan blaðamannafund á Bifröst í vikunni. Nokkrir nafnlausir nemendur ásaka hann um slæma hegðun í starfi. Hann á að hafa sofið hjá nemendum, haldið brjáluð pókerpartí í miðri viku og veðjað við nemanda um byggingu stúdentagarða. Sá á víst að hafa unnið veðmálið og sloppið við að greiða skólagjöld.

Nú veit ég ekkert hvað er rétt í þessu máli. Finnst samt undarlegt að Runólfur svari ekki fyrir þetta. Það skiptir engu máli hvort bréf nemendanna sé nafnlaust eða ekki. Það sem skiptir máli er hvort ásakanirnar séu sannar eða ekki. Það hefur ekki enn komið í ljós. En þangað til vonum við bara að Runólfur sé með jafn breitt bak og Árni Johnsen, og þetta séu bara tæknileg mistök.

Breki Logason

**EKKERT HÆFT Í SKILNAÐARSÖGUNUM UM BJÖRGÓLF THOR:**

# Býr í einkaþotunni



**EIGINKONAN** Kristín Ólafsdóttir.

Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Björgólfs Thors Guðmundssonar, ríkasta manns Íslands, segir ekkert hæft í þeim sögusögnum að Björgólfur sé að skilja við konu sína, Kristínu Ólafsdóttur kvikmyndagerðarmann. Þrálátur orðrómur hefur verið um meinta erfiðleika hjónanna og nú síðast gengu þær sögur að Kristín hefði sótt um skilnað við Björgólf. „Af og frá," segir upplýsingafulltrúinn og bætir við að kjaftagang sem þennan megi hugsanlega rekja til þess hversu miklum tíma Björgólfur eyðir fjarri eiginkonu sinni vegna vinnu. „Ef Björgólfur býr einhversstaðar þá er það í einkaþotu sinni," segir Ásgeir.

Það er greinilega ekki tekið út með sældinni að vera margfaldur milljarðamæringur enda í mörg horn að líta hjá Björgólfi. Kristín kona hans hefur þó ekki setið auðum höndum á meðan eiginmaðurinn sinnir fyrirtækjum sínum um allan heim. Síðustu ár hefur hún meðal annars framleitt og leikstýrt heimildarmyndinni How do you like Iceland auk þess sem hún ól Björgólfi soninn Daníel Darra.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**

**ÓÐINSGATA 5** Heimili Björgólfs og Kristínar á Íslandi.



**HEIMILIÐ** Ef Björgólfur býr einhversstaðar er það í einkaþotunni sinni.

## Frímann Gunnarsson mælir með ...

### Bók

Rit enska heimspekingsins og sálfræðingsins Joseph Blunden eru hátt skrifuð hjá mér. „Why Happy?", „The Joy of Sadness", „Let your Mind accelerate and prosper through depressin", og sérstaklega rit hans um uppeldi, „The darkness we seek in our children". Eins er ég mjög spenntur að bíða eftir nýrri ævisögu frá John Major, ritaða af sama höfundi og ævisaga Margaret Thatcher „Lady".



### Tónlist

Hector Berlioz og Elgar koma ósjálfrátt upp í hugann, stórkostleg tónskáld báðir tveir. Sérstaklega dáðist ég að Berlioz fyrir að láta engan segja sér fyrir verkum, ef verkið kallar á 600 hundruð hljóðfæraleikara þá skulu það vera 600! Ég hlusta lítið á síbyljuna sem dynur yfir okkur í dag, en ég man þó eftir einu lagi, „We built this City" með hljómsveitinni Starship, það hitti á einhvern streng í mér. Og svo get ég auðvitað ekki látið hjá líða að nefna Beethoven, að ná að skapa öll þessi verk þrátt fyrir þetta hræðilega heyrnarleysi.





### Kvikmynd

Ég er sérstaklega hrifinn af leikkonunni Sally Field og reyni að sjá allt sem hún leikur í, er þó sérstaklega hrifinn af „Not without my Children". Nú og svo hefur bandaríski leikarinn Lou Diamond Philips alltaf átt sitt pláss eftir að ég sá hann í La Bamba. Svo var ég alltaf hrifinn af „Cannibal Island" Holocaust", annars finnst mér vera alltof mikið ofbeldi í bíómyndum núorðið ...






**NÝJASTA PARIÐ Í BÆNUM:**

## Fönkari og fegurðardrolla

Baldur Baldursson, betur þekktur sem Balli Fönk, og fegurðardrottningin Hugrún Harðardóttir eru nýjasta parið í bænum. Balli sem sér um Fönkþáttinn á X-inu 977 er einnig textasmiður á auglýsingastofunni Fíton. Hann hefur verið áberandi í plöggbransanum undanfarin ár og sá meðal annars um tónlistartímaritið Vamm á árum áður. Hugrún er fyrrverandi fegurðardrottning og er frá Selfossi. Hún vinnur á hárgreiðslustofunni Salon Veh og var áður kærasta Halla Bachmann, trommara Oxford. Halli er einmitt bróðir Hanna, trommara Skítamórals, en þeir bræður ætla að flytja til Kaupmannahafnar nú eftir áramót.



**NÝTT PAR!** Balli Fönk og Hugrún Harðar.

SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# Álver fyrir iðnaðarmenn



## Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

**Atvinnutækifæri, námstækifæri, þjónustusamningar**
Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum starfsemina í framtíðinni. Á kynningarfundi verður fjallað sérstaklega um atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Alcoa Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

**Skoðunarferð um álverið kl. 12:30**
Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að skrá sig í skoðunarferðina á alcoa@alcoa.is eða í síma 470 7900.

**Kynningarfundur kl. 14:00**
Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannaþorpinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og njótum léttra veitinga. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

### Rútuferðir

Við bjóðum upp á rútuferðir frá **Akureyri, Húsavík, Höfn, Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Reyðarfirði.** Hægt er að skrá sig í rútuferð og fá nánari upplýsingar í síma 470 7900 og á alcoa.is.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

## Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu S. Guðmundsdóttur (helga.snaedal-@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 34010 11/2006

## Ég var að heyra ...



Að treilerinn fyrir kvikmyndina Children of men með hinum stórfína Clive Owen skarti lagi Sigur Rósar Hoppa í polla / Að einn af fáum ungum framsóknarmönnum á landinu, Jóhann Skagfjörð, sé upprennandi tónlistarmaður. Hefur hann nú samið lag um sjálfan Gillzenegger sem hægt er að nálgast á myspace.com/joiskag / Að hinn heimsfrægi hiphop-plötusnúður DP-One verði á Nasa á laugardagskvöldið. Hann hefur meðal annars spilað með ekki ómerkari mönnum en Run DMC og Talib Kweli / Að stuttmyndin Presturinn, djákninn og brúðguminn sem tilnefnd er til Edduverðlaunanna, hafi verið gerð á örfáum dögum. Það var Footloose-stjarnan Þorvaldur Davíð sem fékk hugmyndina á mánudegi og var myndin tilbúin á föstudegi / Að Tekinn með Auðuni Blöndal sé vinsælli en Spaugstofan í aldurshópnum 12-29 ára / Óli Geir, hinn svipti herra Ísland, fer kringum landið með Splashpartíið sitt og verður það fyrsta á Akureyri um aðra helgi. Það hefur hins vegar vakið athygli að einungis er 18 ára aldurstakmark þótt partíið sé haldið á skemmtistöðunum Capone & 1929 á Akureyri / Að afmælistónleikadiskur Bubba Morthens 06.06.06 sé uppseldur hjá útgefanda.







**BOOTCAMP-STRÁKARNIR KALLA EKKI ALLT ÖMMU SÍNA:**

# Bootcampbræður fengu blóðeitrun í Bandaríkjunum

„Þetta var frábær upplifun," segir Róbert Traustason einn stofnenda Bootcamp, sem fór ásamt þeim Arnaldi Birgi Konráðssyni og Evert Víglundssyni Bootcamp-þjálfurum til Virginíu í Bandaríkjunum á námskeið sem haldið var af fyrrverandi sérsveitarmönnum bandaríska flotans. Námskeiðið sem var vikulangt var uppbyggt eins og sex mánaða inntökuskilyrði í þessa sérsveit og ætlað til að gefa innsýn í hvernig sú þjálfun er í raun. „Við sáum þarna tækifæri til að láta pína okkur áfram á svipaðan hátt og við gerum daglega í starfi okkar," segir Róbert.

„Allir dagar byrjuðu á líkamsæfingum klukkan fimm á morgnana og síðan tók við stíf keyrsla fram á nótt." Strákarnir voru þó ekki eingöngu í líkamsæfingum heldur var mikið um sérhæfða þjálfun sem sveitirnar eru þekktar fyrir. Meðal annars köfuðu þeir mikið, lærðu landhernað, stukku í fallhlíf úr þrettán þúsund fetum og skutu af fjölbreyttum vopnum.

„Allt þetta var stórskemmtilegt. Að okkar mati var líkamlegi þátturinn meiri skemmtun en erfiði enda störfum við allir við þetta og vorum vel undirbúnir fyrir námskeiðið. Við höfum allir lúmskt gaman af að láta pína okkur og því var þetta frábær upplifun frá upphafi til enda. Við leggjum líka mikla áherslu á að hafa sjálfir prófað allt það sem við kennum á námskeiðinu eða eitthvað meira. Það var ástæðan fyrir því að við förum út í þetta."

Meðal þess sem þátttakendur á námskeiðinu kláruðu var tveggja daga leiðangur um skóglendi og fen þar sem þeir þurftu að lifa af landinu og afla sér matar. Var þeim m.a. skylt að ræna lifandi kjúklingum af bóndabýli til að seðja hungrið. Í þessum tiltekna leiðangri fengu þeir að finna fyrir stungum moskítóflugna. „Þær átu okkur nánast lifandi. Við vorum sífellt að berja þær af okkur og þær virtust frekar laðast að flugnafælunni en fælast frá. Útbrot frá 300 stungum vörðu í einhverja daga en um viku eftir að þau hurfu fengu tveir okkar blóðeitrun af öllum stungunum. Það var þó lítið gjald fyrir upplifunina sem þessi ferð var."

Strákarnir eru nú önnum kafnir við að þjálfa landann enda hefur Bootcamp-æði gengið yfir Ísland síðustu tvö ár og æfa meira en þúsund Íslendingar Bootcamp og fjölgar þeim stöðugt.



Bootcamp-þjálfarar: Róbert Traustason og Arnaldur Birgir Konráðsson.




## Stöð 2 Bylgjan og 40 mínútumyndir




Gamlir og nýir starfsmenn Stöðvar 2 og Bylgjunnar hittust á Nasa um helgina. Þar var glatt á hjalla og gamlar sögur rifjaðar upp. Einnig voru sýndar 40 einnar mínútu myndir í Hafnarhúsinu vegna 40 ára afmælis félags kvikmyndagerðarmanna.




**4** Guðmundur Kristjánsson, Guðbergur Davíð, Halldóra Káradóttir. **5** Sverrir Björnsson, Sigrún Gylfadóttir og Elín Helga Sveinbjörnsdóttir. **6** Gunnar B. Guðmundsson og sjálfur Besti. **7** Gunnar Páll Ólafsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.










**1** Toggi Tempo og Eiríkur Jónsson. **2** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, Heimir Már Pétursson, Ómar Ragnarsson og Hjördís Rut Sigurjónsdóttir. **3** Róbert Marshall og Stormurinn.







Blue Lagoon gjafakort

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA














Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Upplýsingar í síma 420-8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND



UNGLINGAR ERU EKKI VONDIR
ÉG ER MEÐ ÞESSUM FÍFLUM
VARÚÐ!
UNGLINGUR MIKLAR GEÐSVEIFLUR
VARÚÐ!
FÆRÐU ÞIG
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -2041
GAMAN AÐ SJÁ ÞIG!
Náðu þér í endurskinsmerki
í næsta útibúi Glitnis.
www.sjaumst.is
GLITNIR
UMFERÐARSTOFA

ÍSLENSKA BOND-SPILIÐ

# Leyndardómar Bláa demantsins



**MARKMIÐ:** Þú ert James Bond og átt að finna Bláa demantinn sem stolið var af forsetafrúnni, Dorrit Moussiaef. Þú lendir á Keflavíkurflugvelli og verður að finna demantinn sem fyrst svo Dorrit geti verið með hann á Sykurmolatónleikunum í kvöld.

**REGLUR:** Virkar eins og Lúdó. Þú verður reyndar að redda þér teningi. Klipptu svo út karlana tvo hér á síðunni og notaðu sem leikmenn í spilinu. Góða skemmtun!





BYRJUNARREITUR

1

2

**3 FLUGSTÖÐIN** Jóhann Benediktsson sýslumaður gerir upptækar allar Martini-flöskurnar þínar. **Þú situr hjá í 2 umferðir.**



4

5

**6 BLÁA LÓNIÐ** Þú hittir Ásgeir Kolbeinsson í Bláa lóninu. Hann er óþekkjanlegur með allan þennan kísil í andlitinu en gefur þér góðar upplýsingar um hvernig eigi að haga sér í 101. **Farðu 3 reiti áfram.**



7

8

**9 HAFNARFJÖRÐUR** Þú verður veðurtepptur í kratabælinu og þarft að leita skjóls hjá Björgvini Halldórssyni. Hann segir við þig með sinni einstöku röddu: „There is no GO, until BO says GO.“ **Mátt ekki fara af stað fyrr en þú færð 6.**




10

11

**12 KÓPAVOGUR** Þú lendir í hremmingum á Goldfinger. Konurnar hans Geira sýna þér mikinn áhuga og áður en þú veist af eru smókingfötin komin í pant. Geiri skutlar þér í Smáralindina á gula Hummernum. Þar kaupir þú ný föt í Dressmann. **Farðu 1 reit áfram.**



13

14

**15 BESSASTAÐIR** Ætlar að fá nánari upplýsingar um Bláa demantinn. Eftir nokkra Martini og eftirköstin af Goldfinger gerist þú ágengur og klípur Dorrit í rassinn. Forsetinn tekur þig með vestfirsku togarafangbragði og sendir þig á slysó. **Aftur um 2 reiti.**



16

17

**18 HLEMMUR** Bíllinn varð eftir á Bessastöðum. Þú þarft að komast niður á Austurvöll. Hringur skutlar þér áleiðis á hjólinu. **Fram um fjóra reiti.**



19

20

**21 LAUGAVEGUR** Dekkið á hjóli Hrings springur skyndilega. Þú ert á rölti framhjá GK þegar Arnar Gauti stekkur út alveg brjálaður. Tískulöggan sektar þig fyrir að vera í jakkafötum úr Dressmann Smáralind. **Aftur um 1 reit.**



22

23

**24 DILLON** Þú stekkur inn á Dillon til að pissa. Þar eru tónleikar með Bigga í Maus. Þú drepst úr leiðindum. **Farðu aftur á upphafsreit.**




25

26

**27 AUSTURVÖLLUR** Þú villist inn á Nasa þar sem verið er að taka upp Í sjöunda himni með Hemma Gunn … Kemst á sporið þegar Hemmi gefur þér mikilvægar upplýsingar. „Veriði hress … ekkert stress … og borðiði KEX.“ **Fram um 3 reiti.**



28

29

**30 LANDSBANKI AÐALÚTIBÚ AUSTURSTRÆTI** Þú sérð kexbaróninn með bindishnútinn á tröppum bankans. Þar er hann að plotta með Björgólfi. Af orðum þeirra má skilja að þeir ætli að kaupa West Ham með Bláa demanti Dorritar. Þér tekst að ná demantinum sem er falinn á bak við bindishnút Eggerts. **Farðu beint á endareit.**



31

32

**33 LAUGARDALSHÖLL** Sigtryggur Baldursson er að telja í þegar þú birtist. Dorrit verður svakalega ánægð og fyrirgefur rassaklípið fyrr um daginn. Þið takið saman Luftgítar og farið í sleik.



ENDAREITUR

# Aveda hártískusýning

Jo Mckay, sérfræðingur í hárlitun, og Alex Dinter, sérfræðingur í klippingum og nýkrýndur hárgreiðslumaður ársins í Þýskalandi fyrir herraklippingar, hafa verið á Íslandi þessa vikuna á vegum Aveda til þess að kenna íslenskum fagmönnum nýjustu strauma og stefnur í hártískunni. Nýjasta tískulínan kallast „retro active“ en innblástur hennar, eins og nafnið gefur tilkynna, er fenginn frá tískulínum fyrri tíma með nútímalegri útfærslu.

Hárlitirnir sem nú eru ráðandi, fyrir þá sem vilja fylgjast með tískunni, eru búrgúndírauðir, fjólubláir og súkkulaðilitir tónar, bæði ljósir og dökkir. Á vori komandi verða pastellitir og kaldir tónar í ljósu hári áberandi. Klipping dagsins er svokölluð „bob-lína“ í mörgum útfærslum. „Bob“ klippingin á rætur sínar að rekja til ársins 1909 en þá klippti franskur fagmaður viðskiptavin sinn eftir túlkun sinni á málverkum af Jóhönnu af Örk. Klippingin var vinsæl meðal almennings árið 1920 og óhætt er að segja að línan hafi vakið mikla athygli. Hún kemur til dæmis fyrir í titli og smásögu F. Scott Fitzgerald, „Bernice bobs her hair“, en sú saga varð til úr bréfi Fitzgeralds til systur sinnar þar sem hann var að gefa henni ráð um hvernig hún gæti orðið meira aðlaðandi fyrir væntanlega vonbiðla. Það er því óhætt að segja að sagan, tískan og línan séu grunnur Aveda-línunnar nú í haust og vetur.



**Sérfræðingarnir** Jo Mackay, lengst til vinstri og Alex Dinter, lengst til hægri ásamt módelum sínum.



**Flottustu litirnir** Búrgúndí, súkkulaði, fjólublár og hvítur! Flottustu litirnir í bænum í dag.



**Súkkulaðibrúnt hár** með ljósri hreyfingu. Herraklippingin vann fyrstu verðlaun í Þýskalandi.







## KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line

Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is





# Tek ekki þátt í tilfinningaklámi



**DANSARINN, SÖNG- OG LEIKKONAN HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR KOM HEIM TIL ÍSLANDS FYRIR EINU ÁRI EFTIR NÁM Í BRETLANDI OG STJÓRNAR NÚ STÆRSTA SJÓNVARPSÞÆTTI ÍSLANDSSÖGUNNAR**

**Halla Vilhjálmsdóttir fer í eróbikk til þess að slaka á. Hún útskrifaðist úr söng-, dans- og leiklistarnámi frá Bretlandi fyrir ári síðan og hefur verið á milljón síðan þá. Átta ára byrjaði hún að vinna að því að ná markmiði sínu sem var að verða allt það sem hún er. Sirkus hitti þessa gullfallegu stelpu og komst að því að þetta eina ár er aðeins stutt stopp. Ísland er einfaldlega of lítið fyrir Höllu Vilhjálmsdóttur.**

„Ég er sko Simmi og Jói en passa mig samt á að vera ekki þeir. Ég gerði það meira að segja viljandi að horfa á enga Idol-þætti," segir Halla um starf sitt sem kynnir í nýju X-factor þáttunum en sá fyrsti verður frumsýndur á Stöð 2 í kvöld.
„Hæ. Hvað bjóstu við einhverjum öðrum?," segir Halla brosandi við barþjóninn á Vegamótum sem færir henni kaffibolla.
„Já. Það eru nú margir farnir að drekka þetta."
„Ég innleiddi sko sojakaffi hérna, skoraði á þá opinberlega. Það er náttúrulega skandall að þurfa að fara annað til að fá sér sojakaffi en á uppáhaldskaffihúsið sitt...

Halla segist ekki snerta mjólkurvörur átta klukkustundum fyrir söng eða mikið tal. „Annars er ég mjög laus við hjátrú og segi hiklaust gangi þér vel, þó ég sé slegin tilbaka," segir Halla sem menntaði sig í Bretlandi. Þar tók hún söng-, dans- og leiklistarnám. „Ef þú kemur í prufu og getur allt, þá færðu djobbið. Þetta er ekkert flóknara en það. Ef ég ætti sjéns á námskeiði í skósmíðum þá færi ég á það. Maður þarf nefnilega alltaf að gera eitthvað sérstakt og það er bara best að kunna sem mest."

Halla sérhæfði sig í sviðsbardaga úti í Bretlandi og útskrifaðist með hæstu mögulegu einkunn í því. „Ég lærði að kýla, skylmast með breiðsverði og svona Kill-Bill-stæla einhverja. Það nýttist mér til dæmis mjög vel í kvikmyndinni Astrópíu sem ég lék í sumar."

**En hvernig er Halla samanborið við kollega sína sem lært hafa hérna heima?**
„Ég get náttúrulega ekki sagt neitt slæmt um skóla sem ég komst ekki einu sinni inn í. Það væri bara asnalegt. Það eina sem mér finnst er að hér er bara einn skóli, með eina braut og eina stefnu. Það eru fáir teknir inn og þarfir þeirra eru mótaðar að kerfi skólans. Úti getur maður betur púslað saman því sem maður þarf að læra," segir Halla sem þó sótti um Leiklistarskólann hér heima en fékk neitun.

„Ég var komin inn úti þegar ég sótti um hérna heima. Mig langaði bara að vita hvort ég kæmist inn. Svo var ekki og það er ekkert að því. Mér hefur að minnsta kosti gengið vel."

**Það hefur oft verið sagt að þeir sem læri erlendis eigi minni möguleika í leikhúsunum hér heima. Er eitthvað til í því?**
„Ég hef ekki kynnst því. Ég kom heim af því að ég var að fá svo góð tilboð hérna heima. Það var hringt í mig mánaðarlega meðan ég var í náminu. Ég held að þetta sé líka að breytast og að opnast meira. Þetta á heldur ekki við mig vegna þess að ég var svo mikið að vinna áður en ég fór út og það má segja að ég hafi verið komin aðeins inn í bransann. Hann vissi þó af mér og fylgdist með mér meðan ég var úti. Þú færð líka bara þau djobb sem henta þér. Ég er kannski búin að vera aðeins of mikið í söngleikjum en ég var mjög skýr á því úti að ég vildi ekki verða söngleikjastjarna, og lagði mesta áherslu á leiklistina."



**„Ég kom heim af því að ég var að fá svo góð tilboð hérna heima. Það var hringt í mig mánaðarlega meðan ég var í náminu."**

Halla hefur náð að fóta sig ágætlega í bransanum eftir að hún kom heim. En hvernig er þetta umhverfi. Þarf maður ekki að sleikja sig upp við kóngana í bransanum o.s.frv.?

„Þetta er svolítið spillt og maður er alltaf að hneykslast á hinu og þessu. Auðvitað er betra að vera frændi einhvers og þetta gengur mikið út á það hérna. Bransinn er samt opinn fyrir því að prófa ný talent. Úti myndir þú til dæmis aldrei hoppa beint inn í aðalhlutverk eins og ég hef gert. Þú yrðir fyrst settur sem aðstoðardansari annars aðstoðardansara og færir ekki inn á svið nema einhver myndi fótbrotna. Það þarf til dæmis ekkert annað að gerast en að ég eða Þorvaldur verðum veik þá er engin Footloose-sýning. Pressan er því mikil hér heima."

Halla kom heim fyrir ári og hefur verið mjög áberandi síðan þá. Hefur leikið í kvikmynd, stærsta söngleiknum og nú stærsta sjónvarpsþættinum. Hvað ætlarðu eiginlega að gera næstu fjörutíu árin?
„Það er einfalt svar. Ég klára bara bransann og svo fer ég aftur út. Ég neita samt flestum hlutverkum sem mér eru boðin og passa mig á að vera ekki líka í auglýsingum. Ég myndi samt ekki taka svona mikið að mér ef ég ætlaði að vera hér. Ég ætla út aftur með flottasta CV sem hefur sést og ég er með það. Það eina sem ég á eftir er að stjórna sjónvarpsþætti og X-Factor er stærsti þátturinn í Bretlandi," segir Halla sem ætlar út á næsta ári.

Hún er með umboðsmann í Bretlandi en það gerist lítið á meðan hún er hér heima. Hún hefur engu að síður unnið fyrir sjónvarpsstöðvar eins og BBC og gerði grínþáttaseríu fyrir ITV. „Það hefur aflað mér góðra kontakta. Svo komst ég nálægt því að fá aðalhlutverkið í Dungeons & Dragons 2. Við vorum tvær eftir en hin stelpan fékk djobbið. Ég færi ekki út ef mér fyndist ekki ástæða til þess."

Halla er í sambandi með Kristjáni Ra. Kristjánssyni, en hann er einn framleiðandi Footloose. Því liggur beint við að spyrja hvort hún ætli ein út?
Halla hugsar sig vel um áður en hún svarar. Og segir síðan: „Það kemur bara í ljós."

# „UM DAGINN GAT ÉG EKKI TEKIÐ VIÐTAL. ÉG GRENJAÐI SVO MIKIÐ AF ÞVÍ AÐ EINN STRÁKURINN SÖNG SVO VEL. ÉG ER NÚ YFIRLEITT HARÐUR NAGLI OG FÓR EKKI EINU SINNI AÐ GRENJA YFIR TITANIC. EN ÞETTA VAR BARA ALVEG ÓTRÚLEGT.“

**Halla er greinilega mjög meðvituð um hvað hún er að gera og er með nokkurra ára plan. En hvenær byrjaði hún að hugsa svona taktískt?**
„Þegar ég var átta ára. Þá lék ég í Medeu, grískum harmleik, í Iðnó og var búin að ákveða að verða söngkona og hafa dansinn samhliða því. Í því leikriti lék ég með mörgum reyndum leikurum sem spurðu hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Ég svaraði að ég ætlaði að verða söngkona, dansari og leikari. Þá var bara hlegið og sagt að ég gæti ekki gert þetta allt saman. Ég fékk til dæmis viljandi himinháar einkunnir á samræmdu prófunum til að geta farið niður í Kvennó og tekið hann á þremur árum. Það er einsdæmi í sögu skólans, en ég fékk að hoppa yfir eitt ár.“

**Hversu langt ertu komin í planinu?**
„Ég er kannski búin að ná markmiðinu en núna er bara að halda þessu við og þroskast sem er mjög erfitt.“

**Ætlarðu að verða heimsfræg og forrík?**
„Nei, mér finnst það ekki vera eftirsóknarvert. Hver vill vera í þessu stressi og alltaf á milli tannanna á fólki, lesandi einhverja lygi um sjálfa sig. Hversu eftirsóknarvert er það eiginlega?.“

**En það er ekki alltaf æðislega frábært að vera leikkona að reyna að meika það. Hvað er stærsta áfallið sem Halla hefur orðið fyrir á þessum stutta ferli sínum?.**
Hún hugsar sig lengi um, horfir út í loftið en segir síðan: „Kannski helst þegar ég hef yfirkeyrt mig og fundið fyrir því. Einu sinni horfði ég á dagbókina mína og sá að ég var með 16 gigg á þremur dögum. Ég fékk bara hroll og hugsaði hvernig litla músin ætti að komast í gegnum þetta. Það kemur reglulega fyrir að ég sest niður og spyr mig hvernig ég eigi að fara að þessu.“

**Hvað gerirðu þá til þess að slaka á?**
„Ég fer í bað. Hangi þar með ilmkerti, olíur og Jamie Cullum í I-podinum. Svo fer ég í nudd og læt taka á mér. Stundum þarf að draga mig upp á bekk og hnoða mig saman svo ég verði að manneskju aftur. Svo þegar það er búið hamast ég í eróbikk í Baðhúsinu...“

**Þú ferð sem sagt í eróbikk til þess að slaka á?**
„Já ég er svo ofvirk,“ segir Halla og hlær að sjálfri sér. „Nei, ég fer líka í gufu og heitu laugina sem er alveg himneskt.“

**Kanntu ekki að gera ekki neitt?**
`“Nei.....eða jú til þess að gera ekki neitt þá nota ég sjónvarp. Ég set það í övernju mikinn forgang.“

**Horfirðu þá á Oc og svona þætti?**
„Nei...oj...ojj....ojjj...O.C...er ekki í lagi.....“

**So you think you can dance?**
„Nei ég hef takmarkaða þolinmæði í það. En KF Nörd finnst mér vera algjör snilld.“

**Helduðu að X-Factor eigi eftir að vera góður þáttur?**
„Já ég held það. Einfaldlega vegna þess að hæfileikarnir eru framar öllum vonum. Ég fékk bara sjokk.“

**En eru ekki allir búnir að fara í Idolið sem geta eitthvað?**
„Nei, nei. Það er náttúrulega búið að kemba 16-24 ára og annað Idol myndi ekki virka. En þetta er gáfaðasta framhaldshugmynd sem ég hef heyrt um. Ég get nú sagt ykkur að um daginn gat ég ekki tekið viðtal. Ég grenjaði svo mikið af því að einn strákurinn söng svo vel. Ég er nú yfirleitt harður nagli og fór ekki einu sinni að grenja yfir Titanic. En þetta var bara alveg ótrúlegt.“

**Þetta er nú þitt persónulegasta hlutverk er það ekki. Þú ert bara að leika Höllu Vilhjálms að taka viðtöl við fólk?**
„Jú þetta er í fyrsta skipti sem ég leik sjálfa migog hiklaust mest krefjandi af því sem ég hef gert. Ég sit kannski tímunum saman og er að ákveða hvað ég ætla að segja. Það eru erfið fótspor sem ég er að feta í vegna þess að margir eiga eftir að bera mig saman við Simma og Jóa. Það versta er nefnilega að ég er með ömurlegan húmor. Þeir spila líka mikið saman en ég hef engan á móti mér.“



**Raunveruleikaþættir spila mikið með tilfinningar og oft er mikið grátið og vonbrigðin eru oft mikil. Finnurðu mikið fyrir því?**
„Já ég geri það en ég tek engan þátt í tilfinningaklámi. En það þýðir ekki að þetta verði verra sjónvarpsefni. Keppendur verða reiðir og segja fyndna hluti. Ef einhver vill faðma mig þá geri ég það. En ég er ekki að kreista fram einhver tár. Ég hef endað inni á klósetti í faðmlögum við gullfallega sænska bombu og það náðist ekki á filmu,“ segir Halla hlæjandi.

**En eru pródúsentarnir ekkert að biðja um það?**
„Nei þetta er svo gott efni sem við erum með. Ég þarf ekki að vera neinn gervi sálfræðingur til þess að þetta virki. Við látum frammistöðuna frekar halda þessu uppi en tilfinningarnar.“

Halla segist erfiðast þegar fólk fær höfnun því hún taki það svo inn á sig. En eftir áramót verður X-factor í beinni frá Vetrargarðinum. „Ég á nú ekki eftir að höndla það og verð örugglega alltaf grenjandi eins og einhver fáviti.“

**En hvað gerist ef X-Factor floppar?**
„Þetta floppar ekki.“

LJÓSMYNDIR: Björg Vigfúsdóttir
HÁR: Erla Eyþórsdótir- Feima
FÖRÐUN: Anna Kristín
TEXTI: Andri og Breki



# Uppáhalds UPPÁHALD

## 1 BAUM UND PFERDGARTEN

Hinar dönsku Rikke Baum og Helle Pferdgarten eru bestu vinkonur mínar þessa stundina. Fötin þeirra eru alger draumur í dós og þau eru efst, efst og sérstaklega efst á óskalistanum mínum núna þar sem jólalínan var að detta inn. Silkikjólar, æðislegar skyrtur með púffi, tjulli eða blöðruermum, stuttir jakkar með gylltum blæ, geggjaðar gallabuxur og buxur í smóking-stíl. Ég get ekki hætt … kaflar, kjólar, kökur, keipar og krúttlegar peysur eru málið fyrir jólapartíin, jólin og áramótin. Baum und Pferdgarten fást í Ilse Jacobsen Garðatorgi.



## tískumolar HELGU ÓLAFSDÓTTUR



## 2 STEINUNN

Steinunn Sigurðardóttir hannar undurfögur föt undir sínu nafni. Prjónaflíkurnar hennar eru sannkölluð listaverk. Í Kjörgarði á Laugavegi er Steinunn með litla verslun þar sem línan hennar STEINUNN og aðrir fagrir hlutir eru seldir. Ég mæli með STEINUNN-ilínunni í alla



## 3 Vivienne Vestwood

Anglomania-línan hennar Vivienne Vestwood fæst í KronKron. Þessi lína er algerlega einstök hvað varðar snið, efnisval og hönnun. Jakkarnir og kjólarnir eru guðdómlegir. Það er ekki annað hægt en að elska þessa rauðhærðu bresku fyrrverandi pönkdrottn-ingu og allt sem hún gerir.





## 4 SPORTMAX

Litla systir MAX MARA heitir SPORTMAX. Sport systirin litla er hipp og kúl, en nær samt sem áður að hafa ítalskan klassa yfir sér. Ég mæli með dökkfjólubláum kjól eða síðri tiger-prjónapeysu frá SPORTMAX, punkturinn yfir i-ið eru svo æðislegar MAX MARA prjónasokkabuxur eða sokkar. Kíkið á ungana í MaxMara fjölskyldunni í GK Reykjavík.



## 5 All Saints

Það var mjög svo hressilegt að fá All Saints til Íslands. Stelpulínan er mjög hrá, dökkir og mattir litir með smá ljúfu ívafi, sniðin eru mjög óvenjulega falleg. Strákalínan er vel hrist blanda af breskum herramanni og rok'n'roll gæja. Sem sagt All Saints er öðruvísi en ómissandi.



## 6 DIESEL

Ég hef átt „ég elska að hata“ samband við Diesel. Á endanum er ekki annað hægt en að „elska að elska“ fötin frá Diesel. Gallabuxur frá Diesel hafa læðst inn í fataskápinn minn árum saman. Það er erfitt að halda sér á toppnum en Diesel hefur virkilega tekist það. Það er greinilega ekkert gefið eftir þar innanhúss hvort sem það eru gallabuxur eða aðrar flíkur, því Diesel-pylsuendarnir eru alltaf troðfullir af rúsínum. Nálgist það nýjasta nýtt frá Diesel í Sautján og Retro.


Peugeot Speedfight LC Vespa
24 tíma leikur
10-11 OG ZÚÚBER!
Skelltu þér í eina af 24 tíma verslunum 10-11 og næIdu þér í orkudrykkinn Burn á súpertilboði! Svaraðu einfaldri spurningu og þá kemstu í útdráttarpott og getur unnið 50 þúsund króna úttekt í 10-11. Vinningshafar eru dregnir út í morgunþætti Zúúber á FM 957 á hverjum föstudagsmorgni í nóvember. 1. des verður aðalvinningurinn dreginn út.
Í aðalvinning er Peugeot Speedfight LC Vespa! Einnig hjálmur og alklæðnaður í vetraraksturinn frá 66° NORÐUR auk eldsneytis fyrir ökumanninn; kassa af Burn orkudrykknum.
Nú eru 10 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn.
10-11 Engihjalla | 10-11 Langarima | 10-11 Staðarbergi | 10-11 Lágmúla | 10-11 Barónsstíg
10-11 Garðabæ | 10-11 Hjarðarhaga | 10-11 Dalvegi | 10-11 Akureyri | 10-11 Keflavík
66° NORÐUR
FM957
BERNHARD
PEUGEOT
burn
10 11 ...alltaf opið!

# DD unit um hollywoodstjörnurnar

## 1



Það er sko engum blöðum um það að fletta að þetta verði ljótt með K-Fed og Brit Brit*... hún er búin að lofa fjölmiðlum að fá ókeypis myndir af JJ og SP* svo að K-Fed fái ekki grænan eyri úr hennar sjóðum sem reyndar hafa hrapað úr 100 mills í 35 mills á einu ári ... púfff that´s a whole lot of Red bull and Cheetos dude!* Greyið ... sögurnar svoleiðis streyma inn af þeim og við erum að tala um að það nýjasta sé að hún hafi látið taka JJ* með keisara af því að hún hafi fengið svæsinn kynsjúkdóm frá eiginmanni sínum! Snap no you didn´t* Kev!!!! Úff en það lítur út fyrir að hann ætli að reyna að taka á öllu sem hann „á" til að klóra smá pening af Brit og segist nú ætla að selja heima-klammara* með þeim til að græða eitthvað! Ahhh love - það er gaman að þessu!

## 2

En skvísan var sem sagt smart í korter og datt svo aftur í það að vera hún sjálf cheezy poof með opna munninn, derhúfu og jólasveinahúfu og mmm the pieces de resistance* prjónuð rúllukraga magapeysa!!!! YESSSSS ÞAÐ VAR LAGIÐ BRIT - þótt víða væri leitað þá væri varla ósmartari konu að finna eða jú ok ... Elly Q4U er sterkur contender*!!






**„ÞÓTT VÍÐA VÆRI LEITAÐ ÞÁ VÆRI VARLA ÓSMARTARI KONU AÐ FINNA EÐA JÚ OK ... ELLY Í Q4U ER STERKUR CONTENDER*!!"**

## 3



Hérna er nú ein sem er hefur alltaf given Brit Brit a run for her money* þegar það kemur að ósmekklegheitum en tennisströllið Venus Williams ákvað að mixa saman Cruellu de Ville dalmatíu-ógeði* við einhvern monster kjól - girlfriend stick to tennis yo ... ímyndið ykkur að hún vill endilega þegar hún hættir að spila tennis hella sér í fatahönnunina NEIIII plís ekki gera okkur það farðu frekar bara að kenna tennis eða hvernig á að kremja Gatorade dollur milli tennis-læranna á þér með því einu að hnerra!

## 4





En það eru bara ekki allir með tærnar þar sem hún vinkona mín á Myspace Katie Price er með hælana þegar það kemur að því að úzzza klassa* eða þannig! Hérna er hún að selja brjóstahaldara- og nærbuxnalínuna sína, í ASDA nota bene hahahahahhah töff, sem allir passa í ekki satt (fyrir D og G konur*) ... hver er ekki með stærri brjóllur en rass? Og hvað gerði hún til að gulltryggja það að ná til allra aldurshópa - dró drusluna hana mömmu sína með ... það var rétt!!



## 5

Þetta finnst mér í senn ótrúlegt en trúlegt því hvernig í ósköpunum fór Nic the stick* að því að grennast um hlass af lard* á engum tíma - hún missti svona 20-30 kíló á sjö mánuðum eða varla það en nú er lausn á þessu ... sögurnar segja að hún hafi farið gastric bypass*!!! OMG* Hún er auðvitað að bæta aðeins á sig og enginn trúir því nema það sé eitthvað voða kinky á bak við það eins og þetta ... en hún er orðin fyllri í framan og lítur betur út en áður en eins og við vitum fer pressan að tala um að hún sé orðin of feit! Þú mátt ekki fara í þessa aðgerð nema þú sért minnst 50 kílóum of feitur og ég stórefast að læknar leyfi aðgerðina hégómans vegna enda neitar hún þessu.



## GLÓSUR

# LÆRÐU LINGÓIÐ

**K-Fed og Brit Brit**
Kevin Federline og Britney Spears

**JJ og SP**
synir þeirra, Jayden James yngri og Sean Preston

**that´s a whole lot of Red bull and Cheetos dude**
það er soldið mikið af Red Bull-orkudrykknum og Cheetos-ostasnakkinu

**mmm the pieces de resistance**
og rúsínan í pylsuendanum

**JJ**
yngsta barnið sem fæddist núna í sept

**Snap no you did´nt**
Neiiiii hættu nú alveg!!

**heima-klammara**
heimatilbúin erótík sem tekin hefur verið upp á myndbandsfilmu

**contender**
keppinautur

**Nic the stick**
Nicole Ritchie

**lard**
fita

**gastric bypass**
maga hjáveita, að láta hefta á sér mallaling svo ekki

sé hægt að stöffa hann af mat í tíma og ótíma

**OMG = Oh my god**
guð minn góður

**given Brit Brit a run for her money**
látið hana Britney svitna fyrir titlinum „Miss ósmart"

**Cruellu de Ville dalmatíu-ógeði**
Cruella var Grimmhildur eða sem sagt vondi kallinn í 101 Dalmatíuhundum og hún vildi svona jakka

**girlfriend stick to tennis yo**
haltu þig við tennis væna

**fyrir D og G konur**
sem nota brjóstahaldara stærðina D og G sem þykir vera vel útilátinn rekki!

**úzzza klassa**
geislar af sér mikla fágun og þokka

**saying goodbye to planet Earth**
kveðja venjulegt líf á jörðinni þar sem hún er að fara út í geim

**hush hush**
uss uss leyndó

**sexy lingerí**
æsandi nærföt

**bucks**
dollarar

**flamin E.T gay**
logandi geimveru homs

**world domination dagskrána**
heimsyfirráða dagskrána sína

**but there is nuthin goin on in the pants**
afar lítið að gerast í buxunum

**Nuff said**
nóg sagt

**mad props to ya Way-Jay**
brjáluð virðing til þín samt Wacko Jacko eins og hann er kallaður

**be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com**

## 6



Það er varla víst hægt að komast hjá því að nefna TomKat enda eru þau að fara að skella sér í hnappheld-una núna um helgina eða saying goodbye to planet Earth* eins og Kate veit en best finnst mér að gestalistinn er voða hush hush* who cares en finnst ykkur hann ekki sjúklega happy á svipinn á myndinni! „Veii ég er að fara gifta mig á laugardaginn"- gleðin skín alveg út úr augnum á honum! Best fannst mér samt að Kate fór að versla sér sexy lingerí* fyrir meira en 3000 bucks* sem Tom á aldrei eftir að sjá hana í sökum áhuga-leysis enda flamin E.T gay* úhahahahahahahaha-hahah!!!! Hann verður bara of busy að renna yfir world domination dagskrána sína þegar það er kominn háttatími!



## 7



Ehhh he hemm þykir leitt að segja þér það Jacko but there is nuthin goin on in the pants*! Nuff said og flott hár ... ef þú ert Cher! Man ég elska hann samt ... mad props to ya Way-Jay!*


STÆRSTA MYND ÁRSINS Á DVD
2-DISC SPECIAL EDITION
JOHNNY DEPP
ORLANDO BLOOM
KEIRA KNIGHTLEY
PIRATES of the CARIBBEAN
DEAD MAN'S CHEST
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.
SAM MYNDIR

## TEKINN SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

# Ég er enginn plebbi

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður mætti til Sævars Karls í Bankastrætinu. Þar átti hann að fá ein jakkaföt með afslætti en endaði með jakkaföt og skyrtur fyrir mörg hundruð þúsund krónur. Tekinn.
















**1** SPRENGJU-HÖLLIN

**Tímarnir Okkar**



Þetta lag er náttúrulega bara eitt stórt partí. Einfalt, grípandi og hel sniðugt. Sprengjuhöllin er nýja uppáhaldshljómsveitin mín. HELL YEAH!

**2**



RADIO 4

**Picking Things Up On The Scene**

Dans-pönksveitin Radio 4 með annan góðan singul af Enemies Like This.

**3** HOOKER SWING

**Dirty Love (In A Pickup Truck)**

Annað gott íslenskt sem þú heyrir bara á X-inu 977. Hooker Swing er graðasta rokksveitin á Íslandi í dag.



### SYKURMOLARNIR HALDA 20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKA Í HÖLLINNI Í KVÖLD

# Björk borðar súpu og rekur við eins og við

„Þetta er jú tuttugu ára afmæli Smekkleysu og útgáfu þessa lags sem heitir Afmæli. Í leiðinni er þetta náttúrulega brunakonsert fyrir útgáfufélagið," segir Sigtryggur Baldursson, trommari Sykurmolanna, sem koma fram í Laugardalshöllinni í kvöld.

„Smekkleysa hefur nú gefið mikið út af plötum sem seljast ekki. Það verður einhver að gera það og við höfum tekið þetta á okkur. Fólk hefur ekki sýnt þessu mikinn skilning og sérstaklega ekki bankarnir. Við höfum reyndar notið stuðnings Landsbankans í sumum verkefnum en svona almennt séð hefur þetta félag safnað skuldum," segir Sigtryggur og undirstrikar að útgáfufélagið Smekkleysa hafi alltaf verið rekið áfram á hugsjóninni einni saman.

„Sykurmolarnir eru síðan stofnaðir eingöngu til þess að græða peninga. Þess vegna erum við að koma saman aftur, til þess að græða peninga," segir Sigtryggur og hlær. „Nei ég er nú bara „talking out of my ass"."

Hann segir Sykurmolana hafa verið nokkurs konar poppdeild Smekkleysu sem var fyrirtæki sem vildi bara gefa út vafasamar ljóðabækur og fólk sem prumpaði í flöskur. „Einhver varð að búa til peninga og það var mjög meðvituð aðgerð að setja saman popphljómsveit. Það kom okkur síðan rosalega mikið á óvart hvað þetta virkaði," segir Sigtryggur en Sykurmolarnir hafa selt í kringum milljón plötur.



**Sykurmolarnir** Verða í höllinni í kvöld á 20 ára afmæli Smekkleysu.

„Sykurmolarnir koma saman reglulega. Og þá ekki til þess að spila heldur rekum við útgáfufélagið saman og hittumst vegna þess. Ég átti nú samt erfitt með að þurrka aulaglottið af mér á laugardaginn þegar við spiluðum þetta í gegn. Þetta er nefnilega alveg stjúpid gaman."

En er ekki skrýtið að spila inni í bílskúr gömul Sykurmolalög með jafn stórri stjörnu og Björk er?

„Nei, það er nú bara aðallega fyndið. Við náttúrulega lítum ekki á hana sem einhverja dívu eins og svo margir gera. Hún mætir ennþá á Smekkleysufundi, fær sér súpu og rekur við eins og við hinir," segir Sigtryggur og hlær.

Tónleikarnir fara fram í Laugardalshöllinni í kvöld eins og fyrr segir. En á að taka einhver ný lög? „Nei við erum ekkert í þeim bransa. Þetta er bara sama gamla prógrammið en svo tökum við líka nokkur prakkaralög sem eru ekkert endilega á „greatest hits"-plötunni."




**1** NELLY FURTADO

**All good things come to an end**



Nýjasti smellurinn frá Nelly Furtado, Þetta lag er töluvert rólegra heldur en fyrri tvö lögin sem hafa verið gefin út af plötunni en þetta er samt melódískt og á eftir að gera fína hluti á næstunni, sjáðu til !!

**2** FRAY

**How to save a life**

Lag sem fylgir eftir vinsældum lagsins „Over My Head" sem gerði frábæra hluti á FM957 fyrir nokkrum vikum. Þetta lag hefur verið að klifra upp vinsældarlistana í Bandaríkjunum undanfarið og nú er komið að Íslandi.



**3** BEYONCÉ

**Irreplaceable**



Þægilegur og rólegur smellur frá Beyoncé sem fjallar um sambandsslit. Þetta lag er að finna á plötunni B-Day sem kom út fyrir nokkrum vikum. Án efa eitt af sterkari lögunum á plötunni, flott lag.

## Mættu þangað ...



Á laugardaginn klukkan 21 er árlegt útgáfuteiti Senu í Listasafni Reykjavíkur. Það er Casino Royale/James Bond þema og því ættu allir að mæta í svörtu og hvítu. Smirnoff sér um kokteilana sem fljóta allt kvöldið. Margeir, Jón Atli og Jóel Pálsson sjá um músíkina. Húsið verður upplýst og playstation 3 á staðnum. Miðinn í partíið er svart og gyllt spil. Aldrei að vita nema Bond-bíllinn, Aston Martin, verði á svæðinu. Reddaðu þér miða í þetta gigg. Verður örugglega gaman.



## Minnsirkus.is blogg vikunnar



**Smá pælingar**

„Hef verið að velta þessu með samband soldið mikið fyrir mér núna upp á síðkastið og orðinu „ÁSTFANGINN" þetta er lítið orð með stóra merkingu! Ég meina, hvenær er maður ástfanginn? Eftir viku, mánuð, hálft ár, ár? Ég veit það ekki? Hvernig veit maður að maður 45 ástfanginn? Ég hef það á tilfinningunni að fólk segist vera ástfangið, bara til að segja það, bara til að gleðja sig. Hætt saman eftir mánuð, tvo daga að jafna sig. Þetta er sjálfsblekking og smá neisti í sálartetrið. En hey, það er bara mín hlið á málinu. Það eru svo margir farnir að nota þetta upp úr þurru !"

**Bebbilina.minnsirkus.is**

**Þú snertir mig ... ég snerti þig!!! aha ;)**



„Ég var að koma af balli og get engan veginn sofið því ég sver að rúmið snýst í hringi! það er ekkert sniðugt."

**Blondieblond.minnsirkus.is**

**Síðasta helgin vááá ...**

„Nú annars var þetta bara gaman ... en svo á sunnudeginum lenti minn í því ... þegar ég fór út í bílinn minn, var búið að brjótast inn í hann og stela öllu sem hægt var að taka ... og er það svona bömmerinn sem ég fékk eftir helgina, en til mikillar lukku náðust þeir sem þetta gerðu ... og voru þeir með svo mikið af drasli að það tekur nokkra daga að finna út hvað er mitt ... en vonandi kemur það ..."



**Insomnia.minnsirkus.is**

## Hlustaðu á þetta yfir jólin ...




Jól og Blíða er jólaplata Baggalútsmanna í ár. Hún kemur út í næstu viku en þeir hafa slegið í gegn yfir hátíðarnar síðustu ár með hnitnum jólasmellum. Jól og blíða inniheldur meðal annars smellina Kósíheit par exelans, Sagan af Jesúsi og Gamlárspartý. Sirkus mælir hiklaust með þessari á fóninn yfir piparkökubakstrinum í ár.


ENGAR BIÐRAÐIR!
KAUPTU ÞÉR MIÐA Á FLOTTUSTU MYND ÁRSINS Á MIDI.IS
CASINO ROYALE
007
NÚ GETUR ÞÚ LOKSINS KEYPT ÞÉR BÍÓMIÐA Á NETINU Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Í SMÁRABÍÓI OG REGNBOGANUM. TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!
midi.is
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN



stelpubögg með
Siggu Dögg

# Skilyrtur losti

Ég hafði fundið hann. Hann var skemmtilegur, gáfaður, blíður og myndarlegur. Hann var í góðri vinnu, hafði ferðast um heiminn og átti sína eigin íbúð.
Hann var fullkominn! En ...
Það er alltaf en. Hann var vinur minn og bara vinur. Engin fiðrildi. Mér fannst hann álíka kynferðislegur og kertavax. Ég skildi hvað aðrar stelpur sáu við hann því hann var jú fullkominn en ég bara sá það ekki.

Minn vinkonuhópur hefur mikið velt þessu fyrir sér. Við höfum fundið hinn fullkomna strák sem við gætum átt fullkomið samband með en hann kveikir álíka mikið í okkur eins og eldspýta í roki. Það sem vantar er lostinn. Þegar hann er settur í þetta samhengi þá spyr maður sig hversu miklu máli losti og hrifning skiptir í raun og veru. Kannski er þetta nútímavandamál þar sem gamla góða „skynsemin“ hefur þurft að víkja fyrir eldheitri ástríðu, fiðrildum og ómögulegri rómantík.
Ef ég væri skynsöm, ætti ég þá ekki að byrja með besta vini mínum?

Flestir kannast við Pavlov og hundinn hans sem slefaði. Jákvæðar skilyrðingar og refsingar eru hluti af lífi okkar og umhverfi. Ég ákvað að athuga hvort ég gæti leikið á þessar nútímakenndir þar sem samböndin mín hafa flest öll byrjað á losta og endað í ástarsorg. Ég hafði engu að tapa á því að vera svolítið „skynsöm“...

Ég fékk þá afbragðs hugmynd að skilyrða sjálfa mig til að laðast kynferðislega að vini mínum. Þannig gæti ég auðveldað líf mitt til muna og tryggt mig fyrir einmanaleika og ástarsorg. Ég taldi mig hafa fundið svarið við lífsgátunni miklu.

Í næstu bókabúð var haldið og fjárfest í nokkrum vel völdum bláum blöðum, skærum og límstifti. Ég arkaði heim á leið og hóf að föndra í skjóli nætur, stæltir og sveittir líkamar voru nú komnir með andlit vinar míns. Næstu kvöld var slökkt á símanum, kveikt á kertum og róleg tónlist sett á „fóninn“.

Planið gekk ekki alveg nógu vel og ég var orðin óþolinmóð. Ég mundi eftir lögmálinu: „Þú girnist þá sem þú umgengst reglulega.“ Ég lagði lykkju á leið mína til að rekast á vin minn. Ég hringdi í hann annan hvern dag og sendi honum tölvupóst og sms þess á milli.
Það var vissulega farið að hitna á milli okkar ...

Því miður þá uppskar ég einungis óbeit vinar míns á mér og mitt á honum. Ég gat ekki hugsað mér að deila með honum kaffibolla, hvað þá rekkju.
Mér hafði tekist að snúa lögmálum skilyrðinga mér í óhag. Losti og ástríða eru greinilega ekki tilfinningar sem ung mær getur ráðskast með né sleppt úr lífi sínu.
Ég er því „óskynsöm“ og undir stjórn heitra kennda, ég verð að sætta mig við ástarsorg og orð ömmu minnar : „Þetta gerist bara þegar það á að gerast.“


SETTU ÞAÐ SAMAN HTH










## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

**Af hverju að borga meira?**
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.
Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

**Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.**
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.
Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

**Einfalt og þægilegt.**
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

**Stíllinn og áferðin skipta sköpum.**
Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar Draumaeldhúsið þitt auðveldlega.







AEG
**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.

ORMSSON

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908



JÓLABLAÐIÐ 2006

**Nú styttist í jólin og Fréttablaðið gefur út veglegt jólablað 30. nóvember.**

Jólablað Fréttablaðsins verður stútfullt af skemmtilegu jólaefni. Í blaðinu má sjá fólk á öllum aldri undirbúa jólin, uppskriftir að jólamat - bæði hefðbundnar og óhefðbundnar - og allrahanda jólakökur og kræsingar. Þetta er blað sem nauðsynlegt verður að hafa við höndina og sækja hugmyndir í alla liðlanga jólaföstuna.

Föndur - kort - siðir - tré - konfekt - skraut - kökur - glögg - sokkar - dúkar - súkkulaði - piparkökuhús - englar - kransar - kúlur... svo fátt eitt sé nefnt!



102.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Upplýsingar veita:
Ruth Bergsdótir • Sími 550 5876 • GSM 694 4103 • ruth@frettabladid.is eða
Helga Kristjánsdóttir • Sími 550 5821 • GSM 695 0044 • helga@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ – stærsti fjölmiðillinn



Stórafsláttur er á sófasettum og fleiru í Signature.

## Húsgögn á spottprís

VERSLUNIN SIGNATURE Í KIRKJULUNDI 17 Í GARÐABÆ ER MEÐ RÝMINGARSÖLU Á SÓFUM OG ÖÐRUM HÚSGÖGNUM.

Signature ætlar að flytja úr Kirkjulundinum í nýtt húsnæði eftir áramótin og vill selja sem mest áður til að geta fyllt nýja húsnæðið með nýjum vörum þegar þar að kemur. Þess vegna eru öll sófasett, borðstofusett, stakir sófar og stólar á allt að sjötíu prósenta afslætti út nóvember. Um vandaða vöru er að ræða svo það er ómaksins vert að bregða sér í Kirkjulundinn áður en nóvember er úti.



## Innréttingatilboð

NÚ ERU SÍÐUSTU TILBOÐSDAGAR Á VERSLUNINNI FRÍFORM VIÐ ASKALIND 3 Í KÓPAVOGI.

20 % afsláttur er veittur af Elba of Snaige raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum, sem fást á góðu verði. Það er um að gera að mæta með mál af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi í verslunina, þar sem boðið er upp á hönnun, teiknun og hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu og fullkomin raftæki. Tilboðsdögum lýkur 21. nóvember. Verslunin er opin virka daga frá kl. 09.00-18.00 og laugardaga frá kl. 10.00-16.00. Einnig er hægt að hafa samband í síma 562-1500.

## Dekk á tilboði

GOTT VERÐ Á DEKKJUM HJÁ BÍLKÓ Á SMIÐJUVEGI 34 Í KÓPAVOGI.



Hjá Bílkó er nú 20 prósenta afsláttur veittur af dekkjum. Úrvalið er gott, þar sem vetrar-, heilsárs-, nagla- og loftbóludekk eru á boðstólum.
Hjá Bílkó er einnig boðið upp á smurþjónustu, alþrif og rafgeyma. Það er um að gera að renna við á Smiðjuvegi og kynna sér málið. Nánari upplýsingar er hægt að fá með því að hringja í síma 557-9110 eða fara inn á síðuna www.bilko.is.

## Lagersala hjá Drífu Icewear

HLÝJAR VETRARFLÍKUR.



Hægt er að gera frábær kaup á flíspeysum, vettlingum, ullarhúfum og bómullarpeysum á lagersölu Drífu Icewear, Suðurhrauni 12c í Garðabæ. Það eru einungis þrjú verð í gangi, 500 kr., 950 kr., og 1.950 kr. Drífa er opin í dag og á morgun laugardag frá klukkan 13 til 16 .

# Vandaðar peysur

***Allar peysur með merkinu Iceland Design eru á 30 prósenta afslætti í Rammagerðinni.***



Rammagerðin er með einkaumboð fyrir fallegar peysur sem hannaðar eru af Gerði Kristjánsdóttur. Þær eru nú á 30 prósenta afslætti. Peysurnar eru ýmist úr hreinni ull eða ull blandaðri með eðalefnum. Yfir 20 gerðir eru seldar í Rammagerðinni í Hafnarstræti. Verðið án afsláttar er frá 11.990 upp í 19.900.

Ein af mörgum glæsipeysum Rammagerðarinnar.

# Skrifstofuhúsgögn

***Innx í Faxafeni býður afslátt af skrifstofuhúsgögnum.***

Skrifstofufólki er nú boðið að heimsækja Innx í Faxafeni, setjast að samningaborðinu og semja um nýtt fundarborð og stóla. Innx er með gott úrval af fundarborðum en borðin frá þeim hafa verið vinsæl sökum þess að þau eru hækkanleg. Því má, á lengri fundum, hækka borðið í standandi stöðu en það er gert með því að styðja á einn hnapp.

Þessa dagana býður Innx Mesh skrifstofustóla með 25 prósenta afslætti og einnig fást Boss og Big Boss stólarnir með sama afslætti. Auk þessa er verslunin með sérstakt tilboðsverð á fundarborði úr hlyni. Borðið fæst á aðeins 19.440 krónur.



Fundarborðin hjá Innx eru hækkanleg og vinnuvæn.

Þeir sem eru að leitast eftir því að bæta fundaraðstöðuna á vinnustaðnum sínum ættu að líta inn hjá Innx og gera góð kaup.







Toyota verðhrun! Nýr Toyota torfærujeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Toyota Landcruiser 01/'01, ek. 80 þús. Einn eig. 40" Goodyear, góð í akstri og virka vel í snjó. Tilbúinn á fjöll. Verð 3,8 m. Sími 864 7612.

**Lúxusbíll!**

BMW 318, ssk., silfurlitaður, aðgerðarstýri og margt fleira. Árg. 2002, m. 2000 vél. Fæst gegn 800þ kr. og yfirtöku á láni. Uppl. í s. 849 8886.

## 0-250 þús.

Góð kaup - ódýr og flottur bíll Mazda 323, 5 gíra, árgerð 1998 ekinn 150 þúsund. Listaverð á þessum bíl er 380 þúsund en selst á 220 þúsund staðgreitt upplýsingar í síma 861 4502 & 693 3912.

Til sölu Mazda 323 árg. '99, ek. 147 þús., í góðu lagi á 220 þús. Uppl. í s. 616 1546.

Til sölu Nissan Almera árg. '97 ek. 126. þús. Sjálfsk., sk. '07 vetrar- og sumardekk fylgja. Upplýsingar í s. 894 3064.

VW Polo 95 v. 140þús. tilboð 100 þús. stgr. Ek. 150 þús. Skoðaður '07. S. 698 5559.

Subaru Impreza árg. '94, ek. 185 þús., lítur ekkert sérstaklega vel út. S. 696 8599.

Pontiac Transporter árg. '92, sk. '07. Verð 200 þús. Toyota Corolla árg. '94 verð 130 þús. Uppl. í s. 824 2926.




## 250-499 þús.



Toyota Avensis station 1,8 '99 ssk. ek. 263þ. Þjónustubók frá upphafi. Góður Bíll. uppl. í s 699 7525.

M Benz E 230, sjálfskiptur., árg. '91. Vel með farinn. Uppl. í s. 691 8489.

**VW Polo árg '98 til sölu.**

Til sölu einstaklega gott eintak af Polo '98, billinn er ekinn aðeins 76 þús. km, er með nýrri ssk. og ný yfirfarni vél. Ótrúlega gott eintak á ótrúlega góðu verði. Uppl. í s. 893 2164.

Mjög vel með farin Astra '99, 1.6, ssk., ekin 102 þ. Þetta er bíll sem þarf að sjá. Sími 869 7801.

## 500-999 þús.



Til sölu dekurbíll, M.bens '94 ek. 223þ., ssk., viðhaldsbók og reikningar meðf., sumar/vetrardekk, CD, samlæsingar, toppbíll. Ásett verð 650 þ. Uppl. síma 898 5751.

## 1-2 milljónir



AUDI A6 2,4 árg. '99, sk. '07, ek. 114 þús. nýyfirfarinn hjá Heklu og í toppstandi, low profile vetrar og sumardekk á álfelgum, topplúga, fjarstart, CD magasin, mjög góður bíll. Verð 1.550 þús. uppl. í s. 899 1525.




Pallbíla verðhrun! Nýr Ford F150 frá Kr. 1.990.000. Ford F350 dísel frá Kr. 2.600.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## 2 milljónir +



Pajero Gls árg. '2002 diesel, ekin 96 þ. Verð 3.100 þ. Engin skipti uppl. í s. 696 0874.




Ford verðhrun! Ford Explorer með nýja útlitinu 2006-2007 frá Kr. 2.690.000. Splúnkunýr frá verksmiðju Ford Explorer Sport-Track frá Kr. 2.790.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Bílar óskast

Óska eftir „Pickup" Double Cap diesel 4x4 með húsi. Verðhugmynd undir 400 þús. Uppl. í s. 843 9858.

**Bíll óskast í skiptum fyrir íbúð!**

Mjög falleg íbúð ásamt stæði í bílageymslu í góðu húsi samtals 88,8 fm. Verð 17,9 Áhv. 15,8 Tilbúinn að taka bíl á verðbilinu 2-3 milljónir uppí. Uppl. í s. 898 5254

## Jeppar



Ford Explorer XLT árg. '02. Gullfallegur bíll. 7 sæta, allt í rafmagni, 20" felgur, stigbretti ofl. ofl. Verð 2.290 þús. Ekinn 103þús míl. Skoða skipti bæði á dýrari og ódýrari. Nánari upplýsingar í síma 840 5088.



MMC Pajero árg. '96. 2800 diesel. sjálfsk. ekinn 230þkm. er á 33" dekkjum. Listaverð c.a 700.000. Fæst á 490.000 stgr. S. 893 5201.



Glæsilegur Mercedes Benz ML 350 Inspiration árg. 2003 3500cc, ek. 90þ. km. Leður og lúga. Rafmagn í sætum, filmur,cd magasín, GPS, ESP, o.m.fl. Bíll í topp standi. Verð 3.990þ. ATH. Tilboð 3.490 stgr. Bill.is s. 577 3777.



Mercedes Benz ML 500 2002 Silfraður, 5000cc, Ek. 57þkm. Ssk., leðursæti, topplúga, dráttarbeisli,stigbretti,cd magasín, hiti, minni og rafmagn í sætum, loftkæling, GPS, ESP stöðugleikakerfi, þjónustubók, ATH aðeins 1500km síðan seinasta þjónustuskoðun. Glæsilegur bíll í topp stand. Verð 4.190Þ, ATH TILBOÐ 3.790þ. Bílahornið s. 567 2400.



Toyota Landcrusier VX árg. '92 ekinn 370 þ. Engin skipti, verð 950 þ. Uppl. í s. 696 0874.



Dodge Durango SLT '99 ekinn 42 þús. m. 5,2 vél. Verð 1.200 þús. Skipti á minni & ódýrari bíl. Uppl. í síma 824 2926.



Suzuki Sidekick 1994 ek. 187000. Ný skoðaður. verð 100.000.-kr S. 856 3423.




Jeep verðhrun! Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.490.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

Til sölu Mitshubihi Pajero long '95 2,8 diesel með úrbræddri vél. Uppl. í síma 868 5449 Óska eftir tilboði.

## Pallbílar



Ford F150 Lariat 2005. Keyrður 29.000km Einn með öllu+pallhús. Ásett 3.680.000 Gott staðgreiðsluverð. Mjög gott eintak S. 897 3141.




Dodge verðhrun! Dodge RAM pallbíll ársins í USA. Mikil burðar- og dráttargeta. Dísel og benzínvélar. Frá Kr. 2.090.000 fyrir splúnkunýja bíla frá verksmiðju. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Vörubílar



M. Bens 711 D '93. Krani '97, ek. 155 þ. Hliðarsturtur, vökvaútt. f. fleyg. 5 manna. V. 1.150 þús. +vsk. Uppl. í s. 893 2550.

## TIL SÖLU



SUBARU LEGACY 2.0 STATION 7/2004
Ek.30 þkm, ssk, aksturstalva, álfelgur, geislaspilari, hiti í sætum,ofl. Verð 2100 þús - Bílalán 1400 þús, afb 29 þús á mán.



HONDA ACCORD COMFORT 4/2004
Ek. 77 þkm, bsk, filmur, spoilerkit, spoiler, 18" krómfelgur, geislaspilari,ofl. Verð 2290 þús



MAZDA 6 H.B Árg 2003
Ek. 74þkm, bsk, geislaspilari, hiti í sætum, aksturstalva, álfelgur,ofl. Verð 1450 þús -TILBOÐ 1390 þús



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX 7/2003
Ek.95 þkm, ssk, leður, aksturstalva, álfelgur, geislaspilari,ofl. Verð 4290 þús - TILBOÐ 3990 Þús

Bílabankinn

BÍLABANKINN
S: 588 0700
www.bilabankinn.is
Bílakjarnanum • Breiðhöfða

Sölumenn : Ævar Hallgrímsson – Axel Bergmann – Árni Þór Jónsson

## TIL SÖLU




## TIL SÖLU



## Mótorhjól

Erum byrjaðir að taka við vélsleðum í sölu í innisal , einnig hægt að skrá inn sleða á söluna á 100bilar.is Mótorhjóla fólk athugið !!!!! Höfum opnað nýjan mótorhjólasal hjá okkur inn af bílasölunni. Seljum mótorhjól allan ársins hring. 100 Bílar, Funahöfða 1, S. 517 9999. www.100bilar.is

## Kerrur



**Glæsilegur og ódýr ferðafélagi.**
Auðvelt að leggja tækið saman og færa milli staða. Væntanlegt n.k. mánudag. Takmarkað magn. Verð frá 79 þús. Upplýsingar í síma 867 7866.

Smíðum kerrur fyrir vélsleða og fjórhjól. Uppl. í s. 899 2794.

## Vinnuvélar



**Snjókeðjur**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2 603 Akureyri, sími 464 8600.




Háþrýstidælur fyrir matvæla- og iðnfyritæki, Liprar og traustar þriggja fasa háþrýstidælur með þrýstingsstilli, 8 metra slöngu og 15 lítra hreinsiefnakút K500T, 190 bar, 780 l/klst, kr. 80.000- án vsk& K600T, 170 bar, 900 l/klst, kr. 93.000- án vsk. K750T, 210 bar, 900 l/klst, kr. 102.000-án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.







## Lyftarar







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**
í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafríir. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.

**Ódýru HELI**
Handlyftararnir komnir
Til afhendingar strax
Verð aðeins kr. 19.900.-
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14 · 101 Reykjavík
Sími. 412 3000 - www.sturlaugur.is

## Aukahlutir í bíla




## Hjólbarðar




**Dunlop vetrarhjólbarðar**
á fólksbíla og jepplinga. Dunlop hefur verið á toppnum í gæðakönnunum ár eftir ár. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Til sölu nýjar álfelgur 16X7" með gatadeilingu 5x114. Verð áður 24.900 kr. Tilboð 11.900 kr. stk. Felgurnar passa m.a. undir Mazda Tribute, Ford Escape, Toyota Rav4, Hyundai Santa Fe, Nissan Xtrail, Hyundai Tucson o.fl. Upplýs. 864 8866.



Til sölu ný vetrardekk 245/75 R16 neglanleg, verð áður 16.900.- Tilboð 9.900.- Upplýs. í síma 864-8866.

Til sölu sem ný 16" Hankook Nagladekk. Stærð 205x55x16. Selst á hálfvirði eða 30þús. Uppl. í síma 892 7124.

Til sölu nýleg nagladekk 195/65 R15. Upplýsingar í síma 557 8009 eða 690 0871.

Til sölu 4 mjög lítið notuð negld dekk á stálfelgu með hjólkoppum á VW Passat. Upplýsingar í síma 690 9931.

## Varahlutir

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasölur.is

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Felliveggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. Addco Ehf. S. 586 9010 addco@addco.is Auðbrekku 2, 200 Kóp.




Til sölu 12 volta, 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði, með eða án rafgeymis og hleðslutækis. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.



**Minkapelsar**
Hvernig væri að fara í bíltúr til Keflavíkur? Gott úrval af minkapelsum. Jakob - s: 421 1661




**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Er vinnudagurinn of stuttur?**
Er vinnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósaturnar lengja vinnudaginn, 4x 1000 watta halide kastarar, 9 metra ljósamastur, þolir vindstyrk allt að 100 km/klst. Hljóðlát og sparneytin, díselvél knýr rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.




Ljósabretti á kerrur og vagna, breidd 1050 mm., verð kr. 9.200- Ljósasett á kerrur með segulstáli, verð kr. 9.661- Ljósaperur í miklu úrvali, stungnar og smelltar, 12V og 24V, venjulegar og halogen. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Palestínuklútar, mussur, kjólar og kragalausar skyrtur! Stærðir mini fyrir mýflugur til jumbo fyrir fílefldar í öllum mögulegum litum Hjá verslun Fridu Thomas, Bröttubrekku3, Grjótaþorpi - Best varðveitta leyndarmál bæjarins!

Til sölu ódýrt hjónarúm, vel með farið. Uppl. í s. 699 3386 & 554 3486.

## Heimilistæki

**Ísskápur til sölu.**
Hálfsárs lítið notaður ísskápur fæst seldur. Uppl. í s. 662 6957.

## Hljóðfæri



Til sölu Bugari Armando harmonika nýlega stillt og yfirfarin topp hljóðfæri. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.

**Gítar til sölu.**
Eins árs gítar, stendur til boða gegn gjaldi, m.a. fylgir taska með. Uppl. í s. 662 6957.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Til bygginga




STEYPU ÞJÓNUSTAN
- VIÐ ÞJÓNUM ÞÉR -
NÝTT AFL
5 340 035
STEYPUTHJONUSTAN.IS

## Verslun

XXX DVD
Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
DVD FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

## TIL SÖLU







**ELDSTÆÐI HVAR SEM ER**



**Enginn reykur og engin lykt. Heimsending og uppsetning á höfuðborgarsvæðinu**
verð tvöfaldur **179.990**.kr. eins og á myndinni.
verð einfaldur **119.990**.kr
**Uppl. 897 8680 & 896 4511**

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
www.eignastyring.is
Síðumúla 27 108 Reykjavík
sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verbréfamiðlari

HRAFNSHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Frum



Stórglæsilegt endaraðhús við Hrafnshöfða Mos. á einni hæð með innbyggðum bílskúr um 160 fm. 3 svefnherbergi, fallegar og vandaðar innréttingar, upptekin loft, fallegur gróinn garður með sólpöllum. Toppeign á eftirsóttum stað. **Verð 39,4 millj.**

*Frekari uppl. gefur Atli í síma 899-1178.*

Sími 534 4040

HÚSA NAUST
FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

SKELJANES – SKERJAFIRÐI

Frum



Fallegt einbýlishús í Skerjafirði, ásamt tvöföldum bílskúr, alls 435 fm skv. teikningu. Möguleiki á séríbúð í kjallara. Húsið er á þremur pöllum. Stór, björt stofa, útgengt í sólstofu til suðurs. Sólstofa flísalögð, eldstæði (kamina) og stór opnanleg gluggafög. Eldhús, flísalagt, eikar innrétting, stór borðkrókur.
***Efri hæð:*** Vestursvalir. Stórt hjónaherbergi, parketlagt, fataherbergi, útgengi á austursvalir. Tvö önnur herbergi eru á hæðinni. Baðherbergi er flíslagt, baðkar.
***Jarðhæð:*** Sérinngangur frá vesturhlið hússins. Tvö mjög stór herbergi, og þrjú minni herbergi ásamt baðherbergi, stóru þvottahúsi og geymslum, innangengt í bílskúr. Fallgur, afgirtur garður er umhverfis húsið og hellulagt bílaplan. Mjög áhugaverð eign, miðsvæðis í borginni. **Uppl. hjá Húsanaust sími 530 7200.**

**Kópavogsbær**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Vatnsendi - Þing. Boðaþing 5 til 24.**
**( Hrafnista ). Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 24. ágúst 2006 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi byggðar Hrafnistu í Þingum Vansenda nánar tillekið Boðaþingi 5 til 24. Í tillögunni felst að hjúkrunaríbúðum er fjölgað um 8 og þjónustumiðstöð er stækkuð og sundlaug komið fyrir í kjallara með tilheyrandi tæknirýmum. Boðaþingi 10 til 12 og 16 til 20 sem voru tvö hús með 36 og 32 íbúðum eða alls 68 íbúðum er skipt upp í þrjú hús með 24 íbúðum í hverju húsi eða alls 72 íbúðum. Byggingarreitur húsa Boðaþings 8 til 20 er lengdur um 1 metra og reitur húsa Boðaþings nr. 22 til 24 er lengdur um 7 metra. Byggingarreitur Boðaþings 5 til 24 hækkar um 1 metra.
Afmarkaður er reitur fyrir spennistöð. Innakstur frá hringtorgi í norðausturenda lóðar er lagður af. Tillagan var auglýst frá 3. júlí til 31. júlí 2006 með athugasemdarfresti til 14. ágúst 2006. Engar athugasemdir og ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin sbr. bréf dags. 8. nóvember 2006 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 79/1997. Auglýsingin um gildistöku deiliskipulagsins er birt í B-deild Stjórnartíðinda 17. nóvember 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

allt
auglýsingasími
550 5880



POLARIS WORLD WWW.POLARISWORLD.IS









**9 Nicklaus Design Golfvellir**

Polaris World býður upp á bestu golfreynsluna í Evrópu. Allar brautirnar eru steinsnar frá íbúðinni þinni og bera gæða stimpil virts fyrirtækis á heimsvísu.

POLARIS WORLD og ESPIS kynna eðalinn í Spænskum lúxus fasteignum.
Opnaðu augun og uppgötvaðu nýjan heim…

Polaris World verður kynnt á Grand Hótel Reykjavík dagana 18. og 19. nóvember klukkan 14 og 16.

Polaris World er glæný hugmynd um þróun íbúðahverfa sem miðast við gæði í hverju smáatriði; allt frá hönnun garðalandslags, frá arkitektúrnum að þjónustu sem í boði er. Þannig hefur Polaris World ekki aðeins skapað draumaheimili þitt heldur alveg nýja veröld, og ekki aðeins á einum stað heldur á sjö stórkostlegum svæðum í Murcíu héraði á suður Spáni.

# Tæknileg mistök …

UMRÆÐAN
Stjórnmálaþátttaka


KRISTJÁN HREINSSON

Ágætu Íslendingar, ég á við ykkur erindi og ætla að leyfa mér að gerast eins hreinskilinn og mér frekast er unnt.

Nú er staða mála þannig að ég ætla í forval hjá vinstri grænum, vegna Alþingiskosninga 2007, og verð því að segja ykkur hug minn allan varðandi eitt tiltekið mál sem nú er ofarlega í umræðunni, mál sem snýr beint og óbeint að virðingu Alþingis. En hér er það endurkoma Árna Johnsen sem um ræðir.

Auðvitað voru það bara tæknileg mistök að Árni var dæmdur fyrir fárdrátt, mútuþægni, umboðssvik og ranga skýrslugjöf. Það getur bara ekki verið stálheiðarlegur maðurinn hafi bæði stundað þjófnað og lygar. Og auðvitað er ekki hægt að tala um vinagreiða þegar Árna Johnsen, fyrrverandi þingmanni, er veitt uppreist æru af

*Sá flokkur sem velur menn einsog Árna Johnsen til forystustarfa er ekki flokkur sem ég get treyst.*

handhöfum forsetavaldsins. Ég tala nú ekki um þegar handhafarnir eru: Geir H. Haarde, forsætisráðherra, sem er svo hugaður að lýsa yfir stuðningi við Árna þegar sá síðarnefndi er búinn að stela senunni, Gunnlaugur Claessen, forseti Hæstaréttar, maður sem ekki þurfti flokksskýrteini til að fá embætti og Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, kona sem þekkir sannleika, reglur um ólöglegt samráð og glímu við fjárdrátt einsog lófana á sér. Og auðvitað var það bara eðlilegt að beiðni um undirritun náðunarinnar skyldi koma frá Birni Bjarnasyni, dóms- og kirkjumálaráðherra, manni sem þekktur er fyrir að vilja föngum landsins vel. Ég hef meira að segja hlerað það að Björn geti hugsað sér að náða menn sem gert hafa minna af sér en Árni.

Núna er það komið á hreint að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að setja í fremstu röð mann sem kallar þjófnað og lygi smávægileg mistök. Árni hlýtur að meta stöðuna rétt því reyndari mann er vart hægt að hugsa sér. Hann stal kannski ekki svo miklu frá okkur þegar öllu er á botninn hvolft og ekki er vitað hvort lygar hans voru neitt sérataklega alvarlegs eðlis. Af þessum sökum er ekkert annað en sjálfsagt að hann skuli heimta fyrirgefningu, uppreist æru, annað tækifæri og stuðning flokksforystu og kjósenda.

Það getur varla talist siðlaust að heimta að þjóðin gleymi því að Árni Johnsen, sem þjóðkjörinn fulltrúi, stal öllu steini léttara og rúmlega það – hann hefur alltaf verið svo lygilega duglegur.

Þegar kemur að því að ég segi hug minn allan varðandi endurkomu Árna Johnsen inn í íslenska stjórnmálaumræðu, þá vil ég að mínir kjósendur hafi eftirfarandi atriði á hreinu:

Hreinskilni mín hefur kennt mér það að hræsni sé eitt af því versta sem fólk getur tileinkað sér. Og þótt ég ætli ekki að opinbera hér hina eilífu flokkunarreglu dauðasyndanna sjö, þá vil ég leggja þunga áherslu á hræsnina. Þetta geri ég til að segja fólki það, að verði ég kjörinn á þing, þá mun ég ekki reyna að líta á Árna Johnsen sem einn af þeim mönnum sem ég tel að hægt sé að treysta fullkomlega.

Ég væri hræsnari ef ég héldi því fram að ég teldi mig geta gleymt því að Árni stal og laug. Það væri hræsni ef ég segði ykkur að ég ætlaði að treysta Árna Johnsen í einu og öllu. Þótt hann hafi ekki stolið nema u.þ.b. fjórum milljónum króna og þótt hann hafi ekki logið nema annað slagið og einungis stundað umboðssvik og mútuþægni í hjáverkum, þá verð ég að játa að mér sýnist sem tæknilegu mistökin séu fyrst og fremst þau, að svo siðlaus maður skuli yfirleitt fá að ganga laus.

Fyrirgefning er eitt en traustsyfirlýsing er eitthvað allt annað.

Sá sem hefur stolið og logið er líklegur til að stela og ljúga, jafnvel þótt hann hafi lofað bót og betrun, og einkum ef hann er svo siðlaus að getur ekki einu sinni sýnt þann manndóm að skammast sín.

Sá flokkur sem velur menn einsog Árna Johnsen til forystustarfa er ekki flokkur sem ég get treyst.

Ég mun ekki þegja einsog steinn – hafi ég eitthvað um málin að segja.

*Höfundur er skáld.*

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu á netfangið greinar@frettabladid.is og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð (að hámarki 3.000 slög með bilum). Senda skal mynd af höfundi ásamt símanúmeri og titli. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðrétt-

# Álbræðslan í Straumsvík

UMRÆÐAN
Stóriðja


PÉTUR ÓSKARSSON

Það eru mörg ár síðan álbræðslan í Straumsvík hefur fengið eins mikla athygli og undafarna mánuði. Umræðan um stækkunarmálin er komin á dagskrá í Hafnarfirði og álbræðsla Alcan hefur vakið athygli á sjálfri sér með ýmsum hætti.

Meðal annars stóð fyrirtækið í kærumáli sem það tapaði á dögunum þar sem fyrirtækið kærði starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hafði gefið út til ársins 2020. Umhverfisstofnun féllst ekki á áætlanir Alcan um 18 ferkílómetra mengunarsvæði fyrir brennistein og svifryk og gaf út starfsleyfi þar sem 18 ferkílómetrar voru leyfðir fyrir flúor en „aðeins“ 9,8 ferkílómetrar fyrir brennistein og svifryk. Þessa takmörkun sætti Alcan sig ekki við og kærði til umhverfisráðherra með þeim rökum að það væri of kostnaðarsamt fyrir fyrirtækið að fá ekki 18 ferkílómetra af bæjarlandinu til dreifingar á þessum efnum (sjá kæru Alcan og úrskurð umhverfisráðherra, 2. kafli á www.solistraumi.org ). Til samanburðar má geta þess að allt byggt land í Hafnarfirði í dag eru tæpir 12 ferkílómetrar.

Starfsmannamálin hafa verið í brennidepli og þar hafa fyrrverandi starfsmenn og stéttarfélög starfsmanna Alcan borið stjórnendur þungum sökum og upplýsingafulltrúi Alcan svarað fullum hálsi svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Þeim fækkar sem halda því fram að álbræðslan sé góður vinnustaður og vinnumórall góður í dag. Orðstír álbræðslunnar sem öruggur og góður vinnustaður hefði getað orðið verðmætt lóð á vogarskálarnar með stækkunaráformunum en það tækifæri virðist nú vera að glatast.

Þegar bæjarstjórinn í Hafnarfirði tilkynnti á síðasta ári að bæjarbúar myndu fá að kjósa um stækkun álbræðslunnar tilkynnti Alcan að það íhugaði málsókn vegna þessara kosningahugmynda (Morgunblaðið, 4. ágúst 2005 s. 6). Í viðtali í Fréttablaðinu laugardaginn 11. nóvember sl. kvartaði Rannveig Rist líka undan þessum lýðræðishugmyndum Hafnfirðinga, þetta snerist um framtíðaráform einkafyrirtækis og því ætti ákvörðunin ekki að vera í höndum almennings. Svona rétt eins og hún ræki litla smurbrauðsstofu í bænum sem hún fengi ekki að stækka í friði fyrir almenningi í Hafnarfirði.

Þetta yfirlit yfir viðhorf og viðbrögð stjórnenda Alcan undanfarna mánuði ætti að minna okkur Hafnfirðinga á að við erum hér að eiga við alþjóðlegt stórfyrirtæki sem hefur aðra hagsmuni að leiðarljósi en að gera Hafnfirðinga nútíðar og framtíðar hamingjusamari með stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Heilsíðuauglýsingar og viðtöl út á við með stórum yfirlýsingum um umhverfismál og fyrirmyndarstarfsemi í sátt við umhverfi og samfélag breyta ekki fyrirtækjum. Það gildir nefnilega um fyrirtæki eins og manneskjur:

Þú ert það sem þú gerir en ekki það sem þú segir.

*Höfundur er talsmaður Sólar í Straumi, áhugahóps um stækkunarmálið.*






# Listaverk og markaður

**UMRÆÐAN**
Málverkamarkaður


JÓHANN ÁGÚST HANSEN

Auglýsingakynning Jakobs Grétarssonar í Fréttablaðinu 21. október sl. á meintri endurkomu Péturs Þórs Gunnarssonar á listaverkamarkaðinn vekur nokkra furðu. Svo virðist sem greinin sé skrifuð í þeim tilgangi að mæra Pétur sem hefur verið dæmdur fyrir sölu á fölsuðum málverkum og slá ryki í augu væntanlegra viðskiptavina hans.

Strax í inngangi kynningarinnar kemur fram að Pétur hafi verið sýknaður í „Stóra málverkafölsunarmálinu“ og er það rétt. Það sem kemur ekki fram í greininni er að fölsunarmálið var tvíþætt og Pétur ákærður í tvígang. Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1999 var Pétur dæmdur til 6 mánaða fangelsisvistar sem hann afplánaði að fullu á Kvíabryggju.

Þá er einnig reynt að draga úr þeirri staðreynd að ein aðalástæða þess að Pétur og Jónas Freydal voru sýknaðir í síðara málinu var framkvæmdalegur galli á rannsókn málsins. Í dómnum segir að staða Listasafns Íslands sem eins kæranda í málinu hafi óhjákvæmilega verið talin valda því að þær sérfræðilegu álitsgerðir, sem lögregla hafði aflað hjá starfsmönnum safnsins fyrir útgáfu ákæru, gætu ekki talist tækar fyrir dómi til sönnunar um atriði sem vörðuðu sök ákærðu. Gilti þá einu hvort um væri að ræða verk, sem safnið hafi lagt fram kæru um, eða verk sem því væru óviðkomandi. Var ekki talið að þau sönnunargögn sem eftir stæðu, nægðu til að ákæruvaldið gæti talist hafa axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvíldi. Hæstiréttur komst einnig að þeirri niðurstöðu að ákæruvaldið hefði mátt bæta úr þessum bresti á sönnunarfærslu með því að leita eftir dómkvaðningu kunnáttumanna til að leggja mat á þau atriði sem snúa að LÍ. Aðspurður sagðist Ólafur I. Jónsson forvörður ekki skilja þessa afstöðu dómsins þar sem hann hafi verið kærandinn í málinu en ekki listasafnið. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði. Töldu þeir að dæma skyldi Pétur í 12 mánaða fangelsi og að Jónas Freydal ætti að dæma í 6 mánaða fangelsi og báðum dómum ætti að fresta að hluta haldi sakborningar almennt skilorð.

Eigendasaga listaverka var mikið í umfjölluninni þegar fölsunarmálin fóru fyrir dómara og óvenju mikið framboð listaverka eftir ákveðna höfunda. Jakob segir einnig í kynningu sinni á Pétri að „ein megin röksemd ákærenda í Stóra málverkafölsunarmálinu hafi einmitt verið þessi: Ótrúlega mikið framboð, engin eigendasaga, áður óþekkt mynd.“ Það sem Jakob sleppir hins vegar að nefna er að skrásetning eigendasögu er ein besta forvörnin gegn fölsunum og slík skrásetning er viðhöfð hjá nánast öllum uppboðshúsum, bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu. Þessi skráning er yfirleitt ekki gefin upp nema til kaupenda verkanna og þar sem íslensk myndlistarsaga er einungis rúmlega 100 ára gömul er sagan yfirleitt á þá leið að seljandinn fékk verkið frá höfundi þess eða erfði það frá foreldrum sínum sem fengu það frá höfundi. Það er ekkert óeðlilegt við slíka eigendasögu og ekkert óeðlilegt að verkið hafi ekki verið þekkt áður enda mestar líkur á því að það hafi verið stofustáss á heimili seljandans svo áratugum skiptir. Það sem er aftur á móti óeðlilegt, og Jakobi fannst ekki ástæða að nefna, er að Pétur neitaði fyrir dómi að gefa upp eigendasögu verkanna. Engar skráningar né önnur gögn sýndu fram á hvaðan Pétur fékk verkin, það var enginn eigandi að verkunum á undan Pétri.

Hið aukna magn íslenskra listaverka sem nú er að koma fram á uppboðum er ákaflega ánægjuleg þróun. Það sýnir svo ekki verði um villst að þrátt fyrir öll áföll sem málverkamarkaðurinn hefur lent í þá er hann að jafna sig. Upp úr 1998 fjölgaði verkum sem boðin voru upp á Íslandi verulega og verð verkanna hækkaði einnig. Þetta mikla framboð og háa verð hélst allt til ársins 1999 þegar dómur í fyrra fölsunarmálinu féll og Pétur var dæmdur til 6 mánaða fangelsisvistar fyrir bókhaldsbrot og að selja þrjú verk danska málarans Wilhelm Wils með rangri höfundarmerkingu Jóns Stefánssonar í auðgunarskyni. Næstu ár þar á eftir rétti markaðurinn aðeins úr kútnum en dróst síðan saman aftur þegar dómur í seinna fölsunarmálinu féll árið 2004. Það þarf að fara aftur til ársins 1986 til að sjá viðlíka lækkun á íslenska uppboðsmarkaðnum. Á þessu ári hefur markaðurinn tekið stórt stökk upp á við og þar sem verðið hefur hækkað eru fleiri reiðubúnir til þess að selja góð verk eftir frumherja íslenskrar myndlistar. Þetta má lesa í skýrslu um íslenska uppboðsmarkaðinn sem nokkrir nemendur við Háskólann á Bifröst gáfu út í júní síðastliðnum.

*Hið aukna magn íslenskra listaverka sem nú er að koma fram á uppboðum er ákaflega ánægjuleg þróun. Það sýnir svo ekki verður um villst að þrátt fyrir öll áföll sem málverkamarkaðurinn hefur lent í þá er hann að jafna sig.*

Ljóst er að íslenskur myndlistarmarkaður verður aldrei að fullu laus við áhrif fölsunarmálsins og nauðsynlegt að allir aðilar séu á varðbergi til að koma í veg fyrir að falsanir séu seldar. Menn ættu að hafa það í huga í framtíðinni að Pétur og Jónas voru sýknaðir í seinna fölsunarmálinu af tæknilegum ástæðum og finnst mörgum að eiginleg niðurstaða hafi aldrei komið fram, hvort um falsanir hafi verið að ræða. Blaðamenn verða einnig að sýna þá ábyrgð að fjalla um málið á hlutlausan hátt og ekki sleppa þeim atriðum sem þeim finnst ekki henta sínum málstað.

*Höfundur er listmunasali.*

# Langlífi fyrir alla

**UMRÆÐAN**
Krabbamein


HALLA SKÚLADÓTTIR

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur til að vekja athygli á málefnum lungnakrabbameinssjúklinga. Lungnakrabbamein er algengur sjúkómur, um það bil 125 manns greinast hér á ári hverju. Sjúkdómurinn kemur oftast fyrir hjá fólki sem reykir, en um það bil tíu prósent sjúklinga sem greinast hafa aldrei reykt. Það eru þekktir aðrir áhættuþættir lungnakrabbameina eins og t.d. asbest og ýmsir þungmálmar, sem finnast á vinnustöðum.

Lungnakrabbameinssjúklingar fá oft að heyra að þeir geti sjálfum sér um kennt, þeir hafi reykt og því séu þeir komnir með lungnakrabbamein. Greiningu sjúkdómsins fylgir því oft mikil sektarkennd og sjálfsásökun ofan í veruleg veikindi og álag vegna meðferðarinnar. Sjaldnar beinir fólk sjónum sínum að tóbaksfyrirtækjunum en ábyrgð þeirra er mikil. Tóbaksfyrirtækin hafa síðan um aldamótin 1900 þróað sígarettur til að gera þær sem neytendavænstar. Markmiðið er að fá sem flesta til að ánetjast sígarettum. Tóbaksfyrirtækin hafa ekki hátt um þetta, en þau hafa í tímans rás bætt ýmsum efnum út í sígaretturnar eins og til dæmis mentóli, súkkulaði, kaffi, vanillu, karamellu og sykri, sem gerir bragðið betra, mildar reykinn og getur dregið úr hósta. Súkkulaði getur verið gott, en þegar kakó brennur verða til brómgös sem geta víkkað loftvegi og þar með aukið getu öndunarfæranna til að taka upp nikótín. Mentól er talið hafa staðdeyfilíka verkun þannig að það dregur úr hósta og gerir það að verkum að reykurinn kemst lengra ofan í lungun. Einnig má nefna ammóníak sem sett er saman við tóbakið, en það veldur því að nikótínið leysist hraðar upp og berist hratt út í blóðrásina þannig að vellíðunartilfinningin komi sem fyrst eftir að reykingar hefjast. Nikótínið kemur í miklu magni út í blóðrásina á skömmum tíma og magnið minnkar líka frekar hratt og þegar magnið er komið undir ákveðinn styrk fer löngunin í næstu sígarettu að gera vart við sig. Þessi toppótta vellíðunarkennd veldur fíkn í sígarettur og þar með eru tóbaksframleiðendur búnir að skapa sér tryggan viðskiptavin til margra ára, oft ævilanga.

Ef það væri auðvelt að hætta að reykja væru líklega lang flestir hættir því fyrir löngu en tóbaksframleiðendum hefur vegnað vel í þróun á sígarettum og því er hægara sagt en gert að hætta að reykja. Við vitum orðið flest að reykingum fylgir aukin hætta á ýmsum alvarlegum sjúkdómum og margir reykingamenn hafa reynt að hætta, sumir með góðum árangri en öðrum gengur verr. Hvernig stendur á því að tóbaksfyrirtækin geta þvegið hendur sínar af því að valda dauðsföllum meðal helmings viðskiptavina sinna á miðjum aldri (á aldursbilinu 35-65 ára)? Hvernig stendur á því að við tökum þátt í því að varpa sökinni alfarið á neytendur?

Dauðsföll af völdum reykinga eru ekki einungis vegna lungnakrabbameina, líka vegna hjarta- og æðasjúkdóma og langvinnra lungnasjúkdóma, allt sjúkdómar sem draga verulega úr lífsgæðum og starfsgetu fólks. Vegna ásakana á hendur sjúklingunum hefur fé til rannsókna á lungnakrabbameinum verið af skornum skammti og því hefur framþróun verið hægari en meðal annarra krabbameinssjúkdóma.

Það er tími til kominn að við tökum höndum saman og tökum reykingar alvarlega. Langlífi hefur almennt verið að aukast í heiminum, þó ekki meðal reykingamanna. Reykingamenn lifa að meðaltali tíu árum skemur en þeir sem ekki reykja.

Það er samt aldrei of seint að hætta. Ef reykingum er hætt um sextugt, fimmtugt, fertugt eða þrítugt bætast að meðaltali 3, 6, 9 eða tíu ár við lífið. Sagt á annan máta; ef reykingum er hætt um fimmtugt helmingast áhættan af reykingum, ef reykingum er hætt um þrítugt hverfur áhættan að mestu leyti.

Hættum að ásaka lungnakrabbameinssjúklinga fyrir það að hafa lungnakrabbamein, reynum frekar að styðja þá og styrkja. Eflum vitund um sjúkdóminn svo fólk leiti sér læknis fyrr. Stuðlum að frekari rannsóknum í þágu lungnakrabbameinssjúklinga. Beinum reiði okkar að tóbaksfyrirtækjunum og hjálpumst að í baráttunni gegn reykingum. Reynum að koma í veg fyrir að ungmenni hefji reykingar og hvetjum þau sem reykja til að hætta.

*Höfundur er krabbameinslæknir.*

# Góð byrjun




**www.visir.is**

## Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.

Iceland Express
NÓI SÍRÍUS
digital ísland
PlayStation®
NOKIA
66° NORÐUR

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



ROCK HUDSON (1925-1985) KVIKMYNDALEIKARI FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

*„Ég er alræmdur fyrir að veita léleg viðtöl. Ég er nefnilega leikari og kemst ekki hjá því að finnast ég leiðinlegur í eigin persónu.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. NÓVEMBER 1869

## *Súez-skurður tekinn í gagnið*



Súez-skurðurinn var opnaður við hátíðlega viðhöfn á þessum degi árið 1869 og tengdi þar með Miðjarðarhaf og Rauðahaf. Meðal viðstaddra voru Eugénie keisaraynja, eiginkona Napóleons III Frakkakeisara.

Árið 1854 komst franski konsúllinn í Kaíró að samkomulagi við landstjóra Ottómana í Egyptalandi um að grafa 160 kílómetra langan skurð í gegnum eiðið við Súez-flóa. Alþjóðlegt teymi verkfræðinga skipulagði verkið og árið 1856 var stofnað hlutafélag um Súez-skurðinn, sem fékk umráðarétt yfir skurðinum í eina öld eftir að hann væri tekinn í notkun.

Framkvæmdir hófust vorið 1859. Fyrstu áfangarnir voru grafnir með handafli en síðar voru þar til gerðir prammar notaðir til að dýpka skurðinn. Tafir urðu á verkinu, sem lauk árið sem skurðurinn opnaði, fjórum árum á eftir áætlun. Skurðurinn var aðeins sjö metra djúpur þegar hann var opnaður, 20 metra breiður á botninum en 60 til 90 metra breiður á yfirborðinu. Innan við 500 skip sigldu um skurðinn árið eftir að hann opnaði. Árið 1876 var ráðist í gagngerar lagfæringar og skipaumferð varð óvíða meiri en um Súez-skurðinn.

Bitist hefur verið um umráðarétt skurðarins frá upphafi. Árið 1956 þjóðnýttu egypsk stjórnvöld hann sem varð til þess að Ísraelsmenn réðust á landið en Bretar og Frakkar skökkuðu leikinn. Í kjölfar sex daga stríðsins 1967 lokuðu Egyptar skurðinum í átta ár en hann hefur verið opinn síðan 1975. Í dag sigla um 50 skip á dag um skurðinn og flytja rúm 300 milljón tonn af varningi um hann árlega.

## MERKISATBURÐIR

**1839** Fyrsta ópera Verdis, Conte di San Bonifacio, frumflutt.

**1913** Fyrstu íslensku fréttamyndirnar birtast í Morgunblaðinu.

**1938** Vikublaðið Vikan kemur út í fyrsta sinn.

**1940** Akureyrarkirkja er vígð.

**1983** Mikligarður, stærsta verslun Íslands, er opnuð í Reykjavík.

**1988** Linda Pétursdóttir er kosin Ungfrú heimur.

**2003** Arnold Schwarzenegger sver embættiseið sem ríkisstjóri Kaliforníu.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brigitte Bartsch Jónsson,**

Eiðsvallagötu 38, Akureyri

andaðist í Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 11. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag langveikra barna.

**Lotta Vallý Jakobsdóttir** | **Jón Gústafsson**
**Jóhannes Haukur Jóhannesson**
**Jóna Bergdal Jakobsdóttir** | **Jörundur Torfason**
**Hilmar Jakob Jakobsson** | **Hanna Sigmarsdóttir**
**Konráð Bartsch** | **Kristbjörg McQueen**



†

*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Friðrik Elías Sigtryggsson**

frá Ytri Brekkum á Langanesi,
Kríuhólum 2, Rvk,

sem lést 9. nóvember verður jarðsunginn frá Fella og Hólakirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Valgerður**
**Þorbjörg**
**Helga**
**Kolbeinn**
**Tengdafólk og frændfólk**



†

*Elskuleg systir mín, mágkona og móðursystir okkar,*

**Jódís Snorradóttir,**

áður Leifsgötu 5, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 18. nóvember kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Helga Jónsdóttir, Hafsteinn Hólm og systrabörn.**



†

*Okkar elskulegi og ástkæri,*

**Guðmundur Ingi Ólafsson**

Hólabraut 14, Skagaströnd,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. nóvember, verður jarðsunginn frá Hólaneskirkju, Skagaströnd, laugardaginn 18. nóvember kl. 14.00.

**Ólafur R. Ingibjörnsson** | **Hrönn Árnadóttir**
**Árný Guðrún Ólafsdóttir** | **Haraldur Friðriksson**
**Rebekka Laufey Ólafsdóttir** | **Ari Þór Guðmannsson**
**Brynjar Max Ólafsson**
**Ingibjörn Hallbertsson.**



**GUÐMUNDUR ARNARSSON** Á kafi í hestamennsku og fæddur inn í verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

VERSLUNIN ÁSTUND: ÞRJÁTÍU ÁRA Á SUNNUDAGINN

# Byrjaði sem bókabúð

Verslunin Ástund í Austurveri hefur lengi verið fastur viðkomustaður hestamanna, en á sunnudag eru liðin þrjátíu ár frá því verslunin var opnuð. Guðmundur Arnarsson er sonur annars stofnanda verslunarinnar og hefur verið með frá upphafi. „Ég held ég hafi verið hérna í um tuttugu ár, en ég er svona nánast fæddur inn í þetta,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. „Ég man meira að segja eftir fyrstu afgreiðslunni minni hérna. Móðir mín var þá að afgreiða á kassanum, við systkinin stóðum hvort sínum megin við hana og hún reyndi að sparka okkur í burtu,“ sagði Guðmundur hlæjandi.

Það kemur varla á óvart að fjölskyldan er á kafi í hestamennsku. „Ég var enn í bleiu þegar ég fór fyrst á hestbak. Nú er ég orðinn reiðkennari og fjölskyldan er að rækta og temja og selja hross og ríða út,“ sagði Guðmundur. Ástund hefur þó boðið upp á ýmislegt annað í gegnum tíðina. „Búðin var stofnuð sem bókabúð og leikfangaverslun, en í henni var sérdeild með reiðtygi og sportvörur. Bókabúðina hættum við með fyrir löngu síðan og með árunum höfum við einbeitt okkur meira að hrossunum,“ sagði Guðmundur, en önnur áhugamál fjölskyldunnar hafa líka fengið pláss í Ástund. „Við höfum verið með fótboltavörur og stofnuðum Manchester United-búð sem starfar enn. Svo erum við með dans- og ballettvörur líka. Sú deild hefur eflst eftir að það komu prinsessur í fjölskylduna,“ sagði Guðmundur.

Ástund er í dag einnig vörumerki. „Við framleiðum reiðtygi og erum með söðlaverkstæði sem framleiðir hnakka og beisli. Vörurnar okkar fást núna í tólf löndum,“ sagði Guðmundur. „Svo framleiðum við svokallaðar skóbuxur, útvíðar reiðbuxur og vorum fyrstir í bransanum til að setja rennilás á hliðina á buxunum. Nú er varla til það reiðbuxnafyrirtæki í heiminum sem ekki er með rennilása í línum sínum,“ bætti hann við.

Guðmundur segir foreldra sína og samstarfsfélaga þeirra varla hafa órað fyrir því að verslunin yrði þrjátíu ára þegar þau lögðu af stað. „Á næstu þrjátíu árum ætlum við bara að halda áfram í því sem okkur þykir gaman og gerum vel,“ sagði hann. „Ég held að við séum búin að sýna og sanna að við erum ágæt í þessu. Við höfum líka verið með bestu kúnna landsins og um helgina ætlum við að gera vel við þá í tilefni afmælisins,“ sagði Guðmundur.

sunna@frettabladid.is

# Matgæðingaferð til Lyon

Klúbbur matreiðslumeistara stendur fyrir beinu leiguflugi á Bocuse D'Or keppnina sem fram fer í Lyon 23. til 24. janúar 2007, þar sem Friðgeir Ingi Eiríksson mun keppa fyrir Íslands hönd. „Við ætlum með stappfulla þotu. Hún er ekki orðin full ennþá svo það er enn hægt að bóka,“ sagði Bjarki Hilmarsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara. Klúbburinn stóð fyrir slíku leiguflugi í fyrsta skipti fyrir tveimur árum, en Íslendingar hafa tekið þátt í keppninni frá árinu 1999. „Það gafst svo vel að við vildum reyna aftur,“ sagði Bjarki.

Hverjum sem er er velkomið að panta sér sæti og mun Klúbbur matreiðslumeistara sjá matgæðingunum fyrir veitingum á leiðinni. „Það er ekki alveg komið á hreint hvað við gerum, en við verðum með lúðu, sem er einmitt eitt aðalhráefnið í Bocuse D'Or keppninni sjálfri,“ sagði Bjarki.

„Þegar við lendum tekur á móti okkur rúta sem brunar beint á fjögurra stjörnu hótel inni í miðbæ Lyon, en rútan mun líka fara með okkur á sýninguna á hverjum degi,“ sagði Bjarki, en truffluferð til að leita jarðsveppa er líka á dagskránni. Sæti í þotunni má panta á chef.is eða practical.is. - sun



**LEIGUFLUG TIL LYON** Klúbbur matreiðslumeistara stendur fyrir leiguflugi á Bocuse D'Or keppnina í Lyon.



**BJARKI HILMARSSON** Forseti Klúbbs matreiðslumeistara, sem mun framreiða dýrindis krásir fyrir farþega þotunnar.

# MAX OPNAR

# STÆRSTU RAFTÆKJAVERSLUN LANDSINS

## OPNUM Á MORGUN kl. 11

## Búið ykkur undir verðhrun á raftækjamarkaði!

**Beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200




# STUÐ MILLI STRÍÐA Snælandseyjar farsældar frón

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL STOFNA RÉTTLÁTT FRÍRÍKI



Ég er búinn að gefast upp. Það hlustar enginn á skynsemisraddir lengur og stjórnvöld eru staðráðin í að selja okkur hverjum þeim sem býður best. Ég get ekki hugsað mér að vera stjórnað af þingi þar sem Árni „stal frá og laug að þjóðinni vegna tæknilegra mistaka“ Johnson situr í makindum með félaga sínum Russell Crowe og glottir að kjánaskap þegnanna. Ég vil ekki láta virkja Elliðaárnar og ég vil ekki framleiða ál í dósir fyrir gráðuga Bandaríkjamenn.

Það hlustar hins vegar enginn á hvað ég vil og fyrst enginn lætur mig fá það sem ég vil verð ég að ná í það sjálfur.

Ég ætla að kaupa þrjár eyjar í Breiðafirði og stofna fríríkið Snælandseyjar. Á Snælandseyjum eru lögin þannig að í nauðgunarmálum er refsiramminn nýttur til hins ýtrasta og hann svo sprengdur. Enginn hefur rétt til að hlera símann hjá einum né neinum og í stjórnarskránni stendur að það sé bannað að stofna her, jafnvel þótt hann sé kallaður leynilögregla eða brunaliðið í Kabúl. Það er líka bannað að taka þátt í stríði, sérstaklega ef það er til að hefna fyrir 3.000 látna borgara með því að drepa 100.000. Fyrirgefið Írakar, þetta stríð er ekki í mínu nafni.

Á Snælandseyjum koma allir flokkar með tillögur að dómurum og svo velur fólkið. Það er ekki sá sem fer með löggjafar- og framkvæmdavaldið sem velur dómsvaldið líka. Forsetinn má segja nei, og ef hann gerir það þá þarf að rjúfa þing að kjósa. Engin undanbrögð og sá sem kvartar yfir því að kosningar séu eyðsla á peningum fær að fjármagna þær sjálfur.

Ég býð öllum Íslendingum sem vilja að flytja með mér til Snælandseyja. Ég býst við því að meirihluti þjóðarinnar þiggi boðið. Kannski að stjórnvöld fari að hlusta á fólkið áður en að því kemur.

Nei, afsakið. Ég tek þetta til baka, ég vil ekki vera óraunsær.




## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell







### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Landsins flottasta verð
Ertu búin að sjá leikfangablað Hagkaupa? Kíktu á blaðið á www.hagkaup.is. Yfir 500 tegundir af skemmtilegum leikföngum.
MY MUSIC WORLD
20% afsláttur
af völdum leikföngum 16.-23. nóvember.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!** ***20.00 Laugardalshöll – Sykurmolarnir***

*Kannski síðasti sjens að sjá bandið í formi áður en allir verða of gamlir. Ef þú átt ekki miða þá er von: miðasala í Laugardalshöll frá hádegi og fram að tónleikum – að því gefnu að ekki verði uppselt. Húsið verður opnað klukkan 19.00.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# *CPH:DOX*

Heimildarmyndahátíðin í Kaupmannahöfn hófst fyrir viku og lýkur á sunnudag. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og eru 140 heimildarmyndir sýndar á hátíðinni sem breiðir sig vítt og breitt um borgina, fjöldi kvikmyndahúsa sýnir heimildarmyndir og segja forráðamenn cph:dox að þeir merki vaxandi tilhneigingu hjá kvikmyndagerðarmönnum að styrkja þetta form sem pólitískan umræðugrundvöll og vakningartæki í stjórnmálum í víðum skilningi.

Heimildarmyndin er sterk hefð í Danmörku. Þar eru framleiddar milli 40 og 50 myndir árlega sem teljast til þessa geira. Heimildarmyndin um dönsku hljómsveitina Gasolin reyndist ein aðsóknarmesta mynd þess árs, en 215 þúsund gestir sáu hana. Hún fékk framleiðendaverðlaunin dönsku sem heimildarmynd ársins.



ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI

Á CPH:DOX verða einnig veitt verðlaun og situr Þórir Snær Sigurjónsson í fimm manna aðaldómnefnd hátíðarinnar. Engin íslensk mynd er á hátíðinni, en Matthew Barney sýnir Drawing Restraint og Sigurjón Sighvatsson sýnir Zidane-mynd sína. **- pbb**

## > Ekki missa af …

köflum úr glæpasögum vetrarins. Á vef **Eddu** er fyrsti kafli úr Konungsbók eftir Arnald, á vef **Veraldar** er fyrsti kafli næstu sögu Yrsu Sigurðardóttur, Sér grefur gröf … og nú bætir **Bjartur** um betur – tveir kaflar úr Skuldadögum Jökuls Valssonar eru komnir á vefsíðu þeirra.



# Evrópumánuður ljósmyndarinnar

**Í gær hófst í París ljósmyndamessan Paris-Photo og stendur fram á sunnudag. Þetta er í tíunda sinn sem messan er haldin en hún er ein mikilvægasta sýninga- og sölumessa á ljósmyndum sem haldin er í Evrópu.**

Raunar hafa önnur þjóðlönd reynt að ná til sín hluta af kökunni: Fotobild-messunni er nýlega lokið í Berlín og fyrr á árinu er Photo-London.

Þennan mánuð er ljósmyndin víða í hávegum höfð í Evrópu – mánuðurinn er skilgreindur sem Evrópumánuður ljósmyndarinnar. Paris Photo tengir sig þeim hátíðahöldum enda er ljósmyndin að verða æ fyrirferðarmeiri í lífi okkar. Ljósmyndavélar eru öllum tiltækar. Stafræn vinnsla hefur gert almenningi kleift að vinna myndir sínar hraðar og betur eftir því sem hefðbundinni og nú fornri ljósmyndun er vikið til hliðar. Myndlistarmenn vinna æ meir með ljósmyndir og þær styrkja sig stöðugt í sessi sem tjáningarform.

Hundruð aðila taka þátt í Paris Photo. Vegleg sýningarskrá messunnar er nauðsynjagripur hverjum þeim sem vill fylgjast með í ljósmyndum heimsins. Ljósmyndir sem veggskraut á heimilum eru að festa sig í sessi og myndir eftir aldraða og látna meistara eru stöðugt að hækka í verði á mörkuðum.

Gallerí i8 tekur þátt í messunni í París. Mynd af Gjörningaklúbbnum skreytir opnunarsíðu á vef messunnar og Norðurlöndin skipa heiðurssess í sýningarhaldi hátíðarinnar í svokölluðum Statements-flokki. Þar er að finna myndverk eftir Rúrí og Hrafnkel Sigurðsson, auk þeirra Gjörningaklúbbskvenna.



**LJÓSMYNDIR** Paris Photo hófst í gær og lýkur á sunnudag. Gallerí i8 tekur þátt í messunni.

Mikið er í gangi í sýningarhaldi á ljósmyndum þessa dagana og undarlegt að samtök ljósmyndara og sýningahaldarar skuli ekki hafa tengt sig Evrópumánuði ljósmyndarinnar: nýlega lauk sýningu Ara Sigvaldasonar í Gerðubergi. Þessa helgi lýkur sýningu pólska fréttaljósmyndarans Chris Niedenthal, í Myndadeild er safnsýning sem kalllar á nafngreiningu mynda eftir ýmsa íslenska höfunda frá ýmsum tímum, auk þess sem Spessi opnaði á laugardag sýningu í Hafnarborg sem hann kallar Locations. Og þá er hlutur ljósmyndarinnar í öðrum myndlistarsýningum ekki rakinn.

Áhugasamir um hvað sé í boði á Paris Photo geta litið á heimasíðu messunnar: www.parisphoto.fr. Þar má tengjast galleríum sem taka þátt í sýningunni og sjá hvað er þar í boði.

**- pbb**

UPPHEIMAR

**Brautigan og Gyrðir – góðir saman**

>>>

**Ógæfusama konan**

**Eftir Richard Brautigan**

Þýðing: Gyrðir Elíasson

„Stíllinn er látlaus, þægilegur og algjörlega áreynslulaus ( . . .) Þýðing Gyrðis Elíassonar er afbragð . . .“

*Ingi Björn Guðnason, bokmenntir.is*




**uppheimar.is**



**BÆKUR** Gunnar Gunnarsson gengur af fundi Hitlers 20. mars 1940. Ekki er þessi maður sigri hrósandi eftir að hafa hitt hinn mikla leiðtoga Þýskalands. Honum á hægri hönd er héraðsstjóri Slésvíkur og Holstein, Lohse, sem tók við héraðsstjórn Eystrasaltslanda og hluta Hvíta-Rússlands 1942. SCANPIX/JPV

# Þúfugangur sögu og sannleika

**BÆKUR**

**Skáldalíf**

Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri

Halldór Guðmundsson

JPV útgáfa

★★★★

Skáldalíf er svipmikið verk um svipmikla menn sem við verðum að geta skilið svo við eigum okkur von á þeim undarlegu tímum sem við lifum.

Skáldalíf Halldórs Guðmundssonar um þá Þórberg og Gunnar Gunnarsson er stórt verk í sniðum. Það hefur verið unnið á röskum tveimur árum og lesandi spyr sjálfan sig á köflum hvort svo stór og mikilvæg ritsmíð hefði haft gott af því að liggja í salti í nokkra mánuði enn. Það er ekki vegna þess að vinnubrögð Halldórs sé nokkursstaðar slök, en frásagnarhátturinn er víða nokkuð losaralegur. Það sést best með samanburði við þá kafla þar sem Halldór hefur lagt sig allan fram um að gæta fordómaleysis og er þar fyrstan til að telja ítarlegan og nákvæman kafla um aðkomu Gunnars Gunnarssonar að innanríkismálum í Þýskalandi á valdatíma nasista.

En um það þýðir ekki að tala meir: Halldór hefur skilað miklu og merkilegu verki og honum tekst með miklum ágætum það sem hann ætlar sér, fylgja hinu klassíska dæmi Plútarks að segja sambærilega sögu tveggja manna sem höfðu afgerandi áhrif á samtíð sína. Hugmynd hans og framkvæmd er með miklum ágætum og hlýtur að herða á áhuga um sagnalist þeirra Gunnars og Þórbergs, erindi þeirra og ágæti í list sinni. Hér má sjá stórt skref í þá átt að þeir og þjóðin losni undan ofurvaldi þriðja mannsins, risans Halldórs Laxness.

Skáldalíf er eins og ganga í þúfóttu landi: lesandinn stekkur með leiðsögumanni sínum af einni þúfu á aðra. Hoppar milli atburða í lífi tveggja manna, stundum rötum við langa og hlykkjótta röð í lífi Þórbergs, en snúum svo við og förum leið Gunnars, stökkvum jafnvel á milli. Það tekur nokkurn tíma að samræma göngulagið við yfirferð skrásetjarans en á endanum er leiðin ljúf.

Halldór metur þá báða frá kostum þeirra. Hann gerir engan veginn upp á milli, þó óneitanlega sé meira bragð og þunginn rammur af lífshlaupi Gunnars en Þórbergs: Gunnar fór út í heim og sigraði veröldina á sinn hátt, hann varð alþjóðlegur höfundur. Halldór er snjall á myndir í upphafi verksins þegar útþránni er lýst með fjarlægum seglum við sjónarrönd. Honum er aftur ekki auðið að skýra undrið hversvegna lögðu þeir báðir í langa för úr sinni sveit. Þar standa þeir í stórri sveit manna sem hikuðu ekki við aldarhvörf að fara utan en snúa heim þar sem þeir gætu máski gert gagn frekar en að skapa sér feril til æviloka í framandi löndum.

Það er stundum talað um lík í lestinni í andlegu lífi okkar á öld öfganna: stalínisminn var flókið fyrirbæri, rétt eins og fylgispektin við Hitler. Ekki eru miklar líkur á að Morgunblaðið sé reiðubúið að útskýra og greina hneykslun sína yfir máluðum slagorðum gegn Hitler á hafnarmynni Reykjavíkur þegar Milwaukee, þýska skemmtiferðaskipið, kom hingað 1936.

Tignun á Þýskalandi átti sér ekki síður djúpar rætur hér en stalínisminn og byggði í báðum tilvikum á fylgispekt við stéttarleg sjónarmið og ósjálfstæði í skoðanamyndun. Hér er heldur betur þrifið út, bæði um fylgi við sjónarmið stéttar með stétt og leiðiteyming sósíalista við einræðið í austri. Það hlýtur að hafa verið Halldóri nokkurt tak svo vel sem hann er kunnugur á þeim slóðum, allt aftur í þriðja lið.

Hér er að finna persónusögu í sinni hreinustu mynd. Og hún teygir sig eðlilega yfir í andlegt líf, hugmyndir og hvernig hugmyndir mótast af félagslegum aðstæðum, nærri einstaklingnum og í stærra samhengi samfélagsins. Hætt er þó við að einhver væli um svo einstaklingsbundið sjónarhorn – geri þeir þá betur.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að hér er meðferð heimilda með ágætum. Nafnaskrá, heimildaskrá, neðanmálsgreinar og myndaregistur. Myndir á pappír af þessari gerð eru því miður ekki eins og best væri á kosið, þá mættu myndatextar vera ítarlegri og nákvæmari.

Ritið kynnir okkur fyrst og fremst lyndi þriggja manna, Þórbergs, Gunnars – og Halldórs Guðmundssonar. Enn er ósvarað spurningunni sígildu um leikaraskap Þórbergs Þórðarsonar – var opinber framkoma hans ævinlega látalæti?

Alvarleiki Gunnars er nokkuð ræddur: sú barnslega gleði og kátína sem einkenndi hann í sínum hóp er ekki dregin fram, enda flestir þeir sem lýsa honum kunnugir skáldinu á efri árum. Þá þykir mér heldur snögg afgreiðsla á endurvinnslu Gunnars á textum sínum og þarf fleiri vitni til um að hún sé lakari en Þröst Helgason. Gunnar tókst í þessum nýjum útgáfum á við tungutak ævi sinnar, honum gafst næði til að hugsa verkin á ný og umskóp þau á tungutak sem er ólíkt flestu sem skrifað var á síðustu öld. Málstíll hans er forn, hertur í hljóm, byggir við innri hrynjandi er sér á parti. Það mál er ekki sviplítið slettmælgishjal, heldur hert af örlagamikilli ævi, fórnum, ósigrum og vonbrigðum.

Lyndiseinkunn Halldórs sem verkið skilur eftir er þörf hans að skoða nákvæmlega og vera öruggur. Hann skynjar ljóðræna spennu í atvikum og á lengri ferli og kemur því í orð. Hann vill vera sanngjarn og gefur mönnum til. Hann á auðvelt með að koma flóknum hlutum fram á skýran hátt sökum greindar sinnar. Og fellur ekki í þá freistni að kasta rýrð á menn.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

# FLATSKJÁ TILBOÐ




## UNITED

**PTV42**

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990

---




12v/220v

## UNITED

ÖRÞUNNT LCD

**LTV15L52**

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**TILBOÐ 34.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990




ÖRÞUNNT LCD

## UNITED

**LTV20L60**

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 49.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990

---




## UNITED

**LTV27W60**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn,Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990




## UNITED

**LTV32W63**

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990




## UNITED

**LTV37W60**

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Nýi kvikmyndasamningurinn

Rétt ár er liðið frá því menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, lýsti því yfir í beinni útsendingu á Eddunni að hún vildi endurnýja samkomulag við hagsmunaaðila í kvikmyndaiðnaði, en þá hafði það runnið út nær tíu mánuðum fyrr.

Það var loks skrifað undir nýtt samkomulag á þriðjudag í þessari viku. Við sama tækifæri tilkynnti iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, að hann gerði tillögu um að lög frá 1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem renna sitt skeið í lok ársins, verði framlengd til næstu fimm ára. Ráðherra leggur til við efnahagsnefnd að endurgreiðsluhlutfall verði hækkað.

Raunar er samkomulag menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og frumvarp iðnaðarráðherrans nokkur aðskilin en samtengd mál. Það skýrir máski dráttinn sem hefur verið á framgangi málsins. Stefna ríkisstjórnarinnar er ekki að fullu skýr í þessum málaflokki og blandast þar inn í frumvarp um ríkisútvarpið og fjölmiðlalögin.

Allur vari er um veika stefnu í samkomulaginu, „stefnt skal að …“ er margoft notað í stuttu samkomulaginu og þar er vari á um samþykki Alþingis.

Ekki er tekið fram hvort upphæðir eru tryggðar með vísitölu – og verður að að láta Árna Mathiesen og Þorgerði Katrínu njóta vafans – og treysta því að allar tölur geri gott betur en standast vísitölu, þær taki hana á sig. Ef ekki þá er plaggið sýndarmennskan ein og stendur rétt vísitöluhækkanir milli ára.



KVIKMYNDIR MÝRIN Íslensk mynd um þreytta ríkisstarfsmenn án yfirvinnukvóta, ruglað fólk í lyfjum, gamla menn í niðurgrönfnum kjallaraíbúðum, óhamingjusamar konur með misheppnaða eiginmenn. Og gengur svona ljómandi vel í áhorfendur. Og útlendingar hafa ekki lengur áhuga á glasmyndinni með grænugrasi og sólskini. SÖGN

Afskipti iðnaðar- og viðskiptaráðherra af málinu vekur upp gamalt álitamál: á kvikmyndaiðnaðurinn að sækja sér styrk í iðnaðinn eða leita ásjár hjá menntamálaráðherra? Endurgreiðslan var sett á til að auka flæði erlendra verkefna hingað til vinnslu að hluta. Nú vill ráðherrann að endurgreiðsluhlutfallið fari upp í 15 prósent úr 12 prósent. Sú ráðstöfun er skynsamleg.

Ríki Bandaríkjanna og Kanada hafa í langan tíma unnið skipulega að því að draga til sín erlend framleiðslufyrirtæki. Norðurlöndin vildu gjarna sjá koma til sín erlend verkefni. Íslensk þjónusta við erlend fyrirtæki hefur fyrst og fremst landslag að bjóða og þótti sumum langt gengið þegar Clint Eastwood sneri hér öllu við. En endurgreiðslan gerir meira: hér fær fólk í iðnaði og þjónustu verkefni sem það annars ekki hefur.

Ein nýjungin í samningnum er að loksins er sjónvarpssjóð komið á fót. Reyndar var yfirlýst stefna þegar menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður að í hans stað skyldi koma ný deild hjá Kvikmyndamiðstöð. Nú er hann kominn til að vera.

Innan fjögurra ára skulu í þeim sjóði vera 125 milljónir og einbeitt að leiknu sjónvarpsefni fyrir fjölskyldur og börn. Í því felst viðurkenning á þeirri sárgrætilegu staðreynd að íslenskar sjónvarpsstöðvar misbjóða börnum dag eftir dag með lélegu efni, kynningum sem klæddar eru sem barnaefni, eins og Stundinni okkar og Afa. Þetta árið eru 15 milljónir í sjóðnum, stefnt er að hann fari í 50 milljónir 2007, síðan 80, 95 og loks 125 árið 2010. Þetta er mikilvæg viðbót.

Heimildamyndasjóður gætir einnig hagsmuna stuttmynda og hreyfimynda og vex raunar minnst, hann fær 100 milljónir 2007, hækkar um 10 milljónir 2008, 15 milljónir 2009 og endar í 125 milljónum. Stefnt skal að því að styrkhlutfall fari í 50 prósent af kostnaði. Aukin verkefni þeirrar deildar þýða í raun að verkefnum mun fækka, enda markaður erfiðari en í leiknu efni.

Leiknar myndir í fullri lengd hafa lengst af verið fyrirferðarmestar í íslenskri kvikmyndagerð. Vegur þeirra flestra erlendis er lítill. Margar þeirra ná ekki til fleiri njótenda en meðal útvarpsleikrit í ríkishljóðvarpinu. En forkólfar í kvikmyndasamtökum eru allir kvikmyndaleikstjórar og þær eru settar á oddinn í nýja samningnum: Á næsta ári hefur kvikmyndamiðstöð 310 milljónir til að auka veg íslenskra kvikmyndagerðarmanna, það hækkar í 340 2008, 380 2009 og verður – stefnt skal að – 420 milljónir 2010. Vísitölutryggt? Þar er efinn.

Kvikmyndamiðstöð eru aftur veittar sérstakar 30 milljónir næstu fjögur ár til samframleiðslu sem er merk nýjung. Það styrkir framleiðendur og mun koma íslenskri kvikmyndagerð til góða sem sækir sitt fjármagn að mestu í erlenda sjóði. Enn þá.

Mörg atriði í samkomulagi þessu lýsa mest góðum vilja: barnamyndir annað hvert ár, fjórar myndir í fullri lengd á ári, sem sýnir hvar mest áhersla hefur verið í samninganefndinni. „Meðalframleiðslukostnaður“ 2010 áætla aðilar að verði 210 miljónir – það er beinlínis óskhyggja og álíka ápreifanlegt eins og vonir um grasprettu það ár.

Menntamálaráðherra hefur haft yfrinn tíma til að ljúka málinu og var við það að bíta hausinn af skömminni á sunnudag þegar hún mætir í næstu Eddu-útsendingu. Hennar mönnum tókst að forða því stórslysi. Enn eru stórar eyður í heildstæðri stefnu í málum kvikmyndaiðnaðar landsins og enn lifir sú spurning hvort honum væri ekki betur komið í faðmi iðnaðarráðuneytisins. - pbb


KJÓSTU EDDU!

Nú getur þú tekið þátt í að velja verðlaunahafa á Edduhátíðinni sem haldin verður á sunnudagskvöldið.

Á vefslóðinni visir.is geta allir kosið milli þeirra sem tilnefndir eru til verðlauna. Kosningu lýkur kl. 17 á föstudag 17. nóvember.

Þá verður ljóst hvaða 5 einstaklingar eru efstir í kjöri vinsælasta sjónvarpsmanns ársins. Milli þeirra er síðan kosið í símakosningu og munu úrslitin ráðast í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 19. nóvember 2006.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar hafa fengið sendan kjörseðil í tölvupósti og verða að hafa kosið fyrir kl. 17 á föstudaginn. Hafi einhverjir ekki fengið sendan kjörseðil geta þeir kosið föstudaginn 17. nóvember milli klukkan 10 og 17 hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands að Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sjá nánar á logs.is

Taktu þátt í að velja sigurvegara Eddunnar!

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

SJÓNVARPIÐ

Forval á vinsælustu sjónvarpsmönnum ársins með hjálp:
capacent
vísir

Framkvæmdastjórn Eddunnar 2006 er í höndum Sagaevents
sagaevents

EDDA 2006

GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Nordica hotel ICELANDAIR HOTELS CITROËN sagafilm

# Ný íslensk tónlist




"Sögur af konum er frábær plata fyrir konur, eftir konur"




12 ný lög og textar eftir íslenskar konur

## Stóra stundin ykkar
## Geislaplata og mynddiskur

**Nú er röðin komin að börnunum!**







góða skemmtun! ►

sena

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 24/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 23/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20

MANNTAFL
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 18/11 kl. 14 UPPS. Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10
Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 18/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

SAKAMÁL Á SVIÐ
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 19/11 kl. 20. Ókeypis aðgangur

AMADEUS
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21
Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22.
Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Í bolla hafið bjarta




**TÓNLIST**
**An Other Cup**
Yusuf
★★★★
Kunnuglegur tónn minnir á fyrri plötur en hér er allt áreynslulaust. Fínt stöff.

Þeir sem eitt sinn voru unglingastjörnur geta átt í miklum erfiðleikum með að höndla lífið og ná jarðsambandi á ný. Breti af grískum ættum valdi sér á sjöunda áratugnum listmannasnafnið Cat Stevens og náði sem slíkur miklum vinsældum, kom fótum undir plötufyrirtækið Island, var umvafinn fögrum konum og mikilli velsæld en koksaði á öllu á frægum konsert í Aþenu og gekk af sviðinu. Leið og beið og Yusuf birtist, hann hafði tekið nýja trú, sneri sér að kennslu barna og hafði hægt um sig lengi lengi.

Nú er hann kominn með nýjan disk, tólf laga safn, efni að mestu frumsamið, þótt þar fljóti með gamli slagarinn Dont let me be misunderstood sem fær í meðförum hans nýja og stærri vídd, ekki síst vegna trúarinnar. Ekki er að efa að átök milli múslima og hins kristna heims urðu til þess að Yusuf sneri aftur,

Tónlistin hans, þýður söngur, afbragðs undirleikur og lagstúfar sem eru fjölbreytilegir og sækja um margt í tónlist Miðjarðarhafsins, er hreint afbragð. Söngtextar hans hafa á sér snið hinnar víðu heimspekilegu hugsunar sem einkennir ljóðagerð íslams: á framhlið disksins er hvítur bolli með bláu hafi, líkingin um bikarinn er sterk: við erum ekki annað en ílát – hvað er í okkur hellt.

Það var gaman að rifja upp kynni við þennan látlausa lagasmið sem hendist ekki hátt í orðum en velur þau af kostgæfni, andinn er svipaður og áður, kærleikur streymir um og allt er þetta ljúft, án þess að verða væmið, blygðunarlaust í erindi sínu.

Og allt er þetta merki þess að manninum hafi tekist að eldast sæmilega.

- pbb

# Höfundur Litla tréhestsins látinn

Ursula Moray Williams, víðkunnur barnabókahöfundur í hinum engilsaxneska heimi, er látin, 95 ára að aldri. Hún var eldri systir Barböru Árnason og kom hingað til lands margsinnis að heimsækja systur sína og fjölskyldu.

Hér á landi var fátt þýtt af sögum hennar fyrir börn. Þekktust eru Ævintýri litla tréhestinn sem hún skrifaði rétt fyrir seinna stríð. Þar segir af leit lítils tréhests að heimili í veröld sem var og er sagan enn nothæf til lestrar ungum krökkum. Sagan var myndskreytt af Joyce Brisley sem einnig myndlýsti sögurnar um Millí Mollí Mandí.

Ursula skrifaði í nær sjötíu ár og eftir hana liggja sextíu bækur. Ferill hennar spannaði árabilið frá 1931 til 1978.

## NÝJAR BÆKUR

Strengleikar eru komnir út í ritröðinni Íslensk rit. Verkið er safn smásagna um ástir og ævintýri riddara og hirðmeyja. Þótt það sé samið að tísku 12. aldar og þýtt á íslensku öld seinna þá er efnið gamalt, ást og hatur, hjónaband, framhjáhald, ofríki og ofbeldi. Útgáfan er ætluð almenningi og skrifar dr. Aðalheiður Guðmundsdóttir inngang og skýringar. Bjó hún einnig textann til prentunar. Háskólaútgáfan gefur út.

Salka hefur gefið út rit Sigurðar A. Magnússonar, Garð guðsmóður um munkalífið Aþos, elsta lýðveldi í heimi. Sigurður hefur tvívegis sótt Aþos heim og gerir grein fyrir sögu þess í ritinu. María guðsmóðir er verndari þess en engum kvenmanni hleypt þar inn. Aþos má muna fífil fegri en nú búa þar um 2.000 munkar. Staðurinn er einstakur og á heimsminjaskrá. Ritið er ríkulega myndskreytt.

Bókaútgáfan Hólar hefur í samstarfi við Krýsuvíkursamtökin gefið út bókina Kraftur í Krýsu í ritstjórn Ragnars Inga Aðalsteinssonar. Þar er sagt frá upphafi stofnunarinnar og þeim sem reistu hana úr niðurlægingu og gjaldþroti. Þar er sagt frá samstarfi þeirra og Stígamóta sem mun vera einstakt. Ritið er gefið út í tilefni af tíu ára afmæli samtakanna.

Hjá Máli og menningu er komin út bókin Tryggðarpantur eftir Auði Jónsdóttur. Gísella Dal lifir fullkomnu lífi. Hún býr í stórri íbúð, er fastagestur á fínustu snyrtistofum, drekkur eðalvín og borðar exótískan mat, á milli þess sem hún skrifar stöku grein í tímarit, meira til gamans. En dag einn fær Gísella þær fréttir að ríkulegur arfur ömmu hennar sé uppurinn og að hugsanlega þurfi hún að fórna öllum sínum lífsstíl og fara að vinna fyrir sér. Þar til henni hugkvæmist að fá sér leigjendur … Tryggðarpantur lýsir sambúð fjögurra kvenna í borg sem er full af fólki, innfæddum og aðkomumönnum. Þetta er áleitin og grátbrosleg saga þar sem teflt er saman ólíkum heimum og spurningum varpað fram um lífsgildi, lífsviðhorf – og lífsblekkingu.



JPV útgáfa hefur sent frá sér Ólafíu - ævisögu Ólafíu Jóhannsdóttur eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Ólafía fæddist árið 1863 á Mosfelli í Mosfellssveit. Henni var ungri komið í fóstur í Viðey og síðar til móðursystur sinnar, Þorbjargar Sveinsdóttur, ljósmóður í Reykjavík. Saga Ólafíu er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverðri nítjándu öld og fram yfir aldamótin 1900. Hún er jafnframt saga skapríkrar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur rannsakað lífshlaup Ólafíu undanfarin ár og segir hér sögu hennar af þekkingu og skilningi sem lesendur ævisögu Bjargar C. Þorláksson þekkja.




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00
**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **nokkur sæti laus**, lau. 25/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **nokkur sæti laus**, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12.
Síðustu sýningar fyrir jól.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 18/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 19/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 6/1 **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fös. 17/11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus**.
Aukasýningar fös. 8/12 og lau. 9/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Í dag fös. 17/11 **kl:10:00** uppselt og **kl 13:00** uppselt, sun. 19/11, **örfá sæti laus**, aukasýning fös. 24/11, sun. 26/11 uppselt. Síðustu sýningar fyrir jól! Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00
**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 19/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **kl. 20:00 örfá sæti laus.** Allra síðustu sýningar!

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 18/11 kl. **11:00** uppselt **og 12:15** uppselt.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, sun. 26/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, lau. 2/12 **kl. 13:00** uppselt, og **kl. 14:30** uppselt - aukasýning **kl. 16:00**, sun. 3/12 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 14:30** uppselt, lau. 9/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30 örfá sæti laus,** og **kl. 16:00**, lau. 16/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**, sun. 17/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna
SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur
Frumsýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR
STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá







**Fös. 17. nóv. kl.20** -nokkur sæti laus.
**Sun. 19. nóv. kl.20** -laus sæti
**Fim. 23. nóv. kl.20** -Næstsíðasta sýning!
**Fös. 24. nóv. kl.20** -Allra síðasta sýning!
“Frábær kvöldstund” Kópavogsblaðið
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

# Inngangur að rökfræði

Öldruð kona finnst myrt á heimili sínu í Oxford á Englandi. Arthur Seldom, prófessor í stærðfræði, mætir fyrstur á vettvang glæpsins eftir að hafa borist torræð orðsending, ásamt ungum argentínskum háskólanema sem leigði hjá fórnarlambinu. Fleiri morð eru framin í kjölfarið og fátt virðist tengja þau saman nema fleiri torskilin skilaboð. Brátt rennur það upp fyrir stærðfræðingnum að tengsl eru á milli ódæðanna og stærðfræðikenninga og hann þarf að beita allri sinni kunnáttu til að leysa gátuna.

Svo hljóðar söguþráður Ósýnilegra glæpa, óvenjulegrar spennusögu þar sem gátan liggur fremur í leiðinni að svarinu en hver framdi glæpinn. Í sjálfu sér er þetta lítt dulbúinn inngangur að stærðfræðilegri rökfræði, enda höfundurinn sjálfur menntaður á því sviði. Þeim sem ekki eru hneigðir til stærðfræði kann ef til vill að virðast það óárennileg uppskrift að spennandi glæpasögu; sá sem þetta skrifar leist til dæmis ekki á blikuna framan af þar sem hugtök á borð við rakhníf Ockhams og þversögn Wittgensteins um endanlega reglu voru kynnt til sögunnar. En það rætist úr; þegar á líður tekst Martínes að setja fræðin fram svo leikmenn þykjast skilja og við tekur þónokkuð skemmtileg hugarleikfimi. Höfundurinn notar hefðbundin efnistök spæjarasagnanna, stráir vísbendingum fyrir lesandann hér og þar, sumar eru villuljós eins og vera ber en aðrar sem láta minna yfir sér fljóta óséðar framhjá. Til þess er líka leikurinn gerður og minnir á að stundum er misráðið að telja einföldustu lausnina þá líklegustu.


GUILLERMO MARTINES

Það er ekki djúpt á persónusköpuninni en endirinn er hugvitssamlegur, kveikir nýtt ljós og kallar hálfpartinn á að maður lesi bókina aftur. Martínes notar tækifærið og kinkar meðal annarra kolli til Lewis Carroll, forvera síns. Ósýnilegir glæpir minnir líka óneitanlega á hina ágætu Skuggaleiki eftir José Carlos Somoza sem Bjartur gaf út fyrir fáum árum, einnig í þýðingu Hermanns Stefánssonar.

Því miður þarf að gera athugasemdir við frágang bókarinnar sem er ekki til fyrirmyndar. Iðulega vantar bandstrik í orð sem skiptast milli lína, á baki kápunnar er bókartitillinn rangur og kápan er vafin inn í smjörpappír, sem ósnertur virðist býsna snotur en rifnar við minnsta hnjask og verður lýti á bókinni.




**BÆKUR**
**Ósýnilegir glæpir**
Guillermo Martínes.
Þýðandi Hermann Stefánsson.
Bjartur
★★

Sérhæfð fræði framreidd þannig að leikmenn geti notið og úr verður fyrirtaks hugarleikfimi. Hroðvirkur frágangur rænir bókina hins vegar stjörnu.

Bergsteinn Sigurðsson

# Jólatónleikar Fíladelfíu

Jólatónleikar Fíladelfíu verða haldnir í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, 5. og 6. desember kl. 20 og kl. 22, bæði kvöldin. Flytjendur eru Gospelkór Fíladelfíu undir stjórn Óskars Einarssonar, Björgvin Halldórsson, Hera Björk, Maríanna Másdóttir, Þóra Gréta Þórisdóttir og Edgar Smári ásamt fjölda annarra einsöngvara. Umsjón tónleikanna er í höndum Hrannar Svansdóttur og Óskars Einarssonar. Flutt verða þekkt jólalög á íslensku ásamt nýju efni.

Um útsetningar og tónlistarstjórn sér Óskar Einarsson en hljómsveitina skipa að þessu sinni Óskar Einarsson, Jóhann Ásmundsson, Brynjólfur Snorrason, Hjalti Gunnlaugsson, Ómar Guðjónsson, Kjartan Valdimarsson og Gréta Salóme Stefánsdóttir. Hingað til hefur alltaf verið húsfyllir á jólatónleikum Fíladelfíu og færri fengið miða en vilja. Forsala miða hófst í gær í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu.

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verður sjónvarpað á aðfangadagskvöld og endurflutt síðar okkur til huggunar sem ekki komumst.


BJÖRGVIN HALLDÓRSSON SÖNGVARI

# Bófar fái ekki borgað

Bresk stjórnvöld undirbúa nú lagasetningu sem mun gera þeim kleift að gera upptækan allan ágóða sem glæpamenn kynnu að fá fyrir að deila sögu sinni með öðrum.

Samkvæmt drögunum mega þeir sem dæmdir hafa verið fyrir glæp ekki fá greitt fyrir að skrifa bækur um glæpi sína eða selja dagblöðum og forlögum. Þá verður þeim meinað að leika í myndum sem fjalla um afbrot þeirra eða veita ráðgjöf við kvikmyndagerð.

Lögin munu hins vegar aðeins ná til greiðslu fyrir frásagnir af afbrotunum sjálfum en ekki til dæmis fangavistarinnar eða annarrar refsingar sem þeir hljóta. Drögin voru samin í kjölfarið á því að upp komst um að dæmdur hryðjuverkamaður á Norður-Írlandi, Johnny „Mad Dog“ Adair, fékk háa fyrirframgreiðslu fyrir endurminningar sínar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ














RAGNHEIÐUR GRÖNDAL



JARVIS COCKER

### Í SPILARANUM

**Ragnheiður Gröndal** - Þjóðlög
**The Bycicles** - The Good, The Bad and the Cuddly
**Jarvis Cocker** - Jarvis
**Califone** - Roots & Crowns
**The Magic Numbers** - Those the Brokes

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Uppgjörsplata Ívars

Fyrsta plata Ívars Bjarklind, Blóm eru smá, er komin út. Á persónlegan hátt gerir Ívar þar upp líf sitt með fallegum lagasmíðum og innihaldsríkum textum.

Platan hefur að geyma átta popplög og eru þau öll með textum eftir Ívar. „Þetta eru lög sem ég byrjaði að búa til eftir að kláraði þessa Mír-plötu sem kom út 2003. Textarnir eru allir samdir meira á nálægu tímabili, enda heyrist það kannski svolítið á tilfinningunni á plötunni. Þetta er svolítil uppgjörsplata,“ segir Ívar, sem er fyrrverandi Íslandsmeistari í fótbolta með ÍBV og KR. „Ég ákvað, eftir að hafa farið í gegnum þá reynslu, að gefa út plötu með bandi og til þess að það gangi upp þurfa allir að vera í sama fílingi og nenna þessu. Ég hreinlega nennti ekki að vera stofna einhverja aðra hljómsveit enda finnst mér miklu betra að gera þetta einn.“



**ÍVAR BJARKLIND** Tónlistarmaðurinn Ívar Bjarklind hefur gefið út sína fyrstu plötu.

Orri Harðarson útsetur lögin og leikur á flest hljóðfæri. Aðspurður segir Ívar að samstarfið við Orra hafi verið frábært. „Við unnum mjög náið saman í þessu ferli og ég held að það sé af því að við erum svo miklir mátar. Það er æðislegt að vinna plötu með einum af sínum bestu vinum.“ -fb




**> Plata vikunnar**

Serena Maneesh - Serena Maneesh

★★★★

„Norðmenn sem kunna að spila rokkað „shoegaze“með miklu distortion, brjáluðum trommuleik, þungum bassa og daufkenndum harmóníum.“ SHA



## TÓNNINN GEFINN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Plata ársins lent?*

Fyrir tveimur vikum síðan skrifaði ég pistil hér á tónlistarsíðum Fréttablaðsins þar sem ég spurði eftir plötu ársins. Það verður að segjast nefnilega alveg eins og er að tónlistarárið 2006 hefur því miður valdið vonbrigðum. Engin plata hefur risið upp fyrir meðalmennskuna og skarað fram úr. Í vikunni kom hins vegar út plata sem væntanlega verður að finna á flest öllum topp tíu listum þegar árið verður gert upp.

Platan heitir Ys (borið fram íss) og er með hinni ofurkrúttlegu Joönnu Newsom. Joanna hefur enn ekki gefið út hvaðan hún fékk nafnið en auðvitað vonum við Íslendingar að hún hafi fengið það eftir komu sína hingað til lands fyrr á þessu ári. Þegar hún spilaði í Fríkirkjunni, ofurviðkvæm á stóru hörpuna sína, fengu gestir einmitt smjörþefinn af því sem koma skyldi en það var áberandi hversu vel nýju lögin hljómuðu.



**JOANNA NEWSOM** á tónleikum sínum í Fríkirkjunni.

Til liðs við sig á plötuna fékk Joanna líka einvala lið. Hún byrjaði á því að taka upp rödd sína og hörpuleik með engum öðrum en Steve Albini, sem hefur unnið með ekki ómerkari sveitum en Pixies, Nirvana, Godspeed You! Black Emperor, Low, PJ Harvey og Guided By Voices til þess að nefna fáar. Eftir þær upptökur hóf hún að vinna strengjaútsetningar með hinum goðsagnakennda Van Dyke Parks, sem meðal annars vann með Brian Wilsons að Smile og gaf einnig út eina dýrustu plötu allra tíma, Song Cycle, árið 1968. Joanna og Van Dyke unnu að útsetningunum í alls átta mánuði og voru þær teknar upp á segulband (analog). Til þess að brúa bilið milli Albini og Van Dyke var síðan Jim O'Rourke fenginn til þess að hljóðblanda plötuna. Jim þessi er þekktur fyrir að hafa verið meðal annars meðlimur í sveitunum Gastr del sol og nú nýlega Sonic Youth en hann hefur einnig unnið náið með listamönnum á borð við Stereolab, Tortoise, Wilco og Smog sem er einmitt eiginmaður Joönnu en hann syngur bakraddir í einu lagi plötunnar. Annar eins nafnalisti hefur því ekki sést í langan tíma. Snobbið nær samt ekki að yfirtaka plötuna sem er án efa ein sú fallegasta sem hljómað hefur í langan tíma.






# Er gullöldin að líða undir lok?

**Það hefur farið minna fyrir hiphop-tónlist á plötusölulistum í ár heldur en undanfarin ár. Nú eru hins vegar að koma út nýjar plötur með nokkrum af stærstu nöfnunum í rappinu. Vesturstrandarrapparinn The Game sendi frá sér plötu númer tvö, The Doctor's Advocate, nú í vikunni og í næstu viku koma nýjar plötur frá Snoop Dogg og Jay-Z. Trausti Júlíusson tók stöðuna.**



**THE GAME** Spjarar sig ágætlega án 50 Cent og Dr. Dre.

Undanfarin ár hafa mest seldu plöturnar vestanhafs verið hip-hop-plötur. Mest hefur farið fyrir Eminem og 50 Cent, en fleiri hafa náð að selja mjög vel. Árið 2006 hefur enn ekki skilað neinni hip-hop-metsöluplötu. Það gæti þó breyst þar sem nokkrar stórar útgáfur koma út þessa dagana. P. Diddy sendi nýlega frá sér plötuna Press Play sem fór beint á toppinn á Billboard-listanum og nú í vikunni kom út ný plata með The Game.

**Slettist upp á vinskapinn við Dr. Dre**

The Game heitir réttu nafni Jayceon Taylor og kemur frá hinu alræmda Compton-hverfi í Los Angeles. Hann sló í gegn með plötunni The Documentary sem kom út í fyrra. Fín plata sem var unnin undir stjórn Dr. Dre og 50 Cent. The Game (fékk í sig 5 byssuskot 2001) og 50 Cent (9 skot í kroppinn 2000) voru mestu mátar þangað til The Game neitaði að taka afstöðu með 50 í deilum hans við Nas, Jadakiss og fleiri rappara. Þá sparkaði 50 honum úr G-Unit klíkunni. Dr. Dre sem var maðurinn á bak við velgengni bæði 50 Cent og The Game fékk þá til að sættast, en The Game réði ekki við sig og hæddist að G-Unit (sem hann kallaði G-Unot) á tónleikum sumarið 2005. Þá fór Dr. Dre í fýlu og nýja platan, The Doctor's Advocate, er þess vegna gerð algerlega án hans aðstoðar.

**Ósvikið vesturstrandarrapp**

Þó að The Doctor's Advocate sé gerð án Dr. Dre þá er samt fullt af frægum upptökustjórum á henni, þ.á.m. Just Blaze, Scott Storch, Kanye West, will.i.am og Swizz Beatz. Og Nas, Snoop Dogg, Xzibit og Jamie Foxx eru á meðal gesta. The Game hefur flotta rödd og gott flæði, en hann hefur aldrei verið sérstaklega orðlipur. Textarnir eru frekar grunnir og einhæfir og fjalla aðallega um tíkur og krónik. Tónlistin er hins vegar ósvikið vesturstrandarrapp, hæfilega G-fönk skotin og dansvæn. Ekki alveg jafn vel heppnuð plata og The Documentary, en fín samt. Eins og margir muna þá sat The Game á hrúgu af bíldekkjum framan á umslaginu á The Documentary. Hann situr líka á dekkjahrúgu framan á nýju plötunni. Hvað ætli sé málið með þessi bíldekk?

**Jay-Z hættir við að hætta**

New York rappkóngurinn Jay-Z tilkynnti eins og kunnugt er að hann væri hættur að búa til tónlist eftir gerð The Black Album árið 2003. Hann ætlaði að einbeita sér að því að stýra Def Jam útgáfunni og fatamerkinu Rocawear (sem velti 300 milljónum dollara 2004). Hann gat hins vegar ekki haldið sig frá tónlistinni og ný plata með honum, Kingdom Come, er væntanleg í næstu viku. Jay-Z er einn af færustu röppurum sögunnar. Hann er frægur fyrir það að skrifa aldrei rímurnar sínar niður á blað. Hann geymir þær í hausnum og svo rennur snilldin upp úr honum þegar á þarf að halda.



**JAY Z** Kóngurinn gat ekki haldið sig frá tónlistinni.

Dr. Dre, Just Blaze, Kanye West, The Neptunes og Swizz Beatz eru á meðal upptökustjóra á Kingdom Come og Pharrell, Usher, Beyoncé og John Legend á meðal gesta. Ekkert af þessu kemur sérstaklega á óvart. Það gerir hins vegar söngvarinn í síðasta laginu: Chris Martin. Það er margt mjög flott á Kingdom Come. Ekki samt lokalagið.

**Snoop, Nas og Eminem með nýjar plötur**

Og það er von á fleiri stórum hip-hop-plötum á árinu. Snoop er með nýja plötu í næstu viku, nýju Nasplötunni hefur verið frestað, en hún á samt að koma í desember og svo kemur ný plata frá Eminem, The Re-Up, 4. desember. Það er mix-plata unnin af DJ Whoo-Kid með fullt af nýju Eminem-efni...

# Queen hefur selt mest allra

Hljómsveitin Queen á mest seldu plötu allra tíma í Bretlandi, safnplötuna Greatest Hits sem kom út árið 1981. Alls hefur platan selst í rúmlega 5,4 milljónum eintaka þar í landi.

Queen skákar þar með þekktum plötum á borð við Sgt. Pepper´s Lonely Hearts Club Band með Bítlunum og (What´s the Story) Morning Glory sem lentu í næstu sætum á eftir. Athygli vekur að sjöunda söluhæsta platan er önnur safnplata Queen, Greatest Hits II, sem hefur selst í rúmum 3,6 milljónum eintaka.

Hljómsveitin Queen er þekkt fyrir slagara á borð við Bohemian Rhapsody og We Will Rock You. Söngvari sveitarinnar, Freddie Mercury, lést á síðasta áratug úr alnæmi.

Meðal þekktranafna sem komust ekki á listann yfir hundrað söluhæstu plöturnar voru Bob Dylan, The Rolling Stones og The Sex Pistols.

Robbie Williams á aftur á móti sex plötur á listanum og Oasis, Michael Jackson og Celine Dion þrjár hver.

**TOPP TÍU:**

| | |
|---|---|
| 1. Greatest Hits - Queen | 5,407,587 eintök |
| 2. Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band - Bítlarnir | 4,811,996 |
| 3. (What's The Story) Morning Glory? - Oasis | 4,314,715 |
| 4. Brothers In Arms - Dire Straits | 3,956,704 |
| 5. Gold - Abba: | 3,943,950 |
| 6. The Dark Side Of The Moon - Pink Floyd | 3,781,993 |
| 7. Greatest Hits II - Queen | 3,644,619 |
| 8. Thriller - Michael Jackson | 3,578,107 |
| 9. Bad - Michael Jackson | 3,554,301 |
| 10. The Immaculate Collection - Madonna | 3,402,160 |



**QUEEN** Freddie Mercury og félagar í Queen áttu vinsæl lög á borð við Bohemian Rhapsody og We Will Rock You.

## > Lög vikunnar

**Islands – Humans**

*Smá upprifjun frá frábærum tónleikum á Airwaves.*



**Dilana – Roxanne**

*Gott ef Magni okkar spilar ekki á gítar þarna.*

**Neil Diamond – Hell Yeah**

*Eftirminnilegt lag af einni af plötum ársins.*



**Muse – Knights of Cydonia**

*Líklegast hápunkturinn af Blackholes & Revelations.*

**The Shins – Australia**

*Frábært lag. Af plötunni sem kemur út eftir áramót.*



## NÝJAR PLÖTUR

**Tómas R. Einarsson - Rommtommtomm**

★★★★

„Rommtommtomm er notalegt ferðalag um kúbverska og latneska tónlist þar sem fararstjórinn Tómas R. Einarsson slær varla feilnótu."

FGG

**Dýrðin – Dýrðin**

★★★

„Þó að í tónlist Dýrðarinnar sé ekkert nýtt að finna þá er þessi fyrsta plata sveitarinnar frískleg og skemmtileg popp-pönk plata."

TJ

**Regína Ósk – Í djúpum dal**

★★

„Í djúpum dal er vel unnin og fátt út á vinnsluna að setja. Hún er hins vegar tilþrifalítil og ekki til þess fallin að stækka aðdáendahóp söngkonunnar."

FGG

**Biggi – Id**

★★★

„Þótt lögin séu misjöfn að gæðum er heildarsvipurinn á Id nokkuð sterkur. Persónuleg og áhugaverð plata sem sýnir að Biggi er búinn að ná góðu valdi á rafpoppinu."

TJ

**Deftones – Saturday Night Wrist**

★★★

„Deftones stendur enn sem ein besta harða rokkhljómsveit dagsins í dag og hefur enn ekki tekið feilspor."

SHA

**Laibach – Volk**

★★★

„Á Volk eru útgáfur slóvensku ofursveitarinnar af fjórtán þjóðsöngvum. Platan er misjöfn að gæðum, en hugmyndin á bak við hana er ósvikin Laibach hugmynd."

TJ

**Lay Low – Please Don't Hate Me**

★★★

„Lay Low stimplar sig vel inn með vönduðu blús-kántríi sem ætti að falla vel í kramið hjá flestum. Depurðin í textunum gefur tónlistinni enn þá meiri vigt."

FB

**Magga Stína – Magga Stína syngur Megas**

★★★★

„Velheppnuð plata sem festir Möggu Stínu í sessi sem frábæran túlkanda á lögum og textum Megasar."

TJ

**Hildur Vala – Lalala**

★★

„Lalala kemur fáum á óvart og lögin lifa sennilega fram yfir jól, ekki mikið lengur en það og fyrir vikið er Lalala því bara ágætis dægurfluga."

FGG

**Hafdís Huld – Dirty Paper Cup**

★★★

„Dirty Paper Cup er vel unnin poppplata sem virkar ágætlega án þess að vera frumleg eða afgerandi."

TJ




fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is

# Stormurinn siglir lygnan sjó

Veðurfræðingurinn rómaði Sigurður Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, flytur reglulega veðurfréttir í morgunþættinum Ísland í bítið, en þar hefur Krakkaveðrið nýlega bæst við venjulega veðurspá. Vakti það athygli fólks í gærmorgun þegar Sigurður tók það sérstaklega fram að krakkafígúrurnar sem birtast á skjánum séu af báðum kynjum.



Aðspurður hvort hann hafi séð sig nauðbeygðan til að vekja athygli á þessu vegna nýlegrar umræðu um ójafna kynjaskiptingu á umferðarljósum borgarinnar hló Siggi við. „Það fór nú smá umræða í gang hérna þegar við vorum að byrja,“ sagði Siggi. „Í upphafi ræddum við að hafa einhverjar kynlausar verur, en það varð ofan á að hafa bæði stelpur og stráka í þessu. Svo reyndum við að sýna smá mun á kynjunum. Stelpurnar eru með síðara hár og meiri roða í kinnum,“ sagði Siggi, en bætti því við að honum hefði fundist full ástæða til að benda á að bæði kynin ættu fulltrúa í krakkaveðurspánni, sem vakið hefur mikla lukku.

Siggi sagðist vera í stökustu vandræðum með að nefna fígúrurnar. „Ég lýsi bara eftir ábendingum,“ sagði Siggi hlæjandi, en hann tekur á móti uppástungum á siggistormur@365.is. Siggi kvaðst enn hafa áhyggjur af unglingunum, og því gæti allt eins verið von á unglingaveðri á skjáinn.

-sun



**SIGGI STORMUR** Vekur athygli á að fígúrur í Krakkaveðri séu af báðum kynjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# BUBBI 06.06.06




Fiton/SÍA F1019020

## Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD.
Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1**.

Verið velkomin í næstu verslun.
Vodafone

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone


# Berjast fyrir að fá að halda brúðkaup í friði

**Frægu pörin sem vilja láta gefa sig saman við hátíðlega athöfn neyðast oftast til að gera miklar öryggisráðstafanir ef þau vilja halda hjónavígslunni fyrir sjálf sig.**



**EFTIRSÓTT AF FJÖLMIÐLUM** Brúðkaup Tom Cruise og Katie Holmes hefur sett allt á annan endann í Róm. Tugir öryggisvarða munu sennilega varna ljósmyndurum inngöngu.

Lætin í kringum Tom Cruise og Katie Holmes eru engin nýmæli, langt frá því. Þótt hundruð blaðamanna og ljósmyndara séu nú í Róm til að fylgjast með hverju skrefi hjónaleysanna er nokkuð víst að allt verði gert til að halda fjölmiðlum frá vígslunni sjálfri sem verður á morgun. Cruise ætti enda að hafa efni á því að borga nokkrum tugum starfsmanna fyrir að gæta öryggis þessarar frægu þriggja manna fjölskyldu sem sett hefur allt á annan endann í höfuðborg Ítalíu.

**Lögsóknir og málaferli**

Eitt vinsælasta myndefni slúðurblaðanna eru Catherine Zeta Jones og Michael Douglas og þeir voru ófáir paparazzar sem gældu við það að ná myndum af hjónavígslu þeirra á New York Plaza. Leikarahjónin gerðu vissulega allt til að gæta öryggis síns en allt kom fyrir ekki. Ljósmyndari glanstímaritsins Hello! komst inn þó að gestir brúðkaupsins þyrftu að framvísa sérstökum rafrænum boðskortum. Myndirnar voru síðan birtar á síðum blaðsins með þeim afleiðingum að parið fór í mál við blaðið. Málaferlin og réttarhöldin stóðu yfir í þrjú ár og lauk með sigri Douglas og Jones sem fengu hátt í tvær milljónir íslenskra króna í skaðabætur auk hluta af þeim gróða sem fékkst fyrir sölu á blaðinu.

David og Victoria Beckham lentu í álíka vandræðum þegar ljósmyndari götublaðsins The Sun komst óséður í brúðkaupið þeirra og birti blaðið myndirnar á forsíðu sinni. Knattspyrnukappinn og Kryddstúlkan fyrrverandi urðu að aðhlátursefni víða um heim þar sem skreytingarnar í veislusalnum þóttu meira en lítið hallærislegar; fjólubláar krónur og skúlptúrar gerðir úr ís. Hvorki Beckham né Douglas-hjónin þurftu hins vegar að kljást við þyrlur líkt og Sean Penn og Madonna gerðu árið 1985 þegar þau giftu sig á Malibu-ströndinni. Vafalítið hefur hatrömm og blóðug barátta leikarans skapstóra við paparazzi-ljósmyndara eflt þá til dáða.

**Góð ráð en dýr**

Fjölmiðlar fá hins vegar ekki alltaf sínu framgengt og stundum sjá stjörnurnar við þeim. Þegar Brad Pitt og Jennifer Aniston giftu sig keyptu þau flugréttinn yfir svæðinu þannig að þyrlur eða önnur loftför gátu ekki sveimað yfir þeim og öðrum frægum gestum þeirra. Madonna hafði jafnframt lært af reynslunni þegar hún gekk að eiga breska leikstjórann Guy Ritchie í Skotlandi árið 2000. Öryggisverðir notuðu hitaskynjara til að finna hugsanlegar boðflennur sem virtist virka því í þá tvo daga sem veisluhöldin stóðu yfir urðu hjónin ekki fyrir átroðningi ljósmyndara eða annarra óæskilegra gesta.

Knattspyrnukappinn Ashley Cole og Cheryl Tweed, söngkona Girls Aloud, beittu gömlu en góðu bragði þegar þau villtu um fyrir fjölmiðlum og sögðust ætla að giftast í Highclere-kastalanum í Berkshire. Fjölmiðlar bitu á agnið og héldu þangað en Cole og Tweed nutu hins vegar næðisins sem þau fengu í Wrotham-kirkjunni í Herefordskíri. Þessar blekkingar hafa hins vegar ekki alltaf virkað því þótt Paul McCartney og Heather Mills hefðu á sínum tíma haldið stóra deginum leyndum og beðið sína nánustu um að taka ákveðinn dag frá þá stóðst 84 ára gamall eigandi írsks kastala ekki mátið og stærði sig af því að bítilinn fyrrverandi hygðist eiga sína heittelskuðu hjá sér.

Söngkonan Barbra Streisand er hins vegar sú stjarna sem er hvað mest annt um einkalíf sitt. Þegar hún gekk að eiga núverandi eiginmann sinn, James Brolin, voru gestir ferjaðir í svörtum sérútbúnum bílum með litað gler. Háværri rokktónlist var síðan beint að fjölmiðlafólki og kösturum beitt til að blinda hvern þann ljósmyndara sem dirfðist að nálgast lóðina þeirra.

- fgg



**ÖLLUM BRÖGÐUM BEITT** Barböru Streisand er mjög annt um einkalíf sitt og gerði allt til að halda ljósmyndurum frá þegar hún gifti sig.

**HITASKYNJARAR GERÐU SITT GAGN** Madonna lét öryggisverði sína passa upp á að fjölmiðlar kæmust ekki í tæri við sig né manninn sinn, Guy Ritchie, þegar þau giftu sig.

**SLÆMT FYRIR ÍMYNDINA** Þegar ljósmyndari The Sun komst inn í salinn brá honum heldur í brún því skreytingarnar voru frekar hallærislegar.

**KEYPTU SÉR LOFTHELGI** Jennifer Aniston og Brad Pitt létu banna alla flugumferð um Malibu-ströndina þegar þau giftu sig.

# Sacha Baron felur sig á bak við Borat

Sacha Baron Cohen, sem leikur fréttamanninn umdeilda Borat í nýrri gamanmynd, segist ekki geta komið sjálfum sér eða öðrum í vandræðalega aðstöðu ef hann væri ekki að leika persónu.

„Maður getur falið sig á bak við persónurnar og gert hluti sem manni sjálfum finnst erfitt að gera,“ sagði Cohen.

Hann hefur verið gagnrýndur fyrir fordóma gegn gyðingum en Cohen er sjálfur gyðingur. „Með því að tala gegn gyðingum fær ég fólk til að afhjúpa sig og greina frá fordómum sínum,“ sagði hann.

Myndin Borat hefur slegið rækilega í gegn um allan heim en margir hafa engu að síður gagnrýnt Baron fyrir að láta í ljós hina ýmsa fordóma.



**SACHA BARON COHEN** Leikarinn vinsæli hefur verið gagnrýndur fyrir nýjustu mynd sína, Borat.

# Brjálaður Bond í golfi

Sir Michael Caine segist hafa óttast um líf sitt þegar hann fór í golf með góðvini sínum og gamla Bond-leikaranum Sean Connery. Félagarnir léku saman í kvikmyndinni The Man who would be King árið 1975 og tókst þá góður vinskapur með þeim, en sir Caine viðurkennir að honum hafi verið stefnt í voða á golfvellinum. Leiðbeiningar Connerys í íþróttinni hafi nefnilega krafist mikils líkamlegs styrks og liðleika sem Caine segist ekki búa yfir. „Sean reyndi að kenna mér golf og ég hugsaði með sjálfum mér að nú dræpi hann mig,“ sagði Caine en frá þessu er greint á vefsíðunni contactmusic.com. „Ég sagði við hann að þetta gæti líkami minn ekki gert en óttaði mig á því að þetta gæti verið mitt síðasta enda Connery mikill skaphundur,“ útskýrði Caine. „Hann brýtur golfkylfur án þess að hika,“ bætti Caine við og sagði að þegar hann hefði spurt Connery hvers vegna í ósköpunum hann stundaði þessa íþrótt hefði ekki staðið á svarinu. „Til að slappa af.“



**SEAN CONNERY** Þykir liðtækur golfari enda frá heimalandi íþróttarinnar, Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY IMAGES



**MICHAEL CAINE** Óttaðist um líf sitt þegar hann fór í golf með Connery.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn heimsfrægi steig á svið í fyrsta sinn síðan hann var sýknaður af ákæru um kynferðislega misnotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Baulað á Jackson

Tónlistarmaðurinn Michael Jackson, sem eitt sinn kallaði sig konung poppsins, söng hluta af laginu We Are The World þegar Heimstónlistarverðlaunin voru afhent í London. Jackson söng aðeins tvö viðlög ásamt fimmtíu manna kór og eftir það fleygði hann jakka sínum til áhorfenda.

Þetta var í fyrsta sinn sem Jackson steig á svið síðan hann var sýknaður af ákærum um kynferðislega misnotkun. Tvívegis var baulað á Jackson. Fyrst þegar hann mætti til athafnarinnar án þess að heilsa aðdáendum sínum sem höfðu beðið í margar klukkustundir eftir honum fyrir utan húsið og aftur þegar hann yfirgaf sviðið og hann tók á móti heiðursverðlaunum sínum án þess að syngja Thriller eins og búist hafði verið við. Jackson þakkaði aðdáendum sínum þegar hann tók á móti verðlaununum. „Ég elska ykkur. Guð hefur svarað mínum bænum. Thriller er nú mest selda plata allra tíma með 140 milljónir seldra eintaka. Ég elska alla aðdáendur mína af öllu hjarta.“



**ROLLING STONES** Breska rokksveitin átti tónleikaferð ársins og dró til sín tæplega tvær milljónir aðdáenda.

# Stones á toppnum

Tónleikaferð rokkhundanna í The Rolling Stones, Bigger Bang, hefur verið valin tónleikaferð ársins af bandaríska tónlistartímaritinu Billboard. Byggðist valið á aðsóknartölum og því hversu mikið tónleikaferðin þénaði.

Hljómsveitin halaði inn tæplega sextán milljarða króna á tímabilinu 1. desember 2005 til 29. september 2006. Alls sóttu tæplar tvær milljónir aðdáenda tónleika Stones víðs vegar um heiminn.

Söngkonan Madonna hlaut einnig verðlaun fyrir metsölutónleika sína á Wembley Arena í London sem alls voru átta talsins.




# Brjálað stuð á Basshunter á Broadway

Í vikunni var haldið ball fyrir grunn- og framhaldsskólanema á Broadway af útvarpsstöðinni Flass 104,5. Hápunktur kvöldsins var þegar plötusnúðurinn Basshunter steig á svið ásamt dönsurum. Basshunter hefur gert allt vitlaust í Evrópu með lögunum Boten Anna og Vi sitter i ventrilo och spelar Dota. Fjölmenni var mætt til að dilla sér á dansgólfinu á Broadway og af myndunum að dæma virtust allir skemmta sér hið besta.



**SVIÐSFRAMKOMA** Basshunter kom sterkur inn með flottum sporum uppi á sviði. FRÉTTBLAÐIÐ/DANÍEL



**BRJÁLAÐ DANSGÓLF** Eins og þessi mynd sýnir var fullt út úr dyrum á Broadway og greinilegt að Basshunter á fjöldann allan af aðdáendum hér á landi.



**DANISNN DUNAR** Mörg skemmtileg spor voru tekin á dansgólfinu og virtust þessar vinkonur ekki vera neinir nýgræðingar á dansgólfinu.



**TVEIR Í STUÐI** Þessir félagar ætluðu sko alls ekki að láta þetta ball framhjá sér fara.



**USSSSSS** ...? Þessar vinkonur mættu í sínu fínasta pússi.



**ANGELINA JOLIE** Sést hér ásamt syni sínum Maddox en hún freistar þess að láta dóttur sína Shiloh Nouvel Jolie-Pitt sitja fyrir og láta féð ganga til góðgerðamála.

# Shiloh verður fyrirsæta

Shiloh Nouvel Jolie-Pitt hefur fengið fyrirsætutilboðin í hrönnum enda ekki skrýtið þar sem foreldrar hennar eru eitt fallegasta par í heimi, Angelina Jolie og Brad Pitt. Það freistar Angelinu Jolie að taka þessum tilboðum og láta allt féð ganga til góðgerðamála en pabbinn er ekkert of hrifinn af hugmyndinni enda hefur barninu verið haldið fyrir utan fjölmiðla af bestu getu.

Þau Angelina og Brad virðast reyndar ekki geta komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut þessa dagana. Fyrir skemmstu var það upplýst að Brad vildi ólmur eignast fleiri börn. Hann vill gera það á hefðbundinn hátt en Angelina heimtar að þau ættleiði að minnsta kosti eitt barn til.


SALA HEFST Á MIÐNÆTTI!

Öldungurinn, nýja bókin um Eragon, kemur í Eymundsson Smáralind á miðnætti í kvöld. Fyrstu 20 kaupendurnir fá bókina á 990 krónur en annars er veittur 25% afsláttur.

Hundrað fyrstu fá miða á Eymundsson-forsýningu á stórmyndinni um Eragon.




JPV ÚTGÁFA JPV.IS

Eymundsson BÓKSALI FRÁ 1872


# Heim til mömmu

Britney Spears stendur í ströngu þessa dagana enda nýorðin tveggja barna móðir og stendur í skilnaði við hinn misheppnaða tónlistarmann Kevin Federline. Hún hefur því flutt inn á móður sína sem býr í Louisiana með syni sína tvo, hinn eins árs gamla Sean Preston og hinn átta vikna Jayden James.

Skilnaðurinn gæti reynst Britney erfiður þar sem Federline fer fram á forræði yfir börnum þeirra og háar fjárupphæðir.



**BRITNEY SPEARS** Gerir nú eins og flestir gera þegar eitthvað bjátar á og er flutt inn á móður sína.

# Justin hjálpar Duran

Söngvarinn Justin Timberlake þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af nýjustu plötu sinni „Futuresex/lovesounds" en hún selst í bílförmum þessa dagana. Í stað þess hefur kappinn ákveðið að hjálpa gömlum stjörnum en hann útsetur næstum öll lögin á nýrri plötu hljómsveitarinnar Duran Duran.

Samkvæmt söngvara hljómsveitarinnar, Simon Le Bon, eru það margir frægir framleiðendur sem vilja vinna með þessari gömlu hljómsveit en auk Justins vinnur hinn þekkti Timbaland einnig að plötunni. Það verður því forvitnilegt að sjá þessa endurkomu Íslandsvinanna.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Þarf ekki að hafa áhyggjur af sinni eigin plötu, þess í stað vinnur hann að nýrri plötu Duran Duran.




Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

FROST EVENTS BYLGJAN 989 & ICELANDAIR

kynna með stolti



**Eleftheria Arvanitaki**
**Suð-Austur Evrópa**
Ein þekktasta söngkona í Suður- og Austur Evrópu og margverðlaunuð. Hefur gefið út sautján sólóplötur sem allar hafa farið í platinum sölu

**Patricia Bardon**
**Vestur Evrópa**
Yngsti verðlaunahafi hinnar víðfrægu Cardiff óperusöngkeppni – Singer of the world. P. Bardon er rísandi stjarna í óperuheiminum og kemur fram í mörgum af helstu óperuhúsum heims á þessu ári

**Sissel Kyrkjebø**
**Norður Evrópa**
Án vafa ein alvinsælasta söngkona norðurlandanna og óþarft að kynna. Hefur sungið með mörgum af helstu listamönnum heims, m.a. Celine Dion, Placido Domingo, Sting, Moby og Jose Carreras

**Eivør Pálsdóttir**
**Rísandi stjarna Evrópu**
Sjarmerandi sviðframkoma og seiðandi rödd Eivarar hefur gert hana að sannri stjörnu í heimalandi sínu, Færeyjum sem og á Íslandi. Nafn hennar fer óðum vaxandi víða um lönd

**Ragnhildur Gísladóttir**
**Ísland**
Óvenjuleg rödd Ragnhildar og einstakir sönghæfileikar hafa fest hana í sessi sem eina bestu söngkonu landsins og kynnum við hana með stolti sem fulltrúa Íslands í ár

**ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.**

The European Divas

# Frostroses 2006

## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR
### Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI
### 5. DESEMBER KL. 21:00

Alstærstu jólatónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi og einn viðamesti tónlistarviðburður síðustu ára.

Lokatónleikar Íslensku dívanna sem haldnir voru í fyrra slógu Íslandsmet í aðsókn og nú er verkefnið margfaldað að stærð og umfangi svo búast má við miklu sjónarspili í Höllinni sem færð verður í veglegan jólabúning. Fram koma um 200 manns á risasviði sem verður með því glæsilegasta sem sést hefur hér á landi.



Gestasöngvari:
**Jóhann Friðgeir**

Sérstakur heiðursgestur:
**Petula Clark**
Hin eina sanna díva Evrópu og vinsælasta söngkona Bretlands og Frakklands frá upphafi. Hefur selt yfir 70 miljónir platna og hlotið fjölda verðlauna, þ.á.m. tvenn Grammyverðlaun

# Miðasala hefst í dag, föstudag kl. 10:00!

Miðasalan fer fram á www.frostid.is og í verslunum Skífunnar. Einnig er hægt að nálgast miða í verslunum BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum - Nánari upplýsingar á www.frostid.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 2, 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 2, 5, 8 og 11 |
| SKÓGARSTRÍÐ | kl. 2 og 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| BORAT | kl. 6, 8, 10 og 12 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5.30, 8.30 og 11.20 B.I. 14 ÁRA |
| BORAT | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 6 |
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| FEARLESS | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 6 |
| BORAT | kl. 10 og 12 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað






**CHRISTINA AGUILERA** Hefur tekið að sér hlutverk í sakamálaþáttunum vinsælu CSI.

# Aguilera leikur í CSI

Söngkonan fræga Christina Aguilera mun koma fram í sjónvarpsþáttunum CSI á næstunni. Aguilera er mikill aðdáandi þáttanna og mun hún leika konu sem verður fyrir misnotkun. Þetta er hlutverk sem söngkonan getur vel komið sér inn í því Aguilera hefur lýst því yfir í mörgum viðtölum að hún hafi verið fórnarlamb ofbeldis þegar hún var ung.

Söngkonan fetar hér með í fótspor fyrrverandi maka stallsystur sinnar Britney Spears, Kevins Federline, sem einnig hefur komið fram í þáttunum.







# Hvað varð um Sykurmolana?

Hljómsveitin Sykurmolarnir kemur saman í fyrsta sinn í fjórtán ár á tónleikum í Laugardalshöll í kvöld í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því að fyrsta smáskífa sveitarinnar, Ammæli, kom út. Þegar skífan kom út í Bretlandi fór hún beint á toppinn á óháða vinsældalistanum. Með því hófst farsæll ferill Sykurmolanna og plötuútgáfunnar Smekkleysu undir slagorðinu „heimsyfirráð eða dauði“. Fullskipuð kom hljómsveitin síðast fram á tónleikum 18. nóvember 1992.

Eftir að Sykurmolarnir lögðu upp laupana hafa liðsmenn sveitarinnar sinnt ýmsum hugðarefnum, sem flest hafa þó tengst tónlist á einhvern hátt. Fréttablaðið rifjar upp í stuttu máli feril þeirra Bjarkar, Einars Arnar, Braga, Margrétar, Sigtryggs og Þórs.

**Sigtryggur Baldursson:** Sigtryggur lagði trommukjuðana til hliðar og stofnaði flestum að óvörum sambasveitina Milljónamæringana í gervi Bogomils Font við miklar vinsældir. Átti Bogomil endurkomu í sumar með hljómsveitinni Flís á plötunni Bananaveldið. Sigtryggur er einnig í slagverksdúettnum Steintryggi ásamt Steingrími Guðmundssyni, auk þess sem hann hefur trommað inn á fjölda platna fyrir aðra tónlistarmenn.

**Margrét Örnólfsdóttir:** Hljómborðsleikarinn Margrét hélt áfram að starfa að tónlist og hefur meðal annars samið tónlist fyrir kvikmyndir, leikhús og sjónvarpsþætti, þar sem börn hafa verið aðalmarkhópurinn. Samdi hún tónlistina og skrifaði handritið, ásamt Sjón, að söngvamyndinni Regínu auk þess sem hún hefur verið með útvarpsþætti á Rás 1. Jóladagatalið og þýðingar á teiknimyndum hafa einnig komið við sögu á farsælum ferli hennar.



**Bragi Ólafsson:** Bassaleikarinn knái ákvað að einbeita sér að ritstörfum og hefur fengið góða dóma fyrir flestar bækur sínar, þar á meðal Samkvæmisleiki, Hvíldardaga og Gæludýrin. Nýjasta bók hans nefnist Sendiherrann. Bragi hefur einnig gefið út ljóðabækur við góðan orðstír. Má telja Braga einn virtasta rithöfund Íslendinga í dag.

**Björk Guðmundsdóttir:** Söngkonan magnaða hóf sólóferil í London með því að gefa út plötuna Debut. Hún sló umsvifalaust í gegn úti um allan heim og hefur gefið út fjölda platna síðan þá, sem hafa flestar hverjar hlotið mjög góða dóma gagnrýnenda. Björk, sem er fyrir löngu orðin heimsþekkt stjarna, fékk nóg af slúðurpressunni í London og flutti til New York ásamt eiginmanni sínum, listamanninum Matthew Barney.

**Þór Eldon:** Gítarleikari Sykurmolanna og barnsfaðir Bjarkar Guðmundsdóttur stofnaði hljómsveitina Unun ásamt Dr. Gunna og söngkonunni Heiðu. Gaf sveitin út mörg vinsæl lög, þar á meðal Lög unga fólksins, og var nálægt því að ná vinsældum úti í hinum stóra heimi þegar hún hætti störfum. Þór hefur starfað fyrir Smekkleysu í gegnum árin en hefur látið lítið að sér kveða á tónlistarsviðinu undanfarin ár.

**Einar Örn Benediktsson:** Eftir að hafa sungið við hlið Bjarkar í Sykurmolunum gaf hann út plötuna The Second Coming ásamt Hilmari Erni undir nafninu Frostbite. Hann samdi tónlistina fyrir kvikmyndina 101 Reykjavík ásamt Damon Albarn og nokkru síðar stofnaði hann Ghostigital ásamt Curver. Hefur sveitin vakið töluverða athygli fyrir ágenga og tilraunakennda tónlist sína. Einar hefur starfað fyrir Smekkleysu auk þess hann stjórnaði eitt sinn vinsældalista X-ins á sinn sérstæða hátt.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SCANNER DARKLY | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 9 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 5 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 7 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 9 - 10:10 - 12 | B.i.16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | | THE LAST KISS | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i.12 |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | DIGITAL |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4:15 - 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 6 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 7 - 10 | B.i. 12 |
| OPEN SEASON M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| BORAT | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| VEGGIE TALES M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




# Þrumufleygurinn Craig

**KVIKMYNDIR**

**Casino Royale**

Leikstjóri: Martin Campbell
Aðalhlutverk: Daniel Craig, Eva Green, Mads Mikkelsen, Judi Dench.

★★★★

Bond er kominn aftur með látum og hefur aldrei verið betri. Það þarf að leita allt aftur til From Russia With Love til þess að finna jafningja Casino Royale.

Breskir gagnrýnendur kalla Casino Royale Bond Begins og það er síður en svo galið og segir margt um þessa tuttugustu og fyrstu mynd um James Bond. Myndin er gerð eftir fyrstu skáldsögu Ians Flemming um Bond og hverfur því aftur til upphafsins og fjallar um fyrsta verkefni hans hjá bresku leyniþjónustunni sem 007. Þar fyrir utan vísar uppnefnið beint í Batman Begins en sú mynd reif Leðurblökumanninn upp úr lægð og gerði hann aftur að ofurhetju sem mark er takandi á.

Casino Royale gerir nákvæmlega það sama fyrir Bond, sem stendur nú aftur traustum fótum sem harðasti erkitöffari afþreyingarmenningarinnar eftir nokkur mögur ár. Pierce Brosnan fór bratt af stað í Goldeneye árið 1995 en tvær síðustu myndir hans runnu út í dellu með þeim afleiðingum að James Bond var orðinn að hálfgerðum kettlingi í samanburði við nýja jaxla sem gengu vasklegar og af meiri ruddaskap fram í baráttu sinni við illþýði.

Það var því tímabært að skipta um mann og allar efasemdir harðra Bond aðdáenda um að Daniel Craig væri rétti maðurinn í hlutverkið hljóta að þagna um leið og fólk sér myndina þar sem hér er einfaldlega komin besta Bond-myndin frá upphafi. Craig ruslar þessu upp með miklum glæsibrag og klofar auðveldlega yfir George Lazenby, Roger Moore, Timothy Dalton og Pierce Brosnan og stillir sér upp við hlið Seans Connery. Alvöru Bondarnir eru nú orðnir tveir. Þar fyrir utan tekur hann nýja töffara á borð við Jack Bauer og Jason Bourne eins og kettlinga og pakkar þeim saman með slíkum ósköpum að enginn þarf að efast um að öflugasti útvörður hins frjálsa heims í stríði við alþjóðlegan hryðjuverkaskríl er fulltrúi bresku krúnunnar.

Það er ekki nóg með að það sé skipt um mann í aðalhlutverkinu heldur tekur myndabálkurinn algera stefnubreytingu með Casino Royale. Öll bulli og fíflagangi er hent út og Bond hefur aldrei verið jarðbundnari. Slagsmála- og áhættuatriði eru óvenju sannfærandi og harkaleg, afleiðingar ofbeldisins áþreifanlegar og Bond kemur fram sem tilfinningavera sem þjáist bæði á líkama og sál.

Handritið er einnig miklu betra en Bond-aðdáendur eiga að venjast og þó nokkur mikilvæg lykilatriði úr skáldsögunni fá að halda sér og renna styrkum stoðum undir þennan nýja Bond sem rís eins og klettur upp af gömlum grunni.

Sagan er bæði spennandi og áhugaverð og þó nokkrum tíma sé eytt yfir pókerspili rígheldur myndin dampi og spennan er keyrð upp yfir spilunum ef eitthvað er. Samtöl persónanna eru á köflum stórskemmtileg og tilsvörin eiga mörg hver eftir að komast í annála enda hefur húmorinn aldrei verið kaldari og Craig skilar textanum með hárbeittum töffaraskap.

Þessi nýi Bond fer fram úr björtustu vonum og ekki spillir fyrir að hörkuleikarar styðja vel við bakið á honum. Judi Dench er sem fyrr frábær senuþjófur í hlutverki yfirboðarns M og Mads Mikkelsen skilar fyrirtaks skúrki sem er mannlegri og hættulegri en margur forverinn.

**Þórarinn Þórarinsson**

# Einfalt og hrífandi gospel

Páll Óskar Hjálmtýsson, Eiríkur Hauksson og Margrét Eir syngja saman gospelsálma á nýrri plötu frá útgáfufyrirtækinu Frost sem nefnist Horfðu til himins.

Sinfóníuhljómsveitin í Bratislava leikur undir á plötunni ásamt Stjörnukór og mörgum af fremstu tónlistarmönnum Íslands. Mikið var lagt í útsetningar og textagerð og eru mörg laganna nú sungin í fyrsta sinn á íslensku.

Eiríkur Hauksson segist aldrei hafa sungið gospeltónlist áður en komist nálægt því í Noregi fyrir nokkrum árum. „Það var í nostalgíubandi sem heitir Aunt Mary þar sem ég spilaði á bassa og söng um tveggja ára skeið. Við héldum síðan tvenna stóra tónleika í samvinnu við norskan gospelkór," segir Eiríkur. „Ég hef alltaf voðalega gaman af að prófa eitthvað nýtt og þetta hljómaði vel, gospelfílingur með sinfóníuhljómsveit. Ég hef um árin haft gaman af gospeltónlist en kannski mest í gegnum kvikmyndir. Það sem hrífur mig mest er það sama og með blúsinn, sem er einfaldleikinn. Hljómalega séð er þetta einfaldara og textarnir eru auðskildir og mikið um endurtekningar," segir Eiríkur, sem tók strax þá ákvörðun að láta laglínurnar ráða ferðinni í söng sínum í stað þess að reyna að krydda þær mikið.



**EIRÍKUR, PÁLL ÓSKAR OG MARGRÉT EIR** Eiríkur Hauksson segir að einfaldleikinn hrífi sig mest í gospeltónlist.

Auk erlendra laga á borð við Amazing Grace, Go Down Moses og Swing Low eru tvö íslensk lög á plötunni. Lagið Horfðu til himins (Ný dönsk) og Við freistingum gæt þín. Íslenskir textar hafa verið gerðir við erlendu lögin á plötunni en til verksins voru fengnir margir af fremstu textahöfundum þjóðarinnar. Útgáfu þessa vandaða verks verður fylgt eftir með tónleikum í Grafarvogskirkju 12. desember næstkomandi. **-fb**


SCOPE COMMUNICATIONS

SCOPE KYNNIR

INTERNET MARKETING BOOTCAMP

***Er vefurinn þinn að skila sínu?***

Scope stendur fyrir tveggja daga námskeiði í markaðssetningu á Internetinu dagana 22.-23. nóvember á Hótel Nordica.

Fyrirlesari er ***Susan Sweeney,*** starfandi ráðgjafi og höfundur fjölda bóka um markaðssetningu á Internetinu eins og "3G Marketing on the Internet" og "Internet Marketing for Your Tourism Business".

***Náðu forskoti í samkeppninni!***
Á námskeiðinu er farið yfir helstu aðferðir til að hámarka árangur af markaðsstarfi á Internetinu og þátttakendum kennt að nýta sér alla þá möguleika og nýjungar sem netið býður upp á til markaðssetningar.

Kynntu þér dagskrána og skráðu þig á ***www.scope.is/bootcamp.***

Félagar í eftirtöldum félögum njóta sérstakra afsláttarkjara:
**Ímark, SAF, SAU, FVH, LHM.**

Í samstarfi við

WWW.ICELANDAIR.IS

Nordica hotel

INTERNET MARKETING BOOTCAMP

## > Eggert leggur inn tilboð í West Ham

Búist er við því að Eggert Magnússon og viðskiptafélagar hans muni leggja inn formlegt tilboð í enska knattspyrnuliðið West Ham í dag eða á allra næstu dögum. Talið er að tilboðið hljóði upp á um tíu milljarða íslenskra króna, eða 75 milljónir punda. Einnig munu fjárfestarnir yfirtaka skuldir félagsins sem nema um þremur milljörðum íslenskra króna, eða um 22 milljónum punda. Ráðgjafar Eggerts hafa að undanförnu skoðað bókhald West Ham þar sem ekkert óvenjulegt kom í ljós.



**sport**

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTALIÐ KEFLAVÍKUR: MÆTIR BC DNIPRO FRÁ ÚKRAÍNU Í SLÁTURHÚSINU Í KVÖLD:

# *Ætlum okkur að komast upp úr riðlinum*

Keflavík leikur í kvöld sinn annan leik í Áskorendakeppni Evrópu í körfubolta. Liðið mætir BC Dnipro frá Úkraínu og býst Sigurður Ingimundarson þjálfari við erfiðum leik. Keflavík tapaði í síðustu viku fyrir tékknesku liði ytra og verður sem fyrr að stóla fyrst og fremst á heimavöllinn til að safna stigum. Fjögur lið eru í riðlinum og komast tvö efstu í 16-liða úrslit.

„Mér líst vel á þennan leik. Þetta lið er ekki síðra en tékkneska liðið sem við mættum í síðustu viku en ef við spilum af fullum krafti er möguleikinn fyrir hendi. Við erum að mæta liði sem er klárlega betra en við en við höfum ýmislegt okkur í hag, meðal annars heimavöllinn og þá miklu stemningu sem ríkir þar. Með fólkið á bakvið okkur getum við allt,“ sagði Sigurður. Hann bætir því við að Úkraínumennirnir muni vafalaust koma til með að vanmeta lið Keflavíkur og það muni vinna með þeim.

Keflavík hefur tekið þátt í þessari keppni síðustu þrjú ár og alltaf komist í 16-liða úrslit. Hann segir að stefnan sé hiklaust sett á að komast aftur þangað og svo í fjórðungsúrslit. „Við höfum alltaf staðið okkur ágætlega en alltaf strandað á sama staðnum. En við ætlum okkur að gera betur en áður og viljum fara lengra í þetta skiptið.“

Hann segir að allir leikmenn séu klárir í slaginn. „Við spiluðum illa í Tékklandi og vorum hreinlega jarðaðir allan leikinn. Ég vona að menn nýti sér það í kvöld. Varnarleikurinn verður án efa mikilvægur en við höfum einnig verið að spila heldur óskynsamlega upp á síðkastið, misst boltann of oft, tekið of fá skot og hitt illa. En það er eitthvað sem segir mér að þetta eigi allt eftir að smella vel hjá okkur í leiknum. Ég hef góða tilfinningu fyrir honum.“



Jóhann D. Albertsson, betur þekktur sem Joey Drummer, er einn aðalstuðningsmaður liðsins og segir að áhorfendur þurfi að mæta snemma. „Það verður allt vitlaust á pöllunum. Við slökkvum öll ljós í húsinu fyrir leik og verðum með alvöru kynningu á leikmönnum með tilheyrandi ljósasýningu. Svo munum við ganga í alla skóla í Keflavík í dag með erlendu leikmönnunum okkar og fá krakkana með okkur. En ég ítreka að það þurfa allir að mæta tímanlega.“



**JÓN ÞORBJÖRN** Verður eflaust slegist um krafta hans hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIRI

Breytingar hjá Skjern:

## Jón Þorbjörn á leið heim

**HANDBOLTI** Það verða fleiri breytingar hjá Skjern á næsta ári fyrir utan að Aron Kristjánsson hættir að þjálfa liðið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur línumaðurinn Jón Þorbjörn Jóhannesson ekki með liðinu á næsta ári. Jón er væntanlegur til landsins um helgina en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur hann mikinn hug á því að spila á Íslandi.

Vignir Svavarsson og Vilhjálmur Halldórsson verða að öllum líkindum áfram í herbúðum liðsins. - kg

# Þrautagöngu Birgis loksins lokið

**Í sinni tíundu tilraun til að komast inn á Evrópumótaröðina í golfi tókst Birgi Leifi Hafþórssyni loks ætlunarverk sitt. Hann lék frábært golf á ögurstundu í gær og tryggði sig meðal 30 efstu á lokaúrtökumótinu.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, varð í gær fyrstur íslenskra kylfinga í karlaflokki til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi. Það gerði hann með góðri frammistöðu á lokahring úrtökumótsins fyrir næsta keppnistímabil er hann lék á besta skori dagsins, 69 höggum, og hafnaði í 24.-29. sæti. Þrjátíu efstu kylfingarnir fá þátttökurétt á að minnsta kosti 20 mótum Evrópumótaraðarinnar næsta sumar.

Hann lék hringina sex á samtals einu höggi undir pari. Í gær byrjaði hann ágætlega, fékk fugl á 12. holu en hann hóf leik á þeirri 10. Á fjórtándu kom svo áfallið er hann fékk skramba og var útlitið orðið ansi dökkt þá. En hann fékk þá fjóra fugla á næstu níu holum og kom sér í góð mál. Á 6. holu, þeirri fjórðu síðustu, fékk hann svo skolla og var þá í þeirri stöðu að vera einu höggi frá þeim þrjátíu efstu. Fuglinn sem kom þá á næstu braut, þeirri sjöundu, fleytti honum aftur í hóp efstu manna og hélt hann haus síðustu tvær holurnar og hafnaði sem fyrr segir í 24.-29. sæti.

„Mér líður auðvitað æðislega vel,“ sagði Birgir við Fréttablaðið í gær. „Það gekk svo vel í dag og ég er bara enn að átta mig á þessu. Þetta er nú orðinn áratugur og ótrúlegt að þetta sé loksins komið.“

Sem fyrr segir lék Birgir á besta skori dagsins í gær, 69 höggum. „Já, þú segir nokkuð. Ég vissi það reyndar ekki en maður fær mikið „kikk“ úr því. Það er gott að eiga síðasta hringinn bestan þegar mest á reynir, sérstaklega í hópi allra þessara góðu kylfinga,“ sagði Birgir, kampakátur með þennan frábæra árangur.

Margir þekktir kylfingar tóku þátt í mótinu, til að mynda tveir sem hafa keppt fyrir hönd Evrópuliðsins í Ryder Cup-keppninni. Um er að ræða Peter Baker frá Englandi og Írann Philip Walton. Þá keppti Þjóðverjinn Alex Celjka einnig á mótinu en hann vann hið virta mót Volvo Masters í Andalúsíu árið 1995. Sá síðastnefndi komst áfram, lenti í 17. sæti, en hinir tveir sátu eftir.

Miklar sviptingar voru lokakeppnisdaginn. Fimm kylfingum tókst að vinna sig upp í hóp efstu 30, meðal þeirra Birgir Leifur, og því jafnmargir sem duttu úr hópnum. Einn þeirra er Englendingurinn Matthew King sem var í 10. sæti þegar keppni hófst í gær en lék á ellefu höggum yfir pari á lokahringnum. Hann hafnaði í 53.-55. sæti. eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**BIRGIR LEIFUR** Keppir á að minnsta kosti 20 mótum á Evrópumótaröðinni í golfi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR


**Postulín sem gleður – Pillivuyt**







**GLÖÐ Á GÓÐRI STUND** Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson sjást hér kátir eftir undirskrift samnings við samstarfsaðila sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Styrktaraðilar KSÍ eru á einu máli:

## Styrkja starfsemi KSÍ í heild sinni

**FÓTBOLTI** Samstarfsaðilar Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, eru sjö talsins. KSÍ hefur tengt slagorðið „Alltaf í boltanum“ við samstarfsaðilana og takmarkið er samkvæmt heimasíðu sambandsins að fyrirtækin sjö verði sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fréttablaðið hefur sent fyrirspurn til KSÍ um hversu mikið af styrktarfé sambandsins renni til landsliða kvenna en því erindi fæst ekki svarað. Er þá bæði spurt hvað varðar fé frá UEFA og FIFA sem og frá þessum sjö samstarfsaðilum.

Fréttablaðið hefur einnig sent þessum samstarfsaðilum fyrirspurn þar sem meðal annars var spurt um eðli styrktarsamningsins við KSÍ og hvort fyrirtækið ætlaðist til að peningarnir sem frá því koma væru notaðir til handa karlalandsliðinu, öllum landsliðum Íslands eða rekstri KSÍ yfir höfuð.

Fjögur fyrirtæki af sjö – Landsbankinn, Mastercard, Vodafone og Vífilfell – höfðu svarað fyrirspurn blaðsins í gær og voru svörin öll á þá leið að ætlast væri til að peningar frá fyrirtækinu rynnu til starfsemi sambandsins í heild sinni. Stærð og umfang samninganna var þó sagt trúnaðarmál.

Ekki höfðu borist svör frá Icelandair, VÍS og Íslenskum getraunum í gær. - hbg

# Sálin & Gospel

## KOMIN Í VERSLANIR



## Geislaplata og mynddiskur í einum pakka



1. Ekkert breytir því 2. Getur verið? 3. Hjá þér 4. Þú trúir því 5. Sól um nótt 6. Lestin er að fara 7. Okkar nótt 8. Ekki nema von 9. Flæði 10. Á einu augabragði 11. Þú fullkomnar mig 12. Handrit lífsins 13. Upplifun 14. Svarið er já 15. Undir þínum áhrifum 16. Aldrei liðið betur

Aðeins á mynddisk: 17. Ekkert breytir því

Aukaefni á mynddisk: Heimildarmynd og ljósmyndir








Útgáfutónleikar
í Laugardalshöll
30. desember.

**Góða skemmtun!** ►

sena



**HEMMI HREIÐARS** Skallar hér boltann frá Kevin Davies, leikmanni Bolton. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hermann Hreiðarsson:

## Vill helst spila í sókninni

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson segir að það sé engin ástæða til að ætla annað en að Charlton komi sér aftur á beinu brautina en liðið situr sem stendur í neðsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

„Hver einasti leikur er nú upp á líf og dauða fyrir okkur og við þurfum að byrja strax um helgina," sagði Hermann en Charlton mætir Íslendingaliðinu Reading á útivelli á laugardag.

Meðal annars segir hann í viðtali við staðarblaðið Bexley Times að honum sé sama hvar hann spili á vellinum, svo lengi sem hann skili sínu fyrir liðið.

„Ég myndi auðvitað helst vilja vera fremsti maður í sókn en ég virðist vera sá eini sem er á þeirri skoðun." - esá



**GÓÐIR FÉLAGAR** Bretarnir Jenson Button og Anthony Davidson sem voru báðir á mála hjá Honda í ár. NORDIC PHOTOS/AFP

Anthony Davidson:

## Fær loksins tækifæri

**FORMÚLA** Breski ökuþórinn Anthony Davidson fékk á miðvikudag langþráð tækifæri í Formúlu 1 er hann var tilkynntur sem annar ökumanna Super Aguri á næsta ári þar sem hann mun keppa við hlið Takuma Sato.

Davidson hefur verið vara- og tilraunaökumaður ýmissa liða, nú síðast Honda. Hann er 27 ára gamall og gengur undir viðurnefninu Ant (maur), ekki síst þar sem hann er ekki nema 1,52 sentimeter á hæð. - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *SS-bikarkeppni karla*

**FRAM-FYLKIR 34-31**

Mörk Fram: Jóhann Einarsson 12/5 (15/5), Þorri Gunnarsson 9 (10), Haraldur Þorvarðarson 3 (5), Sigfús Sigfússon 3 (6), Guðjón Drengsson 2 (3), Andri Haraldsson 2 (9), Brjánn Bjarnason 1 (1), Einar Hrafnsson 1 (2), Stefán Stefánsson 1 (4).
Varin skot: Magnús Erlendsson 12, Björgvin Gústavsson 4.
Hraðaupphlaup: 11 ( Þorri 5, Jóhann 2, Guðjón, Andri, Stefán, Brjánn).
Fiskuð víti: 5 ( Andri 2, Haraldur, Guðjón, Sigfús)
Utan vallar: 12 mínútur.
Mörk Fylkis: Vladimir Duric 10 (17), Andri Sæþórsson 5/3 (7/3), Þórir Júlíusson 4 (5), Eymar Krüger 4 (9), Ásbjörn Stefánsson 3 (4), Hreinn Hauksson 2 (2), Ívar Grétarsson 2 (3), Haukur Sigurvinsson 1 (2).
Varin skot: Hlynur Morthens 16.
Hraðaupphlaup: 9 (Ásbjörn 2, Eymar 2, Arnar 2, Vladimir, Þórir, Ívar).
Fiskuð víti: 3 ( Ásbjörn 2, Vladimir).
Utan vallar: 10 Mínútur.

**ÍR 2-AKUREYRI 26-33**

### *Áskorendakeppni karla*

**NJARÐVÍK-CHERKASKI MAVPY 96-98**

Stig Njarðvíkur: Friðrik Stefánsson 28, Jeb Ivey 27, Brenton Birmingham 13, Igor Beljanski 10, Jóhann Ólafsson 10, Guðmudur Jónsson 8.

### *Iceland Express deild kv.*

**HAUKAR-ÍS 77-51**

Stuðningsmenn Chelsea ekki sáttir vegna meiðsla markvarðanna Petr Cech og Carlo Cudicini:

# Leikmenn Reading fengu líflátshótanir

**FÓTBOLTI** Lögreglan í Bretlandi eru nú að rannsaka líflátshótanir sem bárust Ibrahima Sonko og Stephen Hunt, leikmönnum Reading. Þeir lentu í samstuði við Petr Cech og Carlo Cudicini, markverði Chelsea, í leik liðanna fyrr í haust með þeim afleiðingum að Cech höfuðkúpubrotnaði og Cudicini gat ekki klárað leikinn.

„Félagið hefur verið að aðstoða okkur við rannsóknina og málið er í skoðun," sagði talsmaður lögreglunnar. Talsmaður Chelsea segir að það sé ekkert sem gefi til kynna að hótanirnar hafi komið frá „ekta" stuðningsmönnum Chelsea.

Eftir því sem kemur fram í Reading Chronicle-dagblaðinu sagði í einu bréfi sem barst leikmönnunum að „við ætlum að drepa ykkur vegna þess sem þið gerðuð á hlut leikmanna okkar".

Í fyrstu tóku leikmennirnir þessu sem gríni og hengdu bréfið upp á hurð búningsklefa liðsins á æfingasvæði þess. En þegar önnur bréf fylgdu í kjölfarið var þeim sagt að taka hótununum alvarlega og félagið kallaði til lögregluna.

Cech verður líklega frá allt tímabilið þar sem hann höfuðkúpubrotnaði við áreksturinn við Hunt. Þurfti hann að gangast undir aðgerð vegna áverkanna en er nú kominn á ról á nýjan leik. Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, gagnrýndi Hunt harkalega vegna atviksins en hvorki hann né Sonko munu sæta ámælis enska knattspyrnusambandsins.

Hvorugur vildu þeir tjá sig um málið en staðfestu þó að þeim hafi borist hótanirnar. Talsmaður Chelsea bætti við að félagið fordæmdi vitaskuld hótanirnar. „Við munum aðstoða lögregluna við rannsókn sína ef, og aðeins ef, það liggja fyrir einhverjar sannanir fyrir því að bréfin tengist stuðningsmönnum okkar." - esá




**PASSAÐU ÞIG, VINUR** Jens Lehman, markvörður Arsenal, leggur Stephen Hunt línurnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Mikilvægur sigur Framara

**Fram bar sigurorð af Fylki í SS-bikar karla í handbolta í gær. Fylkismenn höfðu yfirhöndina í hálfleik en náðu ekki að halda út í þeim síðari og lokatölur 34-31.**

**HANDBOLTI** Fram vann mikilvægan sigur á Fylki í gær, 34-31, í SS-bikar karla í handbolta. Lítið hefur gengið hjá Fram í deildinni og liðið datt nýlega úr meistaradeildinni. Sigurinn í gær var því mikilvægur fyrir liðið til að rífa sig upp. Fylkir hafði yfir í hálfleik í gær, 14-16, en Fram tók yfirhöndina í síðari hálfleik og vann nokkuð öruggan sigur.

Framarar fóru ágætlega af stað í gær og skoruðu tvö fyrstu mörk leiksins. Þá settu Fylkismenn í annan gír og náðu mjög góðum kafla. Vörnin fór að vinna betur saman og Hlynur Morthens spilaði mjög vel í markinu.

Fylkir sigldi fram úr Fram og náði mest sex marka forskoti, 7-13, áður en Framarar vöknuðu til lífsins að nýju.

Fram náði að minnka muninn niður í tvö mörk fyrir leikhlé og í hálfleik var staðan 16-14. Hlynur Morthens var klárlega besti maður vallarins í fyrri hálfleik en hann varði tíu skot í fyrri hálfleik.

Síðari hálfleikur byrjaði af miklum krafti og það var jafnt á öllum tölum. Varnarleikur Framara var mun betri en í fyrri hálfleik og í kjölfarið fengu heimamenn hraðaupphlaup, eitthvað sem sást varla hjá Fram í fyrri hálfleik.

Heimamenn náðu smátt og smátt undirtökunum í leiknum og komust yfir 23-22 þegar um tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik. Sóknarleikur Fylkismanna var hálf ráðleysislegur í síðari hálfleik og það var ekki sami taktur í liðinu og í þeim fyrri.



**HÖRÐ BARÁTTA** Guðjón Drengsson, leikmaður Fram, tekur hér hraustlega á Þóri Júlíussyni, leikmanni Fylkis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fram lét forystuna aldrei af hendi eftir þetta og fór að lokum með sigur af hólmi, 34-31. Ekki bætti úr skák fyrir gestina úr Árbænum að Haukur Sigurvinsson fékk að líta rauða spjaldið á 24. mínútu fyrir að brjóta gróflega á Jóhanni Einarssyni í einu af fjölmörgu hraðaupphlaupum Framara í síðari hálfleik.

Jóhann Gunnar Einarsson átti mjög góðan leik í liði heimamanna og skoraði tólf mörk í leiknum og einnig átti Magnús Erlendsson ágæta leik í markinu. Hjá Fylkismönnum var Hlynur Morthens besti maðurinn þó að hann hafi ekki náð að fylgja góðum fyrri hálfleik nógu vel eftir.

„Ég er mjög ánægður með síðari hálfleikinn, við lékum hann mjög vel. Þetta var eins og svart og hvítt. Við lékum illa fyrri hálfleik en ég sagði við strákana að við myndum vinna þetta hægt og sígandi og það gekk eftir. Eftir að við náðum að jafna og komast yfir þá var þetta aldrei spurning," sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, eftir leikinn. dagur@frettabladid.is



**JEB IVEY** Skoraði 27 stig í gær en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Evrópukeppnin í körfubolta:

## Naumt tap hjá Njarðvíkingum

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík beið í gær lægri hlut fyrir úkraínska liðinu Cherkasky í Evrópukeppninni í körfubolta, 96-98. Leikurinn var heimaleikur Njarðvíkinga en hann var þó spilaður í íþróttahúsinu í Keflavík, sláturhúsinu svo nefnda. Njarðvík átti síðustu sóknina í leiknum og fengu ágætt skotfæri en skotið geigaði og því fór sem fór. Njarðvíkingar hafa nú tapað báðum leikjum sínum til þessa í keppninni.

Einar Árni Jóhannsson þjálfari Njarðvíkinga var frekar súr eftir leikinn. „Við byrjum leikinn illa en við komum sterkir til baka og náðum að jafna og komast yfir. Við vorum í rauninni klaufar að vera þremur stigum undir í hálfleik.

Þriðji leikhluti var vægast sagt hörmulegur af okkar hálfu. Þeir ná 21 stigs forskoti og skora rúm 30 stig í leikhlutanum. En í fjórða leikhluta tókum við okkur á og náðum að jafna leikinn. Við fengum svo síðasta skotið en það fór ekki rétta leið," sagði Einar Árni eftir leikinn. - dsd

Framherjinn Helgi Sigurðsson fékk vilja sínum framgengt og var í gær seldur frá Fram:

# Valur búinn að kaupa Helga Sigurðsson

**FÓTBOLTI** Lausn fékkst í deilu Helga Sigurðssonar og Fram í gær þegar Valur keypti Helga af Safamýrarliðinu. Kaupverðið er talið vera á milli 4-5 milljónir króna. Samkvæmt heimasíðu Fram tókst samkomulag á milli liðanna í vikunni og Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags meistaraflokks Fram, virðist því hafa verið að segja ósatt í samtali við Fréttablaðið á miðvikudagskvöld þegar hann sagði ekkert tilboð vera komið frá Val.

Helgi fór á dögunum fram á að yfirgefa félagið og kom sú bón eins og þruma úr heiðskíru lofti. Fram neitaði bón Helga í fyrstu og sagði að hann myndi frekar sitja uppi í stúku en spila með öðru félagi. Hann fengi að standa við gerðan samning sem átti að renna út eftir eitt ár.

„Það er gott að fá lausn í málið því þetta er búið að vera erfiður tími," sagði Helgi í gærkvöldi en hann mun skrifa undir þriggja ára samning við Val. „Það var stórt skref að ákveða að yfirgefa Fram og það var erfið ákvörðun. Ég vil ekkert ræða sérstaklega af hverju ég vildi fara. Ég hef útskýrt það fyrir stjórninni og það er nóg finnst mér."

Talað var um að Helgi hefði greitt hluta kaupverðsins sjálfur en hann hló að sögunni og sagðist ekki svara slíkum sögusögnum. - hbg



**SJÁUMST Í SAFAMÝRI** Helgi sést hér í leik með Fram gegn Leikni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE
X-FACTOR ÁSKRIFTARTILBOÐ
4.999 KRÓNUR Á MÁNUÐI*
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ
FACTOR
STÆRSTI
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR
Í 20 ÁRA SÖGU STÖÐVAR 2
Í KVÖLD KL. 20:30
*GEGN SEX MÁNAÐA BINDINGU
Í SAMSTARFI VIÐ
Esso

Tite Kalandadze:

# Í banni næstu tvo leikina

**HANDBOLTI Stórskytta Stjörnunnar Tite Kalandadze var í gær dæmdur í tveggja leikja bann af aganefnd HSÍ vegna útilokunar í leik gegn Akureyri á dögunum. Hann missir því af leikjum gegn Fylki og Fram.**

**Einn annar leikmaður í efstu deild var dæmdur í bann í gær en það var Hjörleifur Þórðarson, leikmaður ÍR, sem var dæmdur í eins leiks bann. Handknattleiksdeild Hauka fékk síðan 20 þúsund króna sekt vegna hegðunar forráðamanns í leik Hauka 2 og Gróttu.** - hbg


TITE KALANDADZE Fær að slaka á út mánuðinn.

Leikmannamál Fylkis:

# Arnar Þór framlengir

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Arnar Þór Úlfarsson hefur framlengt samning sinn við Fylki til næstu tveggja ára en gamli samningurinn átti að renna út um áramótin.

Christian Christiansen er enn í viðræðum við Fylkismenn en samningur hans rennur út um áramótin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa önnur lið sett sig í samband við Christian, þeirra á meðal Breiðablik. - esá

Real Madrid gerir stærsta sjónvarpssamning sögunnar:

# 74 milljarðar í sjónvarpstekjur hjá Real Madrid

FÓTBOLTI Real Madrid er við það að skrifa undir stærsta sjónvarpssamning sem sögur fara af í knattspyrnuheiminum. Samningurinn mun tryggja félaginu tæpa 74 milljarða króna í tekjur næstu sjö tímabilin. Hann færir félaginu þó ekki jafn miklar tekjur ár hvert og sá sem Barcelona gerði nýlega og gengur í gildi árið 2008. Hann gildir þó í fimm ár og eru því heildarverðmæti samningi Real Madrid meiri.

„Þetta er mikilvægasti samningur í sögu íþróttanna," segir Ramon Calderon, forseti Real Madrid. Talsmaður félagsins lét hafa eftir sér í gær að skrifað verði undir samninginn á næstu dögum. Hann gildir einnig leiki liðsins í spænskum keppnum, það er að segja deild og bikar.

Spænskum félögum er heimilt að semja sjálf við sjónvarpsstöðvar um sýningarrétt á leikjum þeirra. Þetta er ekki tilfellið í Englandi þar sem liðin semja sameiginlega um sjónvarpstekjur. Upphæðir á milli félaga eru síðan ákvarðaðar eftir því í hvaða sæti liðin lenda í lok tímabilsins og hversu margir leikir liðsins voru í beinni útsendingu.

Þetta þýðir að munurinn milli efsta og neðsta liðsins í Englandi er ekki það mikill hvað sjónvarpstekjur varðar. Munurinn er kannski sá að efsta liðið fær tvöfalt meiri tekjur en neðsta liðið. Fyrirkomulagið á Spáni og reyndar Ítalíu einnig þýðir að þessi munur getur verið 25-faldur.

Ekki hefur enn verið tilkynnt hvaða fyrirtæki muni kaupa sjónvarpsréttinn né heldur hvenær samningurinn gengur í gildi. - esá


MILLJARÐAVIRÐI Ruud van Nistelrooy skorar eitt marka sinna gegn Osasuna um helgina. Félagi hans hjá Real Madrid, Brasilíumaðurinn Robinho, samfagnar honum. NORDIC PHOTOS/AFP

**STÆRSTU SAMNINGARNIR**

| | |
|---|---|
| BARCELONA | 11,1 MILLJARÐUR (Á ÁRI) |
| REAL MADRID | 10,6 MILLJARÐAR |
| AC MILAN | 9,3 MILLJARÐAR |
| MANCHESTER UNITED | 4,2 MILLJARÐAR |
| CHELSEA | 4,1 MILLJARÐUR |
| LIVERPOOL | 3,9 MILLJARÐAR |
| ARSENAL | 3,9 MILLJARÐAR |


EL HADJI DIOUF Hefur áður komist í kast við lögin. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmaður Bolton:

# Diouf sleppur við ákæru

FÓTBOLTI El Hadji Diouf, leikmaður Bolton, var handtekinn í síðustu viku fyrir grun um að leggja hendur á eiginkonu sína. Lögreglan í Manchester hefur nú gefið það út að Diouf verði ekki ákærður. Diouf fór í yfirheyrslu í gær og var þá tilkynnt að ekkert yrði aðhafst meira í málinu.

„25 ára gamall karlmaður, sem var handtekinn vegna gruns um ofbeldi sunnudaginn 5. nóvember var látinn laus án ákæru 14. nóvember," sagði talsmaður lögreglunnar í Manchester. - dsd


# Fataskápadagar hjá Axis

helgina 17.-19. nóvember

**Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.**



Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum.

Stuttur afgreiðslutími. Tilvalið að tryggja sér fataskápa fyrir jólin. Sjón er sögu ríkari......




Íslensk hönnun og framleiðsla

**Einnig býður Axis til rýmingarsölu á skrifborðum, hillum, skilveggjum, stólum á skrifstofu og á heimilið og ýmsu öðru. Útsalan er á efri hæð verslunar og afsláttur er á bilinu 15-80 %.**






Opið:
föstudag 9:00-18:00
laugardad 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00

AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is


Það gengur lítið upp hjá spænska landsliðinu í knattspyrnu:

# Luis Aragones argur eftir tapið gegn Rúmeníu

FÓTBOLTI Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánverja, lét hafa eftir sér að hann væri pirraður yfir tapi spænska liðsins gegn Rúmenum í æfingaleik þjóðanna á miðvikudaginn. Leikurinn var á heimavelli Spánverja og endaði með 1-0 sigri Rúmena.

„Fyrri hálfleikurinn var með því besta sem spænskt landslið hefur sýnt en ég er aldrei ánægður eftir tapleik. Við vorum betra liðið og sköpuðum marktækifæri en vorum taugaóstyrkir upp við mark þeirra. Ef maður nýtir ekki tækifærin sem gefast til að gera út um leiki þá getur þetta gerst," sagði Aragones.

Spænskir fjölmiðlar fóru ekki fögrum orðum um landsliðið og mörgum þykir það hulin ráðgáta af hverju Aragones sé enn í starfi landsliðsþjálfara. Spánverjar eru í sama riðli og við Íslendingar í undankeppni EM. - dsd


LUIS ARAGONES Er vægast sagt orðinn valtur í sessi. NORDIC PHOTOS/GETTY

John Obi Mikel er í frystinum hjá Jose Mourinho::

# Obi Mikel að eyðileggja feril sinn hjá Chelsea?

FÓTBOLTI John Obi Mikel, miðjumaður Chelsea, á það á hættu að eyðileggja feril sinn hjá Chelsea, ef marka má föður leikmannsins, Michael Obi. John Obi Mikel hefur farið illa af stað með Chelsea en hann var rekinn af velli gegn Reading á dögunum og hefur einnig fengið sekt frá félaginu fyrir að mæta of seint á æfingu.

„Við tökum öll þátt í ferlinum hjá honum og vonandi fáum við að sjá betri Mikel. Vonandi sjáum við hann fljótlega í baráttunni á nýjan leik þar sem hann hagar sér vel, því að þjálfarinn elskar hann," sagði Michael Obi en John Obi Mikel virðist einnig eiga erfitt með aðlagast lífinu hjá Chelsea.

„Við erum mjög leið og móðir hans hefur miklar áhyggjur. Við erum búin að reyna að ná í hann en strákurinn er hættur að svara í símann sinn. Ég bjóst við að hann einbeitti sér að ferlinum sínum. Ég skil ekki af hverju hann hagar sér svona," bætti Michael Obi við. - dsd


JOHN OBI MIKEL Virðist eiga erfitt með að aðlagast lífinu hjá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY


Fjölskyldan eða partýið
Frábærir leikir í BT
EYE TOY PLAY SPORTS
3.999
BUZZ SPORT QUIZ
HVAÐ VEIST ÞÚ UM ÍÞRÓTTIR?
2.999
BUZZ JUNIOR
JUNGLE PARTY
3.999
BT Berst gegn leiðindum
SINGSTAR LEGENDS
30 NÝ LÖG!!
2.499
GUITAR HERO
LUFTGÍTAR HVAÐ!!
9.999
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



> **George Clooney**

Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld leikstjórnarfrumraun George Clooneys en sú mynd heitir Confessions Of A Dangerous Mind. George fæddist hinn 6. maí 1961 í Lexington, Kentucky. Næst fáum við að sjá George í myndinni The Good German og á næsta ári kemur í bíó myndin Ocean´s Thirteen.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON SITUR ENN YFIR SOPRANOS

# *Aukaleikarar sem geta verið aðal*

Frábærir aukaleikarar eru eitt af því sem gerir Sopranos þættina að því sem þeir eru. Flestir hafa þessir leikarar úr heilmiklu að moða þar sem engu minna púður er sett í persónusköpun þeirra sem fylkja sér um mafíósann þéttholda Tony en hans sjálfs.

Vægi geðlæknisins Jennifer Melfi hefur illu heilli minnkað í þáttunum undanfarið þannig að eðalleikonan Lorraine Bracco verður óhjákvæmilega að flokkast sem aukaleikari í Sopranos þessi dægrin. Auk hennar fara Michael Imperioli (Christopher), Steve Van Zandt (Silvio), Tony Sirico (Paulie), Dominic Chianese (Junior) og Aida Turturro (Janice) iðulega á kostum og sérstaklega eru þeir tveir Imperioli og Sirico lunknir við að stela senunni.

Þessir tveir bakkabræður eru bestir þegar þeir fá að leggja undir sig heilu þættina. Einn besti þáttur bálksins í heild fjallaði um hrakningar þeirra villtra úti í skógi eftir misheppnaða tilraun til að koma rússneskum glæpamanni í hel. Þetta var í raun gamanþáttur af bestu gerð.



**LAUREN BACALL** Lýsti óvænt upp sjónvarpsskjáinn fyrir viku þegar hún lék sjálfa sig í The Sopranos.

Svipaða sögu er að segja af þætti síðustu viku þar sem Christopher gaf sér tíma til að rækta draum sinn um að gerast kvikmyndaframleiðandi með því að funda með leikaranum Ben Kingsley. Kingsley fór á kostum þar sem hann lék sjálfan sig beinlínis eineltan af forheimskum mafíósanum og rúsínan í pylsuendanum var svo þegar gamla drottningin Lauren Bacall, sjálf frú Humphrey Bogart, birtist og varð óverðskuldað skotspónn mafíufautans.

Þessi þáttur var ekkert annað en brakandi snilld fyrir tilstilli gestaleikaranna sem eru í algerum þungaviktarflokki og sælustraumurinn sem hríslaðist um mig við að sjá Bacall blómstra hefði ekki orðið sterkari þó amma mín hefði birst á skjánum innan um eftirlætissjónvarpsfígúrurnar mínar.

Þetta útspil höfunda þáttanna er enn eitt dæmi um hversu auðvelt þeir eiga með að halda sér ferskum og lífga upp á hefðbundna mafíubröltið sem bindur þættina saman.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Mrs. Doubtfire STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.10** Fallið SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** The Newlyweds SIRKUS



▶ **23.50** Thirteen STÖÐ 2



▶ **03.55** Tvöfaldur Jay Leno SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir (10:18)** (Disney's Little Einsteins)
**18.25 Ungar ofurhetjur (4:26)** (Teen Titans I)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Edduverðlaunin 2006** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna 2006 sem afhent verða í beinni útsendingu frá Hótel Nordica á sunnudagskvöld.
**20.25 Hver er pabbinn?** (Kimberly) Bandarísk gamanmynd frá 1999. Fjórir ungir menn verða ástfangnir af sömu konunni en hafa lofað hver öðrum að reyna ekki að ganga í augun á henni. Það gengur illa að efna loforðið. Leikstjóri er Frederic Golchan og meðal leikenda eru Veronica Alicino og Gabrielle Anwar.
▶**22.10 Fallið** (Fall) Bandarísk spennumynd frá 2001. Þjófur ber vitni gegn mafíuforingja sínum og fær í staðinn vernd yfirvalda. Leikstjóri er Daniel Baldwin og meðal leikenda eru Michael Madsen, Daniel Baldwin og Joe Mantegna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.45 Gamlir menn á nýjum bílum** (Gamle mænd i nye biler) Dönsk gamanmynd frá 2002 um tvo menn sem reyna að ræna banka til að standa straum af kostnaðinum við lifrarígræðslu pabba annars þeirra og fósturpabba hins. Leikstjóri er Lasse Spang Olsen og meðal leikenda eru Kim Bodnia, Nikolaj Lie Kaas, Tomas Villum Jensen, Iben Hjejle og Jens Okking. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**1.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00 Manchester United: The Movie**
**10.00 De-Lovely 12.05 Mrs. Doubtfire 16.00 Manchester United: The Movie 17.55 De-Lovely**.
▶**20.00 Mrs. Doubtfire** (Frú Doubtfire) Ein af betri gamanmyndum síðari ára. Leikarinn Daniel Hilliard er ekki auðveldur í sambúð og svo fer að konan hans óskar eftir skilnaði. Daniel er ósáttur við hlutskipti sitt enda hefur eiginkonan fyrrverandi nú forræði yfir börnunum þremur. Daniel neitar samt að láta í minni pokann og tekur til sinna ráða með eftirminnilegum hætti.
**22.05 Confessions of a Dangerous Mind** (Leigumorðingi í hlutastarfi) Chuck Barris er einn sá þekktasti í sjónvarpsbransanum. Þættir hans slá hvarvetna í gegn og honum virðast allir vegir færir. Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 Ísland í bítið (e) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 Valentína 13.50 Valentína 14.35 Jamie Oliver - með sínu nefi (6:26) 15.00 Extreme Makeover: Home Edition (16:25) 16.00 Skrímslaspilið 16.20 Nýja vonda nornin 16.40 Hestaklúbburinn 17.05 Yoko Yakamoto Toto 17.10 Pingu 17.15 Simpsons 17.40 Neighbours18.05 Bold and the Beautiful**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons (22:22)** Hómer og Marge lenda enn einu sinni í hjónabandserfiðleikum í þessum lokaþætti 17. þáttaraðar.
**20.30 X-Factor**
Stærsti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfileikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá 16 ára og uppúr. Einstaklingar og hópar taka þátt og reyna að sannfæra dómarana Einar Bárðarson, Ellý og Pál Óskar um að þeir eigi erindi í sjálfa úrslitakeppnina sem fram fer í Smáralindinni. Tólf atriði komast í úrslit og munu dómararnir skipta jafnt á milli sín þátttakendum og aðstoða þá við að komast alla leið. Kynnir er Halla Vilhjálmsdóttir. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn? Fylgist með frá upphafi.
**21.25 Balls of Steel (2:6)** (Fífldirfska)
**22.05 Shall We Dance?** (Viltu dansa?)
▶**23.50 Thirteen** (Þrettán) Margverðlaunuð og næsta óþægilega raunsönn mynd um líf unglingsstúlkna í Bandaríkjunum sem villst hafa af leið. Sagan er enda skrifuð af þrettán ára stúlku og fjallar einmitt um þrettán ára áhrifagjarna stúlku sem byrjar á því að gera að virðist saklausa uppreisn gegn móður sinni en leiðist svo út í óreglu, að virðist einungis til þess að geta fallið í hópinn. Stranglega bönnuð börnum.
**1.25 The Package** (Sendingin) Liðþjálfinn Johnny Gallagher á að flytja fanga frá Þýskalandi til Bandaríkjanna. Fanginn sleppur og við tekur æðisgenginn eltingarleikur. Stranglega bönnuð börnum.
**3.10 Ísland í bítið e**
**4.35 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The Hills (e)**
**20.00 Wildfire** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu.
**20.45 8th and Ocean (e)**
▶**21.15 The Newlyweds (e)** Þriðja serían af hjónakornunum fyrrverandi og sambandi þeirra. Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og þáverandi eiginmanni hennar Nick Lachey út í gegn.
**21.45 Sirkus Rvk (e)**
**22.15 South Park (e)** Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu.
**22.45 Chappelle´s Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín að því sem honum dettur í hug. Þátturinn samanstendur af mörgum grínatriðum sem sjálfur Chappelle hefur skapað með sínum djarfa húmor.
**23.15 Pepper Dennis - NÝTT (2:13) (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicagoborgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn. Þrátt fyrir að reyna sitt besta getur Pepper ekki líkað illa við Charlie enda finnst henni hann vera gáfaður, sætur og það sem meira er þá er hann á lausu. Ofan á allt þetta bætist síðan þegar systir hennar, hin ofdekraða Kathy, flytur inn til hennar á meðan hún stendur í skilnaði. Það er Rebecca Romijn sem leikur aðalhlutverkið í þessum þáttum en hún er sennilega þekktust fyrir hlutverk sitt í stórmyndunum um X-mennina.

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e) 8.00 Rachael Ray (e) 8.45 Sigtið (e) 15.00 The King of Queens (e) 15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Rachael Ray 18.00 6 til sjö**
**19.45 Gegndrepa (e)**
**20.10 Surface**
**21.00 The Biggest Loser** Gríðarlega vinsæll raunveruleikaþáttur um baráttuna við mittismálið.
**21.55 Law & Order: Criminal Intent** Bandarískir þættir um störf Stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.20 Masters of Horror** Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Hrollvekja kvöldsins kallast Homecoming og leikstjóri hennar er Joe Dante (Gremlins). Fallnir hermenn rísa upp frá dauðum og herja á almenning. Aðalhlutverkið leikur Jon Tenney. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**0.10 Sigtið (e)** Íslensk gamansería um vonlausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson.
**0.40 C.S.I: Miami (e)**
**1.35 Close to Home (e)**
**2.20 C.S.I: New York (e)**
**3.10 Beverly Hills 90210 (e)**
▶**3.55 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Liðið mitt (e)**
**14.00 Parma - Inter (frá 12. nóv)**
**16.00 Blackburn - Man. Utd. (frá 11. nóv)**
**18.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18.30 Liðið mitt (e)** Boltinn skoðaður frá öllum hliðum af Bödda Bergs og gestum.
**19.30 Arsenal - Liverpool (frá 12. nóv)**
**21.30 Upphitun (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**22.00 Reading - Tottenham (frá 12. nóv)**
**0.00** Upphitun




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### X-FACTOR



Leitin að næstu söngstjörnu Íslands hefst í kvöld á Stöð 2. X-Factor er nýr íslenskur sjónvarpsþáttur, stærsti þáttur vetrarins á Stöð 2. Þættinum svipar að mörgu leyti til Idol-stjörnuleitar en þykir meira spennandi og fjölbreyttari. Í báðum þáttum er leitað að söngstjörnu, en í X-Factor er leitin mun víðtækari, því allir eldri en 16 ára mega taka þátt. Þar að auki mega hópar vera með og þriðja atriðið sem gerir X-Factor safaríkari er að þar munu dómararnir þrír takast á. Dómararnir fá hver sinn hóp til umráða og keppa svo sín á milli um að koma sínu fólki sem lengst í þættinum. Dómarar í X-Factor eru þau Páll Óskar, Ellý og Einar Bárðarson en kynnir er Halla Vilhjálmsdóttir.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ THE BIGGEST LOSER Á SKJÁ EINUM KL. 21.00



Skjár Einn sýnir í kvöld raunveruleikaþáttinn The Biggest Loser. Þátturinn fjallar um fólk sem er vel yfir kjörþyngd og baráttu þess við mittismálið. Í þessari þáttaröð eru liðin kynjaskipt og fylgst er með hvort karlar eigi auðveldara með að grennast en konur. Caroline Rhea stjórnar þessum hressandi þætti en margir kannast við hana úr sjónvarpsþættinum Sabrina sem sýndir voru í Sjónvarpinu í gamla daga.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Stórt í smáu
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Út um víðan völl: Herra Jón
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18.00 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

**18.25 Sharapova** Sharapova er ein skærasta tennisstjarna heims í dag og gríðarlega umtöluð. Meðal annars var kvartað undan stunum hennar í leikjum á Wimbledon mótinu í sumar.

**18.55 Gillette Sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi..

**19.25 Spænski boltinn - upphitun** Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina.

**19.50 X-Games 2006 - þáttur 2** Nýtt tímabil er hafið í X-Games og er þetta annar þátturinn á tímabilinu. Aksjóníþróttir eins og þær gerast bestar í sannkallaðri hátíðarstemningu í Kaliforníu.

**20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**21.15 KF Nörd (12:15)** Rómantíkin knýr dyra í þessum þætti um KF Nörd. Sýn verður brugðið á einkalíf þeirra og sérstaklega verður fylgst með Gulla í þessum þætti sem býður stúlku á stefnumót.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker** (Borgata Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**23.30 Pro bull riding** (Tacoma, WA - Oh Boy! Oberto Invitational) Menn keppast um að halda sér á nauti eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.

**0.25 NBA 2005/2006 - Regular Season** Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

### DR 1

12.00 Naturens kraft 12.20 Himlen over Danmark 12.50 Lægens bord 13.20 Teenagetesten 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Boogie Listen 16.00 F for Får 16.05 Svampebob Firkant 16.30 AMIGO 17.00 Hunni*show 17.15 Peddersen og Findus 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Disney Sjov 19.00 Mr. Nice Guy 20.00 TV Avisen 20.30 Dark Blue 22.25 Ukendt trussel 0.00 Boogie Listen

### NRK 1

12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Rally-VM 2006: VM-runde fra New Zealand 14.00 Siste nytt 14.05 V-cup sk¢yter 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 V-cup sk¢yter 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Kalle og Molo 17.20 Gjengen på taket 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Norge rundt 18.55 På tråden med Synn¢ve 19.55 Nytt på nytt 20.25 F¢rst & sist 21.15 Politiagentene 22.00 Kveldsnytt 22.15 Sopranos 23.10 Screaming Masterpiece

### SVT 1

13.00 Planeten 14.00 Argument 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Landgång 16.30 Söderlund & Bie 17.00 Höjdarna 17.30 Tillbaka till Vintergatan 18.00 Fredagsröj 18.30 Rapport 19.00 Doobidoo 20.00 Äventyraren Thomas Crown 21.50 Mäklarna 22.20 Rapport 22.30 Kulturnyheterna 22.40 Den som viskar 0.10 Purely Belter 1.45 Sändning från SVT24


YAMAHA

PIPAR • SÍA • 60531



Heimabíó í einum hátalara sem er svo raunverulegt að það blekkir jafnvel þá sem hafa næmustu heyrnina

Fjölrása heimabíó í aðeins einum hátalara! Innbyggður magnari. Engir bakhátalarar eða hátalarasnúrur út um allt gólf. Með nýrri tækni frá Yamaha (Digital Sound Projector) er hljóðbylgjunum beint á nákvæman hátt í ólíkar áttir þannig að þú heyrir hljóminn í mismunandi rásum fyrir framan þig, aftan – frá öllum hliðum – úr einum hátalara. Auðvelt í uppsetningu, fágað útlit og fáanlegt í tveimur stærðum. Allir í fjölskyldunni, líka ferfættlingarnir, kunna að meta þessa nýju tækni frá Yamaha.



Digital Sound Projector



YSP-1100/ YSP-900

CINEMA DSP DIGITAL   IntelliBeam   dts 5.1 NEO:6   DOLBY DIGITAL PRO LOGIC II   SRS TruBass

Hátækni

Yamaha heimabíó fæst hjá söluaðilum um land allt.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

## HRÓSIÐ ...



*... fær leikhópurinn Vesturport, sem kemur til móts við heyrnarskerta og heyrnarlausa bíógesti og sýnir myndina Börn með íslenskum texta í þrjá daga í Háskólabíói, en myndin sú hefur verið hlaðin lofi gagnrýnenda.*

# Sirrí með þrjár tilnefningar í Gullkindinni

Morgunþátturinn Capone stendur að venju fyrir verðlaunaafhendingunni Gullkindinni sem heiðrar allt það versta í afþreyingariðnaði Íslands og voru tilnefningarnar tilkynntar nú í morgun. Að venju getur þjóðin kosið á vefsíðunni XFM.is en um er að ræða þrettán flokka.



**BALTASAR KORMÁKUR** Fær tvær tilnefningar, fyrir Mýrina og A Little Trip to Heaven.

Meðal þeirra sjónvarpsþátta sem fá tilnefningu eru Örlagastundin með Sirrý, Í sjöunda himni með Hemma Gunn og upphitunarþáttur Skjás eins fyrir Rock Star: Supernova. Þeir sem tilnefndir eru fyrir verstu frammistöðuna í sjónvarpi eru meðal annars allir stjórnendurnir í Innliti/útliti en sá þáttur fær aðra tilnefningu; innslag Arnars Gauta í íbúð Ásgeirs Kolbeins. Þá eru þau Heimir Karlsson, Sirrý og Dóri DNA einnig tilnefnd fyrir frammistöðu sína á skjánum. Baltasar Kormákur hlýtur tvær tilnefningar því bæði Mýrin og A Little Trip to Heaven berjast við Bjólfskviðu sem „Versta myndin“.

Hiphop-hljómsveitin Snooze fær þrjár tilnefningar í flokknum „Versta lagið“ og íslenska landsliðið í knattspyrnu, bréf Róberts Marshall „Kæri Jón“, Ríkislögreglustjóri, NFS og Silvía Nótt í Evróvisjón eru öll tilnefnd sem „Klúður ársins“. Gullkindin verður veitt við hátíðlega athöfn á fimmtudaginn eftir viku og þá verður jafnframt tilkynnt hver hljóti heiðursverðlaunin. **- fgg**



**CAPONE** Eru ábyrgir fyrir sjónvarps-og kvikmyndaverðlaununum Gullkindin.



**SIRRÝ** Þáttur hennar Örlagastundin fær tilnefningu sem versti sjónvarpsþátturinn en sjónvarpskonan fær einnig sjálf tvær tilnefningar, þar á meðal sem versti sjónvarpsmaðurinn.



**LÁRÉTT**
**2** tímabils **6** borðaði **8** sjór **9** hljóð svína **11** númer **12** fíflast **14** hárs **16** í röð **17** svif **18** samhliða **20** til **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1** rissa **3** ryk **4** tónverk **5** dýrahljóð **7** aldin **10** mál **13** rá **15** flokka **16** tunna **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 viku, 6 át, 8 mar, 9 rýt, 11 nr, 12 atast, 14 ullar, 16 áb, 17 áta, 18 með, 20 að, 21 arða. **LÓÐRÉTT:** 1 pára, 3 im, 4 kantata, 5 urr, 7 týtuber, 10 tal, 13 slá, 15 raða, 16 áma, 19 óð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Háskólans á Bifröst
2. Daniel Craig sem James Bond í Casino Royale
3. Þrír


**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

**Sheraton Real de Faula**
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

**Tottenham–Wigan**
+ 24.–27. nóv. 58.900 kr.

Önnur ferð Tottenham-klúbbsins á Íslandi. Sú fyrri var afar vel heppnuð og er engin ástæða til að ætla að svo verði ekki þegar Spurs taka á móti Wigan. Heimamenn ætla sér sigur og ekkert annað á White Hart Lane. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 3 nætur, íslensk fararstjórn og miði á leikinn.

**Berlín í jólaundirbúningi**
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

**George Michael**
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.

**Aðventuferð til Trier**
– 8.–11. des. 59.900 kr.

**Chelsea–Arsenal**
– 9.–11. des. 69.900 kr.

**Arsenal–Portsmouth**
– 15.–17. des. 59.900 kr.

**Óli Palli og The Pogues**
+ 16.–18. des. 59.900 kr.

Keisari Rokklands á Rás 2, Óli Palli, ætlar að sjá um Rokklandsferðir Express Ferða í vetur. Í desember fer Óli Palli með góðan hóp til London og verður farið á tónleika með The Pogues. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði, rúta til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og miði á tónleikana.

**Arsenal–Man. City**
– 30.–31. jan. 54.900 kr.

**Liverpool–Everton**
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

>> Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir


### GUNNAR GARÐARSSON: BÝR TIL SÚKKULAÐIKUBBA FYRIR LEGO

# Krókódílar og antílópur á jólamatseðlinum

„Jú, jú, maður er náttúrlega kolruglaður,“ segir Gunnar Garðarsson, matreiðslumaður á Café Bifröst, en hann hyggst brydda upp á skemmtilegum nýjungum á matseðlinum um jólin. Þar verður meðal annars að finna krókódílakjöt í engifer og kanil auk antílópu, matvæla sem Íslendingar eru kannski ekki vanir að sjá borin á borð fyrir sig heldur sjá kannski meira fyrir sér í náttúrulífsþáttum eða notuð í kúrekastígvél og annan leðurfatnað. „Ég vann mikið með þetta hráefni þegar ég vann sem yfirkokkur á Hótel Lego í Danmörku en þar var krókódíllinn mjög vinsæll milliréttur,“ útskýrir Gunnar sem segist þó skilja það vel ef gestir veitingastaðarins reki upp stór augu þegar þeir sjái þessar framandi dýrategundir reiddar fram. „Krókódíllinn er hins vegar ekkert öðruvísi en annar matur,“ bætir matreiðslumaðurinn við. „Svo fannst mér líka bara tímabært að kynna eitthvað algjörlega nýtt.“

Það er heildverslunin GV sem flytur kjötið inn en Gunnar segir það langt frá því auðvelt að fá þetta til sín. „Kjötið þarf að fara í gegnum mjög strangt ferli,“ segir Gunnar. „Maður verður auðvitað að nýta það sem birgjarnir hafa upp á að bjóða,“ bætir kokkurinn við og hlær.



**EKKERT ÖÐRUVÍSI EN ANNAÐ KJÖT** Gunnar segir að krókódílar og antílópur séu ekkert öðruvísi en annað kjöt.




**MATREIÐSLUMAÐURINN OG SÚKKULAÐIÐ** Gunnari Garðarssyni er margt til lista lagt en hann eldar krókódíla og antílópur á Café Bifröst.

Gunnar gerir þó fleira heldur en að elda framandi kjötvörur því hann á Chokolart-súkkulaðiverksmiðjuna í Danmörku. „Við framleiðum meðal annars súkkulaðikubba fyrir Lego sem eru aðeins seldir í Lego-landi,“ segir Gunnar en auk þess gera þeir hálfar golfkúlur úr súkkulaðinu. Gunnar er því réttnefndur þúsundþjalasmiður því milli þess að halda veitingasölunni gangandi á Bifröst og kynna súkkulaðið sitt, er hann þjálfari hjá sundfélaginu í Borgarnesi og var nýkominn af æfingu þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum. „Ég hef í nógu að snúast. Þegar maður fer í sjö til þrjúvinnu verður maður að hafa eitthvað fyrir stafni,“ segir Gunnar og hlær. **freyrgigja@frettabladid.is**



**EINGÖNGU SELDIR Í LEGOLANDI** Súkkulaðikubbarnir frægu sem fást eingöngu í hinum vinsæla skemmtigarði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Björk Guðmundsdóttir** og félagar hennar í Sykurmolunum hituðu upp fyrir tónleika sína í kvöld með veislu á Sirkus á miðvikudagskvöldið. Klukkan 16 hófst blaðamannafundur á staðnum og léku Molarnir við hvern sinn fingur í samskiptum við íslenskt og erlent fjölmiðlafólk. Veigar í fljótandi formi voru á boðstólum en reykingar voru stranglega bannaðar. Klukkan 21 hófst svo partíið en meðlimir Sykurmolanna stöldruðu ekki lengi við þar og létu sig hverfa snemma.



Þrír tónlistarmenn fögnuðu þrítugsafmælum sínum um síðustu helgi. **Pétur Ben** hélt veglega veislu á Rex á laugardagskvöldið þar sem fjöldi tónlistarmanna var mættur til að fagna afmælisbarninu. Meðal gesta voru Jónsi og Georg úr Sigur Rós, Elli og Baddi úr Jeff Who?, Palli úr Maus og Jonni í 12 tónum. Sama kvöld hélt **Björn Viktorsson**, trommari úr Singapore Sling, afmælisveislu á Sirkus. Þeir Henrik og Einar Sonic úr hljómsveit hans voru á meðal gesta auk Hallbergs úr Jakobínurínu. Þriðji tónlistarmaðurinn sem fagnaði þrítugsafmælinu var **Jón Björn Ríkharðsson**, trommuleikari úr Brain Police, og veisla hans var í Blásölum í Kópavogi. Auk alls þessa átti **Samúel Jón Samúelsson**, forsprakki hljómsveitarinnar Jagúar, 32 ára afmæli. **- hdm**



# Bó á vinsældalista í Þýskalandi

„Nei nei, og þó ...jú,“ svarar Björgvin Halldórsson stórsöngvari spurður út í fréttir þess efnis að lagið Eina ósk í hans flutningi sé að slá í gegn í Þýskalandi um þessar mundir.

Á dögunum barst Björgvini tölvupóstur frá Christian Milling, útvarpsstjóra Radio 700 í Þýskalandi. Stöðin, sem nær til hálfrar annarrar milljónar heimila þar í landi, leggur áherslu á tónlist frá sjöunda áratugnum fram undir lok þess níunda og færði útvarpsstjórinn söngvaranum þær fréttir að Eina ósk hafi verið ofarlega á vinsældalista stöðvarinnar svo vikum skipti.

„Þessi Christian vissi að ég hafði verið í Evróvisjón og fleiru og vill endilega taka viðtal við mig og gera tveggja tíma þátt um mig og tónlistina sem ég hef gert í gegnum tíðina,“ segir Björgvin. Þátturinn heitir Startreff og í þeim hefur verið rætt við nokkrar skærustu stjörnur Þýskalands, til dæmis Dieter-Thomas Heck, Hans Blum og Bernd Clüver. „Hann býðst til að taka viðtalið á þýsku, ensku, frönsku, allt eftir því hvað hentar mér. Ég hef náttúrlega tök á þessu öllu saman og get valið úr,“ segir Björgvin og slengir fram nokkrum þýskum orðum eins og ekkert sé. „Það er spurning hvort við tökum þetta ekki bara á esperanto.“

Björgvin segir gaman hversu lengi lög sín hafa lifað og ekki síst að það sé verið að spila lög á íslensku í útlöndum. „Ég fæ flutningsskýrslur víða að úr heiminum, aðallega Evrópu. Ég læt þó vera að tala um vinsældir í því sambandi, þær eru afstæðar. En það er ekki ónýtt að komast að í Þýskalandi, þetta er annar stærsti markaðurinn í heiminum,“ segir Björgvin, sem bíður spenntur eftir að Christian hringi hvað úr hverju. **- bs**



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Þjóðverjum fellur vel í geð flutningur Björgvins á laginu Eina ósk eftir Jóhann G. Jóhannsson.



Heimilið
Snyrtivörur
Börn
Dömur
Herrar
3.990 kr.
Jólin: Í augum barnanna
3.990 kr.
Úrvalið af fallegri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið,
hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í ekta jólaskap.
3.790 kr.
3.490 kr.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
Alltaf

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

# Framboðsraunir

Um síðustu helgi endurheimti ég það sem heitið getur eðlilegt fjölskyldulíf. Þá fór fram prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík og að því loknu er heimilisfaðirinn aftur orðinn hluti af fjölskyldunni.

Í raun fara þeir sem næstir frambjóðanda standa líka í prófkjör. Þó að fjölskyldan hafi blessunarlega ekki verið öll í framboði þá var hún hins vegar öll, hver með sínum hætti, í prófkjörsvinnu. Fjölskyldan varð hluti af prófkjörsbaráttunni, þegar heimilisfaðirinn hætti að vera hluti af fjölskyldulífinu.

Á kosningaskrifstofunni var ekki aðeins boðið upp á kaffi fyrir gesti og gangandi heldur einnig mjólk í pela, bleyjur og snuð. Uppistaðan í fæðu barnanna varð fljótlega kex og kókómjólk með tilheyrandi sykursjokki og stemningu. Innréttað var krakkakot þar sem dæturnar og önnur börn undu sér ljómandi vel á meðan að foreldrarnir og félagar sátu á fundum.

ÖLL tókum við baráttuna jafnalvarlega. Eldri dóttir okkar sem er rúmlega fjögurra ára gömul var algjörlega með það á hreinu hvern ætti að kjósa í 4. sætið. Hún reyndist sannur liðsmaður og beygði nánast af þegar úrslit í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík voru tilkynnt. Þegar greint var frá því að Guðfinna Bjarnadóttir hefði hlotið flest atkvæði í 4. sæti heyrðist óp innan úr stofu. Frumburðurinn stóð sem stjörf fyrir framan sjónvarpið og kallaði upp fyrir sig: „Það er einhver annar kominn í 4. sætið. Ég heyrði það alveg!“

HÚN róaðist aðeins við að heyra að þessi kona væri í öðru prófkjöri og í öðrum flokki. Og mamman ákvað að sefa barnið með því að bæta við að konan héldi alveg örugglega líka með pabba – þó að það hafi nú kannski ekki verið hægt að fullyrða beinlínis um það. Kappsemi dótturinnar fyllti þó foreldrana stolti, kannski er hér kominn framtíðarþingmaður? Yngri dóttirin – sléttra 20 mánaða – undi hag sínum líka vel í baráttunni og lærði ný orð á borð við utankjörfundaratkvæðagreiðsla og fléttulisti.

HEIMSMYND eldri stúlkunnar breyttist líka því hún benti foreldrum sínum á það að einu sinni hefði mamma alltaf verið í símanum, en nú væri pabbi alltaf að tala í símann. Lífið er nú aftur komið í sinn vanagang nema fyrir það að í stofunni stendur fimm fermetra plakat af frambjóðandanum sem ég hugsa að ég geri að litabók fyrir dæturnar ef eiginmaðurinn kemur því ekki á ruslahaugana allra næstu daga.

Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar
og fjörið á ensku
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

L
Lægð yfir Kletthálsi
ALLRA VERÐA VON!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7726
Verðhorfur næstu daga: Gert er ráð fyrir krappri lægð yfir Kletthálsi næstu daga með allt að 100% fjármögnun á völdum bílaleigubílum, 3,8% vöxtum og ókeypis vetrardekkjum. Fólk er beðið að sýna aðgát og hafa augun opin fyrir góðum kauptækifærum.
Skoda Octavia árg. 2005
Verð 1.425.000 kr.
19.200 kr. á mánuði*
MMC Lancer árg. 2005
Verð 1.330.000 kr.
17.800 kr. á mánuði*
KIA Cerato sjálfskiptur árg. 2005
Verð 1.060.000 kr.
13.900 kr. á mánuði*
VW Polo árg. 2005
Verð 1.085.000 kr.
14.400 kr. á mánuði*
*M.v. blandaða myntkörfu SP til 84 mánaða
Opið í dag kl. 10–18 á Kletthálsi 11
HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum